


Matarhátíð
alpýðunnar



Skógræktin
tekin til starfa



Býflugur
eru bráð-
skemmtilegar



Bændablaðið

15. tölublað 2016 • Fimmtudagur 11. ágúst • Blað nr. 472 • 22. árg. • Upplag 32.000



Þessar tvær erlendu vinkonur voru glaðbeittar í reiðtúr á vegum Öbyggðaseturs Íslands í Norðurdal í Fljótsdal, í jaðri stærstu öbyggða Norður-Evrópu. Öbyggðasetrið var opnað fyrr í sumar en þar er boðið upp á fjölbreytta upplifun og afþreyingu. Nánar er fjallað um starfsemi Öbyggðasetursins og rætt við forsvarsmenn þess á bls. 30.

Mynd / Steingrímur Karlsson

Margir sauðfjárbændur hyggjast hverfa til annarra starfa:

Verð til bænda vonbrigði

Sláturhús KVH á Hvammstanga hefur gefið út verð fyrir sumar-slátrun og hefur verðið lækkað frá sama tíma í fyrra. Formaður Landssamtaka sauðfjárbænda segir lækkunina mikil vonbrigði og slæman fyrirboða fyrir haust-slátrun.

Magnús Freyr Jónsson, forstöðumaður SKVH á Hvammstanga, segir að verðið gildi bara í sumar. „Gefið verður út annað verð fyrir haustslátrun sem hefst 12. september en það er ekki búið að ákveða það verð ennþá.“

Sé borið saman verð hjá KS/SKVH í sömu vikum í fyrra er niðurstaðan sú að vika 34 (21. til 27. ágúst) er með óbreyttu verði, 733 krónur. Meðalverð viku 35 (28. ágúst til 3. september) lækkar úr 703 kr. í 691 krónur, eða um 1,7%. Meðalverð viku 36 (4. til 10. september) lækkar úr 657 í 645, eða um 1,8%.

Meðalverð fyrir kjöt af fullorðnu lækkar úr 174 krónum í 116 krónur í öllum vikunum þremur, sem er þriðjungslækkun, um 33,3%.

Verð á lambkjöti fylgir ekki verðlagsþróun

Þórarinn Ingi Pétursson, formaður, Landssamtaka sauðfjárbænda, segir lækkunina mikil vonbrigði.

„Satt best að segja kemur lækkin mér ekki á óvart í ljósi þess að sauðfjárafurðir hafa ekki hækkað á markaði undanfarin þrjú ár. Verð á lambkjöti hefur ekki fylgt verðlagsþróun undanfarinna ára og verð til neytenda nánast staðið í stað.“

Í mínum huga eru það mikil vonbrigði að menn geti ekki gert betur í að verðleggja vöruna sem þeir eru að framleiða. Laun í landinu hafa hækkað og í raun óásættanlegt að frumframleiðendur, það er að segja bændur, þurfi einir að bera þann kaleik og sitja eftir þegar kemur að launahækkunum.

Ráði bændur menn í vinnu hefur sá kostnaður náttúrlega hækkað í takt við launahækkanir í landinu. Auk þess sem framleiðslukostnaður hefur hækkað eitthvað líka en sem betur fer ekki mikið.“

Slæmur fyrirboði

Þórarinn segist hafa verulegar áhyggjur af því að verðið fyrir sumar-slátrunina sé fyrirboði þess verðs sem sett verður upp fyrir slátrun í haust.

„Samningsstaða bænda er engin í þessu máli og það eina sem við megum gera hjá Landssamtökum sauðfjárbænda er að gefa út það viðmiðunarverð sem okkur þykir sanngjarnt.“

Satt best að segja er óþolandi að staðan skuli vera eins og hún er. Ég hef fengið fjölda samtala frá sauðfjárbændum undanfarið og hljóðið í þeim er ekki gott. Sérstaklega á stöðum þar sem næga atvinnu er að hafa og menn sjá sér færi á að hætta með kindur og fara að gera eitthvað annað og á ég þar við störf við ferðaþjónustu eða stóriðju,“ segir Þórarinn Ingi Pétursson, formaður LS, að lokum.

AVH

Atvinnuveganefnd Alþingis fundar um breytingatillögur vegna búvörusamninga:

Bjartsýn á að búvörusamningar verði afgangir

Fulltrúar stjórnarmeirihlutans í atvinnuveganefnd Alþingis hafa í sumar unnið að tillögum um breytingar á frumvarpi sem fylgir búvörusamningunum sem lagðar verða fyrir þingið fljótlega eftir setningu þess.

Reiknað er með að samningarnir verði samþykktir fyrir kosningar sem fyrirhugaðar eru í haust. Alþingi kemur aftur saman eftir sumarhlé 15. ágúst.

Haraldur Benediktsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins og annar varaformaður atvinnuveganefndar, sagði í samtali við Bændablaðið að vinna við breytingatillögur nefndarinnar stæðu enn yfir og því erfitt að tjá sig mikið um þær.

Jón Gunnarsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins og formaður atvinnuveganefndar, tekur í sama streng og segir að unnið hafi verið að breytingatillögum í nefndinni í allt sumar. „Málið er á viðkvæmu stigi og nefndin hittist í fyrsta sinn í dag, miðvikudag, með formlegum hætti til að ræða um það. Á fundinum verður

farið yfir stöðu málsins og eftir það verður fundað með þingflokkinum um tillögur nefndarinnar.“

Hann á ekki von á öðru en að búvörusamningarnir verði samþykktir á Alþingi fyrir kosningar í haust.

Tillögurnar ekki tilbúnar

Haraldur segir að fundað hafi verið hjá stjórnarmeirihlutunum í nefndinni og tillögurnar ræddar. „Vinna við málið hefur staðið yfir í allt sumar og gengið vonum frammar að mínu mati og við teljum okkur geta lokið þeirri vinnu á næstu dögum og innan þess ramma sem bændur hafa samþykkt.“

Ég get þó sagt að málið hefur tekið breytingum í meðferð nefndarinnar en ekki hversu miklar þær breytingar eru. Meðal þess sem unnið hefur verið að er lengd samningstímans og opnunin á breytingar sem eru skrifaðar inn í samninginn.

Markmið okkar er að ná niðurstöðu sem gerir það að verkum að hér ríki meiri sátt um landbúnaðinn í landinu um langan tíma og að



endurskoðunin sem á að fara fyrst fram árið 2019 verði víðtæk og vel undirbúin með góðum greiningum og samtölum á milli hagsmunaaðila. Þrátt fyrir það vil ég taka fram að samningagerðin sjálf verður alltaf á hendi bænda og stjórnvalda.“

Haraldur segir að nefndin sé einnig búin að vinna mikið í tollamálunum, umhverfis- og loftslagsmálum og nefndin sé með ákveðnar tillögur tengdar þeim málum.

„Starf nefndarinnar hefur sem sagt fyrst og fremst legið í því að fara yfir umsagnirnar sem henni hafa borist vegna búvörusamninga og vinna að meiri sátt um þá, bregðast við ábendingum og umsögnum. Slíkt mun kosta breytingar en vonandi ekki það miklar að það verði að fara fram ný atkvæðagreiðsla meðal bænda um samninginn.“

Ég á ekki von á öðru en að samningurinn verði samþykktur. Búvörusamningurinn og tollasamningurinn haldast í hendur og hvorugur verður samþykktur án hins,“ segir Haraldur Benediktsson.

Stjórnarandstaðan ekki með

Lilja Rafney Magnúsdóttir, þingmaður Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, og Kristján L. Möller, þingmaður Samfylkingarinnar, og fulltrúar í atvinnuveganefnd sögðu í samtali við Bændablaðið að þau gætu ekki sagt mikið um starf nefndarinnar í sumar hvað varðar búvörusamninginn þar sem fulltrúar stjórnarandstöðunnar hefðu ekki verið kallaðir á þá fundi.

„Við í stjórnarandstöðunni höfum ekki komið að málinu með formlegum hætti í sumar og höfum ekkert frétt af vinnu hennar, né vitum hvað hefur verið rætt um.“

Fyrr í sumar lagði stjórnarandstaðan áherslu á í minnisblaði til nefndarinnar um samninginn að

fjallað yrði um mál eins og hraða skerðingu á beingreiðslum, sauðfjárbúskap á jaðarsvæðum og að fleiri umdeilanleg mál í búvörusamningunum yrðu tekin fyrir á fundum hennar ásamt áhrifum tollasamningsins á landbúnaðinn. Ég geri ráð fyrir að stjórnarmeirihlutinn hafi rætt þessi mál í sumar og sé ekki á byrjunarreit hvað þau varðar þegar við komum saman.

Mín skoðun er að stjórnarliðar séu ekki einir á báti þegar kemur að lausn þessa máls og að þeir teldu sér hag í að vinna með stjórnarandstöðunni á uppbyggilegan hátt að úrlausn þess. Ég er vongóð um að svo megi verða,“ segir Lilja Rafney.

Kristján L. Möller sagðist ekki hafa setið neina fundi í nefndinni í sumar vegna búvörusamningsins fyrir utan einn sem var haldinn skömmu eftir að þingi lauk. „Hafi atvinnuveganefnd komið saman í sumar til að funda um búvörusamninginn hafa þeir fundir einungis verið á vegum stjórnarmeirihlutans,“ segir Kristján.

AVH

Fréttir



Kjötsala eykst um 8,6%

Sala á kjöti síðustu 12 mánuði er 8,6% meiri en árið á undan. Sala á kindakjöti í júlí var 1,7% meiri en í júlí í fyrra. Kjúklinga- og svínakjöt er í sókn en samanburðurinn þar milli síðustu 12 mánaða og sama tímabils þar á undan sýnir 8,4% og 8,3% söluaukningu. Miklar breytingar eru á framleiðslu og sölu á nautgripakjöti.

Þetta kemur fram í nýju söluýfirliti Matvælastofnunar. Sala á innfluttu kjöti er ekki inni í talnasafni MAST.

Sala á íslensku nautgripakjöti síðustu 12 mánuði er tæpum 30% meiri en 12 mánuðina þar á undan. Kúabændur hafa nú dregið úr mjólkurframleiðslu og afsett gripi í meira mæli en áður. Þá er líklegt að þeir hafi sett aukinn kraft í kjötfraðslu á móti minnkandi tekjum af mjólkinni. Þann 1. júlí var hætt að greiða mjólkurframleiðendum sama verð fyrir mjólk sem framleidd er innan og utan greiðslumarks.

Á sama tíma og innanlandsframleiðsla á nautakjöti hefur aukist hefur innflutningur dregist saman. Fyrstu 6 mánuði ársins hefur innflutningsmagn minnkað um tæp 50% en verðmæti aðeins dregist saman um rúm 12%. Innlenda framleiðslan er með stærri hlut af markaðnum en áður en þó er áfram aukning í innflutningi á lundum, eða dýrasta hluta nausins. Mun minna er flutt inn af hakkefni en áður.

Í kindakjötinu reyndist fyrri hluti ársins mjög góður en söluaukning var rúm 8% fyrstu 6 mánuði ársins. Það er nær allt vegna innanlandssölu, en selt magn á tímabilinu var 270 tonnnum meira í ár en í fyrra, en útflutningurinn var nánast sá sami. /TB

Vilja lægri flugfargjöld

Sveitarstjórn Langesbyggðar tók á fundi sínum nýverið eindregið undir bókun sem samþykkt var í Bæjarstjórn Akureyrar í byrjun sumars og varðar innanlandsflug sem almenningssamgöngur.

Í bókun Bæjarstjórnar Akureyrar er skorað á ríkisstjórn Íslands að taka til skoðunar niðurgreiðslu og jöfnunarkerfi í innanlandsflugi. Bent var á leið sem farin hefur verið í Skotlandi til að koma til móts við íbúa sem treysta á flugsamgöngur á strjálbýlum svæðum landsins. Hún gengur út á að veita íbúum með lögheimili á ákveðnum svæðum rétt til 50% afsláttar af fargjöldum hjá flugfélögum.

Sveitarstjórn Langesbyggðar bendir á að í afskekktum byggðum erlendis séu enn hærra afsláttir í boði en bókunin segir til um. /MPÞ

Réttardagar á komandi hausti

Undanfarin ár hefur Bændablaðið tekið saman og birt lista yfir réttardaga í helstu fjár- og stóðréttum landsins að hausti, bæði í blaðinu og á bbl.is.

Mikilvægt er að upplýsingar um réttardaga berist sem fyrst til blaðsins. Eru fjallskilastjórar og forráðamenn sveitarfélaga, auk annarra sem hafa öruggar upplýsingar um réttahald í haust, því beðnir að senda þær upplýsingar á netfangið tb@bondi.is.



Landssamtök sauðfjárbænda fara fram á 12,5% hækkun á skilaverði:

Telja eðlilegt að frumframleiðendur fái meira í sinn hlut af útsöluverði

Fátt bendir til þess að sláturleyfishafar miði verðlagningu nú á komandi hausti við tillögur um viðmiðunarverð Landssamtaka sauðfjárbænda (LS) sem kynntar voru í lok júlí þar sem farið er fram á að skilaverð til bænda hækki um 12,5%. Sláturleyfishafar hafa enn ekki kynnt verð fyrir sláturtíð haustið 2016.

Frumframleiðendur njóti sanngjarnrar hluteildar

„Algengt er að íslenskir bændur fái sem nemur á bilinu 25%–41% af endanlegu útsöluverði lambakjöts í sinn hlut. Þegar tekið hefur verið tillit til 11% virðisaukaskatts þýðir þetta að milliliðir; sláturhús, kjötvinnslur og verslanir, taka á bilinu 49% til 65% af endanlegu útsöluverði til sín,“ segir í tilkynningu frá LS.

Fram kemur í rökstuðningi sauðfjárbænda að skilaverð til bænda hafi lækkað undanfarin tvö ár og haldi ekki í við verðbólgu eða launaþróun og því sé nauðsynlegt að hækka verð til bænda í haust. Bent er á að sala á kindakjöti hafi aukist síðustu mánuði, m.a. um 21,5% á fyrsta ársfjórðungi þessa árs. Þeir nefna einnig í sínum rökstuðningi að afurðaverð til sauðfjárbænda hafi lækkað um 0,7% undanfarin tvö ár. Telja þeir eðlilegt að sem frumframleiðendur njóti þeir sanngjarnrar hluteildar af endanlegu söluverðmæti eigin framleiðslu og sjá litla sanngirni í að bera allan kostnaðarauka sem leiðir af hækkun aðfangaverðs eða launahækkunum annars staðar í virðiskeðjunni.

„Hófstílltar og sanngjarnar kröfur bænda hlutu ekki hljómgrunn í fyrra og útgefið viðmiðunarverð þeirra

var ekki lagt til grundvallar við útgáfu verðskráa sláturleyfishafa. Þetta hefur þýtt beina kjaraskerðingu bænda,“ segir stjórn LS í tilkynningu og leggur því til að afurðaverð verði leiðrétt á komandi hausti til samræmis við launavísitölu síðastliðinna 12 mánaða, eða um 12,5%.

Verð tekur ekki mið af markaðsaðstæðum

Steinþór Skúlason, forstjóri SS, segir sauðfjárbændur eiga rétt á að birta viðmiðunarverð og sjálfsagt að þeir geri það. Engin sérstök viðbrögð séu af hálfu SS við þeirri viðmiðun sem sauðfjárbændur hafa birt, „en ljóst að hún tekur ekki mið af markaðsaðstæðum og lágu verði innanlands og utan,“ segir hann. Sláturleyfishafar muni væntanlega birta verð síðar í mánuðinum og þá kæmi verðlagning haustsins í ljós.

Höfum ekki annan kost

„Miðað við núverandi aðstæður á markaði fyrir sauðfjárafurðir, ekki síst á útflutningsmörkuðum þangað sem drjúgt af kjöti þarf að fara og flestar aukaafurðir, er því miður fátt sem bendir til þess að hægt sé að miða við tillögur LS við ákvörðun verðlagningar haustið 2016. Við höfum ekki annan kost en að miða við



Steinþór Skúlason.



Ágúst Torfi Hauksson.

Björn Víkingur Björnsson, framkvæmdastjóri Fjallalambs á Kópaskeri:

Rætt um á aðalfundi að trúlega þyrfti að lækka verð

Björn Víkingur Björnsson, framkvæmdastjóri Fjallalambs á Kópaskeri, segir að á aðalfundi félagsins fyrr í sumar hafi verið rætt um að trúlega þyrfti að lækka verð til bænda á komandi hausti. Fjallalamb hefur ekki gefið út verðskrá fyrir komandi haust.

Hann segir að árið 2015 hafi verið sláturleyfishöfum mjög erfitt, reksturinn verið þungur. „Skýringuna á því er aðallega að finna í magni lambakjöts á markaði, hækkan launa, stöðu íslensku krónunnar og annarra gjaldmiðla,“ segir hann.

„Fyrir nokkrum árum var útflutningsskylda á framleiðendum sem fundin var út þannig að tekin var heildarframleiðsla lambakjöts og ársneysla þjóðarinnar dregin frá því.

Sú framleiðsla sem var umfram neyslu þjóðarinnar var þessi útflutningsskylda. Hún var oft 20–25%. Bændur fengu svo greitt í samræmi við það verð sem fékkst fyrir hana í útflutningi. Þessi munur á milli framleiðslu og neyslu þjóðarinnar hefur síst minnkað.“

Kjöt lendir á útsölum

Hann segir að sláturleyfishafar verði að flytja út fyrir landið talsvert magn af kjöti, meðal annars til þess að ekki safnist upp birgðir. Vegna gengis íslensku krónunnar gagnvart gjaldmiðlum okkar helstu viðskiptalanda verður sá útflutningur rekinn með tapi á komandi ári, „þá lendir þetta kjöt á útsölum hér innanlands þar sem allir sláturleyfishafar tapa, til viðbótar við óhagstætt gengi er verð á hliðarafurðum að lækka umtalsvert,“ segir Björn Víkingur.

Eina stýritækið

„Eðlileg markaðslögmál virka þannig að ef of mikið framboð er á ákveðinni vöru þá lækkar hún í verði, neytendum og smásöluáðilum til góða. En hversu mikils virði er það fyrir Íslendinga að geta keypt lambakjöt á lægra verði út úr búð ef það verður til þess að bændur hætti framleiðslu?

Það er mjög slæmt að lækka verð til bænda á komandi hausti en það er eina stýritækið í dag sem sláturleyfishafar hafa til að mæta lækkanandi verði á mörkuðum.“ /MPÞ

söluverð okkar afurða þegar innkaupsverð hráefnis er ákvarðað, það er veruleikinn í okkar rekstri,“ segir Ágúst Torfi Hauksson, fram-

kvæmdastóri Norðlenska, en félagið hafi kynnt sér röksemdafærslu og viðmiðunarverð LS vegna komandi sláturtíðar. /MPÞ

Söluaukning á mjólkurvörum þrátt fyrir úrskurð Samkeppniseftirlitsins:

MS jók söluna í júlí um 4 prósent frá fyrra ári

– mikil söluaukning hefur orðið hjá Örn og BioBú

Sem kunnugt er sektaði Samkeppniseftirlitið Mjólkursamsöluna í byrjun júlí síðastliðnum vegna alvarlegrar misnotkunar fyrirtækisins á markaðsráðandi stöðu. Í kjölfarið bárust fréttir af mikilli söluaukningu hjá mjólkurvinnslunni Örn og Bolungarvík í júlímánuði. Hjá Mjólkursamsölunni kannast menn ekki við að ákvörðun Samkeppniseftirlitsins hafi haft neikvæð áhrif á sölutölur í júlí.

Jón Axel Pétursson, framkvæmdastjóri sölu- og markaðssviðs Mjólkursamsölunnar, segir að góð sala hafi verið á mjólkurvörum í dagvörusölu í síðastliðnum júlímánuði. „Júlí er stærsti mánuður ársins, eins og í fyrra. Áætlanir okkar gerðu ráð fyrir sölu að verðmæti 2.063 m.kr. en mánuðurinn endaði í 2.144 m.kr., eða fjórum prósentum yfir áætlun okkar fyrir mánuðinn.

Sé árið í heild frá janúar til júlí skoðað í samanburði við áætlanir okkar fyrir árið, standast áætlanir okkar hvað sölu varðar – bæði hvað varðar birgðavöru og ferskvöru. Þannig voru áætlanir okkar fyrir janúar til júlí 13.114 m.kr. en salan reyndist 13.396 m.kr. – eða 2,1 prósent yfir áætlun í verðmætum.

Þegar júlí í ár og júlí í fyrra eru skoðaðir saman verður að taka mið



Jón Axel Pétursson.

af fjölda sölu-daga sem hefur mikil áhrif á veltu ferskra vara eins og hjá okkur. Í júlí í fyrra voru 24,6 sölu-dagar á móti 23 söludögum í ár og það hefur áhrif á þennan samanburð, en við tökmum tillit til þessa við áætlanagerðina. Salan í júlí núna var engu að síður 2.144 m.kr. á móti 2.062 m.kr. í fyrra – eða fjögur prósent meiri. Með sama hætti verður ágúst með fleiri söludögum núna heldur en í fyrra.“

Jón Axel segir erfitt að fullyrða að úrskurðurinn hafi engin áhrif haft á söluna. „Við vitum ekki hver salan væri ef hann hefði ekki komið til. Það sem við höfum fyrst og fremst á, er að ná þeim sölumarkmiðum (í magni og verðmætum) sem sett eru fram í söluáætlun ársins og úrskurðurinn hefur, í það minnst hingað til, ekki haft neikvæð áhrif því sölumarkmið ársins hafa náðst.“

Mikil söluaukning hjá Örn

Hálfðán Óskarsson, framkvæmdastjóri Örn, segir að aðeins sé farið að hægja á söluaukningunni á eftir mikla



Hálfðán Óskarsson.

áfram. Yfir heildina tvöfaldaðist salan og endar líklega í 40 prósentu aukningu þegar rykið sest.

Núna í næstu viku setjum við á markað hreina gríska jógúrt sem ætluð er til matargerðar, í september kemur Grísk haustjógúrt sem við bragðbætum með íslenskum aðalbláberjum. Síðan er stefnan að fjölga bragðtegundum í þeim vörum sem við erum nú þegar með auk þess sem við erum að hefja framleiðslu á laktósafríum ís.

Að sögn Hálfðánar hefur ekki verið vandamál að fá mjólk, vegna söluaukningarinnar. „Hrámjólkin kemur héðan af svæðinu en ef vantar meira þá er það keyrt úr Dölum. Mjólkursamsalan hefur keyrt hana hingað vestur þegar þörf hefur verið á.

Hillupláss fyrir okkar vörur hefur aukist með meiri sölu, síðan er það eilíf baráttan að halda sínu plássi á milli áfyllinga. MS hefur öflugt gengi sem er að vinna úti í búðunum og ef okkar vörur klárast eru þeir fljótir að setja

sínar vörur þar ef búðarfólkið passar ekki upp á,“ segir Hálfðán.

Hann segir að á þessu ári hafi Arna þurft að fjölga starfsmönnum jafnt og þétt og ljóst sé að fjölga þurfi starfsmönnum einnig í haust.

Öll lífrænt vottuð mjólk er nú þegar nýtt

Helgi Rafn Gunnarsson er framkvæmdastjóri BioBús, sem sérhæfir sig í vinnslu á lífrænt vottuðum mjólkurafurðum. Hann segist hafa fundið fyrir aukinni sölu í júlí, en hún sé ekki nema um 20 prósent og væri meiri ef lagerinn hefði ekki

klárast fljóttlega eftir að umræðan fór af stað í kjölfar úrskurðar Samkeppniseftirlitsins. Nú er verkefni okkar að skammta vörur í verslanir og lágmarka vöruskort í verslunum.

Vaxtamöguleikar okkar eru mjög takmarkaðir þar sem við nýtum nú þegar alla lífræna mjólk sem er í boði. Verkefni dagsins er að finna framsýnan jákvæðan bónda sem er til í að skipta úr hefðbundinni framleiðslu yfir í lífræna.“ /smh



HEYSÝNATAKA – EFNAMÆLINGAR – FÓÐURRÁÐGJÖF

Bústólpi býður viðskiptavinum sínum upp á fría þjónustu við töku heysýna, efnamælingar á þeim og fódurráðgjöf. Sérfræðingar RML munu annast verkefnið fyrir okkar hönd.

Hafir þú áhuga á að fá slíka fría þjónustu leggur þú inn pöntun fyrir 1. september á netfangið hanna@bustolpi.is eða hringir í síma 460 3350



HRÚTASÝNING
DÝRAGARÐUR
VÉLASÝNING
AFÞREYING FYRIR BÖRNIÐ

HANDVERKSSÝNING
OPIN BÚ
KVÖLDVAKA OG MARGT FLEIRA



SveitaSæla 2016

Landbúnaðarsýning og bændahátíð 13. ágúst í Reiðhöllinni Svaðastöðum við Sauðárkrók

Sýningin er opin frá 10:00 – 17:30 og er aðgangur ókeypis – Kvöldvaka frá kl. 19:30

Veitingasala er allan daginn meðan á sýningu stendur.

Skemmtileg atriði í gangi allan daginn sem henta allri fjölskyldunni.

Fjölbreyttar vörur til sölu á handverksmarkaðnum og fjölmörg fyrirtæki sem mæta og kynna vörur sínar.

Dagskrá sýningarinnar

10:00 Sýningin opnuð

11:00 Vélautið fer af stað.

- Hver er besti knapinn og helst lengst á vélautinu?
- Öllum er velkomið að spreyta sig

11:00 Smalahundasýning.

11:00 Gæðingamót Hestamannafélagsins Skagfirðings.

11:00 Fyrsta félagsmót nýs félags og von á mikilli skemmtun.

12:00 Íþróttálfurinn og Solla stíra skemmta gestum.

13:00 Setning

- Gunnar Bragi Sveinsson landbúnaðar- og sjávarútvegsráðgjafi
- Svavar Halldórsson framkvæmdarstjóri Landssambands sauðfjárbænda.
- Gunnsteinn Björnsson fulltrúi í sveitarstjórn Sv. Skagafjarðar
- Tónlistaratriði frá Gærunni

13:45 Kálfasýning.

14:30 Hrutadómur.

15:30 Skagafjarðarrakki/tík Sveitasælnnar 2016

Það er mikið af fallegum hundum og tikum í Skagafirði, en hver er skemmtilegastur, fallegastur, og hefur bestu söguna? Allir hvattir til þess að koma með hundinn eða tikina og eiga von á

flottum vinningum.

Auka verðlaun verða veitt fyrir erfiðasta hundinn/tikina.

Skráning á staðnum 30 mín fyrir á básnum hjá Dýrakotsnami.

15:30 Smalahundasýning

16:00 Klaufskurður á kúm að hætti Guðmundar Hallgríms.

Kvöldvaka í Reiðhöllinni Svaðastaðir

19:30 Kvöldvaka

Söngur og skemmtun að hætti heimamanna og góðra gesta. Bændafittnessið verður á sínum stað og vélautið verður í gangi. Hlynur Ben skemmtir.

Opin bú í Skagafirði sunnudaginn 14. ágúst kl. 10–15

Sauðfjárbúið á Stóru-Ökrum 1 í Blönduhlíð

Kúabúið á Kúskerpi í Blönduhlíð

Ferðapjónustubýlið Krínglumýri í Blönduhlíð

• Sigurður Hansen verður með sögustund á Sturlungaslóð eins og honum er einum lagið kl. 13:00

Loðdýrabúið Syðra-Skórðugili

• Einnig bjóða ferðapjónustubýlin Sölvanes, Stórhóll og Lýtingsstaðir heim í skemmtilegan fjölskylduratleik. Sjá nánar á facebook-síðu þeirra „The Icelandic Farm Animals“


Það er ennþá ráðrúm til þess að vera með í Sveitasælu 2016.

Þeim sem hafa áhuga er bent á að hafa samband við Steinunni Gunnsteinsdóttur í síma 865-5146 eða á netfangið sveitasaela@svadastadir.is

Sveita markaður Kvöldvaka

Opin bú í Skagafirði












Búgreinafélagin í Skagafirði

Búnaðarsamband Skagfirðinga



Skagafjörður

Fréttir

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins:

Karvel í leyfi og Vignir tekur við

Stjórn Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins (RML) hefur samþykkt að veita Karvel L. Karvelssyni, framkvæmdastjóra RML, launalaust leyfi til eins árs.

Vignir Sigurðsson, fjármálastjóri RML, mun taka við stöðu Karvels á meðan.

Að sögn Karvels mun hann taka sumarfrí mestan part septembermánaðar og fara að svo búnu í leyfi frá 1. október næstkomandi.

Vignir mun taka við framkvæmdastjórnastöðunni frá 1. september.

Karvel segir að ástæða þess að hann er á leið í leyfi sé sú að hann er að fara að koma af stað verslun í félagi við annan mann á Akranesi.



Karvel L. Karvelsson.

Ekki ráðið í stað Vignis

Hann segir að ekki sé áformað að ráða nýjan fjármálastjóra í stað Vignis, heldur verði verkefni færð til.

Karvel hefur gegnt starfi framkvæmdastjóra RML frá stofnun árið 2013. RML er einkahlutafélag í eigu Bændasamtaka Íslands og eru starfsmenn um 50. /smh

Sveitasæla í Reiðhöllinni Svaðastöðum

Landbúnaðarsýningin og bændahátíðin Sveitasæla verður haldin í Reiðhöllinni Svaðastöðum við Sauðárkrók í Skagafirði nú á laugardag, 13. ágúst, og er hún opin frá kl. 11 til 17.30. Kvöldvaka hefst á sama stað kl. 19.30.

Steinunn Gunnlaugsdóttir, framkvæmdastjóri Sveitasælnnar, segir að margt verði að venju að sjá og skoða, enda sýnendur fjölmargir. „Við leggjum áherslu á að þetta er fjölskylduskemmtun þar sem landbúnaður af öllu tagi er í öndvegi,“ segir hún.

Búgreinasamtökin taka þátt í hátíðinni en að þessu sinni verður sauðfjárræktin í forgrunni og verður eitt og annað henni tengt sem gestir geta forvitnast um.

Vélasalar munu sýna nýjustu tæki og tól, dýragarður verður á svæðinu, handverksmarkaður, matvælaframleiðslu verður gert hátt undir höfði og Latabæjarfólk verður á svæð-



Krakkarnir sýna þaulþjálfaða kálfa. inu. Sameinað hestamannafélag, Skagfirðingur, efnir til hestamóts utandyra á laugardag.

Á sunnudag, 14. ágúst, verða bú hér og hvar í Skagafirði opin gestum og gangandi, þar má nefna að glænýtt fjös að Kúskerpi og Vöglum verður opið en að auki geta þeir sem leið eiga um Skagaförð litið við á sauðfjárbúinu Ökrum, ferðapjónustubænum Kringlumýri eða á loðdýrabúinu Skörðugili. “



Samanburðartilraun á byggrykjum á Korpu 2016. Bygginu var sáð 26. apríl, en myndin er tekin undir morgunsól 6. ágúst. Mynd / Jónatan Hermannsson

Korntilraunir á Korpu

Undanfarin 25 ár hefur Jónatan Hermannsson, tilraunastjóri Landbúnaðarháskóla Íslands á Korpu, staðið að samanburðartilraunum á byggrykjum frá nágrannalöndum Íslands. Tilgangurinn er að athuga hvernig þau standa sig í íslenskum aðstæðum í sambanburði við íslensk yrki.

„Við höfum gert tilraunir af þessu tagi á hverju ári og borið saman erlend byggryki og okkar eigin kynbótalínur. Í sumar gerðum við þessar tilraunir eins og venjulega. Reitirnir eru að þessu sinni 108 á hverjum stað. Meðal íslensku kynbótalínanna í tilraunum eru nú tvær sem komnar eru langleiðina í það að verða ný skrásett yrki,“ segir Jónatan.

Að sögn Jónatans eru sams konar tilraunir gerðar á fjórum stöðum á landinu eins og venja hefur verið; á Korpu, á Þorvaldseyri undir Eyjafjöllum, á Vindheimum í Skagafirði og Möðruvöllum í

Hörgárdal. Um tilraunina á Korpu segir hann: „Sáð var í þessa tilraun 26. apríl eða á göðum tíma miðað við það sem við eigum að venjast hér. Áburður var mjög í hófi eða 60 kg af köfnunarefni á hektara – enda land frjósamt þar sem tilraunin stendur.

Kornið lítur prýðilega út, sprettan er mjög góð, heilbrigði með því besta, blaðsjúkdómar sjást varla, illgresi í lágmarki. Þó var engum varnarefnum beitt,“ segir Jónatan.

Hann segir kornið þó furðu seint til þroska á Korpu þetta árið, í ljósi þess að hiti í Reykjavík hefur verið 1,4 stig yfir meðallagi árána 1961–90 allan líftíma kornsins og úrkoma ekki verið til trafala – einungis 80 prósent af meðalúrkomu.

Því sér hann ekki fram á að korn verði skorið á Korpu fyrr en í fyrsta lagi eftir fimm vikur. Í hinum tilraunareitunum fyrir norðan og austan sé kornið komið talsvert lengra í þroska. /smh

Matarhátíð alþýðunnar haldin í sjötta sinn:

Breiðfylking íslensks landbúnaðar kemur nú að hátíðinni

Matarhátíð alþýðunnar verður haldin næstkomandi laugardag, 13. ágúst. Margir þekkja þessa hátíð sem Reykjavík Bacon Festival, en það hefur verið heiti hennar í þessi fimm skipti sem hún hefur verið haldin.

Að sögn Árna Georgssonar, eins af stofnendum Reykjavík Bacon Festival, hefur hátíðin þó alltaf haft þá yfirskrift að vera matarhátíð alþýðunnar. Nú hafi orðið þær eðlisbreytingar á henni að breiðfylking íslensks landbúnaðar mun koma að hátíðinni – og því hafi þótt viðeigandi að gefa hátíðinni annað nafn sem myndi betur hæfa. Hann segir að stofnendur séu þó trúir uppruna sínum og auðvitað sé hátíðin einnig beikonhátíð.

„Hátíðin hefur vaxið jafnt og þétt og alltaf fleiri og fleiri veitingastaðir og framleiðendur sem taka þátt. Aðsókn hefur líka vaxið jafnt og þétt; í byrjun mættu um 250 manns á fyrstu hátíðina – sem var í raun viðburður sem var skipulagður með tveggja tíma fyrirvara. Í fyrra og árið 2014 komu um 50 þúsund manns, árið þar á undan um 20–25 þúsund og árið 2012 um 10–12 þúsund,“ segir Árni.

Óvænt lítil uppákoma orðin að stórvíðburði

„Upphaf hátíðarinnar má rekja til þess að nokkrir Bandaríkjamenn sem tengjast okkur stofnendum voru á leið til landsins árið 2011 og við vildum koma þeim á óvart. Við vissum að þeir stæðu fyrir stærstu beikonhátíð veraldar svo okkur þótti sniðugt að bjóða þeim á litla beikonhátíð á Íslandi, sem hefur nú heldur betur stækkað. Hópurinn sem stendur á bak við hátíðina samanstendur af nokkrum félögum sem störfuðu saman á siglinga- og útivistarnám-skeiði hjá Íþrótt- og tómstundaráði upp úr aldamótum. En svo eru menn einnig tengdir á ýmsan annan hátt. Í hópnum eru bræður, æskufélagar og æfingafélagar, svo eitthvað sé nefnt.

Við gleymum aldrei leiknum, því þetta verður að vera skemmtilegt. Í því sambandi höfum við reynt að glæða hátíðirnar lífi og gleði. Svo má ekki gleyma því að ágóði af hátíðinni rennur til góðgerðarmála. Við höfum gefið



Í fyrra sóttu um 50 þúsund manns hátíðina.

Mynd / Siggí Anton



Hjartadeild LSH hjartasírta, höfum styrkt félögin Umhyggju og Hjólakraft og munum afhenda Æfingastöðinni

tæki nú á fimmtudaginn fyrir ágóða hátíðarinnar frá því í fyrra. Æfingastöðin er miðstöð þjónustu og þekkingar í hæfingu og endurhæfingu fyrir börn og ungt fólk með frávik í hreyfingum og þroska,“ segir Árni.

Styrkir bönd landsbyggðar og borgar

Sem fyrr er hátíðin haldin á Skólavörðustíg og nágrenni og segir Árni að um 14 veitingastaðir muni taka þátt og bjóða upp á innblásna rétti. Hann segir að hátíðin tengi landsbyggðina og borgina sterkari böndum. /smh

Tveir uppboðsmarkaðir eftir á árinu fyrir greiðslumark með mjólk:

Tækifæri til að gera tilboð er núna

– segir Arnar Árnason, formaður Landssambands kúabænda

„Ég geri lítið annað þessa dagana en svara símtölum frá bændum sem eru að velta fyrir sér hvað skuli gera, ég upplifi mig bara sem fjármálaráðgjafa,“ segir Arnar Árnason, formaður Landssambands kúabænda, en Matvælastofnun, Mast, hefur auglýst uppboðsmarkað fyrir greiðslumark í mjólk þann 1. september næstkomandi og skulu tilboð hafa borist þangað eigi síðar en 25. ágúst næstkomandi.

Matvælastofnun vekur athygli á því að einungis er hægt að selja greiðslumark á septembermarkaðnum sem ekki hefur verið framleitt upp í á árinu. Eins er bent á að síðasti uppboðsmarkaður með greiðslumark í mjólk verður 1. nóvember næstkomandi og þurfa tilboð vegna hans að hafa borist í síðasta lagi 26. október. Viðskipti á þeim markaði gilda fyrir greiðslumark árið 2017.

„Það var uppi nokkur óvissa með nóvembermarkaðinn, þ. e.



Arnar Árnason, formaður Landssambands kúabænda.

hvort af honum gæti orðið, því hann gildir fyrir næsta ár og þá mun að öllum líkindum hafa tekið gildi nýr búvörusamningur. Nú er búið að skera úr um að sá markaður verður haldinn þannig að bændur geta hvort heldur sem er selt á þeim markaði eða keypt,“ segir Arnar.

Innlausnarskylda tekur við

Eftir áramót tekur við innlausnarskylda af hálfu ríkisins, sem mun innleysa greiðslumark á sama verði og fékkst á kvótamarkaði áður. „Það breytist því í rauninni lítið, en gott fyrir bændur að hafa í huga að þessir tveir gluggar eru nú opnir, kvótamarkaðirnir í september og nóvember, og um að gera fyrir þá sem ætla sér að eiga viðskipti á þessum tveimur mörkuðum að hafa það í huga,“ segir Arnar.

Einkum á það við um þá sem ætla sér að hætta í greininni og vilja selja sitt greiðslumark, en jafnframt fyrir þá sem hyggjast bæta við sig greiðslumarki. „Tækifæri til að gera tilboð er þá núna á þessum tveimur síðustu kvótamörkuðum ársins,“ segir hann. Bændur eru að sögn Arnars mikið að velta vöngum þessa dagana, en aðstæður eru misjafnar eins og gengur og ekki allir á sömu leiðinni. /MPÞ



Rekstraraðilar óskast fyrir Sælkerahöll í Holtagörðum

Spennandi tækifæri í líflegu umhverfi

Vægi ferðapjónustu hefur aukist í Holtagörðum sem gegna nú hlutverki nýrrar samgöngumiðstöðvar með um 600 þúsund heimsóknnum ferðamanna á hverju ári. Reitir vinna að endurskipulagningu Holtagarða og fyrirhuga að setja upp veitinga- og matarmarkað í bland við þann rekstur og þjónustu sem fyrir er.

Auglýst er eftir rekstraraðilum til þátttöku í uppbyggingu og rekstri á nýjum veitinga- og matarmarkaði. Markaðurinn verður með bása-fyrirkomulagi þar sem 12 m² og stærri rými eru í boði, með eða án bakrýma.

Sælkerahöllin verður í anda *Torvehallerne* og *Borough Market* þar sem matur, menning og umhverfi tvinnast saman í skemmtilegri upplifun fyrir gesti og gangandi. *Sælkerahöllinni* er ætlað að höfða bæði til ferðamanna og heimamanna þar sem áhersla verður lögð á ferska, íslenska matargerð, hráefni beint frá býli og sjávarfang ýmist til að njóta á staðnum eða hafa með heim.

Einnig er leitað að rekstraraðilum með sérvöru, ferðapjónustu eða afþreyingu.

Umsóknarfrestur er til 1. september 2016.
Frekari upplýsingar á www.reitir.is/saelkeraholl.

REITIR
Velkomin til starfa

Bændablaðið

– Mál gagn bænda og landsbyggðar –

Ritstjóri: Tjörvi Bjarnason (ábm.) tjorvi@bondi.is og Hörður Kristjánsson hk@bondi.is – **Sími:** 563- 0339 – **Rekstur og markaðsmál:** Tjörvi Bjarnason tjorvi@bondi.is – **Blaðamenn:** Margrét Þ. Þórsdóttir mth@bondi.is – Sigurður Már Harðarson smh@bondi.is – Vilmundur Hansen vilmundur@bondi.is – **Auglýsingastjóri:** Ásgerður María Hólmbertsdóttir amh@bondi.is – **Sími:** 563 0303 – **Netfang auglýsinga:** augl@bondi.is – **Vefsíða blaðsins:** www.bbl.is – **Netfang blaðsins:** (fréttir og annað efni) er bbl@bondi.is

Frágangur fyrir prentun: Prentsnið – Prentun: Landsprent ehf. – Upplag: sjá forsiðu – Dreifing: Landsprent og Íslandspóstur. ISSN 1025-5621

SKOÐUN

Nýi sveita-síminn

Snjallsíminn er nýi sveitasíminn þar sem allir hlusta og sjá viðburði líðandi stundar.

Fréttir af slæmu ástandi vegakerfisins og miklu álagi á vegi landsins dýnja um þessar mundir á samfélagsmiðlunum. Fjöldi ábendinga um bágborið ástand vega og mikla umferð ferðafólks hefur borist ritstjórninni síðustu vikur og mánuði. Ætli við gætum ekki gefið út sæmilegt aukablað þar sem eingöngu væri fjallað um þennan málaflokk. Skýringar á holóttum vegum, einbreiðum brúm og lélegu slitlagi eru eflaust margvíslegar en augljósa svarið er að það þarf að veita meira fjármagni til Vegagerðarinnar. Sú stofnun á örugglega fullt í fangi með að sinna þeim verkefnum sem henni er ætlað að leysa. Í þessu tölublaði er enn og aftur rætt um lélegar girðingar, óhöpp og slysagildirur ásamt lausagöngu búfjár á og í kringum vegi. Með aukinni umferð er því miður vaxandi hætta á slysum. Ferðafólk, jafnvel allskostar óvant íslenskum aðstæðum, er ekki öfundsvert að ferðast um suma staði.

Eins og eldur í sinu

Snjallsímavæðingin hefur gert það að verkum að alltaf eru einhver krassandi dæmi aðgengileg á samfélagsmiðlunum. Meðal-Jóninn getur tekið mynd og dreift henni um öldur Netsins á ljóshraða. Hvort sem er þvottabretti í Þistilfirði eða örtröð ferðamanna í vegkanti á Sólheimasandi þá er fréttin fljót að berast. Sumir eru svo vinsamlegir að „tagga“ þingmenn í viðkomandi héraði og fyrir en varir er þráðurinn orðinn langur og „lækin“ mörg. Þrýstingur sem þessi virkar. Það er orðinn hluti af okkar samskiptavenjum að fólk dreifi upplýsingum sem þessum og tjái sig í orðum um öll möguleg málafni.

Til ýmissa hluta nytsamlegir

Símarnir eru til fleiri hluta nytsamlegir. Ungir bændur hafa náð frábærum árangri við að kynna sín störf í gegnum Snapchat og myndasamkeppni þar sem ferðabjónustan og landbúnaðurinn taka höndum saman og kennd er við Sumarilm fer fram á Instagram. Við höfum séð margar myndir úr verslunum þar sem almenningur notar símana við verðlagseftirlit. Myndir af innkaupastrímlum og alls kyns vörum á mismunandi verði dúkka reglulega upp á Facebook og Instagram. Í kjölfar úrskurðar Samkeppniseftirlitsins um MS blossaði upp mikil reiðibylgja á samfélagsmiðlunum – fólk var hvatt til að velja aðrar vörur og sniðganga fyrirtækið. Svona lagað getur skapað aðhald og upplýst aðra neytendur um allt mögulegt. Vissulega nýr veruleiki sem allir verða að aðlagast, hvort sem þeim líkar betur eða verr.

Rúlluplastið skaðar ásjónu sveitanna

Aðsend grein í þessu tölublaði fjallar um sóðaskap í sveitum og skaðsemi rúlluplasts úti í náttúrunni. Framtakssamur einstaklingur norður í landi er búinn að fá sig fullsaddan af flaksandi rúlluplasti á girðingum og gömlum rúllum sem liggja í kös, engum til gagns en flestum til ama. Hann er búinn að stofna sérstaka Facebook-síðu þar sem hann og fleiri geta sett inn myndir af „sóðaskap til sveita“. Það verður að segjast eins og er að myndirnar þarna inni eru ekki til að efla ímynd íslensks landbúnaðar. Langflestir bændur eru með þessa hluti í lagi en því miður er á nokkrum stöðum pottur brotinn. Þessu verður að kippa í liðinn. */TB*

Matarverð að fornu og nýju

Einar Ófeigur Björnsson

stjórnarmaður í BÍ
einar@lon2.is



Því miður ekki eiga við um íslenskar landbúnaðarafurðir. Auðvitað veit ég að við erum með stuðningskerfi við landbúnað á Íslandi en það á einnig við um aðrar þjóðir sem við berum okkur saman við. Engri þjóð er sama um hvort þar er landbúnaður eða ekki og stuðningur, eða opinber afskipti af búvöruframleiðslu, er regla, ekki undantekning.

Bændur fá of lítið í sinn hlut

Það verð sem bændur fá fyrir kjöt og mjólk hér á landi er of lágt og ekki í neinu samræmi við þann kostnað sem menn hafa af því að búa afurðirnar til. Það endar þannig að margir bændur vinna alltof mikið til að ná að hafa það sem aðrar stéttir teldu tæpast eðlileg laun fyrir dagvinnu. Verð á mjólk til bænda var hækkað um 1,8 % í sumar sem leið. Svínakjötsverð til bænda hefur lækkað undanfarið án þess að smásöluverð hafi gert það. Fyrstu vísbendingar um verð á kindakjöti til bænda í haust

gefa ekki tilefni til bjartsýni. Verðið sem sláturhús KVH hefur gefið út fyrir fyrstu þrjár sláturvikurnar er óbreytt eða lækkar frá því í fyrra auk þess sem þriðjungs lækkun er boðuð á kjöti af fullorðnu. Verð á kindakjöti til bænda hefur ekki hækkað síðan 2013 og verði engar hækkanir í haust munu sauðfjárbændur ekki fá hækkun á afurðaverði fyrr en haustið 2017. Þá verða komin fjögur ár frá síðustu hækkun. Fáir myndu telja það boðlegt í öðrum geirum þjóðfélagsins.

Margir bændur eru komnir að þolmörkum

Bændur á Íslandi geta ekki endalaust tekið á sig hagræðingu eða kjaraskerðingu. Margir eru komnir að þolmörkum á þeirri vegferð. Ég hef engan áhuga á að framleiða sérstaklega ódýran mat. En ég vil leggja mikið á mig til að framleiða gott hráefni til að neytendur geti gengið að vöru af háum gæðum í búðunum – og fá í minn hlut eðlilega sneið af endanlegu söluverði vörunnar.

Ef verslunin þarf nauðsynlega að fá þá krónutölu sem hún hefur í dag fyrir að höndla með kjöt þá er bara eitt ráð til og það er að hækka verðið út úr búð. Ég veit að bæði bændur og sláturleyfishafar fá of lítið en þekki minna til verslunarreksturs. Ef ekki þá mun illa fara og verða lítið um íslenska bændur eftir kannski tvo áratugi. Engin þjóð á að taka slíka áhættu og ég held að enginn vilji það í raun. En við þurfum að tala um hlutina eins og þeir eru, ekki eins og við höldum að þeir séu.

Ísland er land þitt



Fjaðrárdalur og vesturhluti Lómagnúps, rétt austan við bæinn Núpsstað, sem er austasti bærinn í Skaftárhreppi. Þar er búskapur aflagður en staðurinn er í vörslu Þjóðminjasafns Íslands. Lómagnúpur er 688 metra hátt standberg sem gnæfir yfir suður úr Birninum vestan Núpsvatna á Skeiðarársandi. Lómagnúpur tilheyrir landi Núpsstaðar, sem allt er á náttúruninjaskrá. Líkt og með önnur standberg meðfram suðurströnd Íslands þá náði sjór upp að Lómagnúpi á ísöld. Lómagnúpur er einstaklega tignarlegur og fagur á að líta. Þess má geta að jötunninn í Lómagnúpi prýðir skjaldarmerki Íslands. Hann er einn fjögurra landvætta Íslands og ver suðurströndina fyrir illum öflum. Mynd / HKr.

Efst á baugi



Hr. Guðni Th. Jóhannesson og frú Eliza Reid smakka á ljúffengum veitingum frá félaginu Holt og heiðar á Hallormsstað. Með þeim í för er Ólafur Rúnar Ólafsson, sveitarstjóri í Eyjafjarðarsveit.



Pétur Halldórsson, kynningarstjóri Skógræktarinnar, bauð forsetahjónunum upp á hið rómaða skógarkaffi. Myndir / MPP og FB-síða Handverkssýningarinnar

Forsetahjónin kynntu sér landbúnað og handverk í Eyjafirði:

Handverkshátíð og landbúnaðar-sýning að Hrafnagili

„Hátíðin tókst afskaplega vel, veðrið lék við okkur alla dagana,“ segir Guðný Jóhannesdóttir, annar af tveimur framkvæmdastjórum Handverkshátíðar að Hrafnagili sem haldin var um liðna helgi. Jafnframt var efnt til veglegrar landbúnaðarsýningar sem vakti verðskuldaða athygli. Heimsóknir á hátíðina voru um 20 þúsund, en meðal gesta voru forsetahjónin, hr. Guðni Th. Jóhannesson og frú Eliza Reid sem nutu þess að ganga um sýninguna og kynna sér glæsilegt handverk og starfsemi íslensks landbúnaðar.

Árlega velur valnefnd Handverkshátíðar fallegasta sölubás ársins og handverksmann ársins. Handverksmaður ársins er Guðrún Kolbeins fyrir frábæra hönnun og handverk sem unnin er af fagmennsku, þar sem aldagömul vefnarðarhefð er færð til nútímans. Hildur H. Listhönnun hlaut verðlaun fyrir sölubás ársins og Kristján Guðlaugsson hjá Brak-handverk fékk hvatningarverðlaun hátíðarinnar, en skemmtileg nýting hans á rekavið kemur á óvart í frumlegum slaufum.

/MPP



Stytturnar hans Hreins Halldórssonar vöktu mikla athygli á Handverkshátíðinni. Þeir voru ófár sem tóku myndir með bændahjónunum og búsmalanum.



Guðni spreytti sig á getraun þar sem spurt var um búfjárliti. Ekki liggur fyrir hvernig hann stóð sig.



Margir vildu mynd með nýja forsetanum.



Ung snót mátaði gamla dráttarvél.



Guðrún Kolbeins var valin handverksmaður ársins.



Hildur H. Listhönnun hlaut verðlaun fyrir sölubás ársins.



Frumlegar slaufur úr rekavið.



Listasmíðja barnanna sló í gegn.



Listamaðurinn Hreinn Halldórsson með sköpunarverkum sínum, þeim Guðrúnu frá Lundi og Sigurði sýslumanni.

MÆLT AF MUNNI FRAM

159

Til þess að ekki halli á með hagræðingum frá vísnavöldi Karlaðórs Eyjafjarðar, þá fær Jóhannes Sigfússon auðvitað tvo vísnavætti undir sinn kveðskap þetta kvöld. Eins og frá var greint í síðasta þætti, þá kom Jóí frekar fátæklega búinn af kveðskap til samkomunnar, en orti þeim mun ákafar undir borðum. Birgir beindi spurningu til Jóhannesar: „Er mikið stóðlíf í Þistilfirði“?

Vel menn búa öllu að,
og aðeins þynna blóðið.
Seint þó komist kannski á blað
Krossavíkurstóðið.

Hér er Jóhannes að sveigja dólglega að stjórnandanum Birgi, en ekki síður konu hans Rósu, vammlausri vildiskonu, ættaðri frá Krossavík.

Birgir beinir næst til Jóa hvað honum þyki um hinn gríðarlega fjölda ferðamanna sem nú sækja Ísland heim:

Allir menn það ættu að sjá
að til fjandans stefnum,
ef ferðamönnum Fróni á
fjölgar eins og refnum.

Jói sendi svo sessunautum sínum óumbeðinn, umsagnir við hæfi. Björn Ingólfsson fékk þessa vísu:

Ætla má að enga vörn
eigi sér við hæfi
þeir sem hafa þolað Björn
þetta langa ævi.

Og um læknisafrek Péturs Péturssonar og Hjálmars Freysteinsonar orti Jóí:

Ég afrek þeirra illa skil.
Um það vitna merkin
að fjarska verða fáir til
frásagnar um verkin.

Og Árna Geirhirti færði hann þessa vísu:

Sölumaður Árni er
alveg af besta tagi.
En selur ekki sykri og ger
sitt í hvoru lagi.

Jóa er það mikil skemmtan og hefur verið lengi, að nudda mér upp úr landasölu og dreifingu:

Árni í Felli yrkja kann
þó ekki á honum beri,
ef sett er ögn af sykri í hann
og svolítið af geri.

Fyrir margt löngu vældi Jóhannes út úr mér fáeinar landaflöskur sem mér höfðu verið gefnar til gleðiauka. Kvaðst hann myndi launa mér þær ríkulega síðar. En svo liðu nú árin, en í jólakorti kom þó greiðslan fyrir rest:

Oft mig hefur áður meir
andagiftin snortið
þegar niður læt ég leir
leka á jólakortíð.

Ennþá hvílir alger smán
yfir verkum mínum,
frá því að ég flöskulán
fékk úr sjóði þínum.

Ennþá hef ég ekkert greitt
og það verður snúið,
því flöskunum hef ég alveg eytt
og innihaldið búið.

Um söngstjóra Karlaðórsins, Petru Björk Pálsdóttur, eiginkonu Árna Geirhjarar, orti Jóhannes:

Indæl er alla daga,
allt vill hún bæta og laga.
Sexí og sæt
og sérlega mæt,
en hefur sinn djöful að draga.

Síðan er Jóí spurður um forsetaefnin í Bandaríkjunum og hvort hann kysir frekar, Donald Trump eða Hillary Clinton?

Clinton virðist vösk og trú
og vera á öðru plani.
En djöfull sýnist Donald nú
dæmigerður Kani.

Umsjón:
Árni Geirhjórtur Jónsson
kotabyggd1@gmail.com

Fréttir



Rúningstörn Matt Smith fór vel af stað og var æsispennandi og á tólf klukkustundum tókst honum að rýja 731 kind. Meðaltími hans með hverja kind var 44 sekúndur. Mynd / www.farminguk.com.

Breskt rúningströll með nýtt heimsmet

Bóndi í Cornwall-skíri á Bretlands-eyjum hefur bætt heimsmetið í rúningi um tíu ær. Fyrra met, sem staðið hefur frá 2007, var 721 kind á tólf tímum en nú 731 kind.

Keppnin felst í því að rýja sem flestar kindur á tólf klukkustundum frá klukkan fimm eftir miðnætti til klukkan fimm síðdegis á sama sól- arhring.

Nýja metið, 731 kind, setti Matt Smith sem er breskur sauðfjárbóndi í Cornwall-skíri en fyrra met sem var sett árið 2007 átti Ástralinn Rodney Sutton.

Smith, sem er 32 ára og býr ásamt eiginkonu sinni með tæplega 1.400 fjár á ríflega 160 hektara jörð, er fyrsti maðurinn á norðurhveli til að reyna að fella fyrra met.

Keppni af þessu tagi er aftur á móti vinsæl í Ástralíu og á Nýja-Sjálandi.

Æsispennandi keppni

Rúningstörn Smith fór vel af stað og var æsispennandi. Á fyrstu tveimur

tímunum rúði hann 164 kindur. Eftir það tók hann sér klukkustundar hvíld en að henni lokinni rúði hann 142 kindur frá einum tíma og fjórutíu og fimm mínútum. Að lokinni hálf tíma pásu rúði hann 142 kindur frá korter yfir tíu og fram að hádegi. Næsta törn stóð frá klukkan eitt eftir hádegi til korter í þrjú og á þeim tíma misstu 141 kind reifið. Í síðasta áfanga rúði hann 142 kindur. Samanlagt gera það 731 kind á tólf klukkustundum. Meðaltími Smith með hverja kind var 44 sekúndur.

Árs undirbúningur

Eftir að nýju heimsmeti var náð sagði Smith að sig hefði lengi langað til að reyna sig við gamla metið og hann hafi undirbúið sig í rúmt ár fyrir keppnina.

Fjórir aðrir keppendur reyndu sig við heimsmetið á sama tíma og geta þeir allir verið sáttir við árangurinn sem var á bilinu 702 til 721 kind.

VH



Hóteleigandi selur lóðir og býðst til að framleigja sumarhús. Mynd / Húsafell

Hótel Húsafell með sumarhúsalóðir til sölu:

Eigendum býðst að leigja bústaðina út þegar þeir eru ekki í einkanotkun

„Við finnum vel fyrir þeim aukna straumi ferðamanna sem leggur leið sína hingað til lands, það hefur verið líflegt hjá okkur í sumar og ekki vanþörf á að bæta við gisti- rými,“ segir Berþór Kristleifsson, ferðaþjónustubóndi á Húsafelli. Hann rekur Hótel Húsafell sem hefur verið stækkað úr 36 herbergjum í 48 herbergi.

Á svæðinu eru um 200 orlofshús í allt. Berþór á nú um þessar mundir um 20 lóðir undir slík hús, sem skipulögð voru fyrir margt löngu, „og ég stefni nú á að klára þetta hverfi,“ segir hann.

Góð viðbrögð við nýrri þjónustu

Hann hefur boðið upp á nýja þjón-ustu fyrir eigendur húsa á svæðinu, en þeir sem hug hafa á því að kaupa

sumarhúsalóð á Húsafelli geta jafn- framt leigt þau út til gesta þegar þau eru ekki í einkanotkun. „Við bjóð- um þessar lóðir nú til sölu og gefum eigendum jafnframt færi á að leigja þau út í samstarfi við okkur á Hótel Húsafelli. Þetta virka þannig að um leið og fólk byggir sumarhús sem það nýtir í frítíma sínum getur það fjármagnað hluta byggingarkostn- aðar og rekstur með útleigu,“ segir Berþór, en húsín eru þá sett inn í bókunarkerfi hótelsins. Vatn er komið á sumarhúsalóðirnar og rafmagn að lóðamörkum, þannig að hægt er að hefjast handa við bygginguna strax.

„Viðbrögðin hafa verið góð, það er mikið hringt og við fáum tölvu- pósta þar sem óskað er frekari upplýs- inga, þannig að áhuginn er greinilega mikill,“ segir Berþór.

MPÞ

Auglýst eftir tillögum í byggðaaætlun 2017–2023:

Almenningi gefst nú tækifæri til að koma formlega á framfæri hugmyndum sínum

Fyrir skemmstu auglýsti Byggðastofnun eftir tillögum í byggðaaætlun 2017–2023. Þetta er í fyrsta skipti sem sérstakt form er útbúið fyrir almenning fyrir tillögugerðina og í raun í fyrsta skiptið sem óskað er eftir form- legum tillögum í byggðaaætlun frá almenningi. Ekki er auglýstur frestur til að skila tillögum en það verður gert þegar líður á.

Tillögur sem gerðar verða í til- löguformið verða lagðar fyrir verk- efnisstjórn byggðaaætlunar og hún tekur afstöðu til þeirra.

Ætlunin skal lýsa stefnu ríkisins í byggðamálum hverju sinni

Í lögum um byggðaaætlun og sókn- aráætlanir, sem samþykkt voru í fyrra, kemur fram í þriðju grein um markmið byggðaaætlunar að þær skuli vera til sjö ára í senn, en áður voru þær til fjögurra ára. „Ætlunin skal lýsa stefnu ríkisins í byggða- málum hverju sinni og samhæfingu við aðra stefnumótun og áætlanagerð hins opinbera. Byggðaaætlun skal hafa að meginmarkmiði að jafna tækifæri allra landsmanna til atvinnu og þjónustu, jafna lífskjör og stuðla að sjálfbærri þróun byggðarlaga um land allt. Sérstaka áherslu skal leggja á svæði sem búa við langvar- andi fólksfækkun, atvinnuleysi og einhæft atvinnulíf. Einnig skal gerð



Snorri B. Sigurðsson.

grein fyrir sérstökum áformum ríkis- ins um stuðning við atvinnulíf á skil- greindum stuðningssvæðum byggða- korts af Íslandi sem Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) hefur samþykkt fyrir tiltekið tímabil og tengingu þeirra við sóknaráætlanir.

Byggðaaætlun skal unnin í umboði ráðherra af Byggðastofnun í samvinnu við stýrihóp Stjórnarráðsins um byggðamál. Við gerð byggðaaætlunar skal haft samráð við ráðuneyti, sveitarfélög, landshlutasamtök sveitarfélaga og aðra haghafa eftir þörfum,“ segir í lögnum.

Fyrsta skipti sem almenningur getur sent beint inn tillögu

Snorri B. Sigurðsson, forstöðumaður

þróunarsviðs Byggðastofnunar, segir að þar sem þetta sé í fyrsta skiptið sem almenningi gefst kostur á að fylla út rafrænt form og senda inn tillögur í byggðaaætlun, þá hafi tillögur frá einstaklingum eða félögum ekki fyrr ratað beint inn í byggðaaætlun. „Við höfum hins vegar haldið opna fundi við vinnslu fyrri áætlana þar sem hægt hefur verið að koma á framfæri hugmynd- um. Og þar hafa vissulega verið viðraðar margvíslegar hugmyndir sem, sumar hverjar, hafa haft áhrif á innihald byggðaaætlana. Og nú þegar hafa borist tillögur til okkar í gegnum heimasvæði byggðaaætlun- ar. Það er mjög ánægjulegt,“ segir Snorri.

Á vef Byggðastofnunar (bygg- dastofnun.is/) má nálgast frekari upplýsingar um vinnuna við nýja byggðaaætlun og eins fyrri áætl- anir. Gert er ráð fyrir að drög að nýrri byggðaaætlun liggi fyrir 1. nóvember næstkomandi. Ráðherra mun að svo búnu leggja fram þings- ályktunartillögu fyrir Alþingi.

Á vefnum kemur fram, að vegna áherslu nýju laganna um samráð gekkst Byggðastofnun á vormánuð- um fyrir fundum um byggðaaætl- unina í samráðsvettvöngum lands- hlutasamtaka sveitarfélaga og í ráðuneytunum og stefnir að annarri slíkri fundarhrinu með haustinu.

/smh

Ný skógræktarstofnun:

Skógræktin tók til starfa 1. júlí

Ný skógræktarstofnun, Skóg- ræktin, tók til starfa 1. júlí síðast- liðinn og varð til við sameiningu Skógræktar ríkisins og landshluta- verkefnanna í skógrækt. Af því tilefni var efnt til skógargöngu á Silfrastöðum í Skagafirði en um 70 manns mættu við athöfn sem haldin var til að fagna þessum áfanga.

Fram kom í ávarpi umhverf- is- og auðlindaráðherra, Sigrúnar Magnúsdóttur, að undirbúningur hinnar nýju stofnunar hefði gengið vel. Þá hældi hún skógarbænd- um á Silfrastöðum fyrir öflugt starf, en skógurinn á Silfrastöðum bindur koltvísýring sem samsvar- ar útblæstri um 15 þúsund bíla. Nýir skógarbændur hafa tekið við keflinu á Silfrastöðum, þau Hrefna Jóhannesdóttir og Johan Holst, af föður Hrefnu, Jóhannesi Jóhannssyni og Þóru Jóhannesdóttur, konu hans.

Búið er að planta um 1,1 milljón plantna í skóginn. Byrjað er að taka úr honum efni með millibilsgripi. Þau Johan og Hrefna kynda hús sitt með eigin trjáviði og spara að því er fram kemur á vef Skógræktarinnar um hálfa milljón á ári í kyndikostnað, engin hitaveita er á staðnum og dýrt að hita með rafmagni.

Ráðið í þrjár nýjar stöður

Nýverið var ráðið í þrjár nýjar stöður hjá Skógræktinni. Aðalsteinn Sigurgeirsson, forstöðumaður Rannsóknastöðvar skógræktar, Mógilsá, hefur verið ráðinn fagmálastjóri, sem er ný staða, en fagmálastjóri hefur yfirumsjón og forystu um fagleg málefni innan Skógræktarinnar og er staðgengill skógræktarstjóra. Fimm sóttu um starfið.

Sigríður Júlía Brynleifsdóttir, sem undanfarin ár hefur verið fram- kvæmdastjóri Vesturlandskóga, hefur verið ráðin sviðsstjóri skógarauð- lindasviðs. Sviðstjóri skógarauð- lindasviðs ber ábyrgð á rekstri þjóð-



Skógarbændurnir á Silfrastöðum, Hrefna Jóhannesdóttir og Johan Holst, fengu þessar forlata svuntur frá Félagi skógarbænda á Norðurlandi í þakk- lætisskyni fyrir skógargönguna. Silfrastaðir í baksýn og Mælifellshnjúkur. Myndir / Pétur Halldórsson



Starfsfólk Skógræktarinnar fagnar fyrsta degi nýrrar stofnunar.

skóganna og hefur yfirumsjón með framlögum til skógræktar á lögbýlum auk þess að vinna að samþættingu þessara tveggja verkefna eftir því sem þurfa þykir. Sex sóttu um starfið.

Hreinn Óskarsson, skógarvörð- ur á Suðurlandi, hefur verið ráð- inn sviðsstjóri samhæfingarsviðs. Samhæfingarsvið er nýtt svið innan Skógræktarinnar sem fæst við stjór- nýslu, skipulagsmál, kynningarmál

og fræðslu á sviði skógræktar. Fimm sóttu um starfið.

Á næstu dögum verður auglýst eftir nýjum sviðstjóra rannsóknasviðs sem veitir Rannsóknastöð skógrækt- ar, Mógilsá, forstöðu. Einnig verður auglýst eftir nýjum skógarverði á Suðurlandi. Eftir er að ákveða hvernig háttað verður stjórn nytja- skógræktar á bújörðum á Vesturlandi.

MPÞ

NÝ SENDING AF HINUM SÍVINSÆLU CAN AM SEX HJÓLUM KOMIN TIL AFGREIÐSLU.

TRAUST HJÓL FYRIR ÍSLENSKAR AÐSTÆÐUR. ÞÚ KEMST ALLTAF HEIM Á CAN AM.

can-am 



**CAN AM OUTLANDER
6X6 650 FLATBED**

VERÐ FRÁ: 3.350.000.- M/VSK
VERÐ FRÁ: 2.700.000.- ÁN/VSK

FÍSKISLÓÐ 1
REYKJAVÍK
580-8500

TRYGGVABRAUT 1-3
AKUREYRI
580-8550

ARNAR BERGMANN
580-8500
EMAIL: ARNARM@ELLINGSEN.IS

ÞÓR RAGNARSSON
580-8500
EMAIL: TR@ELLINGSEN.IS

ELLINGSEN
SÍÐAN 1916

JÖKLAR

Upplifun á Íslandi


- Forsniðin einingahús
- Fljótleg í uppsetningu
- Íslensk hönnun fyrir íslenskar aðstæður

HÚS HÖNNUÐ FYRIR ÍSLENSKA FERÐAÞJÓNUSTU



JÖKLAR 24,3 fm
Tilboð í ágúst
1.990.000 kr.

Takmarkað upplag



Hægt er að lengja húsið að vild með því að bæta við einingum í miðju þess.



LANDSHÚS

Landshús - Sími 553 1550 - landshus@landshus.is - www.landshus.is

Fréttir



Skógafoss.

Mynd / HKr.

Uppbygging á ferðamannastöðum:

Salernismál í forgang

Önnur áfangaskýrsla af þremur, um uppbyggingu aðstöðu fyrir ferðamenn sem var unnin fyrir Stjórnstöð ferðamála, er komin út.

Í skýrslunni, sem unnin var af verkfræðistofnunni Eflu, var ferðamannastöðum forgangsraðað eftir því hve brýnt er talið að bæta þurfi salernisaðstöðu á viðkomandi stað, kostnaðarmat framkvæmt og áætl-aður fjöldi salerna metinn. Til að draga þessar ályktanir var meðal annars horft í fjölda gesta á hverjum ferðamannastað, lengd heimsóknar-tímabils, staðsetningu og viðkomu-tíma ferðamanna.

Niðurstöður skýrslunnar sýna meðal annars að auka þarf fjárfram-lög til uppbyggingar aðstöðu fyrir ferðamenn ef leysa á salernisvand-

ann á næstu tveimur til þremur árum. Ljóst er að salernisaðstaða á mörgum fjölförnum ferða-mannastöðum er með allt öðrum brag heldur en áður hefur þekkt. Smáar byggingar með fáeinum sal-ernum duga ekki lengur og frekar er þörf á stórum húsum með mörgum salernum.

Afar brýnt þykir að flýta gerð áætlana um hvaða staðir eigi að vera í forgangi með salernismál, bæði hvað varðar stærð og umfang.

Hafa ber í huga að uppbygging salernisaðstöðu á ferðamannastöð-um er háð vilja og samþykki land-eiganda og umsjónaraðila.

Skýrsluna í heild má finna á vef verkfræðistofunnar Eflu á slóðinni www.efla.is.

/VH

Spá Orkustofnunar um eldsneytisnotkun 2016–2050:

Gert ráð fyrir hægum stíganda í olíunotkun í landbúnaði

Orkustofnun gaf út skýrslu um eldsneytis-spá á dögun-um fyrir árin 2016–2050. Fram kemur að á næstu árum muni heildar-notkun olíu hér innanlands að mestu standa í stað, en fari síðan að minnka upp úr 2020.



Ágústa Loftsdóttir.

Í skýrslunni er fjallað um áætl-aða eldsneytissölu á Íslandi; bæði inniheldur hún innanlandsnotkun og notkun í flutningum á milli landa. Í spánni er sjónum beint að notkun á þremur helstu orkugjöfunum sem teljast til jarðefnaeldsneytis; aðallega þó olíunni, sem er langmest, en einnig kolum og gasi. Þá er einnig áætluð sú notkun jarðefnaeldsneytis sem mun færast yfir á nýja orkugjafa á næstu áratugum.

Í útreikningum fyrir spá um elds-neytisnotkun í landbúnaði er stuðst við fjölda dráttarvéla og olíunotkun þeirra samkvæmt tiltekinni aðferðar-fræði. Miðað er við að notkun elds-neytis í landbúnaði fylgi magnvísitölu búfjárræktar og er miðað við upphafs-gildi fyrir árið 2014. Samkvæmt spá

Orkustofnunar er landbúnaður ein fárra greina þar sem notkun á olíu eykst nokkuð jafnt og þétt á tímabilinu – úr 13,8 þúsund tonnum árið 2016, í 16,1 þúsund tonn árið 2050. Til samanburðar má nefna að spá um heildarnotkun á olíu fer úr 862,2 þús-und tonnum árið 2016, upp í 972,4 þúsund tonn árið 2030 og svo aftur niður í 948,2 þúsund tonn árið 2050.

Olíunotkun fyrir landbúnað innifalin í tækjanotkun

Ágústa Loftsdóttir, verkefnisstjóri eldsneytismála og vistvænnar orku hjá Orkustofnun, segir að eldsneytisnotkun í landbúnaði sé ekki greind niður í þeim gögnum sem hafi verið tiltæk. Í tölum olíufé-laganna sé olíunotkun í landbúnaði innifalin í tækjanotkun. „Í þessari spá er lagt upp með líkan sem gerir ráð fyrir að engar stórar breytingar verði, til dæmis engar breytingar á lögum eða reglum, engar stórar nýfjárfestingar, engar hamfarir og svo framvegis. Þannig sýnir líkanið þróunina miðað við að ekkert verði aðhafst til að auka notkun endur-nýjanlegs eldsneytis í landbún-aði – frekar en í öðrum greinum umfram það sem þegar hefur verið gert. Því er gert ráð fyrir því að

notkun endurnýjanlegs eldsneytis í landbúnaði gangi hægar fyrir sig en til dæmis notkun endurnýjanlegs eldsneytis á bíla, en þar eru nú þegar lög til staðar sem hvetja til notkunar á endurnýjanlegu eldsneyti.“

Engin þróun í endurnýjanlegu eldsneyti í landbúnaði

„Olíunotkun í landbúnaði hefur haldist nokkuð stöðug undanfarin ár, með hægum stíganda, og því endurspeglar spáin það. Í skýrslu-nni er spá um þróun notkunar á endurnýjanlegu eldsneyti eftir geir-um. Þar er ekki talað um landbúnað, enda er ekki gert ráð fyrir neinni slíkri þróun fyrir landbúnaðinn út tímabilið. Það er að hluta vegna þess, að við höfum einungis metið endurnýjanlegt eldsneyti á stærstu flokkana þar sem góð gögn liggja til grundvallar. Einnig er það vegna þess, að við líkaninu er ekki líklegt að endurnýjanleg eldsneytisnotk-un tækja aukist hlutfallslega mikið meira en til dæmis skipa, en þar eru einnig fáir hvatar til staðar. Aukningin í landbúnaði á endurnýj-anlega eldsneytinu út spátímabilið er því innan óvissumarka í líkaninu,“ segir Ágústa.

/smh

Skattframtöl Íslendinga segja ýmislegt um efnahagsástandið og stöðu fólks:

711 fjölskyldur eiga sjö milljarða á erlendum bankareikningum

Skattframtöl Íslendinga gefa til kynna að hagur landsmanna sé almennt að batna. Rétt rúmlega 700 fjölskyldur á Íslandi eiga samtals sjö milljarða króna á erlendum bankareikningum. Þetta kemur fram í grein eftir Pál Kolbeins, rekstrarhagfræðing hjá Ríkisskattstjóra, í Tíund, fréttablaði Ríkisskattstjóra.

Páll segir að framtöl einstaklinga vegna ársins 2015 beri þess órækt vitni að efnahagur landsmanna hafi vænkast á undanförunum árum eftir að hafa orðið fyrir verulegu áfalli í kjölfar hrunsins. Landsmönnum fjölgar, atvinnuleysi hefur minnkað, tekjur og eignir aukast á sama tíma og skuldir hafa lækkað.

922,8 milljarðar taldir fram

Árið 2015 voru 277.606 einstaklingar á skattgrunnskrá sem er 5.800 fleiri en árið áður. Landsmenn töldu fram 922,8 milljarða í laun og starfstengd hlunnindi árið 2016. Þessar greiðslur voru 68 milljörðum, eða 8% hærri að raunvirði árið 2015 en árið 2014.

Í greininni kemur fram að einstaklingar á Íslandi hafi átt tæpa 509,9 milljarða á bankareikningum í árslok árið 2015.

Erlendar innstæður

Auk innstæðna í innlendum bönkum áttu 711 fjölskyldur sem voru á skattgrunnskrá hér á landi tæpa sjö milljarða á erlendum bankareikningum. Þessar innstæður eru færðar á skattframtal á kaupgengi í árslok. Þeir sem töldu fram erlendar innstæður voru 66 fleiri en í fyrra en innstæðurnar 940 milljónum lægri en fyrir ári.

Kann að vera að gengisbreytingar hafi hér nokkuð að segja en gengi krónunnar hefur styrkst og erlend-

ir gjaldmiðlar hafa tapað verðgildi sínu gagnvart íslensku krónunni.

Hlutabréfaeign einstaklinga

Einstaklingar áttu 54,5 milljarða í hlutabréfum í árslok árið 2015 en 50.496 fjölskyldur töldu fram hlutabréf. Hlutafer er talið fram á nafnverði og því gefur það mjög takmarkaða mynd af raunverulegu verðmæti þess. Íslensk félög í eigu einstaklinga greiddu tæpa 33,3 milljarða í arð af hagnaði.

Þrátt fyrir óvissu í heimsmálum virðist sem bjartsýni og tiltrú á efnahagslíf landsins sé að aukast og markaður með hlutabréf sé farinn að glæðast.

Erlend hlutabréfaeign

Landsmenn áttu tæpan 10,1 milljarð í erlendum hlutabréfum árið 2015. Erlend hlutabréf eru talin fram á nafnverði en ef nafnverð er ekki þekkt eru bréfin talin fram á kaupverði í krónum þegar bréfin voru keypt. Gengishagnaður leystur út þegar bréfin eru seld.

Fjármagnstekjuskattur jókst um 4,5%

Fjármagnstekjur voru tæpum þremur milljörðum eða 3,2% hærri árið 2015 en árið 2014. Skattur af tekjunum jókst hins vegar um 4,5%. Hækkun fjármagnstekna var fyrst og fremst vegna arðs.

Fasteignir

Bróðurpartur eigna einstaklinga er bundinn í fasteignum. Hér er um að ræða húsnæði, hús og íbúðir, lóðir, jarðir og jarðarparta, útihús og sumarbústaði.

Fasteignir í eigu einstaklinga voru metnar á 3.276,8 milljarða í



Páll Kolbeins.

árslok 2015. Fasteignamat hækkaði um tæpan 187,1 milljarð, eða 6,1% að raungildi á milli ára.

Á móti fasteignum sem metnar voru á tæpa

3.276,8 milljarða stóðu eftirstöðvar skulda vegna kaupa á íbúðarhúsnæði upp á 1.145,7 milljarða. Landsmenn áttu því tæpan 2.131,1 milljarð í íbúðarhúsnæði sem var 246,6 milljörðum meira en árið áður. Eigið fé í íbúðarhúsnæði jókst um 13,1% á milli ára og hefur aukist mikið á undanförunum árum. Árin 2014 og 2015 jókst eigið fé samanlagt um tæpa 453,6 milljarða.

Í árslok töldu 95.544 fjölskyldur fram fasteignir á skattskýrslu. 69.285 fjölskyldur skulduðu lán vegna íbúðarkaupna og því má ætla að um 26.259 fjölskyldur eða 27,5% fjölskyldna hafi átt skuldaust íbúðarhúsnæði. Þetta hlutfall hefur ekki breyst mikið á undanförunum árum.

Bifreiðar eru taldar til eigna á skattskýrslum. Bifreiðaeign landsmanna jókst í fyrsta skipti frá hruni árið 2014 um 5,6 milljarða

sem var 2,9% aukning og 11,8 milljarða eða um 6% árið 2015.

Skuldir og vaxtagjöld

Skuldir einstaklinga, aðrar en fasteignaskuldir, voru tæpir 559,5 milljarðar í árslok 2015. Þær höfðu þá lækkað um tæpa 21,5 milljarða frá árinu áður. Þá skulduðu 146.754 hjón og einhleypingar lán sem höfðu verið tekin fyrir einhverju öðru en íbúðarhúsnæði til eigin nota.

Barnabætur

Rúmir 9,3 milljarðar voru greiddir í barnabætur sem var 899 milljónum eða 8,8% minna að raungildi en var greitt í álagningu í fyrra. Alls fengu 44.829 manns greiddar bætur sem var 3.587 færri en fyrir ári. Þeim sem fá barnabætur hefur fækkað umtalsvert á undanförunum árum. Árið 2010 voru 69.827 foreldrum reiknaðar bætur eða 24.998 færri en fyrir ári. Þarna hefur fækkað um 35,8% á sex árum.

Í ár voru rúmir 9,3 milljarðar greiddir í barnabætur sem var 899 milljónum eða 8,8% minna að raungildi en var greitt í álagningu í fyrra. Alls fengu 44.829 manns greiddar barnabætur sem er 3.587 færri en fyrir ári.

Vaxtabætur

Engar breytingar voru gerðar á vaxtabótakerfinu í álagningu 2016 en forsendur vaxtabóta hafa verið óbreyttar frá álagningu 2011.

Vaxtabætur voru fyrir nokkrum árum skertar um 8,5% af tekju-skattsstofni auk þess sem þær voru skertar hlutfallslega miðað við eignir ef einhleypingar áttu meira en 4.000.000 krónur í skuldlausum eignum og féllu niður þegar þeir áttu orðið meira en 6.400.000 krónur. Hjá hjónum og sam-búðarfólki var miðað við 6.500.000 krónur sem skerðingarmörk og bæt-urnar féllu niður við 10.400.000 krónur.

Tiltölulega lítil hækkun á fasteignamati getur því hæglega leitt til þess að vaxtabætur falla niður þrátt fyrir að fjárhagsleg staða fólks sé að öðru leyti óbreytt.

Mun færri fengu vaxtabætur í álagningu 2016 eða 29.710 sem var 8.044 færri en fyrir ári.

Atvinnuleysisbætur

Árið 2015 fengu 10.864 manns greidda 8,8 milljarða í atvinnuleysisbætur sem var 2,2 milljörðum minna en árið áður.

Hagur landsmanna vænkast

Í niðurlagi greinar sinnar segir Páll að af skattframtölum ársins 2016 að dæma megi ætla að hagur landsmanna hafi vænkast árið 2015. Eignir jukust og skuldir minnkuðu. Atvinnuástand fór batnandi, fleiri öfluðu tekna og fleiri greiddu skatta. Enn er þess þó að bíða að lágt launað verkafólk haldi sig ríkmannlega.

Tekjurnar sem eru taldar fram á skattskýrslunni segja ekki alla söguna um framvindu og þróun lífsgæða frá ári til árs eða hvort að þjóðin sé að þökast í rétta átt. /VH

Umferðaöryggi:

Hrossastóð í rekstri geta skapað mikla hættu á vegum

Rekstur lausra hrossa eftir og meðfram vegum landsins getur skapað talsverða hættu jafnt fyrir hrossin og ökumenn sem þurfa að keyra framhjá hrossum í rekstri. Ólafur Kr. Guðmundsson, tækni-stjóri EuroRAP, var nýlega í gagna-öflunarferð á Suðurlandi og ók fram á fjögur stóð í slíkum rekstri við Laugarvatn og á Biskupstungnabrut. Í öllum tilfellum urðu umferðartafir, hættuástand og fullt af erlendum ferðamönnum á bilaleigubílum sem vissu ekki hvaðan á sig stóð veðrið.

Samráð við lögreglu?

Ólafur segist ekki skilja af hverju það viðgengist að vera með stóð af lausum hestum í rekstri á og við helstu ferðamannaleiðir á háannatíma. Nær væri að gera þetta á kvöldin, snemma á morgnana eða nóttunni. Hann sagði eðlilegast að fá leyfi fyrir þessum rekstri og æskilegt væri að gera þetta í samráði við lögreglu.

Reglur fylgja ekki samfélagsþróun

„Við búum við það hér á landi að sumt í lögum og reglum fylgir ekki



Landskeppni smalahunda

Síðustu helgi ágústmánaðar verður landskeppni Smalahundafélags Íslands haldin í Dalasýslu í samstarfi Félags sauðfjárbænda í Dalasýslu og smalahundadeild Snæfellsness og Hnappadalssýslu. Keppni fer fram dagana 27. og 28. ágúst að Bæ í Miðdölum. Keppnin hefst klukkan 10.00 báða dagana. Dómari verður Bevis Jordan, en hann er starfandi sauðfjárbóndi og reynslubolti þegar kemur að smalahundum. Dagana á undan mun Bevis bjóða upp á námskeið og leiðsögn fyrir þá sem eru að temja fjárhunda á Snæfellsnesi.

Keppt í þremur flokkum:

- A-flokkur, opinn flokkur og fyrir þá hunda sem hafa fengið 50 stíg eða meira í B-flokki.
- B-flokkur, fyrir hunda 3 ára og eldri sem ekki hafa náð 50 stigum í keppni.
- Unghundaflokkur, fyrir hunda yngri en 3 ára.

Skráningar í keppnina fara fram hjá Eyjólfi í síma 862-0384 eða eyjolfuringvi@gmail.com fyrir mánudagskvöld 22. ágúst nk. Svefnpokagisting verður í boði fyrir mótsgesti í félagsheimilinu Árbliki en eins verður möguleiki að tjalda þar. Léttur hádegisverður verður í boði báða daga og eins sameiginlegur kvöldverður á laugardeginum. Samhliða Landskeppninni verður aðalfundur Smalahundafélags Íslands haldinn í félagsheimilinu Árbliki föstudagskvöldið 26. ágúst kl. 20.00.

Félag sauðfjárbænda í Dalasýslu og smalahundadeild Snæfellsness og Hnappadalssýslu hvetja sem flesta sauðfjárbændur til að koma í Dalina þessa helgi og fylgjast með keppninni. Sjón er sögu ríkari og gaman að horfa á góðan fjárhund leika listir sínar.

/Fréttatilkynning

Óþarfa áhætta

Ólafur segir að hross á ferð innan um umferð ökutækja hafi í för með sér óeðlilega áhættu fyrir dýr og menn. „Bundið slitlag á vegi hentar ekki fyrir umferð hesta, bæði út frá velferð dýranna og einnig vegna endingar slitlagsins. Þarna geta ákvæði laga um dýraveind og meðferð dýra átt við. Almenn ákvæði um að gæta varúðar og gæta þess að valda ekki skemmdum á vegamannvirkjum gilda um hestaumferð eins og aðra umferð um vegi og brot gegn lögnum geta



Hross í rekstri á miðjum degi á Suðurlandi.

Mynd / Ólafur Kr. Guðmundsson

varðað sektum og skapað bótaábyrgð. „Umferð hestamanna um þjóð-vegi sætir almennum takmörkunum og telja verður heimilt samkvæmt

umferðarlögum að takmarka eða banna umferð hestamanna um tiltek-inn þjóðveg vegna umferðaröryggis,“ segir Ólafur. /VH

Girðingarefni fyrir allan búfénað



Jarðleiðslur



Þræðir og borðar



Rafgirðingaspennar



Þráðspólur



Staurar, net, gaddavír og þanvír

Leitið tilboða hjá sölumönnum okkar

Endursöluaðilar:

Varahlutaverslun Björns Lyngási, Jötunn Selfossi, Baldvin og Þorvaldur Selfossi, Vélsmiðja Hornafjarðar, Jötunn Egilsstöðum, KM Þjónustan Búðardal, Vélsmiðjan Þristur Ísafirði.

Lífland söluráðgjöf
s.540 1100

Lynghálsi, Reykjavík
www.lifland.is

Óseyri, Akureyri
lifland@lifland.is

Efstubraut, Blönduósi
Borgarbraut, Borgarnesi



Fréttir



Þórður Halldórsson (til hægri) er hér ásamt viðskiptavinum.

Mynd / smh

Verslunin Bændur í bænum gengur í endurnýjun lífdaga

Bændamarkaðurinn Bændur í bænum í Nethyl hefur gengið í endurnýjun lífdaga. Opnunarhátíð var 16. júní eftir endurbætur á versluninni, en það eru hjónin Þórður Halldórsson og Karólína Gunnarsdóttir, bændur á Akri í Laugarási, sonur þeirra, Gunnar Örn Þórðarson, og hans kona, Linda Viðarsdóttir, sem standa að rekstrinum.

Bændur í bænum bjóða upp á innfluttar og innlendar lífrænar vörur, auk þess sem þar er rekin netverslun undir heitinu „Grænmeti í áskrift“. Við sögðum frá því í júniflok að til stæði að auka við þá þjónustu í júlí og bjóða upp á heimsendingarþjónustu. Að sögn Þórðar hefur ekki ennþá tekist að koma þeirri þjón-

ustu í gagnið vegna tæknilegra örðugleika, en hann bindur vonir við að þau mál leysist innan tíðar.

Heimsent innan 90 mínútna

Þegar hin tæknilegu vandkvæði leysast er gert ráð fyrir að netverslunin breytist í dagvöruverslun. Sem stendur er boðið upp á vikulegar sendingar þar sem vörurnar eru afhentar á miðvikudögum og fimmtudögum. Eftir breytingarnar getur fólk pantað í gegnum vefinn <http://www.baenduribaenum.is/> og fengið heimsent upp að dyrum innan 90 mínútna, eða eftir nánara samkomulagi. Einnig getur fólk á landsbyggðinni fengið sent daginn eftir að pöntun er send inn. /smh



Vænn hópur bænda og sjálfbóðaliða lagði hönd á plóg við réttarsmíðina.

Mynd / Frímann Kristjánsson

Ný Gljúfurárrétt í smíðum

Um síðustu helgi var myndarlegur hópur við smíðar á nýrri Gljúfurárrétt.

Réttin sú er í Grýtubakkahreppi en þar eru um 3.600 kindur á fóðrum. Fjárbændur á svæðinu og sjálfbóðaliðar sinna verkinu.

Guðmundur Björnsson, bóndi í Fagrabæ, er verkstjóri en hreppurinn stendur að framkvæmdinni. Kostnaðaráætlun hljóðar upp á 12 milljónir króna. Stefnt er að því að vígja nýja Gljúfurárrétt aðra helgi í september.



Mynd / Ásta F. Flosadóttir

Bændamarkaðurinn Ljómalind í Borgarnesi:

Dafnar vel við Brúartorg

Bændamarkaðurinn Ljómalind var stofnaður í maí 2013 og var staðsettur fyrstu tvö árin að Sólbakka, rétt norðan við Borgarnes. Í maí í fyrra flutti hann inn í Borgarnes að Brúartorgi 4.

Sigurbjörg Kristmundsdóttir, verslunarstjóri Ljómalindar, var nýbúin að opna markaðinn þegar blaðamaður átti leið um Borgarnes rétt fyrir verslunarmannahelgi.

Ljómalind dafnar betur á nýjum stað

Hún segir að verslunin dafni betur eftir flutningana í fyrravor – enda sé Brúartorg í alfaraleið ferðamanna og bændamarkaðurinn vel sýnilegur frá Hyrunni, þjónustustöð N1, handan götunnar.


„Við njótum góðs af umferðinni sem fer þarna um og margir erlendir ferðamenn hafa áhuga á að kaupa íslenskar búvörur frá markaði eins og þessum. Mest kaupa þeir af handverki, en stöku sultukrúkkur og þess háttar fylgja oft með. Flestir viðskiptavina okkar eru auðvitað Íslendingar og margir þeirra eru fastakúnnar sem ganga hér að



Kryddjurtir og grænmeti um sumarið.



Sultur og olíur.



Lopapeysur í öllum gerðum.



Sigurbjörg Kristmundsdóttir tók við sem verslunarstjóri Ljómalindar í apríl síðastliðnum.

Myndir / smh

ákveðnum gæðum. Við fáum til að mynda ferskar kjötsendingar frá bæjum hér af Mýrunum og

Borgarfirðinum á miðvikudagskvöldum – og eru þá tilbúnar hér í kælum fyrir helgarinnkaupin. Þá

erum við alltaf með ferskt grænmeti á sumrin,“ segir Sigurbjörg.

Matsnefnd tryggir gæðin

Bændamarkaðurinn Ljómalind var stofnaður af 12 kvenna hópi af Vesturlandi. Markmið hópsins var að halda úti bændamarkaði þar sem hægt væri að koma á framfæri vörum úr héraðinu. Hópurinn fór í samstarf við Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi, Kaupfélag Borgfirðinga og Vaxtarsamning Vesturlands – og afrakstur þessa samstarfs leiddi til stofnunar Ljómalindar.

Nú standa 15 konur að rekstrinum og er fyrirkomulagið á þá leið að þær skipta með sér vinnu í versluninni, auk þess að leggja til vörur inn á markaðinn.

Um 40 aðrir aðilar af Vesturlandi leggja aukinheldur vörur inn á markaðinn þar sem þær eru seldar í umboðssölu.

Sérstök matsnefnd sér um að velja inn vörur og þurfa allar vörur sem eru seldar í markaðnum að fá samþykki matsnefndarinnar þannig að gæðin séu tryggð. Eingöngu vörur af Vesturlandi eru í boði. /smh



Sigurbjörg við kjótkælinn sem var fullur af fersku nautakjöti frá Mýrunum og Borgarfirði þegar blaðamaður átti leið um.



Mikið úrval er af alls kyns handverki í Ljómalind.

ORMSSON

SPARIDAGAR

fyrir heimilin í landinu



25%

AEG

TILBOÐSVERÐ
Á KÆLI- OG
FRYSTISKÁPUM



AEG

Uppþvottavélar
á Sparidagaverði



25%

AEG

OFNAR OG
HELLUBORÐ
Á TILBOÐSVERÐI



25%

AEG

LM63472FL
ÞVOTTAVÉL 7 KG. 1400 SN.
Rétt verð: 119.900,-
Sparidagaverð: 89.900,-
LW76806
ÞVOTTAVÉL 8 KG. 1600 SN.
Rétt verð: 169.900,-
Sparidagaverð: 126.900,-



25%

AEG

T61271AC
ÞURRKARI 7 KG. BARKALAUS
Rétt verð: 119.900,-
Sparidagaverð: 89.900,-
T76280AC
ÞURRKARI 8 KG. BARKALAUS
Rétt verð: 129.900,-
Sparidagaverð: 97.900,-

UPPÞVOTTAVÉL FSILENCW2P-HVÍT
Rétt verð: 129.900,-
Sparidagaverð: 97.900,-

UPPÞVOTTAVÉL FSILENCM2P-STÁL
Rétt verð: 139.900,-
Sparidagaverð: 104.900,-



25%

Tefal

Þetta merki hefur
verið hjá Ormsson
í 25 ár. Það köllum
við góða reynslu.

**Tilboð
Afslættir
Verðlækkun**



25%

brabantia

Þrifalegu ruslaföturnar
vinsælu eru til í mörgum
stærðum, gerðum og litum.

Þvottavélar - þurrkarar - ísskáp - frystiskáp - helluborð - ofnar - ryksugur - pottar og pönnur - búsáhöld o.m.fl.

AEG
Ryksugur

25%



22%

NIVONA

Alsjálfvirkar
afkastamiklar kaffivélar
til heimilisnota.

Stilltu á hámarksgæði.



Airforce

Eyjuháfar-gott úrval

25%

Verðdæmi: F164
Rétt verð: 89.900,-
Sparidagaverð:
67.900,-

BRAUN

22%



Fullkominn rakstur

ROMMELSBACHER

Samlokugrill

Vörur frá þessum
framleiðanda þykja
einstaklega sterkar
og endingagóðar.



25%

BRAUN

22%



Hársnyrtivörur

SHARP

Örbylgjuofn

Rétt verð: 24.900,-
Sparidagaverð:
18.900,-



OBH NORDICA

Blandaðu beint í glösin með
**SMOOTHIE
TWISTER**

25%



bodum

BODUM koparlitaða
pressukannan hefur
slegið í gegn, en er aðeins
brot af úrvali merkisins.

25%



FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800

Opið virka daga kl. 10-18
og á laugardögum
kl. 11-15.



ORMSSON
Greiddslukjör
Vaxtalaust
í allt að 12 mánuði

ormsson.is



ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535	ORMSSON PRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751	KS SAUBÁRKROKI SÍMI 455 4500	SR BYGG SIGLUFIRÐI SÍMI 467 1559	ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000	PENNINN HÚSAVÍK SÍMI 464 1515	ORMSSON VÍK - EGILSSTÖÐUM SÍMI 471 2038	ORMSSON PAN-NESKAUPSSTAÐ SÍMI 477 1900	ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160	GEISLI VESTMANNAEYJUM SÍMI 481 3333	TÆKNIBORG BORGARNESI SÍMI 422 2211	OMNIS AKRANESI SÍMI 433 0300	BLÓMSTURVELLIR HELLISSANDI SÍMI 436 6655
--------------------------------------	--	------------------------------------	--	--------------------------------------	-------------------------------------	---	--	--	---	--	------------------------------------	--

Fréttir

Nýtt glæsilegt hátæknifjós að Sigtúnum

Fyrir skömmu var tekið í notkun nýtt glæsilegt fjós á bænum Sigtúnum í Eyjafjarðarsveit. Þar búa hjónin Sigurgeir Pálsson og Jörunn Agnarsdóttir, sem alltaf er kölluð Lóa.

Þau Sigurgeir og Lóa keyptu jörðina Sigtún árið 1980 af Kristjáni Bjarnasyni og Mekkin Guðnadóttur og hófu fljótlega að stækka búið og rækta meira land, en í gamla fjósinu voru mjólkaðar um ríflega 40 kýr og hefur búskapur og afurðir verið með ágætum alla tíð og mjólk frá búinu ætíð verið af hæsta gæðastaðli.

Á síðasta ári framleiddu Sigtúnabændur 260 þúsund lítra af mjólk en mjólkað var með brautakerfi í gamla fjósinu.

Í nýja fjósinu, sem er með glæsilegri fjósum, er öll fánleg tækni nýtt og þægindi kúa og annarra fjósgripa var höfð í forgangi, auk þæginda ábúenda við mjaltir, hirðingu og gjöf.

911 fermetra fjós

Nýja fjósið í Sigtúnum er um 911 m² að gólfleti með haughúsi undir öllu og er það mikill munur þegar hugmyndin er að nota mykjubjark til þrifa á gönguleiðum en það er sú aðferð við mykjubrif sem reynst hefur best með tilliti til hreinna gripa.

Alls 73 legubásar eru í fjósinu og auk þess nokkrar stúrir fyrir smákálfa, burðarstúrir og sjúkrarými auk annars búnaðar sem óþarft er upp að telja



Sigurgeir bóndi á tali við Aðalstein í Garði og Benjamín á Ytri-Tjörnum.

og stefnan er sett á að 60–65 kýr verði að meðaltali mjólkaðar í nýja fjósinu og eru þegar orðnar 55.

Sigurgeir og Lóa ákváðu að steypa upp fjósveggina í stað þess að nota yleiningar eins og algengast er um þessar mundir og er nýja Sigtúnsfjósið því endingarbetra og traustara fyrir vikið.

Í nýja fjósinu er Delaval-mjaltaþjónn af nýjustu útfærslu með stýrihlíðum og þá má sjá



Nýja fjósið á bænum Sigtúnum í Eyjafjarðarsveit.

Myndir / KG



Jörunn Agnarsdóttir og Sigurgeir Pálsson.

uppáhald allra kúa, nýja sjálfvirka Delaval-kúaburstann sem er áberandi þegar litið er yfir fjósið.

Opnanlegur þakgluggi er á

fjósinu og loftinntakslúgur á báðum hliðarveggjum sem tryggir góð loftskipti í fjósinu.

Þá eru öll ljós í fjósinu sk. Led-ljós (díóðulýsing) og er það frábær lýsing þegar hugsað er um ljósmagn, rafmagnseyðslu, endingu og truflun á gripi, og þessi tegund lýsingar gengur „köld“ og er af kunnáttumönnnum talin hafa yfirburði á öllum sviðum þegar hugsað er til rekstrarþátta og endingar.

Vel lukkuð vígsluhátíð

Um miðjan júlímánuð buðu

Sigurgeir og Lóa sveitungum og vinum til vígsluhátíðar í tilefni fjósbyggingarinnar og var fjölmennt. Ekki vantaði höfðinglegar móttökur, veitingar vel úti látnar í mat og drykk að hætti Sigtúnshjóna.

Nú þegar þetta er ritað er búið að mjólka í nýja fjósinu í um fjórar vikur og hefur allt gengið ótrúlega vel og kýrnar voru fljótar að samþykkja mjaltaþjóninn enda skynsamar og greinilega nýjungagjarnar og ekki þarf lengur að sækja nokkurn grip til mjalta.

/Kristján Gunnarsson ráðgjafi

Nýtt fjós á Gunnlaugsstöðum í Stafholtstungum:

Úr 19 bása rörakerfi yfir í 136 legubása mjaltaþjónafjós

Á bænum Gunnlaugsstöðum í Stafholtstungum í Borgarfirði er nú risið myndarlegt nýtt fjós.

Að búrekstrinum á Gunnlaugsstöðum standa feðgarnir Þórður Einarsson og Guðmundur Eggert Þórðarson. Þegar blaðamann bar að garði um síðustu mánaðamót voru iðnaðarmenn á fullu inni í fjósinu að ganga frá lausum endum, en gert er ráð fyrir því að fjósið verði tekið í notkun í þessum mánuði.

Miklar breytingar

Gamla fjósið á Gunnlaugsstöðum, sem byggt var á fjórða tug síðustu aldar, er með 19 bása og hefðbundið gamalt rörakerfi, en í nýja fjósinu verða 136 legubásar og fjóra nautastúrir. Nýja fjósið er um 1.360 fermetrar og í byrjun er gert ráð fyrir einum mjaltaþjóni og 64 mjólkandi kúm, þannig að óhætt er

að segja að um afar stórt stökk sé að ræða fyrir feðgana í búskapnum á Gunnlaugsstöðum. Mjaltaþjónn er af tegundinni DeLaval, en tæki og tól koma frá Föðurböndunni.

Í hönnun á fjósinu er gert ráð fyrir möguleikanum á að bæta við einum mjaltaþjóni og ætlunin er að vera líka með nautaeldi – þannig að heildarfjöldi nautgripa í fjósinu verður nálægt 150.

Annaðhvort að hætta eða byggja

Að sögn Guðmundar hefur gengið mjög vel að fjármagna bygginguna og þeim vel verið tekið hjá lánastofnunum – en um mikla fjárfestingu er að ræða. „Þetta verður þróunin hjá flestum þeim sem eru með gömul, lítil fjós – með breytingum á reglugerðum og lögum er verið að þrýsta þeim út í breytingar á húsakostum sínum.



Nýja fjósbyggingin.

Myndir / smh



Séð heim að Gunnlaugsstöðum þar sem gamla fjósið stendur. Fjallið Baula sést í baksýn.



Guðmundur E. Þórðarson á gólfinu á nýja fjósinu sem er um 1.360 fermetrar.

/smh

Það er annaðhvort að hætta eða byggja,“ segir Guðmundur Eggert um ákvörðun þeirra feðga að fara út í framkvæmdina.

Þórður ætlaði að bregða búi og selja jörðina

Guðmundur Eggert segist vera nýlega fluttur í Borgarfjörðinn í föðurhús. „Pabbi var að hugsa um að hætta í búskap og selja jörðina. Mér fannst það ekki hægt og þess vegna ákvað ég fyrir frekar stuttu síðan að flytja hingað og taka þátt í búskapnum.“



Umsóknarfrestur vegna jarðabótastyrkja er til 10. september. Mynd / JE

Jarðræktarstyrkir til bænda taka brátt breytingum

Umsóknarfrestur vegna styrkja vegna jarðræktar og hreinsunar affallsskurða rennur út 10. september 2016, eða eftir um mánuð. Bændur sem hyggjast sækja um þessa styrki eru vinsamlega beðnir um að ganga frá umsóknum sem allra fyrst, segir í tilkynningu frá Búnaðarmálaskrifstofu Matvælastofnunar.

Nýr rammasamningur ríkis og bænda

Í nýjum búvöru- og rammasamningi bænda og ríkisins, sem er til meðferðar á Alþingi, er ekki gert ráð fyrir frekari styrkjum vegna stórra affallsskurða, og því er þetta sennilega í síðasta skipti sem styrkir vegna þeirra verða veittir.

Í nýjum rammasamningi ríkis og bænda hækka jarðræktarstyrkir

verulega sem og nýr styrkur, landgreiðslur, bætist við. Landgreiðslur skulu greiddar út á allt ræktað land sem og uppskorið til fôðuröflunar, en ekki er greitt út á land sem eingöngu er nýtt til beitar. Uppskeruskráning er kvöð.

Þá bætist við heimild til að greiða stuðning vegna ágangs álfta og gæsa á ræktunarlöndum bænda og einnig verða veittir jarðræktarstyrkir vegna útiræktunar á grænmeti. Upphæð jarðræktarstyrkja árið 2017 er 369 milljónir króna og landgreiðslna 247 milljónir króna.

Að sögn Búnaðarmálaskrifstofu Mast er rétt að hafa þann fyrirvara á þessu að þó að tveir ráðherrar í ríkisstjórninni hafi skrifað undir samninga við bændur þá hefur Alþingi ekki afgreitt viðeigandi lagabreytingarnar svo þeir geti tekið gildi. /TB

Töðugjöld á Hellu

Hin árlegu Töðugjöld á Hellu verða um helgina 12.–14. ágúst en þau hafa verið haldin óslitið frá árinu 1994.

Hátíðin í ár er hin glæsilegasta og mikið lagt upp úr því að viðburðir séu fyrir alla fjölskylduna, segir í tilkynningu frá skipuleggjendum. Hátíðin byrjar á föstudegi og stendur yfir alla helgina. Á laugardeginum er þétt dagskrá allan daginn. Gönguferðir, bíla- og

tækjasýning, hoppukastalar og hér- aðsmót í starfsíþróttum er meðal viðburða. Markaðstjaldið verður opnað kl. 12.30 og verður alls konar varningur til sölu. Ball og flugeldasýning verður um kvöldið.

Á sunnudeginum verður Menningarsalurinn á Hellu opinn frá kl. 10.00–16.00 þar sem verður handverk, lífandi tónlist og fleira.

Sjá nánar um dagskrána á Facebook-síðu Töðugjalda.

RAFBYLGJUMÆLINGAR OG VARNIR!

Kem á staðinn og framkvæmi fyrstu mælingu ókeypis.

Upplýsingar gefur Garðar Bergendal í síma 892 3341

Leitið upplýsinga á www.gardar.info

Garðar byrjaði að mæla rafbylgjur úr jörðu og rafbylgjur sem kom úr tenglum, tölvum, gsm sínum og ljósum. Allar þessar bylgjur hafa áhrif á fólk og skepnur og geta valdið ýmsum kvillum, svo sem:

- Mígreni
- Höfuðverk
- Svefntruflunum
- Vöðvabólgu
- Exemi
- Þurrk í húð vegna tölvu

- Fótverkjum
- Júgurbólgu
- Myglusvepp
- Skepnudauða
- Fósturskaða í dýrum

Lamba- og ærdauði gæti verið út af rafmagni

Heyrðu nú!

Heyrnarhlífar sem vernda heyrnina um leið og þú hlustar á útvarpið. Hafðu samband. Við veitum þér faglega aðstoð.

Skeifunni 3h || Sími: 588 5080 || dynjandi.is

DYNJANDI
allt fyrir öryggið



limtrevirnet.is

Við framleiðum landbúnaðarbyggingar

Með því að nota límtré í burðargrindur landbúnaðarbygginga eins og fjósa, hesthúsa, reiðhalla, fjárhúsa og fleiri gerða, og klæða grindurnar með Yleiningum fást mjög hlýleg og falleg hús sem eru fljótuppsett, endingargóð og brunapólin. Ekki skemmir fyrir að þessi hús eru hagkvæm í viðhaldi og rekstri.

Ráðgjöf til viðskiptavina

Starfsmenn okkar búa yfir áratuga reynslu við hönnun og framleiðslu húsanna.



Aðalnúmer: 412 5300 | Söluðeild: 412 5350

Aðalskrifstofa - Borgarbraut 74 - 310 Borgarnes
Söluskrifstofa - Vesturvör 29 - 200 Kópavogur
Netfang - sala@limtrevirnet.is

STEKKUR Plöntuhjal

Alþýðleg þekking á plöntum hélt vel við hér á landi fram undir síðustu aldamót en hefur nú að mestu fallið í gleymsku. Skemmtilegt er fyrir áhuga-sama að gruflla í gömlum bókum og leita uppi hugmyndir fyrri tíma fólks um plöntur.

Í Allrahanda Síra Jóns Normann má meðal annars finna sögu sem heitir Að mjólka fjarlægjar kýr. „Á bæ einum á Hornstöndum bjuggu hjón, sem mjög voru grunuð um galdur. Hjá þeim uppólst dóttir þeirra. Þegar hún var orðin hér um bil hálffullorðin, fór sýslumaður að taka rannsókn um þetta mál. Ekki er þess getið, hvað foreldrarnir meðgengu. En þegar til dótturinnar kom, kvaðst hún ekkert kunna nema að mjólka kýr. Það sýslumaður hana að sýna sér það og tiltók sjálfur á hvaða bæ kýrin skyldi vera. Tók hún þá puntstrá og rak í holu, sem boruð var í stöð, fór svo með 10 marka fötu undir puntstráið og mjólkaði fötuna fulla með nýmjólk. Sýslumaður bað hana að mjólka meir, en hún sagðist ekki mega það, því kýrin skemmdist. Herti þá sýslumaður á henni og mjólkaði hún enn nokkuð, unz það fór að koma blóðkorgur. Nú sagði hún að kýrin væri farin að skemmast. Herti þá sýslumaður enn að henni að mjólka þar til það fór að koma blóð. Hætti hún þá allt í einu og sagði, að nú væri kýrin dauð. Reyndist það og svo, að á hinni sömu stund hafði sú tiltekna kýr dottið steindauð niður.“

Galdrar og galdramál

Samkvæmt því sem segir í Galdrar og galdramál á Íslandi eftir Ólaf Daviðsson tók Alþingi fyrir mál Sigurðar Jónssonar galdramanns árið 1671. „1. júlí 1671 nefndu lögmenn og fógeti tíu sýslumenn og tvo lögréttumenn í dóm á alþingi til að rannsaka dóma þá, sem sýslumennirnir í Ísafjarðarsýslu, Magnús Magnússon og Páll Torfason, höfðu kveðið upp um galdra áburð Guðmundar Magnússonar á Sigurð Jónsson. Sigurður var sjálfur á þingi.

Málgögn voru svo laung, að ekki þótti fært að færa þau inn í lögbígsbókina í heild sinni, en helzt eptirtakanlegt er það í þessu máli sem Sigurður meðkent hefir í héraði, sig brúkað hafa gras eitt, sem hann kallar gráurt, hvað ei hafi hrifið. Síðan segist hann annað gras mellifolium [Vallhumall] með kvikasilfri úr fjöðurstaf brúkað hafa með sínu eigin sæði, að til lögðum nokkrum staf þar með, á eik ristum, með fylgjandi nokkurs konar versí eður vísuorðum, er hann sjálfur segist diktað hafa, hvað hann í ljós látið hafi sýslumönnum og öllum þingsóknarmönnum á heyrandi. Í öðrum parti sé meðkenning Sigurðar um sending undan Álfhól, sem stendur í síðustu meðkenningu Sigurðar, að hann ásamt særingum og bölfunarorðum, sem hann segist hafa haft, hafi hann sig niður lagt, og tekið græðisvepp, og látið blæða þar í tvo blóðdropa úr nösnum sér, og segist þar eftir hafa snarað honum í kjaptinn á djöflinum. Þetta er í héraði handskrifað af sex mönnum, en fyrir vorum dómi segir hann, að í draum hafi hann látið sæðið svo sem við kvennamannspersónu. Það annað, að sveppurinn hafi hann frá sér kastað, en ekki viti hann. í kjaptin. á djöflinum.“

/VH

Um 100 bújarðir skipta um eigendur árlega:

Jarðamarkaðurinn að taka við sér

– ekkert til sem heitir „fast hektaraverð“, segir Magnús Leópoldsson fasteignasali

Magnús Leópoldsson er bændum að góðu kunnur sem einn reynslu-mesti fasteignasali landsins á sviði jarðaviðskipta. Hann er búinn að reka Fasteignamiðstöðina í rúm 30 ár en þar áður var hann bóndi á Sogni í Kjós í 10 ár. Nú býr hann með annan fótinn í Borgarfirði á jörðinni Hvassafelli II í Norðurárdal þar sem hann heldur um 100 kindur og nokkur hross ásamt eiginkonu sinni, Árnýju Helgadóttur. Magnús segir að það sé að færast aukið líf í viðskipti með bújarðir eftir nokkur mögur ár í kjölfar efnahagshrunsins. Það sé nóg til af áhugasömu fólki sem vilji búa í sveit en fjármögnun sé oft ásteytingarsteinn þegar kemur að því að láta jarðaviðskipti ganga upp.

„Hægt og bitandi hafa viðskiptin aukist og þau hafa verið nokkuð lífleg í sumar. Það er ágætt framboð á jörðum og það skortir ekkert á það,“ segir Magnús. Hann segir að hlutverk hans sem fasteignasala sé að leiða saman kaupendur og seljendur og að láta hlutina ganga upp. Áhugi á jörðum sé mikill og það eigi við um allt landið. „Menn eru að skoða jarðir á Austfjörðum og Ströndum og allt þar á milli. Seljendur vilja vissulega fá ákveðið verð til þess að hafa efni á því að fara í burtu, annars sitja menn alveg eins í sínum húsum.“

Bankarnir horfa á rekstrarmöguleika jarðanna

Magnús segir að það sé nóg af áhugasömum jarðakaupendum en það sé oft erfitt að fá lán hjá fjármálastofnunum. „Fjármögnun er erfið, það er ekkert launungarmál. Hér áður fyrr horfðu menn meira á veðin og að þau væru góð en í dag horfa bankarnir meira til rekstursins. Kaupendur þurfa allir að fara í greiðslumat og þá þarf afkoman að vera þannig að menn geti borgað af lánum sem þeir taka.“ Magnús segir að oft á tíðum sé erfitt að brúa bilið á milli seljenda og kaupenda. „Þeir sem selja þurfa að geta keypt sér aðra fasteign og þeir sem kaupa þurfa að hafa efni á fjárfestingunni. En málið er að eins og það er erfitt að kaupa íbúð fyrir fólk í fyrsta sinn þá er erfitt að kaupa jörð í fyrsta sinn ef fólk á ekki eitthvert eigið fé. Það á við um allar fasteignir.“

En skyldi Magnús finna fyrir því að lánastofnanir séu misviljugar að lána eftir landsvæðum?


„Það má vera að í einhverjum tilvikum séu gerðar mismunandi kröfur að þessu leyti. Hins vegar er það svo að ef það er góður rekstur á jörðinni þá horfa bankarnir fyrst og fremst á hann. Þau bú sem eru hins vegar á markaðnum um þessar mundir eru mörg hver þannig að það er ekki nógu burðugur rekstur til að bera miklar fjárfestingar, þetta á sérstaklega við á ýmsum fjárbúum. Það eru kannski 250 ær og jörðin kostar 50 milljónir. Það gefur augaleið að það gengur ekki upp. Þá skiptir mögulega máli að vera á þannig svæði að fólk geti stundað aðra vinnu með eða eigi kost á að fjölga fénu. Á nokkrum stöðum er hægt að fjölga fé án þess að byggja. Það hjálpar ef húsakostur er fyrir hendi því þá geta menn stækkað búin fyrir lágmarkskostnað,“ segir Magnús.

Hik á mönnum vegna ófrágenginna búvörusamninga

Aðspurður um það hvort hann finni fyrir óvissu vegna þess að ekki er búið að ganga frá búvörusamningum segir hann svo vera. „Ég finn aðeins fyrir því á báða vegu. Það er aðeins hik á mönnum og ég er með nokkur svoleiðis dæmi. Það þarf endilega að ljúka þessum málum,“ segir hann. Hvort hann finni mun á milli búgreina í þessum efnum segir Magnús ein-



Magnús Leópoldsson fasteignasali segir að nóg sé af áhugasömum jarðakaupendum en það sé snúið að fá lán. Mynd / TB



Jarðamarkaðurinn á Íslandi er ekki ýkja stór. Svörtu punktarnir á kortinu sýna sveitabæi á landinu.

faldlega ekki mörg kúabú til sölu, það beri meira á sauðfjárbúum. „Ég hugsa að kúabúin gangi betur. Mörg smærri kúabú hafa nú þegar lagst af og stærri byggð upp sem eru í fullum rekstri. Það getur tekið nokkur ár áður en sú kynslóð sem fór í þá uppbyggingu fer að draga saman seglin og fara út úr búgreininni.“

Breyttir búskaparhættir

Magnús segir það orðið mjög áberandi að fólk sé að vinna aðra vinnu með búskapnum. Það sé mikil breyting frá fyrri tíð. „Það á sérstaklega við þar sem sauðkindin á í hlut. Þar eru bændur með aðrar tekjur en af sauðfjárbúskapnum. Aukin ferðaþjónusta á þarna hlut að máli, það er alveg greinilegt. Það hafa selst nokkrar jarðir nýlega þar sem ferðaþjónusta er hluti rekstrarins.“

Aðeins um 100 jarðir sem skipta um eigendur á ári

Magnús segir að jarðamarkaðurinn á Íslandi sé ekki ýkja stór. „Þetta eru að jafnaði um eða yfir 100 jarðir sem skipta um eigendur á hverju ári, það er nú alltof sumt. Árið 2007 var metár þegar á bilinu 160–170 jarðir voru seldar. Hluti af þessum tölum eru innan fjölskyldu þegar verða ætliðaskipti. Það er því ekkert sambærilegt við íbúðamarkaðinn. Í gegnum áratugina hefur þetta verið keimlíkt. Svo eru alltaf að skila sér jarðir inn á markaðinn þar sem eru margir eigendur, allt upp í 100 talsins. Það eru jafnvel jarðir sem hafa verið í eyði eða þá að síðasti íbúinn er fallinn frá eða orðinn gamall. Þá fer fólk að spá í sölu – þetta eru semsagt alls kyns blæbrigði.“ Magnús segir að það beri mun meira á því nú en áður að bændur hætti búskap en eigi áfram heima á jörðunum. „Það byggist mögulega á betri samgöngum þar sem auðveldara er að sækja vinnu.“

Sumarhúsaloðamarkaðurinn mettur

Það eru fá dæmi um það í dag að bændur séu að skipuleggja skákir út úr jörðum sínum og selja sumarhúsaloð eða spildur, að sögn Magnúsar. „Það má segja alveg búið. Það er eitthvað af lóðum til en sá markaður er mettur og sáralítill. Sumarhúsamarkaðurinn er nokkuð góður en að mínu mati kemur það betur út að kaupa tilbúið sumarhús í stað þess að byggja nýtt því það er svo dýrt.“

Mörgum bændum hefur þótt blóðugt að sjá jarðir brotnar upp með þessum hætti og þau viðhorf eru ennþá við lýði. „Núna er það þannig að það er verið að selja lóðir sem voru skipulagðar í „góðærinu“ en það heyrir til undantekninga að menn séu að gera þetta í dag. Það fer ein og ein lóð því vissulega eru nokkrir sem vilja vera frumbyggjar,“ segir hann.

Góð ráð til jarðakaupenda

Fjölmargir eiga sér draum að setjast að í sveit. Hvaða ráð skyldi fasteignasalinn gefa áhugasömu fólki sem kemur inn af götunni og vill gerast bændur?

„Maður reynir að komast að því hvort fólk eigi möguleika á þessu. Ef að þú ert til í að fara á afskekkt staði er verðið ekki mjög hátt. Annars eru þetta sömu ráð og við önnur fasteignakaup. Það þarf að fara í greiðslumat og undirbúa málið vel. Fólk er jafnvel búið að vera í sambandi við mann í heilt ár og segja manni frá draumum sínum. Mitt verk er svo að sjá einhverja möguleika í stöðunni. En svo er það auðvitað þannig líka að fólk kemur hingað inn og er lítið háð lánastofnunum,“ segir Magnús.

Alltaf eru nokkrir aðilar á skrá hjá fasteignasölum sem eru að leita eftir jörðum af ákveðnu tagi. „Það

getur verið fólk sem er að leita eftir ákveðnum landshlutum. Maður er líka með þetta í kollinum – sér hvað hentar hverjum og einum viðskiptavini.“ Hann segir að margt skapi verðmæti jarðanna. „Það er mjög mikill plús ef það er aðgangur að heitu vatni. Það kemur vel í ljós hjá þeim sem hyggjast fara út í ferðaþjónusturekstur. Svo er annað ekki síður mikilvægt og það er netsambandið. Það má segja að það sé ein af fyrstu spurningunum sem maður fær: „Hvernig er netsambandið?“ segir hann. Einnig skipti samgöngur gríðarlega miklu máli og vegalengdir í skóla fyrir börnin.

Ráð til bænda sem vilja selja

Ráð til seljenda eru af sama meidi, að sögn Magnúsar. „Ég hvet menn til þess að fara sér hægt, tala við fasteignasala með góðum fyrirvara því oft getur aðdragandinn verið langur. Ég heimsæki bændur og tek jarðirnar út. Margir eru líka að fá mann til að skoða þótt þeir ætli sér ekki endilega að selja strax. Svo hafa þeir samband ári seinna eða tveimur. Það er ekkert sem er alveg einfalt eða borðliggandi, hvert tilvik þarf að skoða fyrir sig.“

Gott viðhald á eignum og ástand jarðanna hefur mikið að segja þegar kemur að því að selja, segir Magnús. „Snyrtilegt umhverfi og gott ástand eignarinnar liðkar tvímælalaust fyrir sölu,“ segir hann. „Jarðir geta þó haft eiginleika frá náttúrunnar hendi sem eru mikils virði og þá skiptir ekki endilega máli hvort íbúðarhúsið sé parketlagt eða ekki.“

„Yfirleitt er betra að það sé húsa-kostur á jörðum því það fylgir því mikill kostnaður að vera frumbyggji. Það kemur þó einstaka sinnum fyrir að kaupendur óski eftir jörðum án húsakosts en oftar en ekki er það þá vísbinding um að menn vilji greiða minna fyrir jarðirnar.“

Ekkert til sem heitir fast hektaraverð

„Þetta er skemmtilegur markaður að því leyti að maður þarf að vera vel meðvitaður um hann. Það halda margir að það sé til eitthvað sem heitir fast hektaraverð en svo er ekki. Það er ekkert hægt að alhæfa um hektaraverð á Austurlandi eða annars staðar. Þegar maður fer að skoða þetta eftir að maður er búinn að selja, sérstaklega jarðir sem eiga fjalllendi, þá er hektaraverðið afar lágt. Verðið liggur auðvitað í láglandinu, í ræktuninni og því sem mögulegt er að nytja. Það er mjög mikið af fyrirsögnunum sem eru í þessum dúr,“ segir Magnús Leópoldsson, fasteignasali og sauðfjárbóndi.

/TB



Mynd / Skagafjarðarveitur

Fljótin: Borhola við Langhús lofar góðu

Nýverið var ný borhola tekin við Langhús í Fljótum. Árangurinn lofar mjög góðu en borholan LH-04 er sú þriðja sem boruð hefur verið á þessu svæði á vegum Skagafjarðarveitna. Þær fyrri tvær sem boraðar voru áður gáfu samtals um 5 til 6 lítra á sekúndu af 100° heitu vatni.

Ráðist var í borun þeirrar þriðju til að reyna að auka vatnsmagn á svæðinu upp í 8 til 10 lítra á sekúndu hið minnsta. Borun holunnar hófst síðasta haust og var þá borað niður á um það bil 100 metra dýpi og var holan þá farin að gefa um 1 lítra á sekúndu. Í skýrslu frá ÍSOR um staðsetningu og væntingar til nýrrar holu á svæðinu var von á vatni á 160 til 240 metra dýpi, að því er fram kemur á vef Skagafjarðarveitna.

Mikill þrýstingur

Borun hófst á ný um miðjan júní og þegar borinn var kominn á 170 metra dýpi var rennslið komið í 15 til 20 lítra á sekúndu af 100 gráðu heitu vatni. Það er sjálfrennandi úr holunni og er mikill þrýstingur á því, svo mikill að erfiðleikum reyndist bundið að koma fyrir loku á holutoppinn þar sem strókurinn úr holunni stóð í það minnsta 20 metra upp úr holunni.

Á næstu dögum verður lagt mat á heildarrennsli og þrýsting úr holunni og svonefndum móturloka komið fyrir á holuna en hann stjórnar rennsli úr henni, veitir heitavatnsnotkun á svæðinu og kemur í veg fyrir sóun.

/MPB

Langanesbyggð: Bogabré yfir Miðfjarðará senn 100 ára

Sveitarstjórn Langanesbyggðar hefur vakið athygli á því að bogabréið yfir Miðfjarðará nái senn 100 ára aldri. „Færa má góð rök fyrir því að umrædd brú sé merkur minnisvarði um samgöngur fyrri tíma,“ segir í bókun sveitarstjórnar.

Í tilefni af aldarafmæli nefndarinnar lagði N-listinn í sveitarstjórn Langanesbyggðar til að Vegagerðin hafi forgöngu um uppgerð brúarinnar og færi hana til upprunalegs horfs. Tók sveitarstjórn undir þá tillögu og fól menningarmálanefnd að vinna málið áfram með sveitarstjóra og koma því á framfæri við Vegagerðina.

N-listinn vakti á sama fundi sveitarstjórnar athygli á því að gömul brú, sem er á leiðinni út að Digranesvíti við Steintún, þarfnist sárlega uppgerðar. Brúin er notuð af útivistarfólki á svæðinu enda á mjög fallettri gönguleið. Lagt er til að sveitarfélagið hafi forgöngu um uppgerð brúarinnar. Sveitarstjórn fól sveitarstjóra að ræða við landeiganda og athuga hvort vilji sé fyrir hendi til að gera brúna upp.

Nýr 28 km langur jarðstrengur milli Selfoss og Þorlákshafnar

Selfosslína 3, nýr 28 km langur jarðstrengur Landsnets milli Selfoss og Þorlákshafnar, var tekinn í notkun fimmtudaginn 7. júlí. Strengurinn er lengsti jarðstrengurinn í flutningskerfi Landsnets og breytir miklu þegar kemur að afhendingaröryggi raforku í Hveragerði, Þorlákshöfn og á Selfossi. Strengurinn mun einnig styrkja vestari hluta kerfisins á Suðurlandi og eykur flutningsgetu rafmagns á svæðinu til muna.

„Strengleiddin liggur um sveitarfélögin Árborg og Ölfus og að mestu

meðfram vegum sem fyrir eru á svæðinu. Hönnun verksins hófst árið 2014 og í kjölfarið var farið í útboð og undirbúning á nauðsynlegum búnaði tengivirkja í Þorlákshöfn og á Selfossi. Samið var við fyrirtækið NKT-Cables um framleiðslu jarðstrengsins og flutning til landsins, ásamt eftirliti með lagningu hans, tengingum og prófunum. Undirverktaki þeirra á Íslandi var fyrirtækið Orkuvirki“, segir Steinunn Þorsteinsdóttir, upplýsingafulltrúi Landsnets.

/MHH



Nýi strengurinn, Selfosslína 3, er lengsti jarðstrengurinn í flutningskerfi Landsnets.

Mynd / Magnús Hlynur Hreiðarsson

VERNDADU BÆINN ÞINN MEÐ HÁGÆÐA MÁLNINGU FRÁ SLIPPFÉLAGINU

VIÐAR

Hágæða viðarvörn frá Slippfélaginu.

Fáanleg í PALLAOLÍU, TRÉVÖRN, GRUNNMÁLNINGU, HÁLFÞEKJANDI og ÞEKJANDI viðarvörn. Litirnir eru fjölmargir og einnig hægt að fá þá sérblandaða hjá okkur.

VITRETEX

Hágæða útimálning á stein frá Slippfélaginu.

Inniheldur hágæða 100% hreint akrýlbíndiefni sem gerir málninguna afburða veðurþolna og litheldna. Einnig hreinsar hún sig sérlega vel og safnar ekki í sig óhreinindum. Er létt í vinnslu og þekur vel.

HJÖRVI

Hágæða þakmálning frá Slippfélaginu.

HJÖRVI er ætlaður á galvanhúðað járn, litaðar járnklæðningar, ál og aðra léttmálma. HJÖRVI er auðunninn, fljótþornandi og heldur lit og glans sérlega vel.

Veldu íslenska háþróaða og hágæða málningu frá Slippfélaginu á bæinn þinn.

Komdu til okkar eða hringdu í síma 588 8000 og fagmenn aðstoða þig!

Borgartúni 22 og Dugguvogi 4, Reykjavík, S: 588 8000 • Dalshrauni 11, Hafnarfirði, S: 588 8000

Gleráreyrum 2, Akureyri, S: 461 2760 • Opið: **8-18** virka daga og **10-14** laugardaga • **slippfelagid.is**



Olil Amble og Bergur Jónsson hafa áhyggjur af útilokun klárhrossa frá Landsmóti:

Afköst og uppskera verðlaunaræktenda

Olil Amble og Bergur Jónsson mættu með 21 hross frá ræktunarbúi sínu, Ketilsstöðum/Syðri-Gegnishólum, á Landsmót á Hólum. Bændablaðið settist niður með ræktendunum að móti loknu og ræddi allt frá feti til framtíðar.

Rauðskjött hryssa með folaldi koma hlaupandi á móti blaðamanni þegar hana ber að garði á Syðri-Gegnishólum í Flóahreppi. Er þar á ferðinni mikil ættmóðir, Grýla frá Stangarholti, sem er nú 26 vetra. Sú er móðir Álfadísar frá Selfossi, heiðursverðlaunahryssu sem hefur þratt fyrir að vera enn í folaldseign, eins og reyndar móðir hennar, haft mikil áhrif á hrossastofn Íslands. Þannig var hægt að rekja ættir 24% af öllum kynbótahrossum sem komu fram á Landsmótinu á Hólum til Álfadísar. Grýlu grunar eflaust ekki að afkomendur hennar, sem skipta hundruðum, hafi borið hróður hennar svo víða, en eitt af hennar einkennismerkjum er hinn rauðskjötti litur.

Olil Amble og Bergur Jónsson sameinuðu hrossræktun sína undir merkjum Ketilsstaða og Syðri-Gegnishóla árið 2004. Með blöndun tveggja sterkra grunna af Vestur- og Austurlandi hafa þau ræktað fjölda hátt dæmdra afkastahrossa. Folöld sem fæðast búinu telja milli 15 og 20 ár hvert en ræktunarhópurinn inniheldur verðlaunaðar afkvæma-mæður og hátt dæmdar kynbóta- og keppnishryssur. Ketilsstaðir/Syðri-Gegnishólar hefur verið kjörið ræktunarbú ársins þrisvar sinnum, síðast árið 2015 auk þess að vera útnefnt besta ræktunarbú keppnishrossa á Uppskeruhátíð hestamanna árið 2015.

Bestu mögulegu aðstæður

Olil, Bergur og starfsfólk þeirra höfðu í nógu að snúast á Landsmóti á Hólum, enda fluttu þau 21 hross norður í land til að taka þátt á hátíðinni. Landsmótið er mikilvægur vettvangur fyrir ræktendur og því var mikið lagt undir. „Þarna kemur gífurlegur fjöldi fólks og útlendinga til að horfa á bestu hross landsins keppa. Þetta er mikilvægur gluggi til að auglýsa það sem við erum að gera. Það skiptir því köpum að ná hrossum inn á mót og koma þeim á framfæri,“ segir Olil. Alls komu 10 hross frá ræktunarbúi Ketilsstaða/Syðri-Gegnishóla fram á kynbótasýningu, þrjú hross voru með keppnisrétt í einum eða fleiri greinum. Einnig var stóðhestinum Álfinni veitt fyrstu verðlaun fyrir afkvæmi og kom hann ásamt sex afkvæmum fram við það tilefni. Auk þess komu þau fram á sérstakri ræktunarbússýningu sem skipar heiðursress á Landsmóti.

Olil og Bergur eru því að vonum lukkuleg með árangur búnsins á mótinu og segja þau hátíðina hafa verið þá bestu sem þau hafi upplifað. Helsta ástæða þess séu góðar aðstæður á Hólum og einstakt viðmót Skagfirðinga. „Við vorum steinhissa á aðstæðunum. Fyrirfram vorum við hlutlaus í umræðunni um staðsetningu hátíðarinnar og við gerðum í raun engar væntingar til Hóla. En um leið og við komum og sáum aðstæðurnar áttuðum við okkur á því að við gætum átt von á Landsmóti allra tíma. Nú höfum við farið á mörg Landsmót og aðstæður hafa verið æði misjafnar. Stundum hefur lítið verið hugsað um aðstöðu knapa og hesta. Áður en reiðhallir komu til sögunnar kom það fyrir að maður varð að sækja skjól bakvið hestakerrur, til að reyna að verjast rigningu og roki, á meðan maður beði eftir að komast inn á völl að keppa. Það er náttúrulega slæmt þegar reiðhallirnar eru notaðar til annars en að sinna hlutverki sínu, eins og stundum hefur verið gert á Landsmótum. Við höfðum til dæmis

ekki boðið í það ef veðrið hefði verið slæmt í Reykjavík 2012 þegar heilbrigðisskoðun og upphitun fór fram utandyra. Það var nú það sem bjargaði því sem hægt var að bjarga á Hellu 2014 að reiðhöllin var notuð sem reiðhöll.“

Á Hólum hafi hins vegar flest verið til fyrirmyndar. „Nálægðin gerði allt svo þægilegt. Það þurfti ekki meira en að ganga nokkur skref út fyrir hesthúsið til að fá yfirsýn bæði yfir kynbóta- og gæðingavöllinn. Þetta gerði það að verkum að hægt var að fylgjast vel með. Þá voru allar aðstæður fyrir hrossin og þjálfun til fyrirmyndar. Svo var stutt í veitingasölu þar sem hægt var að velja úr fjölbreyttum mat. Allt sem við kunnum að hafa þurft aðgang að á svæðinu var í minna en 5 mínútna göngufjarlægð. Ég held að öllum hafi líðið vel, bæði áhorfendum, hestum og sýnendum,“ segir Olil hæstánægð.

Bergur bætir við að vel hafi verið tekið á móti þeim. „Skagfirðingar búa að einstöku viðmóti, þeir eru kátir og alþýðlegir. Vandamál virðast ekki vera til í huga þeirra, bara verkefni til að leysa. Hann fullyrðir að í ár hafi verið brotið blað í sögu Landsmóta. „Ég er þeirrar skoðunar að það ætti að gera Hóla að þjóðar-leikvangi íslenska hestsins og halda þar öll Landsmót framtíðarinnar.“

Kraftur og viljastyrkur

Framganga Bergs á hryssunni Kötlu frá Ketilsstöðum vakti aðdáun Landsmótsgesta. Katla og Bergur tóku þátt í B-flokki gæðinga og töltkeppni og blönduðu sér í toppbaráttuna á báðum stöðum. Þess má einnig geta að Katla var ein af hæst dæmdu hryssum ársins og var einnig með þátttökurétt á kynbótasýningu mótsins. Katla, sem er 8 vetra gömul, er undan heiðursverðlaunahryssunni Ljónslöpp frá Ketilsstöðum og Gaumi frá Auðsholtshjáleigu, sem hlaut einmitt heiðursverðlaun fyrir afkvæmi á Landsmótinu. Katla er afkastahryssa sem hlaut m.a. 9,5 fyrir tölt, brokk, hægt tölt, hægt stökk og fegurð í reið og einkunnina 10 fyrir vilja og geðslag.

Katla sýndi gæðingskosti sína í hvert sinn sem hún kom fram en að baki liggur gífurlega markviss og mikil þjálfun. „Ef maður ætlar að spila tvö spil í einu, eins og við gerðum í þessu tilfelli, þarf að hafa kraft og viljastyrk. Katla hefur bæði líkamlega burði og geðslag til að standast álagið,“ segir Bergur. Hann segist einnig hafa reynt eftir bestu getu að hvíla Kötlu vel milli atrenna á keppnisvælinum. „Til að mynda gaf ég henni alltaf langan taum og tækifæri á slökun milli gangtegunda í úrslitum, í stað þess að halda henni og safna á meðan verið var að lesa einkunnir,“ segir Bergur en nú er verið að halda Kötlu undir Álfarni frá Syðri-Gegnishólum og ef það gengur eftir fær hún frí frá sviðsljósinu í bili.

Flokkur klárhrossa vænlegur kostur

Tvær meginbreytingar urðu á dagskrá Landsmóts í ár. Annars vegar lauk allri keppnisdagskrá á laugardagskvöldi, í stað sunnudags. Olil og Bergur segja þessa breytingu ekki vel útfærða. „Fólk sem á erfitt með að komast frá vegna vinnu, en vill þó koma yfir lokahelgina, verður af heilum degi,“ segir Bergur.

Dagskrá Landsmóta ætti að vera föst að þeirra mati. „Ísland er upprunaland íslenska hestsins og Landsmótið er mikilvægasta mótið. Þar þurfa allir, sem eiga sitt undir hestinum, að sameinast á einni hátíð. Þannig þarf að sniða dagskrána að hestamönnum, t.d. erlendum



Olil Amble og Bergur Jónsson ásamt tveimur af heiðursverðlaunahryssum ræktunarbúsins, þeim Álfadísi frá Selfossi og Ljónslöpp frá Ketilsstöðum.

Mynd / Úr einkasafni



Olil og Bergur mættu með 21 hross á Landsmót í ár. Hér eru þau öll saman komin að móti loknu. Mynd / Úr einkasafni



Olil og Bergur heilsuðu upp á tvær ungar hryssur sem gengu með sín fyrstu föld. Olil heldur í Álfhildi frá Syðri-Gegnishólum en Bergur er með Snekkju frá Ketilsstöðum.

Mynd / GHP

þjálfurum sem oft eru að keppa á meistaramótum erlendis vikuna eftir Landsmót. Það er ljóst að þetta fólk getur ekki farið frá í viku rétt fyrir mikilvæg mót. Einnig verður að gera hátíðina aðgengilega fyrir flugfélög og ferðaskipuleggjendur sem gætu viljað búa til pakkaferðir á mót, Landsmótið þarf að eiga einhverja 3–4 hátíðisdaga þar sem rjómi hrossanna kemur fram og fólk er gert sem þægilegast að koma og vera,“ segir Olil.

Hin meginbreyting Landsmóts var fjöldatakmörkun kynbótahrossa, en aðeins tiltekinn fjöldi hrossa í hverjum flokki hlutu þátttökurétt og miðaðist það við hæstu aðaleinkunnir á vorsýningum. „Við vorum fylgjandi þeirri ákvörðun þegar hún var tekin, enda var fjöldi kynbótahrossa á mótið orðinn of mikill. En eftir á að hyggja kemur hún ekki nógu vel út. Í reynd takmarkar þetta fyrirkomulag meðal annars aðgang klárhrossa á mótið,“ bendir Olil á.

Til að greiða leið klárhrossa á mótið var brugðið á það ráð að hækka aðaleinkunn þeirra um 10 kommur. Olil segir það ekki nóg enda hafi slíkt forskot ekki fylgt þeim inn á mót. Því röðuðust þeir fáu klárhestar sem tryggðu sér þátttökurétt oft en ekki í neðstu sætum hvers flokks. „Mér finnst það ekki sanngjarnt, þetta er eins og að stilla upp topp íþróttafólki, konum og körlum, í 100

metra hlaupi. Vegna mismunandi líkamlegra burða munu konur varla komast inn í toppsæti í slíkri keppni, þrátt fyrir að vera framúrskarandi íþróttamenn. Á sama hátt verða klárhrossin úti þegar þeir eru settir í sama flokk og alhliðahestar, þeir eru ekki skapaðir eins. Það er ekki nema einn og einn hestur sem kemst að vegna góðrar byggingar eða óeðlilega góðra hæfileika, og þá slefar hann kannski inn á topp 10. Sem dæmi má nefna Ljós vaka frá Valstrýtu í 6 vetra flokki, sem fékk einkunnina 10 bæði fyrir tölt og stökk. Hann varð í 5. sæti í sínum flokki. Viljum við ekki sjá svona topppointak af klárhesti betur hampað? Vera kannski bara sigurvegari? En ekki meðhöndla hann eins og það vanti eina gangtegund. Við notum ólíkar hestgerðir til að efla hrossastofninn og því finnst okkur rangt að setja kröfur sem gera klárhestum varla kleift að sjást á Landsmóti. Íslenski hesturinn er mjög fjölbreyttur. Eigum við ekki að vera stolt og ánægð með það að eiga svona hæfileikaríkt kyn? Eigum við ekki að upphefja það og viðhalda því, halda áfram að rækta afkasta hross, í stað þess að reyna að gera allt eins? Ég er sannferður um að ef við myndum tvískipta kynbótaflokkum, og hafa sérstakan flokk klárhrossa, þá yrði ekkert minna áhorf á þá en alhliðahesta,“ segir Olil.

Bergur bendir einnig á að verð-

mætasta söluvara búgreinarinnar í dag séu fjórgangshestar. „Þeir sem eru að reyna að lifa á hrossarækt og sölu verða að hafa arðsemi. Okkur gengur best að selja fjórgangara og þeir fara á hæsta verðinu. Á síðasta Landsmóti voru fimmtíu stóðhestar sýndir í flokkum 5, 6 og 7 vetra og eldri. Fimm af þeim voru klárhestar. Mér þykir það skrítn hugsun að vilja laða erlenda hestamenn til landsins á Landsmót til að sýna þeim það sem við erum að gera og selja, og sýna þeim nánast ekki vöruna sem margir hafa áhuga á.“

Í annan stað telja Olil og Bergur að betra væri að hleypa fleiri stóðhestum á Landsmót, en hið nýja kerfi gerir ráð fyrir fleiri hryssum en stóðhestum í dag. „Hryssur eru helmingur af ræktuninni og því mikilvægur. En hryssa er persónuleg eign hvers eiganda sem hefur öll umráð yfir henni. Almennir hestur hefur ekkert um hana að segja. Hins vegar er tilgangur þess að sýna stóðhest á Landsmóti að auglýsa hann og selja folatolla. Fyrir okkur sem ræktendur þá viljum við sjá sem flesta stóðhesta og fá að fylgjast með þeim, sjá hvernig þeir þróast með aldrinum. Það er mikilvægt að fá að sjá þá í kynbótadómi m.a. vegna þess að þá koma þeir fram undir ströngum reglum, til dæmis er varðar járnringar og þyngingar. Þá koma þeir fram nær því eins og þeir eru skapaðir sem er ákaflega mikilvægt fyrir ræktendur. En ég hef ekki trú á því að þessi inntökuskilyrði hafi verið lokaútfærsla, heldur byrjun og það er þörf á endurskoðun. Ýmsar leiðir eru færar til að bæta fyrirkomulagið,“ segir Bergur.

Ræktunarmarkmiðið úrelt?

Við færum umræðuna að kynbótakerfinu. Samkvæmt ræktunarmarkmiði fyrir íslenska hrossakynið er stefnt að því að rækta fjölhæfan, taktfastan og öruggan, viljugan og geðprúðan hest sem fer glæsilega í reið, hinn íslenska gæðing. Vægi tölts gildir mest, eða 15% af aðal-einkunn kynbótadóms. Vægi skeiðs er 10% og því augljóst að markmiðið sé að rækta fimmgangshest.

Olil spyr hins vegar hvort það



Álfgrímur frá Syðri-Gegnishólum, 5 vetra klárhestur undan Álfadísi og Orra frá Þúfu. Hann varð í 5. sæti í sínum flokki á Landsmóti, með 8,46 í aðaleinkunn.

Myndir / GHP

geti verið að ræktunarmarkmiðið sé orðið úrelt. „Við erum svo heppin að eiga þennan frábæra og fjölhæfa hest. Íslenski hesturinn er svo fjölbreyttur og þá á ég ekki aðeins við hvað einn hestur getur gert mikið, heldur hvað við eigum marga ólíka hesta og hestgerðir. Það er sorglegt ef við ætlum að vinna markvisst að því að útrýma vissum hestgerðum, vegna þess að gildandi er ævagamt og hugsanlega úrelt ræktunarmarkmið. Fyrir utan það hvað klárhestar eru eftirsóknarverðir söluhestar eru þeir eins mikilvægir í ræktun eins og alhliðahestur, enda notum við þá til skiptis til að bæta hver annan. Alvöru hestamenn hafa mest gaman af afrekshestum með frábært geðslag, vilja til að vinna með manninum og styrk til þess að afkasta, að gangtegundirnar séu háar með skreflengd, mýkt og svifi þar sem það á við. Ef hestur býr yfir þessum eiginleikum



Stefur frá Ketilsstöðum er glæsilegur 6 vetra stóðhestur undan heiðurs-verðlaunahrossunum Væntingu frá Ketilsstöðum og Álfi frá Selfossi.

Feti framar

Það fer ekki mikið fyrir feti í umræðum um gangtegundir. Olil og Bergur hafa lagt rækt við gangtegundina. „Íslenski hesturinn hefur fimm gangtegundir. Góður reiðmaður hefur gaman af að afkasta gangtegundum, hvort sem það heitir tölt, brokk, skeið, stökk eða fet. En fetið er oft vanmetið. Kennari okkar, Julio Borba, sagði við okkur að fetið væri bæði móðir og faðir annarra gangtegunda. Þó ég sé enn ekki alveg farin að skilja það til fulls, er mikilvægi þess að skýrast fyrir mér og er ég komin með ákveðnar kenningar,“ segir Olil.

Vægi fets er ekki síst mikið þegar kemur að því að selja hross. „Þegar hross fara á markaðinn verður fetið jafnverðmætt og aðrar gangtegundir, því þeir sem leita sér að keppnishrossum skoða fetið ítarlega og

margar sögur hafa misfarist vegna skorts á feti,“ segir Bergur. Með áratuga ræktun að baki hafa þau Bergur og Olil lært af reynslu. Framförum í hrossarækt, aðstöðu, atlati og þjálfun hefur fleygt fram á meðan og hrossin verða sífellt betri. Þau segjast búa vel að því að þekkja bakættir allra hrossa sinna. „Við höldum mikilli yfirsýn og höfum oft en ekki tamið sjálf bæði mömmur, ömmur og langömmur hrossanna. Við höfum því miklar upplýsingar um það efni sem við erum með. Við getum einnig horft gagnrýnt á afurðirnar okkar því þannig kemst maður lengra,“ segir Bergur. Þau hafa einnig hert mjög kröfurnar á ræktunarhryssurnar. „Við erum ákveðnari sem aldrei fyrr að rækta sem minnst af miðlungs hrossum. Við höfum til að mynda hætt að nota hryssur sem eru ekki nógu skilvirkar á mjög góð hross. Þótt það séu topphross í afkvæmahópnum voru þær að gefa fleiri meðalhesta, sem urðu kannski ágætis reiðhross, en slík vara er því miður of verðlág eða verðlaus. Hryssur sem gefa of mörg



Álfastjarna frá Syðri-Gegnishólum, 6 vetra undan Álfadísi og Dug frá Þúfu. Hún er 8,43 í aðaleinkunn.



Framganga Bergs á hryssunni Kötlu frá Ketilsstöðum vakti aðdán Landsmótsgesta. Katla og Bergur tóku þátt í B-flokki gæðinga og töltkeppni og blönduðu sér í toppbaráttuna á báðum stöðum.

slík hross eru ekki forsvaranlegar í ræktun ef markmiðið er að lifa á henni. Það er líka erfitt og nánast óþolandi að verða að fella efnileg reiðhross vegna þessa.“ Þrátt fyrir krefjandi sölumarkað hafa Bergur og Olil haldið hrossa-

fjölda sínum svipuðum í mörg ár. „Markmið okkur er að selja jafnmörg hross og hafa fæðst ár hvert, það er verðugt markmið. Við finnum hestunum okkar hlutverk en það er hart barist um hvern kúnna á markaðnum. Góður hestur selst hins vegar alltaf.“



www.mast.is

Uppboðsmarkaður fyrir greiðslumark í mjólk

Uppboðsmarkaður fyrir greiðslumark í mjólk (kvótamarkaður) verður haldinn 1. september 2016. Vakin er athygli á því að aðeins er hægt að selja greiðslumark sem ekki hefur verið framleitt upp í á árinu (ónotað greiðslumark) á septembermarkaðnum.

Tilboð skulu hafa borist Matvælastofnun eigi síðar 25. ágúst 2016. Eyðublöð má finna á heimasíðu Matvælastofnunar (www.mast.is).

Þeir sem óska eftir að kaupa eða selja greiðslumark á markaðnum skulu skila inn til Matvælastofnunar tilboðum ásamt öllum tilskyldum fylgigögnum í lokuðu umslagi. Tilgreina skal nafn og kennitölu tilboðsaðila, heimili, búsnúmer og netfang ef það er fyrir hendi og það magn og verð greiðslumarks, sem boðið er til sölu eða leitað er eftir kaupum á. Sjá nánar reglugerð um markaðsfyrirkomulag við aðilaskipti að greiðslumarki mjólkur á lögbýlum nr. 190/2011 með síðari breytingum.

Athygli er vakin á því að síðasti uppboðsmarkaður með mjólk verður haldinn 1. nóvember 2016. Tilboð skulu hafa borist Matvælastofnun eigi síðar en 25. október 2016 vegna nóvembermarkaðar. Viðskipti á þeim markaði gilda fyrir greiðslumark árið 2017, sbr. breytingarreglugerð nr. 648/2016 frá júlí síðastliðnum.

Auglýst eftir umsækjendum um stuðning til söfnunar ulla

Samkvæmt 3. gr. verklagsreglna um ráðstöfun fjár vegna ulla nýtingar í VIÐAUKA I í reglugerð nr. 1221/2015 (verklagsreglur um ráðstöfun fjár vegna ulla nýtingar) auglýsir Matvælastofnun eftir umsækjendum um stuðning til söfnunar ulla. Umsóknarfrestur er til 25. september næstkomandi.

Nýliðun í mjólkurframleiðslu

Matvælastofnun auglýsir eftir umsækjendum um framlög vegna stuðnings við nýliðun í mjólkurframleiðslu samkvæmt verklagsreglum í VIÐAUKA V, (verklagsreglur um stuðning við nýliðun í mjólkurframleiðslu) í reglugerð nr. 1220/2015 um greiðslumark mjólkur á lögbýlum og greiðslur til bænda verðlagsárið 2016, með síðari breytingum. Þeir sem hafa hug á að sækja um eru hvattir til að kynna sér áður nefndar verklagsreglur. Umsóknarfrestur er til 15. október næstkomandi.

Framlög til jarðræktar og hreinsunar affallsskurða

Matvælastofnun auglýsir eftir umsækjendum um jarðræktarstyrki vegna framkvæmda á árinu 2016. Opnað er fyrir rafrænar umsóknir á Bændatorginu. Upplýsingar um skráðar spildur og stafræn tunkort eru sóttar sjálfvirk í skýrsluhaldskerfið JÖRÐ. Umsóknarfrestur er til 10. september 2016. Framlög til jarðræktar fara eftir verklagsreglum í reglugerð nr. 1221/2015 um greiðslumark sauðfjár á lögbýlum 2016, og reglugerð nr. 1220/2015 um greiðslumark mjólkur á lögbýlum og greiðslur til bænda verðlagsárið 2016, í VIÐAUKA II og III, um framlög til jarðræktar og hreinsunar affallsskurða. Skilyrði þess að verkefni njóti framlags er að fram fari úttekt sem úttektaraðilar búnaðarsambanda framkvæma eigi síðar en 15. nóvember 2016.

Aðeins er tekið við rafrænum umsóknum í gegnum Bændatorgið.

Nánari upplýsingar veitir skrifstofa búnaðarmála Matvælastofnunar, Bændahöllinni v. Hagatorg, sími 530 4800. Netfang mast@mast.is.



Í umræðunni

Búvörusamningar og nautgriparæktin:

Fjölbreyttari stuðningur skapar sóknarfæri fyrir kúabændur

Fyrstu búvörusamningarnir voru gerðir 1985 til að ákvarða rekstrarskilyrði ákveðinna búgreina, sérstaklega mjólkurframleiðslu og sauðfjárræktar. Árin þar á undan hafði umframframleiðsla í mjólkurframleiðslu numið allt að 10–13% og bændur höfðu ekki fengið greitt fullt verð fyrir framleiðslu innan búmarks í nokkurn tíma. Því var ljóst að fyrri lög áttu ekki lengur við og grípa þyrfti inn í svo ekki færi illa. Í samningunum árið 1985 var ákveðið að ríkissjóður ábyrgðist fullt grunnverð til bændna fyrir ákveðið magn mjólkur og hófst þannig markviss aðlögun framleiðslunnar að innanlandsneyslu. Jafnframt var kveðið á um að aðstoða bændur við að leita nýrra búgreina og hvetja þannig til framþróunar og fjölbreytileika innan landbúnaðarins.

Árið 1992 voru teknar upp beingreiðslur á mjólk og gert heimilt að eiga viðskipti með greiðslumark. Fjöldi samninga hafa verið gerðir síðan þá en óhætt er að segja að þeir samningar sem nú eru til afgreiðslu á þingi fela í sér þær mestu breytingar sem gerðar hafa verið innan greinarinnar síðan fyrstu búvörusamningarnir voru samþykktir.

Nautgriparækt á tímamótum

Á þessum tímamótum stendur nautgriparæktin frammi fyrir margvíslegum áskorunum. Markaður hér á landi fyrir nautgripaafurðir hefur stækkað hratt undanfarin ár og allt lítur út fyrir að sú þróun haldi áfram. Á gildistíma núverandi samnings hefur til dæmis sala mjólkurafurða á fitugrunni aukist um þriðjung, úr 100,8 milljónum lítra í 133,7 milljónir lítra.

Í nýjum búvörusamningum felast mestu breytingar á starfsum-

Margrét Gísladóttir,
framkvæmdastjóri LK
margret@naut.is



hverfi kúabænda sem hafa verið gerðar í þrjá áratugi. Ber þar hæst sú stefnumótun er snýr að því að greiðslumarkið fjari út á samnings- tímanum, bæði sem viðmiðun fyrir beingreiðslur og kvóti sem tryggir forgang að innanlandsmarkaði. Í samningnum eru þó öflugir varnaglar, fari svo að mál þróist á annan veg en stefnt er að, en samningana ber að endurskoða árið 2019 og aftur 2023. Ákvörðun um afnám kvóta árið 2021 var frestað um sinn en almenn atkvæðagreiðsla um málið verður haldin meðal kúabænda árið 2019, samhliða fyrstu endurskoðun samningsins.

Fjölbreyttara stuðningsform

Breytingar verða á stuðningsformi ríkisins og mun það byggjast á fleiri viðmiðum en áður. Fjárhagsrammi samningsins helst svipaður frá því sem nú er og stuðningurinn er að stærstum hluta greiddur út á framleiðslu afurða, eins og lagt var upp með í ályktun aðalfundar LK 2015 vegna búvörusamninga. Vægi greiðslna út á framleidda mjólk og gripagreiðslna eykst en á móti eru greiðslur sem fylgja greiðslumarki þrepaðar niður. Einnig verður mögulegt að fá stuðning við fjárfestingar, en þörfin á fjárfestingarstuðningi er allnokkur, sérstaklega með nýjum kröfum um aðbúnað nautgripa.

Hagsmunir tryggðir óháð búsetu

LK lagði mikla áherslu á að samstarf við úrvinnslu og markaðssetningu í mjólkuriðnaði væri áfram heimilt. Það er frumskilyrði þess að aðstoða



Nautgriparæktin stendur frammi fyrir miklum áskorunum á næstu árum.

Mynd / Jón Eiríksson



Gróa Margrét Lárusdóttir og Sigurður Ólafsson, bændur á Brúsastöðum í Vatnsdal, bregða á leik í fjósinu.

Mynd / HKR.

bænda gagnvart markaði sé jöfn, óháð búsetu. Þannig fær mjólkur-

framleiðsla hér á landi áfram þrífist til framtíðar. Einnig er mikilvægt að staða smærri vinnsluadila í mjólkuriðnaði og aðgengi þeirra að hráefni er áfram tryggt, sem eykur fjölbreytni og vöruúrval fyrir neytendur.

Mikilvægt er að próa fyrirkomulag á verðlagningu mjólkur að breyttum tímum. Þrátt fyrir að eldra fyrirkomulag hafi skilað bændum og neytendum miklum ávinningi var mjög óheppilegt er verðlagningin var í óvissu langtímum saman. Mikilvægt er að slík staða skapist ekki aftur.

Ný tækifæri í nautakjötsframleiðslu

Í samningnum er tekinn upp stuðningur við nautakjötsframleiðslu og rekstur einangrunarstöðvar fyrir holdagrip. LK fagnar þeim áfanga sérstaklega. Íslendingar flytja inn stóran hluta þess nautakjöts sem við neytum og þar eru mikil sóknarfæri fyrir íslenska bændur. Til að fullnægja innlendum markaði fyrir nautgripakjöt, þyrfti framleiðslan að aukast að lágmarki um fjórðung.

Aukum verðmætasköpun í landbúnaði

Með þessum breytingum eru að opnast ný tækifæri til að auka verðmætasköpun í íslenskum landbúnaði. Það er og verður áfram meginverkefni íslenskra nautgripabænda að sjá neytendum á Íslandi fyrir gæðaaafurðum á hagstæðu verði.

Gildistími

Gert er ráð fyrir að samningarnir

ir taki allir gildi í ársbyrjun 2017 og gildi út árið 2026. Að mati Landssambands kúabænda er afar mikilvægt að náðst hafi samningur um starfsskilyrði greinarinnar til næstu 10 ára. Framleiðsluferill nautgriparæktarinnar er langur og því skiptir miklu máli að starfsskilyrði séu tryggð og greinin hafi möguleika á að horfa til langs tíma. Endurskoðunarákvæðin eru fyrir hendi ef eitthvað bregður út af eða nýjar aðstæður verða uppi.

Markmið samningsins

Markmið nýs samnings er að efla íslenska nautgriparækt, skapa greininni sem fjölbreyttast sóknarfæri og undirbúa hana undir áskoranir næstu ára. Samningnum er auk þess ætlað að hvetja til þróunar og nýsköpunar með heilnæmi og gæði afurða, velferð dýra og samfélagslega ábyrgð að leiðarljósi.

- Að almenn starfsskilyrði í framleiðslu og vinnslu nautgripaafurða og stuðningur ríkisins við greinina stuðli að áframhaldandi hagræðingu, bættri samkeppnishæfni og lægra vöruverði.

- Að auðvelda nýliðun, þannig að nauðsynleg kynslóðaskipti geti orðið í hópi framleiðenda og tryggja að stuðningur ríkisins nýtist sem best starfandi bændum.

- Að stuðla að fjölbreyttu framboði gæðaaafurða á sanngjörnu verði fyrir innanlandsmarkað.

- Að gætt sé sjónarmiða um dýravelferð og heilnæmi afurða.

- Að greinin fái svigrúm til að búa sig undir aukna erlenda samkeppni og skapa aðstæður til að nýta sóknarfæri á erlendum mörkuðum.

- Að greinin geti endurnýjað framleiðsluáðstöðu í samræmi við auknar kröfur um aðbúnað og velferð gripa.

Með nýjum samningi opnast fyrir ný tækifæri og nýjar lausnir fyrir kúabændur. Markmiðið er að auka verðmætasköpun í landbúnaði og nýta sem best tækifærin sem felast í sveitum landsins í þágu bændna, neytenda og samfélagsins alls.

VERKFÆRA SALAN

Verð
99.900
Bandsög 100mm
Stærð blaðs 1470x13mm.
Geta í 90° 100x150mm.
TT 388001

Verð
134.900
Bandslípivél 75x2000mm
Öflug bandslípivél með 3.000W mótör.
Band 75x2000mm
TT389001

Verkfærasalan - **Síðumúla 11** - **560-8888** - **www.vfs.is**



Opnir skógar eru um allt land og aðgengilegir almenningi.

Icelandair Group styrkir Skógræktarfélag Íslands:

Fimmtán opnir skógar í landinu

Samningur þess efnis að Icelandair Group styrki verkefni Skógræktarfélags Íslands, Opinn skógur, var undirritaður fyrir í sumar. Stuðningurinn nær til þriggja ára. Verkefnið snýst m.a. um að byggja upp aðstöðu til útivistar á skógræktarsvæðum.

Icelandair Group mun styrkja verkefnið um 4 milljónir króna á ári, eða alls 12 milljónir króna á tímabilinu. Nú þegar hafa verið opnaðir fimmtán skógar undir merkjum Opins skógar. Á svæðunum hefur verið komið fyrir fyrirmyndar útivistaraðstöðu, s.s. skógarstígum, merkingum og leiðbeiningum. „Markmiðið með samningnum er

meðal annars að veita almenningi gott aðgengi að skógræktarsvæðum, og miðla og kynna almenningi alhliða upplýsingar um tré og skóg,“ segir Magnús Gunnarsson, formaður Skógræktarfélags Íslands.

Björgólfur Jóhannsson, forstjóri Icelandair Group, segir Skógræktarfélag Íslands hafa unnið ómetanlegt starf við uppbyggingu Íslands um áratugaskeið. „Með því að styrkja skógræktarstarf í landinu sýnum við þakklæti okkar í verki og stuðlum að því að almenningur og ferðamenn hafi greiðan aðgang að skógi á fjölmörgum stöðum um land allt.“

/MPÞ

Belgagri



Twenty-One flugnaeitur

- Einstök formúla flugnaeiturs fyrir bændur í kvikfjárrækt.
- Asameþífos er hraðvirkasta efnið á markaðnum
 - Eina fáanlega flugnaeitrið sem má bæði úða og pensla
 - Virkni í allt að 12 vikur
 - Laðar skordýr að með ferómóni og löðunarefni
 - Eina fáanlega efnið sem drepur við inntöku og snertingu

Söluastaðir:

Bústólpi
Fóðurblandan
Jötunn
Kaupfélag Borgfirðinga
Kaupfélag Vestur-Húnavetninga
Verslunin Eyri
Vélaval

Streymi heildverslun ehf. | Goðanesi 4 | Akureyri
Sími: 588 2544 | streymi@streymi.is | streymi.is

STREYMI
heildverslun


VR Sumarhúsasmíði

Allar stærðir sumarhúsa
Gestahús · Garðhús · Geymslur
Jarðvinna · Flutningur



Pípulagnir - Efnissala

898 1598



Facebook: VR Sumarhúsapjónusta
Netfang: vrsumarhus@gmail.com

**STEYPUSTYRKJARJÁRN,
LYKKJUR OG JÁRNAMOTTUR**

STJÖRNUBLIKK
TATNAÐARJÁRN · ALMENN LÖKKJUR · KANNASTÁL · KANNAJÁRN
LÖKKJURSTYRIR · SÍMUR · ELEMYR · VANDSTÖÐUR · KLAMMAN

Snögg og góð þjónusta!

Smiðjuvegi 2 • 200 Kópavogur • Sími 577 1200 • Fax 577 1201 • info@stjornublikk.is • www.stjornublikk.is

Fliegl
AGRARTECHNIK

Allt á fullan kraft!

VÖKVASTÝRÐ BAGGAKLÓ PROFI-COMBI

ALLAR RÚLLUR Á SÍNUM STAÐ

Fyrir rúllur frá 0,90 m til 1,80 m í þvermál –
jafnt fyrirtaksgrip báðum megin

Með Euro Tengi

RAG - import export · Helluhraun 4 220-Hafnarfjörður
Tel + 354 565-2727 · Mobile + 354 892 7502 · Email: rafn@rag.is
www.fliegl.com

Beta
— EASY —

2016
verkfæralínan

- fyrir þá sem vilja vonduð verkfæri á hagstæðu verði

Kynntu þér úrvalið á idnvelar.is

IDNVELAR ehf. | Smiðjuvegi 44-46 | 200 Kópavogur | Sími 414 2700 | idnvelar@idnvelar.is | idnvelar.is

Í umræðunni

Búvörusamningar og sauðfjárræktin:

Sérstaða, uppruni og umhverfi

Þessa dagana er Alþingi að koma saman aftur eftir sumarhlé. Fyrir því liggur að afgreiða búvörusamningana sem formenn stjórnflokkanna undirrituðu 19. febrúar. Sauðfjárbændur samþykktu þá afgerandi í atkvæðagreiðslu. Einstaka bændur, stjórnmalamenn í kosningaham, talsmenn heildsala og fleiri hafa hins vegar gagnrýnt þá. Sumir óttast fjölgun fjár, aukið beitarálág, gagnrýna stuðning við grein sem flytur hluta framleiðslunnar úr landi eða kvíða útkomu einstakra svæða. Lesi maður samningana kemur hins vegar fljótlega í ljós að margt af þessari gagnrýni virðist ekki byggja á raunverulegu innihaldi þeirra, misskilningi eða vísitandi rangtúlkun.

Skýr samningsmarkmið

Miklu skiptir að þjóðin geti framleitt sinn eigin mat á heilnæman máta undir ströngu regluverki á fjölskyldubúum og þar sem gætt er að sjálfbærni og dýravelferð. Samninganefnd bænda settist að samningaborði með stjórnvöldum fyrir ári með skýr markmið um nýliðun, grænar áherslur, jafnrétti og aukið virði afurða. Úr varð framsækinn samningur sem felur í sér umfangsmiklar breytingar til að tryggja byggðafestu, ábyrga búskaparhætti og framboð gæðavöru á góðu verði.

Langur samningur

Langtímahugsun við lagasetningu og stjórnsýslu eykur fyrirsjáanleika og gerir rekstur fyrirtækja markvissari. Þetta ýtir undir fjárfestingu og þar með hagvöxt og velmegun. Þessa sér t.d. merki í alþjóðlegum tolla- og viðskiptasamningum sem móta umgjörð viðskiptalífsins til áratuga. Í þessa veru eru meðal annars rök margra gegn gjaldeyrishöftum hér á landi. Það er því holur hljómur í málflutningi ýmissa gagnrýnenda íslensks landbúnaðar sem finna nýjum búvörusamningum það helst

Svavar Halldórsson, framkvæmdastjóri LS & MK svavar@bondi.is



til foráttu að þeir bindi hendur stjórnvalda of lengi. Þetta byggir auðvitað á huglægu mati. Sauðfjárrækt er helsta hryggjarstykkið í hinum dreifðu byggðum og mikilvægt að þar gildi skýr og stöðugur lagarammi. Óvissa er vond í þessari grein eins og öðrum. Töfum á afgreiðslu sauðfjársamningsins fylgir óvissa og ótvíræð neikvæð áhrif á nýliðun, fjárfestingu og afurðaverð til bænda.

Sáttmáli bænda og þjóðarinnar

Íslensk sauðfjárrækt hefur bein jákvæð áhrif á afkomu og horfur þúsunda Íslendinga sem vinna við úrvinnslu, sölu, verslun, hönnun, handverk, veitinga- eða ferðapjónustu. Án sauðfjárræktar yrði menningarlandslagið mun fátæklegra. Miklu skiptir að nýta auðlindir skynsamlega til að skapa störf og velmegun og ríkið leggst því á áramur með bændum og neytendum. Þannig má tryggja fæðu- og matvælaöryggi. Bændur sjá þjóðinni líka fyrir lambakjöt á hagstæðu verði eins og sam-anburður við nágrannalöndin sýnir glögg. Ekki er sjálfgæfið að hægt sé að framleiða fyrsta flokks vöru við erfið búskaparskilyrði án þess að nota eitrefni, hormóna eða vaxtarörvandi lyf á sama tíma og ábyrg landnotkun og búskaparhættir eru tryggðir í sessi. Í nýjum búvörusamningi eru gerðar veigamiklar og framsæknar breytingar til að styrkja enn þennan sáttmála bænda og þjóðarinnar.

Eðli opinbers stuðnings

Beinan opinberan stuðning við landbúnað má flokka í tvennt. Stuðning sem hvetur til framleiðslu og stuðning sem gerir það ekki. Núverandi beingreiðslur, býlisstuðningur, gripagreiðslur og fleira af því tagi hvetur ekki sérstaklega til framleiðslu, enda er stuðningurinn óháður eiginlegum afkrastri bú. Kerfisbreytingar

sem færa fé á milli þessara flokka eru því ekki framleiðsluhvetjandi. Álagsgreiðslur gæðastýringar eru hins vegar greiddar m.v. framleidd kg og geta því virkað í hina áttina. Við þessu er sérstaklega brugðist í nýjum sauðfjársamningi með gólf og þaki á stuðning, tveimur endurskoðunum og alls kyns varnögnum, m.a. sérstökum nýjum fyrirvara um aðgerðir ef fé fjölga.

Fjárfjöldi og beitarálág

Fé hefur fækkað um hartnær helming undanfarna áratugi og sú þróun heldur áfram. Hverfandi líkur eru á fjölgun fjár með nýjum samningi, m.a. vegna þess hversu stór hluti greiðslunnar er óháður framleiðslu. Meðalaldur sauðfjárbænda er líka hár og líklegt að sumir bregði búi á næstu árum fyrir aldurs sakir. Ötti við offramleiðslu er því ástæðulaus og miklu frekar hætta á því að fé fækki enn meir og fleiri sauðfjárfjarðir leggst í eyði. Við þessu er brugðist í nýju samningunum. 300 milljónum kr. er veitt til að kortleggja gróðurauðlindina á Íslandi og koma á sívirku rannsóknar-, mats- og vöktunarkerfi á landi. Þetta mun hjálpa til við skynsamlega beitarstjórnun og sjálfbærni til framtíðar. Í framhaldinu má beina nýliðun í sauðfjárrækt inn á þau svæði sem eru best til þess fallin.

Sjálfbærni og sérstaða

Nær allir íslenskir sauðfjárbændur hafa tekið þátt í landbótaverkefnum og staðið að verndun, landbótum eða uppgræðslu allt að 350 þúsund hektara lands. Uppgræðsla nemur að jafnaði um 6,6 hekturum á dag. Í deigluinni er aukin sókn á sviði uppgræðslu og skógræktar. Íslenskt sauðfé kom hingað með landnámsmönnum árið 874. Vegna einangrunar herja mun færri búfjár-sjúkdómar á það en önnur kyn. Sérstaða íslenska sauðfjárstofnsins er alþjóðlega viðurkennt. Eðlilega gilda því mun strangari reglur um hormóna- og lyfjagjöf hér en í Evrópu eða Bandaríkjunum.



Íslensk sauðfjárrækt hefur bein jákvæð áhrif á afkomu og horfur þúsunda Íslendinga. Mynd / SH

Gæðastýringin styrkt í sessi

Gæðastýring í sauðfjárrækt er samvinnuverkefni bænda, Matvælastofnunar og Landgræðslunnar og eitt öflugasta sjálfbærniverkefni hér á landi. Tilgangurinn er að tryggja hér búskaparhætti sem byggja á ábyrgri landnýtingu og dýravelferð og tryggja markaðnum vörur sem framleiddar eru á grunni þessara gilda. Um 94% allrar dillkakjotsframleiðslu á Íslandi er þegar undir þessum hatti. Bændur eru vörslu-menn landsins og gera sér skýra grein fyrir því að sjálfbær landnýting felur í sér að hver kynslóð skili landi af sér í jafn góðu eða betra ástandi en hún tók við því. Samningurinn styður við sterkari gæðastýringu og viðleitni bænda til að banna erfðabreytt fóður, kortleggja umhverfisfótspor, áframhaldandi uppgræðslu, og nýræktun beitaraskóga.

Kolefnisfótspor

Mun umhverfisvænna er að rækta matvörur í nágrenni við helsta markaðinn en að flytja um langan veg. Ljóst er að kolefnisfótspor íslenskrar sauðfjárræktar er lítið í samanburði en vænta má niðurstaðna af kortlagningu þess á komandi vetri. Það er grundvöllur þess að hægt verði að gera skynsamlegar áætlanir til að draga úr loftslagsáhrifum greinarinnar. Forystumenn sauðfjárbænda gera sér ljósa grein fyrir því að æ fleiri eru tilbúnir að borga fyrir náttúrulegar og sjálfbærar hágæða landbúnaðarvörur sem framleiddar eru undir ströngu regluverki á siðlegan og umhverfisvænan hátt.

Ábyrgð og frumkvæði bænda

Nýr sauðfjársamningur er gerður fyrir neytendur, bændur og samfélagið í heild. Breytingarnar geta komið misjafnlega niður á bændum eftir búsetu, landkostum eða stöðu greiðslumarks. Sérstakt tillit er tekið í samningunum til bænda á þeim svæðum sem háðust eru sauðfjárrækt, m.a. með auknum sértækum stuðningi. Samt sem áður gætu sumir misst lítils háttar af þeim stuðningi sem þeir fá nú. Hvergi er þó útlit fyrir kollsteypu og flökkusagnir um að einstök svæði verði verulega illa úti eiga sér ekki stöð. Bættur hagur sauðfjárbænda felst hins vegar fyrst og fremst í auknu virði afurða. Frá 2007 til 2015 hækkaði raunverð til bænda um 2,25% að meðaltali á ári. Svipuð hækkan á næstu árum þýðir að nánast allir sauðfjárbændur munu koma betur út. Nýr sauðfjársamningur eykur líkur á að svo verði.

Nýliðun og jafnrétti

Þótt framleiðsla á lambakjöti hafi

verið gefin frjáls um aldamótin eru leifar gamla kvótakerfisins enn hindrun fyrir nýliðun. Ungir bændur þurfa nú að fjárfesta í landi, húsum, vélum, bústofni og réttinum til að njóta stuðnings. Leggja á greiðslumarkskerfið af í hæglum þrepum á samningstímanum og koma í veg fyrir að rétturinn til opinbers stuðnings geti gengið kaupum og sölum. Bændur vilja almennar leikreglur og eyrnamerkum fjármunum verður varið til stuðnings sem styrkir stöðu nýliða, s.s. við jarðrækt, fjárfestingar, lífræna ræktun o.fl., auk sérstakra nýliðunarstyrkja.

Mikilvægt er fyrir nýliðun að útrýma kerfisbundnu kynjamisrétti í regluverki sauðfjárræktarinnar. Í nýju samningunum er í fyrsta skipti sérstakt jafnréttisákvæði sem tryggir að hjón og sambylislíf geta skipt á milli sín stuðningsgreiðslum.

Útflutningur og alþjóðasamningar

Sala á innanlandsmarkaði er í blóma þessi dægri og vel gengur að vinna með veitingastöðum til að fá erlenda ferðamenn til að smakka þjóðarréttinn. Sala á íslenskum mat til ferðamanna sparar þjóðarbúinu gjaldeyri. Milljarðar koma líka til landsins fyrir útfluttar sauðfjárafurðir sem er mikilvæg stöð fyrir greinina. Um þriðjungur framleiðslunnar er fluttur út. Stór hluti eru hliðarafurðir eins og garnir, vambir og afskurður. Fullnýting dregur úr soun og eykur sjálfbærni. Ekki er gerður greinarmunur á því hvert dillar, innmatar eða hlutar lambsins eru seldir þegar almennum stuðningi við byggð og ábyrga búskaparhætti er skipt í gegnum sauðfjársamning. Hann telst ekki vera meðgjöf með útflutningi samkvæmt alþjóðlegum skilgreiningum og er í fullu samræmi við þá viðskipta- og tollasamninga sem við erum aðilar að. Að þessu leyti er engin breyting á gildandi samningi og þeim nýja. Eiginlegar útflutningsbætur voru aflagðar fyrir aldarfjórðungi og ekki stendur til að endurvekja þær.

Aukið virði sauðfjárafurða

Bændur munu hér eftir sem hingað til hafa í forgangi að sinna heima-markaði vel. Sóknarfæri íslenskrar sauðfjárræktar liggja í aukinni verðmætasköpun en ekki því að framleiða meira. Með nýju samningunum eru lögd drög að því að grípa ónýtt tækifæri til aukinnar verðmætasköpunar sem felast í fjölgun ferðamanna, aukinni neytenda- og umhverfisvitund og áherslu á gæði og hollustu afurða um allan heim. Grundvöllur þess að sauðfjárrækt verði blómleg atvinnugrein til framtíðar er að bændur og sláturleyfishafar sameini krafta sína í arðsömum útflutningi inn á kröfuhörðustu markaði heims eins og drög eru lögd að í nýja samningnum.

LK og LS vilja flýta birtingu niðurstaðna úr áburðareftirliti Matvælastofnunar:

Núverandi reglugerð útilokar að hægt sé að flýta ferlinu

Á aðalfundum Landssambands kúabænda (LK) og Landssamtaka sauðfjárbænda (LS), sem haldnir voru síðastliðið vor, var skorað á Matvælastofnun að birta niðurstöður úr áburðareftirliti sínu fyrir en tíðkast hefur. Í ályktunum beggja funda er tiltekið sérstaklega að æskilegt sé að niðurstöður séu ljósar áður en áburður fyrir næsta ár er pantaður.

Valgeir Bjarnason hefur yfirmensjón með áburðareftirliti Matvælastofnunar. Hann segir að reynt sé að flýta ferlinu eins og kostur sé, en af ýmsum ástæðum er útilokað að flýta því enn frekar. „Fyrir það fyrsta þá setur reglugerð 291/2010 okkur þær skyldur á herðar að útilokað er að birta þessar niðurstöður fyrir. Þar er í 2. grein kveðið á um að eftirlitsskýrslan nái yfir þær vörur og sem eru skráðar og eru á markaði á viðkomandi ári. „Áburðarskráningar og innflutningur á sér stað allt árið. Því er ekki hægt að loka svona skýrslu fyrir en á nýju ári. Áburðareftirlitið tekur ekki bara til jarðræktaráburðar heldur einnig ylræktar, blómaræktar, lífræns áburðar og fleira.

Svo geta veðurfarslegar aðstæður verið misjafnar og gert okkur erfitt fyrir – til dæmis í vætutið. Með þeim sýnatökuaðferðum sem notaðar eru nást ekki nema sex til átta sýni á dag og síðan þarf annan dag til að skipta þeim og ganga frá þeim til sendingar. Efnagreiningastofan þarf tvær vikur til greininga.

Eftir að niðurstöður eru fengnar eru þær fyrst sendar á fyrirtækin og þeim gefinn kostur á andmælum samkvæmt stjórnsýslulögum.“

Ekki hægt að breyta verklaginu

Valgeir er því ekki bjartsýnn á að hægt sé að breyta verklagi þannig að hægt sé að mæta kröfum LK og LS. „Skýrslan um áburðareftirlit undanfarins árs er ein viðamesta skýrsla sem Matvælastofnun gefur út varðandi einstakt eftirlit. Hún á að



Valgeir Bjarnason fer með umsjón yfir áburðareftirliti Matvælastofnunar.

taka til áburðareftirlits undangengins árs og er miðað við að í skýrslunni sé yfirlit yfir efna- og örverugreiningar, athugasemdir sem gerðar eru við merkingar og listi yfir þær vörur sem skráðar eru og eru á markaði á viðkomandi ári. Skýrslan fyrir síðasta ár kom út 25. janúar 2016, þannig að nægur tími á að gefast til að skoða hana áður en gengið er frá áburðarpöntunum. Stefnt er á að skýrslan komi fyrir út fyrir árið í ár, en þó ekki fyrir áramót.

Eftirlitið miðast því að öllum áburði sem fluttur er til landsins eða er framleiddur hérlendis, til dæmis kjötmjöl og molta. Stöðugt er verið að skrá nýjar áburðartegundir, nýir aðilar að koma á markað og verið að flytja inn eða framleiða áburð allt árið. Reglugerðin gerir því ráð fyrir að birtar séu upplýsingar fyrir allt undangengið ár. Hluti af innfluttum áburði er ætlaður til ylræktar og garðyrkju sem fyrir segir, en sú ræktun fer fram allt árið. Þannig að til að unnt sé að gefa út skýrslu fyrir þetta eftirlit verður að bíða til síðasta dags ársins til að unnt sé að taka saman öll gögn sem varða það ár. Miðað við að í skýrslunni séu upplýsingar um allan framleiddan og innfluttan áburð síðasta ár er ekki unnt að birta skýrsluna fyrir,“ segir Valgeir.

Önnur og þriðja grein stangast á

Í 3. grein áður nefndrar reglugerðar er kveðið á um að skýrslu

Matvælastofnunar vegna eftirlits á árinu skuli birta fyrir lok viðkomandi árs. Valgeir segir þetta stangast á við 2. greinina sem áður er getið og ekki sé hægt að mæta henni til dæmis með því að skikka áburðarsala til að leggja vörur sínar fram fyrir tiltekinn tíma. „Matvælastofnun hefur ekki vald til að ákveða tímasetningar fyrir innflutning á áburði og getur því ekki skipað áburðarsölum fyrir verkum hvað þetta varðar. Skyld er að láta skrá allar áburðartegundir hjá stofnuninni og skila inn vottorðum um innihald kadmíums í áburðinum. Matvælastofnun hefur ekki formlega lögsögu yfir áburðinum fyrir en hann er kominn til landsins. Áburður til jarðræktar kemur til landsins frá lokum mars fram í byrjun maí og fer sýnataka fram á þeim tíma.

Allar upplýsingar um nýskráningar, innflutning og framleiðslu ársins liggja ekki fyrir fyrir en 31. desember ár hvert, því er ekki unnt að leggja lokahönd á skýrsluna fyrir en upp úr áramótum. Skýrslan krefst að auki vandlegar yfirferðar þannig að réttar upplýsingar komi fram.

Áburðarfyrirtækin eru samkvæmt lögum ábyrg fyrir framleiðslu sinni. Þau hafa upplýsingaskyldur gagnvart viðskiptavinum sínum komi fram gallar í söluvörum þeirra. Þau hafa tekið mið af skýrslunni og til dæmis gert ákveðnar kröfur á framleiðendur varðandi gæðaeftirlit. Sum senda niðurstöður efnagreininga úr innra eftirliti framleiðslufyrirtækjanna til Matvælastofnunar um leið og þau tilkynna innflutning.

Á síðasta ári stóðust fimm áburðartegundir ekki kröfur samkvæmt mælingum Matvælastofnunar, tvær þessara tegunda voru ekki á boðstólum í ár. Efnasamsetningu einnar tegundar var breytt með tilliti til niðurstaðna stofnunarinnar, eina þurfti að endurmerkja og ein var markaðssett án breytinga en eftir sýnatöku og efnagreiningu,“ segir Valgeir. /smh



SKJÓL FYRIR VETURINN - ÞAÐ ER ENN TÍMI TIL STEFNU
HAFÐU SAMBAND OG VIÐ FINNUM LAUSNINA SAMAN
Yleiningar - Límtré - Stálgrindarhús



| Strúktúr ehf | www.struktur.is | struktur@struktur.is |
| Þverholti 2 | 270 Mosfellsbæ | Sími: 860 0264 & 696 0008 |

Gólf - Einstök hönnun léttari - sterkari - hreinsa sig betur - hálkuvörn Polir 4000kg öxulpunga



Á Íslandi í 15 ár - 10 ára verksmiðjuábyrgð
Á Íslandi eru 2,6 ha gólfbita frá Andersbeton



G. Skaptason, Starengi 13, 800 Selfoss. Sími 481 1020
gsm 893 4334, netfang: gskapta@internet.is

Sala og ráðgjöf Norðurlandi: Benedikt Hjaltason,
Akureyri. Sími 894 6946, netfang: bigben@simnet.is

Vinnubjarkur!



TRAKTOR
SEM LÉTTIR ÞÉR STÖRFIN

GRZZLY 700 EPS FJÓRHJÓL MEÐ TRAKTORSSKRÁNINGU

Ný útgáfa með dráttarspili, LED ljósum og 26" dekkjum. Aukin burðargeta og lækkaður þyngdarpunktur gerir gott hjól enn betra. Verð frá kr. 1.990.000,- m/vsk.

Þjóðum einnig vandaðar fjórhjólakerrur í öllum stærðum. Verð frá kr. 149.900,- m/vsk.



YAMAHA

Kletthálsi 3 | 110 Reykjavík | sími 540 4900

www.yamaha.is

BJÓÐUM ALLA ALMENNA
VERKSTÆÐISÞJÓNUSTU!
Tímabætur í síma 540 4900



IÐNAÐARHURÐIR BÍLSKÚRSHURÐIR



- Íslensk framleiðsla, smíði og samsetning.
- Allar hurðir smíðaðar samkvæmt máli.
- Áratuga reynsla starfsmanna í hurðum.
- Hágæða hráefni.
- Polir íslenskt veðurfar.
- Sér meðhöndlaðar brautir gegn ryði og álagi.
- Stuttur afgreiðslutími.

IS HURÐIR

IS Hurðir | Sími 564 0013 | www.ishurdir.is | ishurdir@ishurdir.is



Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir vill taka tillit til heilsufarssjónarmiða þegar kemur að innflutningi á búvörum. „Ég vil nálgast þetta þannig að auka eftirlit með ferskum matvælum, bæði innlendum og erlendum, sem eru að fara til neytenda. Þá getum við séð þetta betur og gripið til markvissari aðgerða,“ segir Þórólfur.

Mynd / TB

Auka þarf eftirlit með ferskum matvælum

— talið að innflutningur á kjúklinga- og svínakjöti geti aukið tíðni matvælasýkinga og dreifingu á ónæmum sýklum hér á landi

Þórólfur Guðnason tók við embætti sóttvarnalæknis fyrir tæpu ári síðan. Hann er sérfræðingur í barnalækningum og smitsjúkdómum barna en lauk doktorsnámi í lýðheilsuvísindum við Háskóla Íslands árið 2013. Það vakti athygli á dögunum þegar sóttvarnalæknir sendi athugasemdir við þingsályktunartillögu er varðaði staðfestingu samnings Íslands og Evrópusambandsins um innflutning á landbúnaðarvörum. Bændablaðið birti frétt í síðasta tölublaði, sem var endursögn á umsögn Þórólfs, um málið með fyrirsögninni „Sóttvarnalæknir vill takmarka innflutning á búvörum“. Þórólfur Guðnason sá ástæðu til þess að árétta í frétt á vef Landlækniseimbættisins í kjölfarið að athugasemdir hans lýstu á engan hátt almennum vilja sóttvarnalæknis til að takmarka innflutning á búvörum. Að sögn Þórólfs beindust athugasemdir sóttvarnalæknis við þingsályktunartillöguna að því að í henni væru engin ákvæði sem gætu takmarkað innflutning ef sýnt þætti að matvælin gætu verið ógn við almennt heilbrigði hér á landi. Í athugasemdum vakti sóttvarnalæknir athygli á því að aukinn innflutningur á ferskum landbúnaðarvörum hingað til lands gæti haft í för með sér ákveðin heilbrigðisvandamál sem íslensk yfirvöld þyrftu að vera meðvituð um og tilbúin að bregðast við.

Bændablaðið ræddi við Þórólf um starfsemi embættis sóttvarnalæknis og afstöðu hans til innflutnings á búvörum hingað til lands.

Verksvið sóttvarnalækni

- *Að skipuleggja og samræma sóttvarnir og ónæmisáðgerðir um land allt, m.a. með útgáfu leiðbeininga um viðbrögð við farsóttum.*
- *Að halda smitsjúkdómaskrá til að fylgjast með útbreiðslu smitsjúkdóma með öflun nákvæmra upplýsinga um greiningu þeirra frá rannsóknastofum, sjúkrahúsum og læknum.*
- *Að halda skrá um notkun manna á sýklalyfjum sem valdið geta ónæmi sýkla gegn sýklalyfjum.*
- *Að koma upplýsingum um útbreiðslu smitsjúkdóma, innan lands sem utan, með reglubundnum hætti og eftir þörfum til lækna og annarra heilbrigðisstarfsmanna.*
- *Að vera læknum og öðrum, sem við sóttvarnir fást, til ráðgjafar.*
- *Að hafa umsjón með forvörnum gegn smitsjúkdómum, m.a. upplýsingum og fræðslu til almennings um þessi efni.*

/Úr sóttvarnalögum, 1997 nr. 19.

Hlutverk sóttvarnalæknis er mjög skýrt og er það afmarkað innan lagaramma í svokölluðum sóttvarnalögum frá árinu 1997. „Hlutverk og verksvið sóttvarnalæknis er í megindráttum þrenns konar. Í fyrsta lagi eftirlit, t.d. með sýkingum, smitsjúkdómum, ýmsum eiturefnum og geislavirkum efnum sem geta verið ógn við almannaheill og óvæntum atburðum. Í öðru lagi þarf að leggja mat á þessa atburði og veita upplýsingar um þá á innlendum og erlendum vettvangi og í þriðja lagi að bregðast við,“ segir Þórólfur.

Fylgist með smitsjúkdómum

Sóttvarnalæknir þarf að fylgjast með ákveðnum smitsjúkdómum og tíðni þeirra. Upplýsingarnar fær hann frá heilbrigðiskerfinu; frá rannsóknastofum og frá læknum. Þegar upplýsingarnar liggja fyrir þarf að vinna úr þeim og bregðast við.

„Við erum með ákveðið viðbragðskerfi með heilsugæslunni, svokallaða umdæmis- og svæðislækna sóttvarna sem skilgreindir eru í reglugerð. Þetta eru yfir-læknar heilsugæslunnar úti um allt land sem við erum í beinu

sambandi við. Þeir eru síðan í samskiptum við sitt heilbrigðisstarfsfólk á heilsugæslustöðvunum. Þannig er kerfið uppbyggt. Við erum líka í miklum samskiptum við Almannavarnir. Þar erum við ábyrg með Almannavörnum að búa til ýmsar viðbragðsáætlanir um heilsufarsógnir sem koma upp. Við höfum verið að búa til viðbragðsáætlanir, t.d. um heimsfaraldur influensu sem við nýttum okkur árið 2009 þegar síðasti heimsfaraldur skall á. Nýlega erum við búin að uppfæra þessa áætlun. Við höfum líka búið til viðbragðsáætlun um atburði sem geta gerst í flugi og á Keflavíkurflugvelli. Núna erum við að útbúa áætlanir um óvæntar uppákomur í skipum og höfnum. Það er mjög viðamikilið og fjölmargir aðilar sem koma að þessum verkefnum með okkur.“

Skuldbindandi alþjóðasamningar

Ísland er bundið af alþjóðasamningum, bæði við Alþjóðaheilbrigðismálastofnunina, ESB og vegna EES- og Efta-samninga. Þórólfur segir að sóttvarnalæknir sé tengiliður þessara stofnana hér á landi. „Við þurfum að miðla ýmsum faraldsfræðilegum gögnum til Evrópusambandsins, til Sóttvarnastofnunar Evrópu og til Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar. Við þurfum að taka upp ýmskonar regluverk, t.d. er svokölluð alþjóðaheilbrigðisreglugerð sem sett var á laggirnar 2005 og samþykkt hér árið 2007. Það er skuldbindandi alþjóðasamningur um það að við

þurfum að gera ákveðna hluti og vera í stakk búin að fást við ákveðin mál hér innanlands, s.s. ógnir sem að koma erlendis frá og eins ógnir sem geta borist frá okkur til annarra landa. Það gildir þá um smitsjúkdóma, geislavirk efni og eiturefni og óvænta atburði. Þetta er gríðarlega umfangsmikið verk sem sóttvarnalækni ber að inna af hendi,“ segir Þórólfur.

Aðspurður um samiburð starfseminnar hér á landi við nágrannar segir Þórólfur erfitt að leggja mat á hann. „Við erum eins og allir aðrir, kvörtum yfir því að vanta fleira fólk til að geta sinnt öllu sem við eigum að gera. Þess vegna þurfum við að forgangsraða. Ég held að við séum að gera ágætis hluti, suma hverja með miklu minni mannafla og aðföngum en nágrannarþjóðir okkar. Það er ekki mikið upp á okkur að klaga þó að sjálfsgöðu getum við gert talsvert betur.

Á síðustu árum hafa verið innleiddar ýmsar reglugerðir sem gera meiri kröfur til okkar en áður. Það kemur í gegnum EES- og Efta-samstarfið þar sem við tökum upp regluverk frá ESB. Okkur hefur gengið misvel að innleiða reglugerðir sem við höfum átt að gera. Eflaust eru ýmsar skýringar á því en ég held að menn séu að reyna eins og þeir geta,“ segir Þórólfur.

Fylgist með sýklalyfjaónæmi og sýklalyfjanotkun

Sóttvarnalæknir er ábyrgur fyrir því að fylgjast með sýklalyfjaónæmi

og sýklalyfjanotkun hér á Íslandi. „Við gefum út árlega skýrslu um notkun og ónæmi í samvinnu við Matvælastofnun. Sú skýrsla tekur bæði til sýklalyfjanotkunar í mönnum og dýrum og ónæmra baktería. Það er reynt eftir megni að hafa sameiginlega nálgun á sýklalyfjaónæmi og ýmsar sýkingar sem smitast frá dýrum í menn. Þannig höfum við góða samvinnu við aðila eins og Matvælastofnun um þau atriði,“ segir Þórólfur.

Umsögn um tollasamning við ESB

Í síðasta Bændablaði var sagt frá umsögn sóttvarnalæknis um tollasamning Íslands og Evrópusambandsins þar sem meðal annars kveður á um innflutning á ferskum landbúnaðarvörum. Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir gerði í kjölfarið athugasemd á vef Landlæknisembættisins þar sem hann sagði titil fréttarinnar „í besta falli villandi“ en fyrisögnin var „Sóttvarnalæknir vill takmarka innflutning á búvörum“.

Getur þú útskýrt með þínum orðum hvað var rangt við fyrisögn blaðsins?

„Titill fréttarinnar var að mínu mati í engu samræmi við innihald hennar. Þegar maður las fréttina betur sá maður að það var ekki samræmi þarna á milli. Fyrst þegar ég las þessa frétt skildi ég þetta þannig að menn væru að segja sem svo að sóttvarnalæknir vildi hreinlega takmarka innflutning á búvörum. Ég fékk reyndar viðbrögð við fréttinni frá mörgum aðilum um það hvort sóttvarnalæknir ætlaði að fara inn á nýjan „vígvoll“ um það að vilja takmarka innflutning. Það var greinilegt að menn lásu kannski ekki innihald fréttarinnar. Ég sá mér því ekki annað fært en að gera athugasemdir við þetta,“ segir Þórólfur.

Ekki gætt að heilbrigðisþættinum

Þórólfur segir sóttvarnalækni ekki blanda sér í það hvort eigi að takmarka almennt innflutning á búvörum. Hann hafi hins vegar tekið eftir því að í þingsályktunartillögunni um staðfestingu á samningi um innflutning á landbúnaðarvörum, samningi á milli ESB og Íslands, þá hafi nær eingöngu verið fjallað um tollaflátt og kvóta en heilbrigðisþátturinn skilinn út undan. „Mér finnst í ljósi þessarar umræðu sem hefur verið undanfarið og farið vaxandi um hollustu og útbreiðslu á sýklum og sýklalyfjaónæmi að taka þurfi tillit til fleiri þátta. Ef það kemur í ljós að matvæli sem verið er að flytja hingað til lands geti verið heilsuspillandi þá þarf að hafa möguleika til að stoppa slíkan innflutning. Það var það sem ég var að fara með í athugasemdum við þingsályktunartillögunni en ekki almennt að það ætti að takmarka innflutning á búvörum,“ segir Þórólfur.

Hörð umræða og menn ekki á sömu skoðun

Þórólfur segist hafa viljað hafa fyrisögn fréttarinnar öðruvísi, til dæmis á þá leið að „Sóttvarnalæknir vill taka tillit til heilsufarssjónarmiða vegna innflutnings á búvörum“. „Ég hefði kosið það því þetta hefur verið hitamál, bæði meðal lækna og annarra heilbrigðisstarfsmanna, umræðan um þá ógn sem getur stafað af innflutningi á búvörum. Þar skiptast menn í nokkra flokka og þetta er svolítið hörð umræða. Ég vildi á engan hátt láta draga mig inn í þá umræðu nema hafandi fagleg sjónarmið að leiðarljósi.“

Er hægt að meta raunverulega áhættu þess að flytja inn hrátt kjöt hingað til lands? Í hverju felst hún að þínu mati?

„Mín faglega nálgun sem ég hef reynt að hafa í þessu er fyrst og fremst tvö atriði. Í fyrsta lagi erum við að tala um hættuna á sýkingum, ekkert endilega af völdum ónæmra baktería heldur baktería sem geta borist með matvælum. Í öðru lagi er hættu á því að við getum verið að horfa á dreifingu á ónæmum



Erlent fuglakjöt. „Ef það kemur í ljós að matvæli sem verið er að flytja hingað til lands geti verið heilsuspillandi þá þarf að hafa möguleika til að stoppa slíkan innflutning,“ segir sóttvarnalæknir.

Mynd / TB

bakteríum. Mikið hefur verið rætt um hættuna af sýklalyfjaónæmi og að það sé vaxandi vandamál. Menn leggja áherslu á að það sé mikil heilbrigðisögn og muni verða það á næstu árum. Þá þurfum við í fyrsta lagi að þekkja tíðni á matarsýkingum á Íslandi, hvaðan koma þær, eru þetta innlendar sýkingar eða erlendar? Erlendar sýkingar eru þá með fólki sem hefur verið erlendis og borið bakteriurnar hingað til lands. Svo þurfum við að bera þessar sýkingar saman við tíðnina í nálægum löndum og bera saman við ónæmismynstrið þar.

Varðandi hættuna við innflutning á hráu kjöti þá þarf að fylgjast betur með sýklum í matvörum hér á landi, bæði innfluttu kjöti og innlendri framleiðslu,“ segir Þórólfur.

Tíðni sýkinga lág á Íslandi

Það hefur komið í ljós að tíðni matarsýkinga hefur verið lægri á Íslandi en í nálægum löndum og telur Þórólfur margar skýringar á því. „Ég held að það sé gott eftirlit í framleiðslubúum hér. Það var gert átak eftir mikinn faraldur af kampýlóbakter í kringum aldamótin og þá fóru menn út í það að auka eftirlit og frysta kjöt sem drepur mikið af kampýlóbakter. Síðan hefur tíðnin verið tiltölulega lág hér á Íslandi og eftir því hefur verið tekið. Meðal annars hafa erlendar eftirlitsstofnanir komið hingað til lands til þess að kanna hvers vegna við erum með svona lága tíðni af þessum sýkingum.“

Þegar tilkynningar berast um sýkingar hjá mönnum, matarsýkingar, salmonella eða kampýlóbakter, þá er reynt að grafast fyrir um það hvort um sé að ræða innlent eða erlent smit. „Það er greinilegt að í erlendu smiti er meira sýklalyfjaónæmi en í innlendum sýkingum. Það kom skýrsla út nýlega á vegum Sóttvarnastofnunar Evrópu þar sem kom í ljós að sýklalyfjamengun í matvælum er mjög breytileg innan Evrópu, bæði milli þjóða og innan svæða einstakra landa. Menn hafa sagt sem svo að ef það ætti að auka hér innflutning á matvælum, sérstaklega á fugla- og svínakjöti, þá munum við auka tíðni á svona sýkingum hér á Íslandi og breyta landslaginu töluvert mikið, bæði hvað varðar tíðni á sýkingum og dreifingu á ónæmum sýklum. Þetta hafa menn ályktað, t.d. eins og Karl G. Kristinsson, sem þið hafið greint frá í Bændablaðinu.“

Vitum of lítið um smituð matvæli

Þórólfur segir að menn viti hreinlega ekki hvernig þessum málum er háttað í ferskum matvælum hér á Íslandi,

hvorki í innlendri framleiðslu eða í innfluttu kjöti. „Við höfum ekki innleitt að fullu tilskipun ESB nr. 652 frá 2013 þar sem kveðið er á um skyldu til þess að rækta sýni á kerfisbundinn hátt í smásölunni. Þessi reglugerð hefur ekki verið innleidd hér að fullu eftir því sem ég best veit. Við vitum því ekki hvernig staðan er. Ef að menn hefðu upplýsingar um þetta og það kæmi í ljós að erlendar ferskar kjötvörur væru mengaðar og væru með þessar ónæmu bakteríur þá værum við bara með spilin á borðinu. Það er það sem ég er að benda á með athugasemdum mínum við þessa samninga við ESB. Þá þyrftum við að geta gripið til einhvers aðgerða og sagst ekki vilja svona kjöt hér inn í landið. Ég vil nálgast þetta þannig að auka eftirlit með ferskum matvælum, bæði innlendum og erlendum, sem eru að fara til neytenda. Þá getum við séð þetta betur og gripið til markvissari aðgerða,“ segir Þórólfur.

Höfum heilbrigðissjónarmið að leiðarljósi

Sóttvarnalæknir segir að ástæðan fyrir því að við séum ekki komin lengra í eftirlitinu sé mögulega fjárhagslegs eðlis, það sé dýrt í framkvæmd. „Það eru mörg lönd sem hafa gengið lengra í eftirlitinu en tilskipunin kveður á um. Fyrirhugað er að kanna betur hér á landi að innleiða ofangreinda tilskipun ESB um eftirlit á ferskum matvælum í smásölunni með þessi heilbrigðissjónarmið að leiðarljósi sem ég tel vera aðalatriðið.“

Það má ekki gleyma því að þegar verið er að tala um sýkingar og ónæmar bakteríur þá hafa menn svolítið tilhneigingu að detta í einn þáttinn og einblína á hann. Ef horft er á þetta heildrænt og spurt hvað stýri útbreiðslu ónæmra baktería þá eru það fjölmargir þættir, bæði þekktir og óþekktir. Það er erfiðt að taka einn þátt út. Ég bendi bara á að við erum að tala um útbreiðslu á ónæmi, þáttum eins og sýklalyfjanotkun í dýrum og fólki, það hefur verið mikið rætt um að mikil sýklalyfjanotkun stuðli að dreifingu baktería. Það er bara hluti af skýringunni. Heilbrigðiskerfið hér er að reyna að taka á því og það er mikil vinna í gangi að reyna að efla skynsamlega notkun sýklalyfja. Ég vil helst ekki tala um „ofnotkun“ sýklalyfja því að það þarf að nota sýklalyf, bara á skynsaman hátt. Það er eitt af ábyrgðarhlutverkum sóttvarnalæknis að reyna að stuðla að skynsamlegri notkun sýklalyfja og að því hefur verið unnið í samvinnu við heilsugæsluna og aðra aðila. Við erum líka að tala um sýklalyfjanotkun í dýrum. Sýklalyfjablöndun í fóður er bönnuð hér og notkun

sýklalyfja í dýrum er sú minnsta sem þekktist. Við erum að standa okkur vel þar.“

Ferðamenn bera milljónir og trilljónir baktería til landsins

Þórólfur segir að ekki megi gleyma því í umræðunni um bakteríur og dreifingu sýkla að benda á ferðamannafjöldann. „Ferðamenn koma með milljónir og trilljónir af bakteríum bæði í sér og á. Það er mjög áhrifarík leið til að dreifa sýklum og við getum ekkert gert í því. Það er klárt mál að rannsóknir hafa sýnt að ferðamenn, t.d. eins og við, þegar við förum til Asíu þar sem ónæmi er hátt eru mjög miklar líkur á að við séum með ónæmar bakteríur í líkamanum þegar við komum heim. Þær geta enst í einhverjar vikur eða mánuði og fjara síðan út. Við megum ekki gleyma að þetta er þáttur sem skiptir máli og því er mikilvægt að líta á málin heildrænt.“

Brýnt að bæta hreinlætisaðstöðu fyrir ferðamenn

Ýmislegt er gert til að varna því að ferðamenn beri með sér hættulegar sýkingar til landsins. „Ef að ferðamaður er lagður inn á spítala hér á landi þá eru ákveðnar reglur í gangi. Þeir eru t.d. skimaðir til að kanna hvort þeir séu með ónæmar bakteríur og gripið til aðgerða ef svo er. Á sýklafræðideildinni eru nú komnar aðferðir og tækjabúnaður sem hafa hraðað greiningu í þessum efnum. Annað sem við getum gert er að bæta hreinlætisaðstöðu fyrir ferðamenn. Það er mjög brýnt atriði. Það þarf góða hreinlætisaðstöðu fyrir ferðamenn á öllum stöðum á landinu þannig að fólk þurfi ekki að búa við einhverjar frumstæðar aðstæður til að skila af sér úrgangi. Úti á víðavangi eða hvar sem er eru alveg eins líkur á að ónæmar bakteríur skili sér inn í neysluvatn og á ýmsa staði. Þetta eru hlutir sem við þurfum að huga vel að. Vandamálið er stórt og fjölþætt ef ná á tókum á því,“ segir Þórólfur.

Matvælaöryggi og togstreitan milli heilbrigðisreglna og viðskiptafrelsis

Umræðan um matvælaöryggi hefur aukist á síðustu árum. Það er annar jarðvegur fyrir hana núna en bara fyrir 10 árum síðan. Þórólfur tekur undir þetta. „Það er háværi umræða um þessi mál, bæði í alþjóðasamfélaginu og heilbrigðisstofnanir leggja mikla áherslu á matvælaöryggi. Norræna ráðherranefndin hefur ályktað um þessi mál og skrifað undir samkomulag sem íslenski heilbrigðisráðherrann gerði líka. Menn eru

að vakna til vitundar um mikilvægi þessa málaflokks. Ég tala nú ekki um ef að þetta snertir hagsmuni einhverra og peninga, þá eru fleiri sem að vakna.“

En hvar á að draga mörkin þegar kemur að því að vernda lýðheilsu og matvælaöryggi? Skyldi sóttvarnalæknir finna fyrir togstreitu á milli heilbrigðisreglna og viðskiptafrelsis í sínum störfum?

„Já, þetta er alveg klassískt dæmi sem snertir ekki eingöngu matvæli. Nú er t.d. umræða um heilbrigðiskerfið, byggingu nýs sjúkrahúss og hver megi gera hvað. Á að hefta frjálst framtak eða eiga framkvæmdir að lúta heildarhagsmunum eða einhverri sýn og svo framvegis? Eða eiga menn að geta gert það sem þeir vilja? Það er erfiðt að hafa eina fastmótaða skoðun í þessum efnum.“

Sterkt eftirlit og úrræði nauðsynleg

„Varðandi innflutning á matvælum bendi ég á það að við Íslendingar ferðumst alveg gríðarlega mikið erlendis. Við borðum þann mat sem er þar á boðstólum, hvort sem hann er hálfhrár, soðinn eða ekki. Þá spyr ég, vitandi það að menn koma heim með þessar bakteríur, eigum við að fara út í það að banna Íslendingum að borða matvæli erlendis og eiga þeir að fara með matvæli með sér? Þetta er flókin umræða og mér finnst þetta vera angi af því sama. Menn geta hártogað þetta endalaust og aldrei komist að neinni niðurstöðu. Mér sýnist að við komumst illa undan alþjóðasamningum og frjálsu flæði en menn þurfa að hafa eftirlitið í lagi. Á það þarf að leggja áherslu. Hvað matvælin áhrærir þá tel ég að sterkt og gott eftirlit hér geti hjálpað upp á þetta. Ég vil síðan að menn horfi á þetta til enda. Það þýðir ekkert að hafa eftirlit ef menn eru svo ekki með úrræði. Þá verður að hafa úrræði sem búið er að semja um og einhver lög og reglur gilda um. Ég vil hafa gott og öflugt eftirlit og úrræði til að bregðast við,“ segir Þórólfur og bætir við:

„Ég held að menn þurfi að líta kerfisbundið á alla áhættuþætti og spyrja hvernig sýklar geti dreifst hingað, hvað sé hægt að gera til að fylgjast með því og hvernig á að koma í veg fyrir það. Það er bara ákveðin vinna. Í staðinn fyrir það að menn séu að grafa sig í einhverjar skotgrafir eins og okkur Íslendingum er svolítið tamt.“

Innviðirnir eru í lagi

Útbreiðsla skæðra sjúkdóma, baktería og vírusýkinga er mörgum áhyggjuefni. Umræða um inflúensu skýtur reglulega upp kollinum og eðlilegt að spurt sé hvernig við Íslendingar erum undirbúnir til að mæta óvæntum áföllum. Þórólfur segir að hvað okkur mennina áhrærir séum við nokkuð vel í stakk búin til þess. „Við erum með ákveðið kerfi sem virkar og ver okkur gagnvart ýmsum tegundum af ógnum. Það er tilkynningaskylda hjá heilbrigðisstarfsmönnum, læknum, hjá heilbrigðisfulltrúum ef það greinast óvæntir sjúkdómar eða hætta kemur upp. Við erum í mjög góðu sambandi við stofnanir erlendis sem fylgjast grannt með smitsjúkdómum um allan heim og erum með góðar viðbragðsáætlanir, bæði gegn sjúkdómum og gagnvart ýmsum eiturefnum. Þar höfum við ágæta reynslu frá því nýlega í eldgosinu í Holuhrauni. Við erum með birgðir af hlífðarbúnaði til að fást við alls kyns sýkingar, erum með viðbragðslager af vökvum fyrir mannfólk, erum með lager af ákveðnum skilgreindum lyfjum til að bregðast við ef eitthvað gerist sem takmarkar það að við getum fengið lyf erlendis frá. Svo má ekki gleyma því að við erum með gott heilbrigðiskerfi þrátt fyrir neikvæða umræðu í seinni tíð. Ég tel að við séum með innviði í lagi og erum ágætlega í stakk búin til að fást við þekktar og óþekktar ógnir,“ segir Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir.

/TB

Heimilisiðnaðarsafnið á Blönduósi:

Áhersla lögð á að veita innsýn í þá vinnu sem fram fór á heimilunum

– Tóvinna sem stunduð var á hverjum bæ var um aldir stóriðja þess tíma

„Brýnasta verkefnið sem við þurfum að takast á við núna er að safnið standi ekki stöðugt frammi fyrir hamlandi rekstrarvanda. Á meðan það varir er erfitt að móta verðuga stefnu um framtíðarþróun,“ segir Elín S. Sigurðardóttir, forstöðumaður Heimilisiðnaðarsafnsins á Blönduósi. Helsta hlutverk safnsins er að varðveita og skrásetja hvers konar heimilisiðnað, en það er einnig kennslu-, fræðslu- og rannsóknarstofnun fyrir innlenda og erlenda nemendur og fræðafólk, auk þess sem það stendur reglulega fyrir málþingum, námskeiðum og fyrirlestrum. Gestum fjölgar ár frá ári og þetta sumar hefur verið gott hvað það varðar, töluverð aukning milli ára, einkum í heimsóknum erlendra gesta.

Heimilisiðnaðarsafnið var fyrst opnað árið 1976, en á því ári voru 100 ár liðin frá því Blönduósar varð verslunarstaður. Grunninn að safninu lögðu konur innan raða Sambands austur-húnvetskra kvenna (SAHK). Nokkru áður hafði byggðasafnsnefnd verið starfandi á vegum sýslunnar sem hafði það að markmiði að koma upp byggðasafni fyrir Húnavatnssýslur og Strandasýslu. „Byggðasafni Húnvetninga og Strandamanna var valinn staður á Reykjum í Hrutafirði, en það verður að segjast að ekki var einhugur innan sýslunnar um staðsetninguna. Kvenfélagskonur margar hverjar voru óánægðar með þessa tilhögun, en ljóst að ekki var grundvöllur fyrir tveimur byggðasöfnum í sýslunni. Innan SAHK hafði verið starfandi byggðasafnsnefnd og var nú gripið til þess ráðs að breyta nafni nefndarinnar í Heimilisiðnaðarsafnsnefnd og áherslum breytt á þann veg að nú skyldi horft til þess að safna munum sem tengdust heimilisiðnaði,“ segir Elín.

Komu sér fyrir í fjósi og hlöðu

„Konurnar fengu til afnota gamalt hús sem áður hafði verið fjós og hlaða við Kvennaskólann á Blönduósi. Það var mikið verk að koma því í viðunandi hof en fjölmargir tóku þátt í því verkefni og gáfu vinnu sína og kvenfélögin í sýslunni lögðu til fjármagn eftir getu. Þarna varð til safn, en fljótlega kom í ljós að það var of umfangsmikið verkefni fyrir lítil félagasamtök að reka það með sómasamlegum hætti,“ segir Elín. Sjálfseignarstofnun um rekstur Heimilisiðnaðarsafnsins varð til árið 1993 með þátttöku flestra sveitarfélaga í sýslunni sem þá voru tíu. Í dag eru sveitarfélögin fjögur og standa þau öll að safninu.

Ekki leið á löngu þar til þrængja fór að safninu og starfsemi þess, og segir Elín að því hafi menn fljótlega hugað að stækkun þess. Niðurstaðan var að byggja nýtt hús og tengja það gamla safnahúsinu. Framkvæmdir hófust haustið 2001 og var húsið tekið í notkun vorið 2003. Húsið er tæpir 250 fm, í því eru þrír sýningarsalir, kaffistofa, snyrtingar auk skrifstofu- og þjónusturýmis. Lögð hefur verið áhersla á að safnið héldi gamla nafninu sínu, þ.e. Heimilisiðnaðarsafnið á Blönduósi, en nokkur undanfarin ár hefur borið á því að safnið sé nefnt Textílsafn. Þetta hefur gjarnan leitt til nafnaruglings og margir ruglað safninu saman við Textílsetrið sem staðsett er í Kvennaskólanum.

Stóriðja fyrri tíma

„Áhersla okkar í Heimilisiðnaðarsafninu er fyrst og fremst að veita innsýn í vinnu kvenna og karla sem

fram fór inni á heimilum og var stór hluti af hinu daglega lífi. Það má segja að tóvinna sem stunduð var á hverjum bæ hafi um aldir verið stóriðja þess tíma, ullinni var breytt í eftirsóttu verslunarvöru. Það hefur verið hljótt um þessa vinnu og á hvern hátt hvert og eitt heimili var sjálfbjarga um að breyta ull í fat og nýta það hráefni sem til féll til fullnustu,“ segir Elín.

Viðurkennt safn með heilmiklar skyldur

Hún segir eitt helsta hlutverk Heimilisiðnaðarsafnsins að varðveita og skrásetja hvers konar heimilisiðnað. Þá er það einnig kennslu-, fræðslu- og rannsóknarstofnun fyrir innlenda og erlenda nemendur og fræðafólk auk þess sem það stendur reglulega fyrir málþingum, námskeiðum og fyrirlestrum.

Heimilisiðnaðarsafnið er viðurkennt safn og segir Elín það þurfa að uppfylla fjölmörg skilyrði til að svo sé, eins og að vera í opinberri eigu, sjálfseignarstofnun eða í eigu félags eða fyrirtækis sem tryggir fjárhagsgrundvöll þess. Viðurkennd söfn þurfa einnig að hafa starfsleyfi frá heilbrigðis- og eldvarnareftirliti og hafa öll öryggis- og viðvörðunarkerfi í lagi. Eins þarf viðurkennt safn að uppfylla skilmála Safnaráðs um skráningu safnmuna og áhersla er lögð á að faglega sé unnið að söfnun og varðveislu. „Það að vera viðurkennt safn leggur okkur ýmsar skyldur á herðar og til að standa undir þeim þarf að halda vel utan um þessa viðkvæmu og dýrmætu stofnun. Það getum við gert með samstilltu átaki,“ segir Elín.

Á brattann að sækja

Hún nefnir að vissulega sé á brattann að sækja þegar að fjárhag þess kemur og megi lítið út af bregða. Safnasjóður veitir rekstrar- og verkefnastyrki en megináherslan er að eigendurnir sjái safninu farborða og uppfylli þar með gildandi lög. Þar á bæ er eðlilega í mörg horn að líta og oft erfitt um vik, því þarf ekki nema smá viðhaldsverkefni til að stofnunin eigi í rekstrarvanda. Hún nefnir að safnið hafi um tíðina átt marga vildarvini sem rétt hafi hjálparhönd, bæði í formi vinnuframlags og eins með peningagjöfum.

Þakklát fyrir góðar viðtökur

Gestum hefur fjölgað ár frá ári, en vel á fjórða þúsund gesta sótti safnið heim á liðnu ári. Meirihluti þeirra er að sögn Elínar erlendir ferðamenn og flestir á eigin vegum á ferð sinni um landið. „Okkar gestir hafa látið ánægju sína með Heimilisiðnaðarsafnið óspart í ljós og tjá hana gjarnan í gestabók okkar og á nútíma samskiptamiðlum. Hljýjar kveðjur og umsagnir gefa byr undir báða vængi, við erum afskaplega þakklát fyrir þær góðu móttökur sem við höfum fengið,“ segir Elín. Hljúgur til Heimilisiðnaðarsafnsins kemur einnig fram í fjölda gjafa sem safninu berast árlega.

Pilgrímsferðir

Hún nefnir einnig að greinar um safnið og sýningar þess birtist af og til í netmiðlum, blöðum og tímaritum, bæði hér á landi og í útlöndum. Bókin Íslenskt þrjón eftir Héléne Magnússon, sem er byggð á þrjónuðum munum sem eru á safninu, hefur komið út á íslensku og ensku og vakið verðskuldaða athygli. „Það er alveg ljóst að fjölgun gesta frá



Bandaríkjunum tengist að stórum hluta þessari bók og svo virðist sem sumir safngesta komi í pílagrímsför til að upplifa það sem á safninu er að finna og fjallað er um í bókinni,“ segir Elín.

Sumarsýningin Vinjar

Munir safnsins mynda nokkrar ólíkar og sjálfstæðar sýningar. Má þar nefna einstaklega fallega sýningu á útsaumi kvenna frá fyrri tíð. Þá er einn salurinn helgaður þjóðbúningum safnsins þar sem gestir geta gengið umhverfis búningana og virt þá fyrir sér. Í kjallara nýja hússins er sýning á munum sem unnir eru úr íslensku ullinni, örfínir þráðurinn vekur athygli. Gestir geta fengið að spreyta sig við að kemma ull og spinna á halasnældu. Einnig má þar finna áhöld og verkfæri sem notuð voru við heimilisiðnað.

Þá er árlega opnuð ný sérsýning íslensks textíllistamanns sem í daglegu tali er nefnd Sumarsýning Heimilisiðnaðarsafnsins. Sýningar þessar hafa ævinlega verið mjög ólíkar frá ári til árs og má segja að þær gefi innsýn í flóru íslenskrar textíllistar sem er mjög fjölbreytt. Í ár er það Anna Þóra Karlsdóttir myndlistarmaður sem sýnir verk sín. Anna Þóra nefnir sýningu sína „Vinjar“ og eru verkin öll unnin úr íslenskri ull. „Það er mjög ánægjulegt hve það er eftirsótt að sýna í safninu, enda afskaplega fallegt sýningarrými sem við bjóðum upp á,“ segir Elín.

Viðburðir og verkefni

Heimilisiðnaðarsafnið býður upp á ýmsa viðburði, s.s. fyrirlestra og málþing og þá nefnir Elín að einnig standi það fyrir margs konar námskeiðum, bæði í útsaumi, hekli, gimbi og fleiri. „Við höfum einnig nokkrum sinnum haldið námskeið í þjóðbúningasaumi og nú er í deiglu að bjóða upp á eitt slíkt á komandi vetri, verði þáttaka næg.“

Í „opna rými safnsins“ er einstaklega góður hljómburður og þar hafa undanfarin ár verið haldnir svonefndir Stofutónleikar þar sem þekktir tónlistarmenn hafa komið fram.

Á aðventu er fastur liður að lesið er upp úr nýjum bókum, ýmist af höfundunum sjálfum eða heima-



„Í safnastarfi eru ævinlega óteljandi verkefni fram undan og stór hluti starfans felst í vinnu og verkefnatengdri vinnu sem ekki sést,“ segir Elín S. Sigurðardóttir, forstöðumaður Heimilisiðnaðarsafnsins á Blönduósi.



Heimilisiðnaðarsafnið á Blönduósi.

Myndir / MBP



Sumarsýning Heimilisiðnaðarsafnsins, sú þrettánda í röðinni, var opnuð í lok maí en að þessu sinni eru verk eftir Önnu Þóru Karlsdóttur sýnd á safninu. Sýningin ber yfirskriftina Vinjar og verður opin fram á haust.



súkkulaði og smákökur og aðgangur ókeypis.

Á nýafstaðinni Húnavöku sátu konur að ýmiss konar handiðin í safninu, þar sem sýnt var hvernig tekið var ofan af, kemt og spunnið, slegið í vef, saumað út, heklað og þrjónað og margt fleira.

Árlegar skólaheimsóknir fimmta bekkjar grunnskóla héraðsins eru fastur liður í starfsemi safnsins þar sem börnin fá leiðsögn um safnið en einnig að spreyta sig við að kemma ull og spinna og fylgja síðan þræðinum í vef.

Íslenska lopapeysan

Ýmis rannsóknarverkefni hafa verið unnin í safninu og í sumum tilfellum komið út rit eða bækur í tengslum við þau. Á síðasta ári var birt rannsóknarskýrsla Ásdísar Jöelsdóttur, lektors við Háskóla Íslands, sem fjallaði um uppruna, hönnun og þróun íslensku lopapeysunnar. Rannsóknarverkefnið var samstarfsverkefni Heimilis-

idnaðarsafnsins, Hönnunarsafns Íslands og Gljúfrasteins. Um þessar mundir vinna hin sömu söfn að lítilli farandsýningu um sama verkefni og er það spennandi viðfangsefni, að sögn Elínar.

Ýmis samstarfsverkefni eru við Textílsetrið og Þekkingarsetrið sem staðsett eru í Kvennaskólanum og tekið er á móti listafólki sem þar dvelur eftir samkomulagi.

„Í safnastarfi eru ævinlega óteljandi verkefni fram undan og stór hluti starfans felst í vinnu og verkefnatengdri vinnu sem ekki sést. Til að mynda er gríðarleg vinna sem felst í að halda svona safni hreinu en það segir sig sjálft að munir safnsins draga í sig ryk og ekki notalegt að koma inn í rykugt og illa hirt safn,“ segir Elín brosandí.

/MBP

Heimilisiðnaðarsafnið er opið út ágústmánuð en eftir það er opnað fyrir hópa eftir samkomulagi. Áhugasamir geta kynnt sér safnið á vefsíðunni textile.is.



Halldórustofa. Halldóra Bjarnadóttir fæddist árið 1873 og lést á Héraðshæli Austur-Húnavetninga árið 1981.

Halldórustofa helguð lífi og starfi Halldóru Bjarnadóttur

Halldórustofa er sérstök deild innan Heimilisiðnaðarsafnsins, helguð lífi og starfi Halldóru Bjarnadóttur, sem fæddist árið 1873 og lést á Héraðshæli Austur-Húnavetninga (nú Heilbrigðisstofnunin á Blönduósi) árið 1981. Halldóra ánafnaði Heimilisiðnaðarsafninu síðustu eigur sínar og hefur munum hennar verið komið fyrir í Halldórustofu.

Halldóra var á liðinni öld þekktust fyrir brautryðjendastörf sín er varða mennt og menningu kvenna sem og var hún öflug þegar að heimilisiðnaði kom. Hún stóð m.a. fyrir fjölmörgum sýningum bæði hér á landi sem og utan landsteina þar sem heimilisiðnaður var í öndvegi, sýndi m.a.

vettlinga, illeppa og sjöl sem unnin voru frá grunni úr heimaspunnu og heimalituðu bandi. Hún safnaði vefnaði af öllu tagi á ferðum sínum um landið sem og þrjónlesprufum, tóskaparmunum og verkfærum tengdum tóskap. Margt af því er til sýnis í Halldórustofu.

Halldóra lauk kennaranámi í Noregi árið 1899, hún kom á ýmsum nýjungum í skólastarfi, m.a. handavinnu sem þótti á þeim tíma óþarfi því slíkt átti að kenna inni á heimilunum. Hún var heimilisráðunautur hjá Búnaðarfélagi Íslands og stofnaði ársritið Hlín sem hún gaf út í 44 ár. Komin á áttræðisaldur stofnaði hún Tóvinnuskólann á Svalbarði í S-Þingeyjarsýslu og rak hann í nokkur ár.

Bókin Vefnaður er alþýðubjóðrit

Þá gaf hún út bókina Vefnaður á íslenskum heimilum á 19. öld og fyrri hluta 20. aldar. Hún kom út fyrir 50 árum, árið 1966 og er frumútgáfan löngu uppseld. Heimilisiðnaðarsafnið réðst í endurútgáfu og bætti við formála um Halldóru eftir Ás-laugu Sverrisdóttur sagnfræðing. Stór hluti þeirra textílmuna sem gerð eru skil í bókinni eru varðveittir á Halldórustofu. Bókin er eins konar alþýðubjóðrit, því hún fjallar ekki einungis um vefnað og listhneigð Íslendinga á fyrri tíð heldur einnig hvernig landsmenn byggðu upp heimili sín og um starfsskilyrði þeirra á þessum tíma.

/MPÞ



Einn salurinn er helgaður þjóðbúningum safnsins þar sem gestir geta gengið umhverfis búningana og virt þá fyrir sér.



WWW.PROLAN.IS

Smur og Ryðvarnarefni

Breitt notkunar svið
Veðrunarverndun á Vélar
Sudusprey - Ryðlosandi
Snitti og boróla
Gegn rakavandamálum í rafmagni
Vottað til notkunar í matvælaíðnaði

NSF

Sölustaðir á www.prolan.is/solustadir • S: 7700950

LANOLIN - UNNID ÚR ULL

S-26

MÁLNINGARKERFIÐ

Akryl efni - Grunnur - Þéttihúð - Málning

Þéttihúðin er sérstaðan - Hún lokar fínum sprungum
Er vatnsheld en andar - Skilyrði fyrir myglu hverfa

malis

MÁLNINGARVERSLUN ÍSLANDS

Vatnagarðar 16 • 104 Reykjavík • Sími 415 0060 • malis@malis.is

- vörn til frambúðar

Háprýstidælur

...fyrir heimilið, bílinn, bátinn og vinnustaðinn

K 5
145 bör max
500 ltr/klst

Stillingar í handfangi

Fjöldi aukahluta

T 400
Snúningsdiskur
Fyrir pallinn, stéttina o.fl.

Stillingar í handfangi

K 4
140 bör max
460 ltr/klst

K 7
160 bör max
600 ltr/klst

RAFVER KÄRCHER SÖLUMENN

Skeifan 3E-F • Sími 581-2333 • rafver@rafver.is • www.rafver.is

VERTU Á ÖRUGGUM STAÐ

Þorgrímur Guðbjartsson er nýr formaður Beint frá býli, félags heimavinnsluaðila:

Einn fárra sem framleiðir hefðbundið íslenskt skyr

— viðskiptavinir, sem sumir eru nokkuð við aldur, verða ungir aftur þegar þeir smakka skyrið frá Erpsstöðum

Á aðalfundi Beint frá býli, félags heimavinnsluaðila, sem haldinn var í Hraunsnefi í Borgarfirði 16. apríl síðastliðinn, urðu formannsskipti þegar Þorgrímur Guðbjartsson á Erpsstöðum í Dölum var kjörinn í stað Guðmundar Jóns Guðmundssonar í Holtsemi í Eyjafirði. Nýja aðalstjórn skipa ásamt Þorgrími þær Hanna S. Kjartansdóttir, Leirulæk sem er gjaldkeri og Jóhanna B. Þorvaldsdóttir, Háafelli sem er ritari.

Þorgrímur og kona hans, Helga Elínborg Guðmundsdóttir, hófu kúabúskap á Erpsstöðum 14. júní 1997. Þau byrjuðu með 24 kýr í fjósi og eitthvað af geldneytum líka. Í dag eru þau með um 60 mjólkandi að staðaldri, setja alla gripi á og eru með smávægilega kjötframleiðslu.

Þörf fyrir aukið svigrúm hjá smáframleiðendum

Beint frá býli var stofnað þann 29. febrúar árið 2008 og voru þá skráðir félagar um 60 talsins. Þorgrímur segir að á þessum tíma sem liðinn er frá stofnun hafi orðið einhver fjölgun í félaginu þó hún sé ekki veruleg. Svo hafi líka eitthvað verið um að bæir hafi hætt og aðrir komið í staðinn.

Hann segir að á aðalfundinum hafi helst brunnið á félagsmönnum að áfram verði haldið með að vinna að viðurkenningu á þörfinni fyrir auknu svigrúmi innan reglugerða sem lúta að matvælavinnslu, þegar um er að ræða einfalda framleiðslu í litlum mæli, á stuttum eða takmörkuðum tíma. „Verið er að vinna að reglugerð um smáframleiðendur sem tekur á mörgum afgerandi þáttum þessu að lútandi. Við erum nokkuð vongóð um að sú reglugerð verði smáframleiðendum til hagsbóta; að hún auðveldi til dæmis verkferla við framleiðslu og þökkun í sama rými hvort á sínum tíma.

Ferðamannastraumurinn hefur áhrif á suma en alls ekki alla

Þorgrímur segir aukningu í komu ferðamanna til landsins ekki hafa svo mikil áhrif á marga af félagsmönnum Beint frá býli. „Margir félagsmanna okkar eru með algera smáframleiðslu og eru ekki að markaðssetja sig með svo sýnilegum hætti og langfæstir eru að hugsa um framleiðslu í miklu magni. Gera kannski nokkra tugi kílóa af sultu á ári eða selja lítið magn af einhverri framleiðsluvöru. Þessir framleiðendur selja mest og eingöngu heima eða á einstaka markaði í heimasveit.

Síðan eru aðrir sem eru að framleiða beint upp í túristana, reyna að framleiða í samræmi við umferðina og líka þeir sem framleiða í meira magni og þá eru það aðallega kjötvörur – oft árstíðabundið. Það eru ekki margir sem selja kindakjöt í heilum og hálfum núna á þessum árstíma, en þó einhverjir, en þess í stað eru menn þá að framleiða pylsur, rúllupylsur, grillkjöt og slíkt.“

Slow Food og Beint frá býli gætu átt samleið

Þorgímur þekkir ágætlega til Slow Food-hreyfingarinnar og hefur tekið þátt í störfum hennar hér á landi og reyndar einnig í Torino þar sem hann kynnti mjólkurvörur sínar á hátíðinni Salone del Gusto & Terra Madre árið 2012, en hún er haldin þar annað hvert ár. Hann segir að það megi vel hugsa sér samstarf við Slow Food-hreyfinguna þótt hann hafi ekki mikið leitt hugann að því ennþá. „Þetta er vissulega vett-



Jóhanna Leopoldsdóttir er fastagestur á Erpsstöðum og var í innkaupaleiðangri þegar blaðamaður var þar á ferð.

Myndir / smh



Hrafninn Flóki er orðinn heimavanur í hlaðinu á Erpsstöðum. Hann hnýsist hér í nýlegt tölublað Bændablaðsins.

vangur sem Beint frá býli ætti að skoða; með hvaða móti þessi samtök geti starfað saman og hvort að það passi. Slow Food er kannski meira á þeim forsendum að vinna í átt að sjálfbærni og jafnvel lífrænni framleiðslu, en Beint frá býli hefur ekki opinbera stefnu í þeim málum – enn sem komið er. Þetta er þó vissulega möguleiki sem þarf að ræða,“ segir Þorgrímur.

Markaðsmálin stöðugt í umræðunni

Að sögn Þorgríms er stöðug umræða um markaðsmálin meðal félagsmanna – um sölu og dreifingu á vörunum. Það sé alltaf spurning hvort auka eigi aðgengi neytenda að vörunum, sem eðli málsins samkvæmt eru dreifðar um allt land. „Töluverð vinna hefur farið í þetta á síðustu misserum, en sökum þess að flestir framleiðendur framleiða svo lítið magn þá hefur þetta mál ekki komist á skrið.

Frá mínum bæjardryrum séð er þetta ekki í forgangi hjá félaginu. Við erum með virka heimasíðu, þar sem viðskiptavinir og áhugasamir geta sent inn fyrirspurnir og eru þær þá í framhaldinu sendar áfram á alla listaða félagsmenn sem eru með viðkomandi vöru á boðstólum og geta þeir þá boðið væntanlegum kaupanda vöruna. Kaupandinn fær hugsanlega tilboð frá nokkrum framleiðendum

og velur síðan að eiga viðskipti við einhvern þeirra – eða ekki.“

Ógerilsneyddar mjólkurafurðir beint frá býli

Eitt af aðalbaráttumálum Guðmundar í Holtsemi var að fá heimild fyrir smáframleiðendur til að fá að selja ógerilsneydda mjólk og mjólkurvörur frá sínum býlum. Þorgrímur segir ekkert hafa þokast áfram með það mál. Ég held úti Facebook-síðu sem heitir Viltu geta keypt ógerilsneydda osta eða mjólk úr íslenskri mjólk – og eru nokkrir félagar skráðir þar inn. Við höfum ekki verið í markvissri vinnu í þessu, enda hefur megnið af tíma og fjármunum félagsins farið í að halda utan um samskipti við Matvælastofnun, sem því miður hafa ekki verið nógu góð og kemur þar margt til.

Við reynum hins vegar að halda á lofti umræðu um ógerilsneydda mjólk og þegar það varð leyfilegt að flytja inn vörur erlendis frá unnar úr ógerilsneyddri mjólk, þá fannst okkur nú að fátt ætti að geta staðið í veginum fyrir því að við gætum framleitt úr slíkri mjólk líka. En það eru ekki allir sammála í þessum geira gerlafræðanna.

Ég óttast ekkert í þeim efnum. Allt umhverfi mjólkurinnar hefur þróast og breyst til mikilla muna á síðustu áratugum. Í dag kemur mjólkinn ekki undir bert loft fyrr



Í versluninni á Erpsstöðum má finna mysudrykkinn Islandus, sem er framleiddur af Kruss, Sigríði Ásgeirsdóttur. Hún hóf framleiðslu á honum fyrir um þremur árum. Í hann er blandað ýmsum jurtum og grösom úr íslenskri náttúru ásamt skrymsu frá Rjótabúinu.

en við opnum fernuna, en hér áður var mjólkað í opið ílát, hellt í opinn brúsa, kælt í læknum, flutt í opnum bíl í sterku sólskini til afurðastöðva og síðan marghellt þar á milli opinna ílát.

Þannig að ég hef enga trú á öðru en að þess verði ekki langt að bíða að við fáum tilslakanir á þessu þannig að selja megi og framleiða vörur úr ógerilsneyddri mjólk.

En á hinn bóginn þá er það þannig að þegar það verður gert

verða framleiðendur matvæla að vita hvaða hráefni þeir eru með í höndunum og meðhöndla það í þeim takti.

Gæðahandbók fyrir Beint frá býli

Eitt af meginverkefnum sem Þorgrímur tekur við, sem nýr formaður, er að gefa út gæðahandbók fyrir Beint frá býli. „Fyrri stjórn var langt komin með að undirbúa þetta ferli. Það var sótt um fjármagn til verksins til ráðuneytis og vann Árni

Snæbjörnsson að því fyrir okkar hönd – og fáum við honum seint þakkað fyrir það sem og alla þá krafta sem hann hefur lagt félaginu til í gegnum tíðina.

Hugmyndin er sú að fara í gegnum samþykktu stefnu félagsins og gera gæðabók fyrir starfsemi félagsins sem og að gera almenna gæðahandbók fyrir hverja framleiðslugrein; kjöt, mjólk, reykt matvæli og svo framvegis. Síðan í framhaldinu þá geta okkar félagsmenn notað þennan grunn til að gera sína útfærslu á þeirri gæðahandbók sem þarf fyrir þeirra framleiðslu.

Íslensku skyrhefðina á að varðveita

Á síðustu árum og misserum hefur reglulega borið á umræðu um íslenska skyr. Þar hefur hugsjónafólk komið fram og rætt gildi þess fyrir íslenska matarmenningu og nauðsyn á varðveislu á því, nú þegar framleiðsla á vörum undir þessu heiti á erlendri grundu hefur farið vaxandi. Þorgrímur er einn fárra íslenskra skyrframleiðenda sem býr til skyr samkvæmt gömlu hefðinni. „Skyr er yfirheiti á framleiðslu á ákveðinni mjólkurvöru, óháð því hvort hún sé gerð úr kúa-, sauða- eða geitamjólk – enda var mest af mjólkurvörum hér á árum áður unnar úr annarri mjólk en kúamjólk á Íslandi.

Framleiðsluaðferðina á að varðveita, það er enginn vafi á því. Sýra mjólkina með gamla skyrinu og láta síðan leka af því í róleghæitum, það eru grundvallaratriðin í þessari framleiðslu. En það þýðir ekki að skyr sem gert er á annan hátt sé ekki skyr, það er reglugerðin sem sker úr um það. Sjálfum finnst mér ekkert athugavert við aðrar framleiðsluaðferðir, sé þess getið að ekki sé um „hefðbundið skyr“ að ræða, enda er það gert. Hins vegar er leitt hversu lítið magn af hefðbundnu framleiddu skyrri er í sölu. Þar eru margir þættir sem vega inn í þá jöfnu,“ segir Þorgrímur.

Neytendur vilja í auknum mæli aðgengilegri vörur

„Neytendur vilja fá æ meira af vörum sem eru tilbúnar til neyslu og er auðvelt að innbyrða. Þar eru mjólkurvörur oft framarlega í flokki. Það hefur verið tilhneiging til að bragðbæta og þynna bæði skyr og jógúrt þannig að hægt er að innbyrða fljótt og örugglega. Það er ekkert athugavert við þessa



Vöruúrvalið á Erpsstöðum samanstendur m.a. af hörðum ostum, fetaostum, skyrri og skyrkonfekt, mjólk, rjóma og rjómais, broddmjólk og mysu.



Sinnepið Svövu Gourmet Mustard er í búðarhillum á Erpsstöðum.

þróun, en hins vegar er slæmt hversu þróunin er hröð í þá átt að aðgengi neytenda að hefðbundnu skyrri verður æ takmarkaðri. Það er ekki neinum þar um að kenna heldur er þetta innkaupamynstur sem breytist í takt við aukið framboð á fjölbreyttum vörum.

Rjómaþúið Erpsstaðir er, eins og þú nefnir, einn nokkrurra aðila

sem framleiða gamaldags skyr. Við fáum marga viðskiptavini sem eru komnir nokkuð við aldur og verða ungir aftur þegar þeir smakka skyr, á meðan aðrir geta ekki hugsað sér að smakka það vegna minninga um súrt og vont skyr frá sínum uppvexti. Þeir eru mjög ánægðir með þá breytingu sem orðið hefur í skyrflóru landsins.

En það er ekki það sama, gamaldags skyr og súrt og vont skyr,“ segir Þorgrímur.

Skyrið var ekki alltaf gott í gamla daga

„Maður man það frá sínum uppvexti í sveitinni að oft var skyríð sem kom með mjólkurbílnum orðið súrt og vont þegar það loks kom heim í hlað, enda voru þá ekki góðar geymslur fyrir vöruna á leiðinni um landið. En þetta er breytt og við megum ekki fordæma þetta sem gert var hér á árum áður, við höfðum bara ekki um neytt annað að ræða þá. Við lifðum á þeim tímum sem hlutirnir voru einfaldlega ekki þróaðir.

Í dag er þetta þannig að það er eitt-hvað meira en lítið að, ef við fáum súrt og vont skyr. Þá þarf að bregðast við og finna hvað er að. Kælar í dag eru mun öruggari en áður og svo framvegis,“ segir Þorgrímur sem hefur verið ötull í því að kenna hefðbundna skyrgerð bæði á Íslandi og eins erlendis. „Við höfum haldið

nokkur námskeið í skyrgerð hér heima og erlendis. Vorið 2015 var okkur boðið að koma til Kaupmannahafnar og taka þátt í verkefni á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar, þar sem smáframleiðendur frá öllum Norðurlöndum ásamt Færeyjum, Grænlandi og Álandseyjum var boðið að koma og kynna sína starfsemi og halda námskeið eða sýnikennslu á því hvernig við framleiðum okkar vöru. Það fóru nokkrir aðilar frá Íslandi og hver aðili mátti koma með nokkrar vörur til kynningar og sölu og fór Rjómaþúið Erpsstaðir með skyr og skyrkonfekt. Við buðum upp á smakk og útskýrðum fyrir gestum framleiðsluferli og sögu og þróun vörunnar.

Nú í september er okkur boðið að koma til Norður-Noregs og taka þar þátt í dagskrá á vegum Mosjøen Videregaendeskole, en þar munum við kynna og segja frá skyrinu og halda örnámskeið í skyrgerð.

Þá höfum við einnig haldið nokkur námskeið hér á Erpsstöðum og hver veit nema við verðum í góðum gír eftir Noregsferðina og skellum í eitt námskeið í haust.“

Gott að nú sé leyfilegt að vinna mjólk

Nú í byrjun sumars kynnti Matvælastofnun breytingar á lögum um matvæli sem gera framleiðslu á kapla-, geita- og sauðamjólk starfsleyfisskylda til jafns við kúamjólk. Þorgrímur segir að það sé af hinu góða, það sé komið á hreint að það er leyfilegt að vinna úr þessum mjólkurtegundum, það sé mikið skref. „Félagsmenn hafa í gegnum árin mjólkað og látið vinna úr þessum afurðum án þess að til hafi verið reglugerðir þar að lútandi. Á síðustu misserum hefur verið mjög örðugt að vinna matvæli úr þessari mjólk, þrátt fyrir að svo hafi verið gert um aldir án þess að nokkur reglugerð hafi verið þar um. Þetta er allavega komið á rekspöl og það er vel,“ segir Þorgrímur um hina nýju stöðu.

Fundir með félagsmönnum á döfinni

Hann segir að fram undan séu fundir með félagsmönnum hringinn í kringum landið. „Félagið er ungt og fámennt. Margir félagsmanna eru ekki að framleiða í miklu magni að staðaldrí og hefur það vissulega áhrif á starfsemi félagsins. Við stefnum á að fara í hringferð í haust eða vetur og hitta félagsmenn; taka stöðuna og ræða málin.“

/smh



Þorgrímur er hér hjá nýbornum kálfi undir vökulum augum mömmunnar. Þau Helga búa með 60 mjólkandi kýr.

Góðar viðtökur við Óbyggðasetri Íslands:

Ástríða fyrir náttúru og sögu landsins dreif verkefnið áfram

„Íslendingar vildu á tímabili gleyma hversdagssögunni, en að okkar mati eigum við að upphefja það sem við eigum og það sem við erum,“ segja þau Arna Björg Bjarnadóttir og Steingrímur Karlsson, sem fyrr í sumar opnuðu Óbyggðasetur Íslands í Norðurdal í Fljótsdal, í jaðri stærstu óbyggða Norður-Evrópu. Rætur beggja liggja á landsbyggðinni og saman deila þau ástríðu fyrir náttúru og sögu landsins. „Og það er þessi ástríða sem drifið hefur verkefnið áfram.“

Á Óbyggðasetrinu er boðið upp á fjölbreytta upplifun og affreyningu, sýningar um líf í óbyggðum og við jaðar þeirra, hesta- og gönguferðir, dagsferðir ýmiss konar sem og lengri ferðir og einnig sérsníðnar ferðir fyrir hópa. Þá gefst gestum kostur á að gista á baðstofulofti og í gömlu íbúðarhúsi. Í eldhúsi eru fjölbreyttar veitingar í boði sem og í betri stofum heimilisins.

Nálægð við stærstu óbyggðir Norður-Evrópu

„Við opnuðum formlega fyrr í sumar og það er óhætt að segja að þessi upplifunarsýning sem hér er hafi fengið góð viðbrögð og töluverða athygli strax á okkar fyrsta sumri,“ segja þau Arna og Steingrímur. Markmið þessa verkefnis segja þau vera að skapa heildarupplifun í gegnum gistingu, heimilislegan mat úr gæðahræfni, sem og lifandi og sjónræna sýningu um óbyggðir og með göngu – og hestaferðum um nágrennið. „Við sáum tækifæri hér á innsta byggða bóli í Norðurdal í Fljótsdal, þar sem sagan er við hvert fótmað og nálægðin við stærstu óbyggðir Norður-Evrópu skapar sérstaka stemningu. Hér geta gestir komið í kyrrðina til að skynja og upplifa núíð með því að ganga inn í fortíðina, sofa á safni, njóta affreyningar, eins og að renna sér á endurgerðum kláf yfir Jökulsá, veiða fisk, leita uppi hreindýr, fara í reiðtúr um svæðið eða taka því rólega og fræðast um lífið heimavið.“

Ævintýraveröld

Þau Arna og Steingrímur segja Óbyggðasetursverkefnið byggja á traustum grunni þar sem nokkrum ársverkum var varið í heimilda- og þróunar- og hönnunarvinnu. Fjöldi fagaðila á sviði menningar, sagnfræði og náttúru lagði fram liðsinni sitt og veitti ráðgjöf og aðstoð. Þegar hönnunarstígi sleppti voru listamenn



Á Óbyggðasetrinu er boðið upp á fjölbreytta upplifun og affreyningu, sýningar um líf í óbyggðum og við jaðar þeirra, hesta- og gönguferðir.



Arna Björg Bjarnadóttir og Steingrímur Karlsson hafa opnað Óbyggðasetur Íslands í Norðurdal í Fljótsdal, í jaðri stærstu óbyggða Norður-Evrópu. Hér eru þau með tvíburadætrum sínum, Snædís og Friðnýju, en eiga einnig tvö börn önnur, Soffíu og Bjarna.

og leikmyndasmiðir fengnir til leiks til að koma hugmyndum í framkvæmd og skapa þá ævintýraveröld sem nú hefur risið í Norðurdal. „Það vilja allir láta koma sér á óvart, ungir sem aldnir, upplifa ævintýri og fræðast um raunverulegar sögur í umhverfi sem svo sannarlega gefur tóninn,“ segja þau.

Framleiðum minningar

Norðurdalur er eins konar síðasti

bærinn í dalnum, ef svo má að orði komast, en þar bjuggu 9 af 14 systkinum félagsbúi til dánardags. Þau voru sjálfbjarga um flest, liðtæk við hönnunar- og smíðavinnu, nýsköpunarhæfileikum þeirra var viðbrugðið, listrænu auga, nýtni og skyggnigáfum.

„Það má segja að hér á Óbyggðasetrinu framleiðum við minningar. Upplifun sem byggir á raunverulegum sögum sem miðlað er á skapandi hátt og skilar sér til baka. Við



Við framleiðum minningar, segja þau Arna og Steingrímur um Óbyggðasetrið.

höfum fengið til okkar fjöldann allan af ánægðum gestum sem fara á brott margs visari og vonandi með meiri skilning en áður á náttúru og sögu og þeirri tilfinningu að hafa upplifað eitthvað einstakt og ekta,“ segja þau Arna og Steingrímur.

Opið allt árið

Óbyggðasetrið verður opið á komandi vetri, enda stendur til að byggja upp á svæðinu heilsársferðapjónustu. „Það er alveg upplagt að heimsækja okkur á Óbyggðasetrið hvenær sem



Gestum gefst kostur á að gista á baðstofulofti og í gömlu íbúðarhúsi.



KK tók lagið við opnun Óbyggðasetursins.



er ársins, við höfum bent á að það hentar t.d. vinahópum af öllu tagi, fyrirtækjum sem bjóða upp á hvata-eða vinnuferðir að koma hingað, en við höfum í boði pakka sem sér-sniðnir eru að ferðum slíkra hópa, skemmti- og upplifunarpakka, sem og hvata- og vinnuferðarpakka,“ segja þau Arna og Steingrímur. „Staðurinn er enda hugsaður þannig að auðvelt er að setja upp fundavinnu- og fyrirlestraraðstöðu í óhefðbundnu umhverfi með skjávörpum og ljósleiðaratengingu.“

/MÞÞ



Efnagreining ehf.

Efnagreiningafyrirtæki í Borgarfirði

BÆNDUR OG AÐRIR VIÐSKIPTAVINIR!

Önnur heysýnakeysla sett af stað **18. ágúst**. Niðurstöður um mánaðarmótin ágúst/sept. Frá 1. september til 15. nóvember munum við skila niðurstöðum hálfum mánuði frá því að sýni berst til okkar.

Verð á heygreiningarpökkum haustið 2016

- **Heyefnagreining 1** 3550 kr. án vsk. Hráprótein, meltanleiki og NDF mælt með NIR-tækni + orkuútreikningar (FE).
- **Heyefnagreining 2** 6600 kr. án vsk. Hráprótein, meltanleiki og NDF mælt með NIR-tækni + orkuútreikningar (FE). Ca, Mg, K, Na, P, S, Fe, Cu, Mn og Zn. Sýrustigsgreining ef um vothey er að ræða.
- **Heyefnagreining 3** 7650 kr. án vsk. Sama og Heyefnagreining 2 nema selen bætist við.
- **Heyefnagreining 4** 9650 kr. án vsk. Hráprótein, meltanleiki, NDF og iNDF mælt með NIR-tækni + orkuútreikningar (FE). Ca, Mg, K, Na, P, S, Fe, Cu, Mn, Zn, Se, Co og Mo. Aska. Sýrustigsgreining ef um vothey er að ræða. Klór og ammoníum.

Ásvegi 4 · Hvanneyri · 311 Borgarnes | www.efnagreining.is

Hurðir á hagstæðu verði

Af sérstökum ástæðum getum við hjá Sindra boðið nokkrar hurðir á mjög hagstæðu verði.

Iðnaðarhurðir með öxulmótor

Stærð 4000x4800 mm, 1 stk.

Stærð 4320x4800 mm, 2 stk.

Stærð 4410x4800 mm, 1 stk.

Bílskúrshurð

2480x1920 mm 1 stk.

Hafðu samband við Hlyn í síma 575 0044 eða netfangið hlynur@sindri.is

SINDRI

Smáauglýsinga-síminn er:

563 0300

Næsta blað kemur út 25. ágúst

Bændablaðið



Guðlaugur Agnar Ágústsson, útvegsbóndi í Steinstúni í Norðurfirði.

Myndir / VH

Guðlaugur Agnar Ágústsson:

Bóndi og sjómaður á strandveiðum

Auk sauðfjárbúskapar stundar bóndinn í Steinstúni strandveiðar. Hann er ánægður með fyrirkomulag veiðanna og markaðskerfið í sjávarútvegi og segist vilja auka markaðsvæðingu sauðfjárafurða og stórlega bæta vegasamgöngur við Árneshrepp.

„Ég flutti aftur að Steinstúni 2003 og er með um 300 kindur og geri út trillu, Gísli ST,“ segir Guðlaugur Agnar Ágústsson, útvegsbóndi í Steinstúni í Norðurfirði. Guðlaugur er á strandveiðum og segir veiðarnar verulega búbot við búskapinn.

Sauðburður og strandveiðar fara illa saman

„Yfirleitt gengur vel að vera með fjárbú og stunda strandveiðar nema á vorin þegar sauðburður stendur sem hæst og ég kemst aldrei á sjóinn fyrr en undir 10. júní. Strandveiðarnar byrja 1. maí þannig að ég missi fyrsta mánuðinn úr. Veiðin hér fyrir utan er góð og mér hefur gengið vel að ná skammtinum, sem er 770 kíló á fjórtán tímum eftir að ég byrja veiðar.“

Guðlaugur segir að hann sé ánægður með reglurnar í strandveiðikerfinu og hann væri til í að hefja veiðar fyrr ef hann gæti. „Yfirsetan í sauðburðinum er mikil og maður kemst einfaldlega ekki yfir allt.“

Markaðskerfið með fisk til fyrirmyndar

„Ég landa aflanum í Norðurfirði og þaðan er honum ekið á markað í Hafnarfirði sem er að mínu mati frábært og ég væri alveg til í að selja lambakjötið mitt í sams konar kerfi. Að mínu mati er markaðskerfið með fisk miklu betra en fjandans skrifræðið í landbúnaðinum og þessum kerfum ekki saman líkjandi.

Rekstrarafgangurinn af bátinum er meiri en af búinu og ég gæti ekki stundað búskap með góðu móti ef ég gerði ekki út bátinn líka. Ef strandveiðikerfið yrði lagt niður mundi ég pakka niður og flytja burt sama daginn.“



Gísli ST, sem Guðlaugur gerir út á strandveiðar.

Lélegar samgöngur hindra uppbyggingu

Þegar Guðlaugur er spurður um ástæðu fækkunarinnar í hreppnum segist hann ekki vita hvað veldur og fólk í sveitinni ekki á einu máli um ástæðuna. „Ef ég á að benda á það sem ég tel líklegustu skýringuna þá eru það lélegar samgöngur. Það er alveg sama hvað talað er um í sambandi við uppbyggingu í atvinnumálum hér, hvort sem það er aukin ferðamennska, fiskveiðar yfir vetrarmánuðina eða eitthvað annað, það strandar allt á lélegum vegasamgöngum.“

Sauðfjárræktin er hryggjarstykkið

„Undirstöðuatvinnuvegurinn í sveitinni er sauðfjárbúskapur og hægt að stunda hann með núverandi vegasamgöngum en bændum hér er að fækka og ég sé ekki fram á að hingað sé að flytja fólk sem ætlar að hefja búskap.

Við verðum því að hugsa um annars konar atvinnustarfsemi en það er nánast sama hvaða hugmyndir koma upp, allar krefjast þær betri samganga.

Að mínu mati er tvennt sem er hægt að gera hér í dag, allt árið, án þess að bæta vegasamgöngurnar, og það er að stunda sauðfjárrækt og þurrka harðfisk.“

Vegurinn ekki þjónustuhæfur á veturna

Guðlaugur hrósar Isavia fyrir hvað þeir hafa staðið sig vel með flugsamgöngur í Árneshrepp og Orkuveitunni fyrir áætlanir um að leggja þriggja fasa rafmagn í hreppinn.

„Vegagerðin stendur sig því miður ekki eins vel. Vegurinn hingað er alls ekki vondur sumrarvegur og ég geri mér grein fyrir því að eins og ástandið á honum er í dag þá er hann ekki þjónustuhæfur yfir vetrarmánuðina. Það verður því að byrja á því að byggja hann upp og gera hann þjónustuhæfan allan ársins hring.“

Þurfa að landa á Hólmavík

Vegna ástands vegarins, hversu seint hann er opnaður á vorin og hversu lengi eru á honum þungatakmörkanir, þurfa bátar á grásleppuveiðum hér fyrir utan að sigla með aflann til Hólmavíkur eftir að farið var að landa grásleppunni heilli. Auðvitað væri betra fyrir alla ef hægt væri að landa í Norðurfirði og keyra þaðan með aflann til vinnslu,“ segir Guðlaugur Ágústsson að lokum.

AVH

Vegna aukinnar eftirspurnar óskum við eftir bújörðum á söluskrá

Vinsamlega hafið samband við Björgvin Guðjónsson, búfræðing og löggiltan fasteignasala í síma 510-3500 og 615-1020 eða á netfangið bjorgvin@eignatorg.is



Skipholt 50b, 105 Reykjavík

Útvegum varahluti í flestar gerðir traktora og vinnuvéla. Einnig oliuverk í flestar gerðir bíla og tækja.



Við sérhæfum okkur í JCB, Hydrema, Iveco, New Holland, Case og nú:



Hafið samband og við aðstoðum við að útvega réttu varahlutina.



Sala - Þjónusta
S: 5272600 - www.velavit.is

Sortimo®



Innréttingar Hillu- og skúffukerfi

Fyrir allar gerðir bíla

- Prautreynt kerfi
- Öryggisprófað
- Tryggir þig gegn tjóni



RAFVER

FAGMENNSKA ALLA LEIÐ

Skeifan 3E-F · Sími 581-2333 · rafver@rafver.is · www.rafver.is



Kvarnarsteinar úr blöðróttu hraungrýti að Borgarfelli í Skaftártungu.

Myndir / Sólveig G. Beck

Bændur höfðu kvarnarsmiði sem aukabúgrein á vetrum:

Kvarnarsteinaframleiðsla á Íslandi

Íslenskir kvarnarsteinar eru varðveittir víðs vegar á Íslandi, á Þjóðminjasafni Íslands, á byggðasöfnum, heima við bæ í sveitunum og jafnvel í görðum í þéttbýli. Þegar almennt er rætt um Skúla Magnússon landfógeta og Innréttungarnar nýju á 18. öld eru þéttbýlismyndun í Reykjavík, ræktunartilraunir, þilskipaútgæra, framfarir í ullariðnaði og brennisteinsvinnsla oft það helsta sem ber á góma. Þessar framfarartilraunir Innréttunganna skiluðu misjöfnum árangri en eitt af því sem fékk byr undir báða vængi í kjölfar þeirra var innlend kvarnarsteinaframleiðsla.



Sólveig G. Beck, doktorsnemi í fornleifafræði.



Kvarnarsteinar úr íslensku og norsku grjóti til skrauts í garði á Hellissandi.

Endurvakning kvarnarsteinaframleiðslu

Eftir að kornyrkjutilraunir Innréttunganna mistókust hrapalega setti Skúli Magnússon fram þá hugmynd árið 1767 að auka innflutning á ómöluðu korni til Íslands og að kanna þyrfti möguleika til framleiðslu á kvarnarsteinum í landinu. Í verkahring Landsnefndarinnar fyrri var m.a. að meta þessar hugmyndir landfógeta, hvort arðvænlegt væri að koma upp handkvörnum, og þá jafnvel litlum myllum, meðal almennings. Rannsóknir sýna að Íslendingar hafa smíðað kvarnir úr íslenskum steini strax á víkingaöld en eftir að kornrækt var hætt á miðöldum hefur slík framleiðsla líklega dottið upp fyrir um stóran hluta landsins. Sumarið 1771 senda Finnur Jónsson, biskup í Skálholti, og Guðmundur Runólfsson, sýslumaður í Kjósar- og Gullbringusýslum, Landsnefndinni skýrslur og minnst þeir m.a. á að íslenskt grjót sé nýtt í kvarnarsteina í þeim tilgangi að mala villt korn (melgresi) í Skaftafellssýslu og malt á ónefndum stað, líklega á Suður- eða Suðvesturlandi. Guðmundur bauðst einnig til þess að senda nefndinni sýnishorn af grjóti sem hann taldi að gæti verið nýtanlegt í slíka framleiðslu. Það var þó ekki fyrr en síðla sumars árið 1775 að stiftamtmaður, L. A. Thodal, sendi danska Rentukammerinu í Kaupmannahöfn sýnishorn af framleiðslunni, m.a. úr Vestur-Skaftafellssýslu, sem matsmenn töldu vel nothæfa til að mala innflutt korn.

Konungsgjöf

Í apríl árið 1776 tilkynnti Rentukammerið upphaf innflutnings á ómöluðu korni og handkvörnum til Íslands. Þessar innfluttu handkvarnir áttu íslenskir embættismenn að nota til þess að lokka að almúgann með góðu fordæmi, um leið og steinarnir áttu að þjóna sem fyrirmynd fyrir íslenska framleiðslu. Fyrsta sendingin af kvarnarsteinum kom til landsins sumarið 1776 og árið 1777 voru um 115 kvarnir fluttar inn (líklega frá Noregi), en há verðlagning Konungsverslunarinnar 1776 tryggði að aðeins mjög vel stæðir bændur höfðu efni á að



Kvarnahraun efst í Haugahólum undir Haugafjalli í Skriðdal.

kaupa slíkan grip erlendis frá. Í apríl 1779 gaf svo danska ríkið 200 kvarnir sem dreift var á allar kauphafnir á Íslandi. Sýslumaðurinn í Vestur-Skaftafellssýslu, Lýður Guðmundsson, afþakkaði þó þær kvarnir sem þeim var úthlutað þar sem hann taldi þar enga þörf fyrir þær vegna nægs framboðs á innlendum kvörnum.

Konungsverðlaun og kvarnarsmiðir

Til þess að hvetja íslenska bændur og búalið í framleiðslu á kvarnarsteinum var verðlaunum heitið fyrir hvert par og má finna heimildir frá árinu 1781 fram til 1790 um að menn hafi fengið peningaverðlaun, bæði frá Hinu konunglega danska landbúnaðarfélagi og úr Mjölbotasjóði. Árið 1783 samþykkti Konungsverslunin síðari að taka við íslenskri framleiðslu í verslunina. Til þess að hvetja bændur var stungið upp á því að smiðir fengu flutningskostnað bættan að hluta ofan á sett verð fyrir kvarnarsteinana sem skilað var inn. Einnig áttu smiðir að fá verðlaun fyrir hvert par. Í mars 1784 voru verðlaunin njörfuð niður, 16 skildingar fyrir litlar kvarnir, 24 skildingar fyrir stórar. Verðlaunin skyldu haldast fram í mars 1787. Í maí 1787 mælti Landsnefndin seinni með því að verðlaunin héldu áfram og var tíminn framlengdur fram í mars 1790. Eftir það var veitingu verðlauna hætt og aðkomu ríkisins

áð íslenskri framleiðslu var lokið. Safnað hefur verið saman nöfnum þeirra sem verðlaunin fengu og eru þeir a.m.k. 38 talsins. Þar má sjá menn úr öllum landshlutum á aldrinum 25 ára og fram yfir sjöugt á þeim tíma sem verðlaunin eru veitt. Safnað hefur verið saman úr heimildum alls um 100 nöfnum manna víðs vegar um landið sem tengst hafa kvarnarsmiði á einhvern hátt frá 18. og fram á 20. öld. Þar má sjá bændur, smiði, hreppstjóra, presta, leiguliða, flakkara, húskarla og vinnumenn. Flestir voru þó venjulegir bændur sem höfðu kvarnarsmiði sem aukabúgrein á vetrum þegar á þurfti að halda.

Efnistaka og framleiðsla

Mjög fá örnefni hafa því miður fundist í tengslum við framleiðslu af þessu tagi en þó má nefna Kvarnarhlíðarhraun í Hörglandshreppi, Kvarnarhraun í Haugafjalli í Skriðdal (skriða) og Kvarnarhraun í landi Gufuskála á Snæfellsnesi. Alls hafa fundist heimildir um 45 staði þar sem efni var tekið í kvarnarsteina víðs vegar um land en efni var sótt upp í skriður og fjöll, út á mela, sanda og hraun, niður í fjöru og jafnvel út í eyjar. Reynt var helst að leita eftir hraunum og bergi sem búið var að brjóta upp í góðar hellur af náttúrunnar hendi. Þá þurfti ekki að eyða tíma og tólum í að kljúfa efnið í rétta þykkt. Þar sem ekki var að finna víðáttumiklar hraunbreiður á láglandi leituðu smiðir



Kvarnarsteinn með upphleyptu krossmarki frá Vindheimum í Tungusveit í Skagafirði, varðveittur í Glaumbæ í Skagafirði (skali 20 cm).

oft hátt til fjalla og í stórar skriður, líklega eftir yngra hrauni sem var minna ummyndað og lítið var um holufyllingar. Ekkert bendir til þess að vöntun á þekkingu í steinsmiði eða áhöldum hafi háð íslenskum bændum. Flestir sem tóku að sér að búa til kvarnarsteina smíðuðu þá þó aðallega fyrir sjálfa sig og kannski ættingja og næstu nággranna. Engin forsenda var fyrir fjöldaframleiðslu á landsvísu en framleiðsla Húsafellsbænda á kvarnarsteinum fyrir Borgarfjörðinn verður að teljast sú sem kemst því næst. Lítt unnar grjóthellur úr blöðróttu og/eða grófu bergi voru fluttar heim í skemmu eða smíðu að sumri til á hestum, á sleðum eða jafnvel á breiðu baki smíðsins. Á veturinu voru svo smíðaðir kvarnarsteinar úr hellunum og þeir nýttir heima við, gefnir eða seldir, annaðhvort til kaupmanns eða milliliðalaust til kaupanda.

Endurnýting og varðveisla

Framleiðsla íslenskra kvarnarsteina (bæði handkvarna og seinna einnig myllusteina) hélst fram yfir 1900 en notkun þeirra dó loks út um og eftir 1920. Eftir að kornmölun var hætt

voru kvarnarsteinar oft endurnýttir t.d. sem lóð á saltkjöstunnur og hey-stæður, sem byggingarefni og jafnvel sem dyraþrep. Í dag eru þeir oft hafðir til skrauts í görðum og jafnvel innanhúss. Hafa þessir steinar varðveist furðuvel í gegnum tíðina og má finna mörg góð dæmi víðs vegar um land, bæði á byggðasöfnum og í einkaeigu. Gerð hefur verið tilraun til þess að meta hversu margir steinar gætu hafa varðveist í fórum einkaaðila með því að taka fyrir valda hreppa hringinn í kring um landið: Neshrepp utan Ennis á Snæfellsnesi (8 stk.), Saurbæjarhrepp í Dalasýslu (6 stk.), Skriðuhrepp (Hörgárdalur, 7 stk.) á Norðurlandi, Skriðdalshrepp á Austurlandi (16 stk.) og Leiðvallahrepp (Álftaver, Skaftártunga, Meðalland, 12 stk.) á Suðurlandi. Að meðaltali fundust um 10 kvarnarsteinar í hverjum hreppi en út frá því má gróflega áætla að um 2.000 kvarnarsteinar hafi varðveist eins og staðan er í dag og er mjög líklegt að allt að 70–80% af þessum fjölda sé framleiðsla framtakssamra íslenskra bænda.

Sólveig G. Beck

Bændur græða upp mela með gömlum heyrúllum

Á sauðfjárbúinu Brekku í Norðurárdal hafa ábúendurnir Þórhildur Þorsteinsdóttir og Elvar Ólason stundað uppgræðslu á viðkvæmum svæðum á landareigninni um árabil. Meðal annars hafa bændurnir í Brekku grætt upp svæði í kringum Grábrók þar sem margir ferðamenn leggja leið sína. Á svæði sem fyrir um 12 árum var örfoka melur er nú landið þakið gróðri. Uppgræðslan er fólgin í því að dreifa heyi úr gömlum heyrúllum sem nýtast ekki sem skepnufóður. Með tímanum mynda rúllurnar gróðurþekju. Þórhildur

segir að með tiltækinu vilji þau hjónin leggja sitt af mörkum við að skila landinu í betra ásigkomulagi heldur en þegar þau tóku við því. „Við þolum ekki ónýtar rúllur heim við bæ eða úti á víðavangi, það er eitt af því ljótasta sem við sjáum við býli og margir íslenskir bændur þyrftu að taka sig verulega á í þeim efnum, en hvað um það, ónýtar rúllur eru keyrðar út á holt og dreift úr þeim,“ sagði Þórhildur á Facebook-síðu sinni á dögunum þar sem hún birti jafnframt meðfylgjandi myndir af árangri uppgræðslustarfsins.

/TB



Bændurnir dreifa rúllunum á mela og annað rýrt land. Myndir / ÞÞ



Séð ofan af Grábrók á svæðið þar sem unnið er að uppgræðslu. Gulleitu deplarnir fyrir miðri mynd og t.v. eru gamlar heyrúllur sem búið er að dreifa úr.



Þar sem áður var ber melur er nú gróið og grösugt land.

Skotvopnanámskeið og veiðikortanámskeið

VEIÐIKORTANÁMSKEIÐ

REYKJAVÍK

- 30. ágúst - kl. 17:00-23:00 á Grand Hótel.
- 6. september - kl. 17:00-23:00 á Grand Hótel.
- 20. september - kl. 17:00-23:00 á Grand Hótel.
- 4. október - kl. 17:00-23:00 á Grand Hótel.
- 18. október - kl. 17:00-23:00 á Grand Hótel.
- 25. október - kl. 17:00-23:00 á Grand Hótel.

SELFÖSS

- 1. september - 17:00-23:00 hjá HSK.

KEFLAVÍK

- 8. september - kl. 17:00-23:00 hjá Íþróttakademinunni.

BLÖNDUÓS

- 13. september - kl. 17:00-23:00 hjá Búnaðarsambandinu.

HÖFN

- 15. september - kl. 17:00-23:00 í Nýheimum.

EGILSSTAÐIR

- 22. september - kl. 17:00-23:00 hjá Austurbrú.

AKRANES

- 27. september - kl. 17:00-23:00 í Grundaskóla.

AKUREYRI

- 30. september - kl. 17:00-23:00 hjá Símey.

HÚSAVÍK

- 14. október - kl. 17:00-23:00 hjá Framsýn.



UMHVERFISSTOFNUN

SKOTVOPNANÁMSKEIÐ

REYKJAVÍK

- 1.-2. september - kl. 18:00-22:00 á Grand Hótel. Verklegt eftir það á vegum Skotfélags Reykjavíkur.
- 8.-9. september - kl. 18:00-22:00 á Grand Hótel. Verklegt eftir það á vegum Skotfélags Reykjavíkur.
- 22.-23. september - kl. 18:00-22:00 á Grand Hótel. Verklegt eftir það á vegum Skotfélags Reykjavíkur.
- 6.-7. október - kl. 18:00-22:00 á Grand Hótel. Verklegt eftir það á vegum Skotfélags Reykjavíkur.
- 20.-21. október - kl. 18:00-22:00 á Grand Hótel. Verklegt eftir það á vegum Skotfélags Reykjavíkur.
- 27.-28. október - kl. 18:00-22:00 á Grand Hótel. Verklegt eftir það á vegum Skotfélags Reykjavíkur.

SELFÖSS

- 2.-3. september (kl. 18:00-22:00/09:00-13:00) hjá HSK. Verklegt eftir það í samvinnu við Skotfélag Suðurlands.

KEFLAVÍK

- 9.-10. september (kl. 18:00-22:00 / 09:00-13:00) hjá Íþróttakademinunni. Verklegt eftir það í samvinnu við Skotdeild Keflavíkur.

BLÖNDUÓS

- 24.-25. september kl. 10:00-14:00 hjá Búnaðarsambandinu. Verklegt eftir það.

HÖFN

- 16.-17. september (kl. 18:00-22:00/09:00-13:00) í Nýheimum. Verklegt eftir það.

EGILSSTAÐIR

- 23.-24. september (kl. 18:00-22:00/09:00-13:00) hjá Austurbrú. Verklegt eftir það.

AKRANES

- 29.-30. september kl. 18:00-22:00 í Grundaskóla. Verklegt eftir það.

AKUREYRI

- 6.-7. október kl. 18:00-22:00 hjá Símey. Verklegt eftir það á vegum Skotfélags Akureyrar.

HÚSAVÍK

- 15.-16. október kl. 18:00-22:00 hjá Framsýn. Verklegt eftir það.

Þátttakendur á skotvopnanámskeiðum þurfa að skila inn sakavottorði, læknisvottorði og passamynd til skrifstofu sýslumanns fyrir námskeiðin. Læknisvottorðið þarf að vera sérstaklega útgefið vegna skotvopnaleyfis.

Skráðu þig á www.veidikort.is

Bjóðum Skagfirðinga og alla landsmenn velkomna á
Sveifasælu 2016
í Reiðhöllinni Svaðastöðum, Sauðárkróki
laugardaginn 13. ágúst



Kaupfélag Skagfirðinga

Gamli traktorinn



Man – stopul framleiðsla

Í dag þekkja margir farartækin frá MAN AG sem vöruflutningabíla en fyrirtækið framleiddi einnig dráttarvélur frá 1924 til 1956. Saga Manschinesfabrik Augsburg-Nurnberg spannar 258 ára og nær aftur til ársins 1758.

Eins og nafn fyrirtækisins gefur til kynna er MAN þýsk að uppruna en er á alþjóðamarkaði í dag. Fyrirtækið er eitt af þeim þrjátíu stærstu í Þýskalandi samkvæmt DAX-kauphallarvísitölunni og elsta skráða fyrirtækið hjá DAX.

MAN er stórframleiðandi vöruflutningabíla, strætisvagna, dísil mótorá og túrbína. Starfsmenn MAN eru rúmlega 50.000 og fyrirtækið er með umboðsaðila í 120 löndum.

Heilagur Antony

Upphaf fyrirtækisins er rakið til lítillar málmbræðslu og járnsmiðju í borginni Oberhauser við sem kallaðist Heilagur Antony. Reksturinn gekk vel og smám saman yfirtók Heilagur Antony fyrirtæki í svipuðum rekstri og stækkaði. Árið 1921 var nafninu breytt í Manschinesfabrik Augsburg-Nurnberg.

Þrátt fyrir að MAN sé í dag þekktast fyrir framleiðslu á vöru-



flutningabílum hefur fyrirtækið víða komið við á langri sögu þess. Um tíma var það leiðandi í framleiðslu á prentvélum fyrir dagblöð og ein fyrsta frýstivélina var framleidd af MAN. Á þriðja áratug tuttugustu aldarinnar framleiddi MAN dísil mótor fyrir kafbáta bandaríska sjóhersins en mótorarnir voru bílana-gjarnir og óáreiðanlegir.

Fyrir traktorinn

Snemma á öðrum áratug síðustu aldar hóf MAN framleiðslu á plógum og 1924 setti fyrirtækið á markað fyrstu vöruflutningabíla og dráttarvélarnar.

Traktorarnir voru hannaðir í samvinnu við Rudolf Diesel og með fjögurra strokka dísil mótor. Salan var treg og framleiðslunni hætt eftir nokkur ár.

Vöruflutningabílarnir, sem

einnig voru með dísilvél, seldust aftur á móti vel og fyrsti stóri viðskiptavinurinn var pósthjónustan í Bavaríu.

Hertrúkkar og stríðstól

Framleiðsla MAN dráttarvéla hófst aftur 1938 og að þessu sinni með



tilprífum. Traktorarnir voru stærri og öflugri en eldri týpur og aðrar dráttarvélur á markaði á þeim tíma. Stærsta vélin kallaðist AS250 og var 50 hestöfl. Framleiðsla MAN traktora var aftur hætt í upphafi seinni heimsstyrjaldarinnar og fyrirtækið hóf framleiðslu á hertrúkkum og stríðstólum fyrir þýska herinn.

Við hernám Þjóðverja í Frakklandi tók MAN við rekstri frönsku Latil dráttarvéla verk-smiðjunnar og rak hana meðan á hernáminu stóð.

Traktorar enn og aftur

Fimm árum eftir lok síðari heimsstyrjaldarinnar hóf MAN enn á ný framleiðslu á dráttarvélum. Traktorarnir þóttu tæknilega fullkomnir á þeirra tíma mælikvarða. Hægt var að fá þá með eða án húss, með drifi í tveimur eða fjórum dekkjum og á bilinu 25 til 50 hestöfl.

Þrátt fyrir ágæta sölu á þessum traktorum var framleiðsla og sala á dráttarvélum einungis lítill hluti af veltu fyrirtækisins. Árið 1958 var framleiðsla MAN dráttarvéla yfirtekin af dráttarvélaframleiðandanum Porsche. Fjórum árum síðar, 1962, hætti Mannesmann sem var eigandi



Porscha á þeim tíma framleiðslu þeirra.

Alls voru framleiddir um fjórutíu þúsund dráttarvélur undir heitinu MAN frá 1924 til 1962 og var einkennislitir þeirra alla tíð grænn. /VH

Býflugnarækt:

Yndislegt áhugamál að rækta býflugur

Svala Sigurgeirsdóttir líffræðingur hóf að rækta býflugur í fyrrasumar og árangurinn hefur ekki látið á sér standa, þrátt fyrir að hún hafi gert allt rangt til að byrja með að eigin sögn. Það sem af er sumri hefur hún fengið sextán kíló af hunangi.

„Ég fór á námskeið hjá Býflugnaræktarfélagi Íslands í fyrra og keypti mér einn pakka af býflugum eins og það kallast. Í einum pakka er um eitt og hálft kíló af flugum, eða um fimmtán hundruð flugur og ein drottning. Ég fékk flugurnar um mánaðamótin júní-júlí en þær eru fluttar hingað til lands frá Álandseyjum þar sem sjúkdómatíðnir lág og flugurnar þar lausar við maur sem leggst á þær víða annars staðar.“

Nágrannarnir taka flugunum fagnandi

Svala segist vera með búið í garðinum hjá sér og að hún eigi yndislega nágranna sem taki flugunum fagnandi og finnist ræktunin forvitnileg.

„Á námskeiðinu hjá Býflugnaræktarfélaginu lærir maður um líffræði býflugna, smíði hentugs húsnæðis og smíði ramma. Við komuna til landsins frá Álandseyjum er þessum nýbúum sturtað úr flutningskassanum ofan í hið nýgerða heimili. Drottningin kemur sér fyrir í litlu búri ásamt nokkrum þernum. Þetta búr er síðan opnað að hálfu, sett ofan í kassann og á um tveimur dögum sleppur drottningin úr búinu og hefur sína vinnu. Sem ein heild taka allar þernurnar við að undirbúa varp drottningarinnar, mótun ungvíðis og söfnun hunangs og frjókorna.

Daginn eftir að ég setti flugurnar og drottninguna í búið drápu þernurnar búrdrottninguna og hentu henni út úr búinu.

Sem betur fer var önnur drottning í sendingunni og hún byrjaði fljótlega að verpa og er hörkudugleg.“

Flugunum fjölgaði hratt

Svala segir að flugunum hjá sér hafi fjölgað hratt og áður en hún vissi af var hún komin með fjóra kassa á fjórum hæðum. „Ég vetraði flugurnar á þremur kössum og vegna þess hvað haustið var gott verpti drottningin í törnum fram í október. Veðrið var flugunum líka hagstætt í vor og ég með fimm kassa. Í hverjum kassa eru tíu rammar og í hverjum ramma eru þúsund varpstæði.

Þegar maður er kominn með svona marga kassa er vinnan við umhirðu flugnanna orðin talsverð en skoða



Svala Sigurgeirsdóttir býflugnaræktandi segir að býflugnarækt sé gríðarlega skemmtilegt áhugamál og stundum ræður hún hreinlega ekki við sig og fer að dansa.



Í hverjum kassa eru tíu rammar.

þarf hvern einasta ramma á um tíu daga fresti.

Fjölgunin í kössunum var reyndar svo mikil að flugurnar voru farnar að sýna tilhneigingu til að sverma. Sem þýðir að gamla drottningin flytur sig um set með hluta af vinnudýrunum með sér og leitar sér að öðru heimili. Ég dreif mig því í að smíða fleiri kassa og skipta búinu upp í tvígang.“

Sextán kíló af hunangi

Það sem af er þessu sumri hefur Svala fengið sextán kíló af hunangi sem hún setti á krúkkur eftir kúnstarinnar reglum og eitthvað er eftir af fölu sumarhunangi sem er bæði gott ofan á brauð, út í te og einstaklega gott á bólur, segir Svala.

„Mér er sagt að ég eigi eftir að fá talsvert af hunangi í viðbót í sumar. Ég efast reyndar sjálf um að það verði önnur sextán kíló til viðbótar þar sem ég hef ekki fóðrað gamla búið með sykurlagi frá því í vor.“

Ól sjálf upp drottningu

Svala segir óvenjulegt að nýjar drottningar verði til hér á landi en að þernunum í einum kassanum hennar hafi tekist að ala upp eina slíka. „Hún náði síðan að fljúga út nokkrum



Svala segir að flugunum hjá sér hafi fjölgað hratt og áður en hún vissi af var hún komin með fjóra kassa á fjórum hæðum.

sinnum og eðla sig í háloftunum við drunta úr öðrum búum hér á Selfossi. Býflugnadrottningar frjóvgast bara einu sinni á ævinni og það getur dugað þeim í allt að átta ár.“

Skemmtilegt áhugamál

„Ég hefði ekki getað trúað því hvað það er skemmtilegt að stunda býflugnarækt áður en ég fór út í hana sjálf. Helsti gallinn er að maður getur ekki farið marga daga í burtu í einu og hvað þá í langt ferðalag, nema að fá einhvern til að hugsa um búið fyrir mann á meðan,“ segir Svala Sigurgeirsdóttir, býflugnaræktandi á Selfossi. /VH

Af hverju velta hestar sér?

„Spurningin er góð og ýmsir hafa velt svarinu fyrir sér, sumir vilja álíta að þörfin komi innan frá, jafnvel í tengslum við meltingarfærin sem eru mjög viðkvæm og hanga öll í einum himnupoka, en það sem ég álit þó frekar er að hér sé um vöðvaslökunartengt ferli að ræða enda velta hross sér nær undantekningarlaust eftir erfiði,“ segir Kristinn Hugason, forstöðumaður Söguaseturs íslenska hestsins, þegar hann var spurður af hverju hestar velti sér. Bjarni Þorkelsson, hrossaræktandi á Þórðsstöðum, á líka sína skýringu. „Þeir mega ekki sjá moldarflag eða finna sand, þá eru þeir lagstír og velta sér, gjarnan um hrygg. Þetta er sterkt eðlisbundið atferli hrossa, á því er enginn vafi.“

/MHH



Hestur að velta sér, vinur hans lætur sér fátt um finnast.

Ljósmynd / Magnús Hlynur Hreiðarsson

Umhverfisverðlaun Norðurlandaráðs:

Tvö smáforrit tilnefnd af Íslands hálfu


Níu verkefni frá Norðurlöndunum fimm hafa verið tilnefnd til Umhverfisverðlauna Norðurlandaráðs. Tvö íslensk smáforrit eru tilnefnd af Íslands hálfu; e1, sem tengir saman rafbílaeigendur og eigendur hleðslustöðva, og Strætó-appið, en með því er hægt að kaupa farmiða og fylgjast með ferðum strætó í rauntíma.

Bema umhverfisverðlaunanna í ár er stafræn nýsköpun sem ýtir undir sjálfbæran lífsstíl. Verðlaunin hreppir norrænt fyrirtæki, samtök eða einstaklingur sem stuðlar að sjálfbærum lífsstíl og hvetur til hans með skapandi stafrænum lausnum.

Rafbílavæðingunni hraðað

Að smáforritinu e1 standa þeir Axel Rúnar Eypórsson, Konráð Örn Skúlason og Diðrik Steinsson – og rekstur þess er í gegnum fyrirtækið Natus ehf. Það á rætur sínar að rekja til námsára þeirra félaga í meistaranámi í verkefnastjórnun við Háskólann í Reykjavík – í námskeiði um arðsemisverkefni.

Í lýsingu á smáforritinu á vefnum e1.is kemur fram að það sé markaðstorg nettengdra hleðslustöðva fyrir rafbíla. „Farsímalausn e1 gefur rafbílaeigendum tækifæri til að fá upplýsingar um allar aðgengilegar hleðslustöðvar sem skráðar eru í kerfi e1. Eigendur hleðslustöðva geta boðið aðgang að sínum hleðslustöðvum í gegnum kerfið og þannig haft tekjur af fjárfestingunni. Eigendur hleðslustöðvanna geta verið ýmsir ólíkir aðilar, s.s. heimili, húsfélög, fyrirtæki og stofnanir. Þannig munu eigendur rafbíla hafa aukið aðgengi að hleðslumöguleikum og hvati fyrir eigendur hleðslustöðva að skrá sig í kerfið sem getur stuðlað að hraðari og hagkvæmari uppbyggingu nauðsynlegra innviða fyrir rafbíla. Kerfið tryggir gagnsæi í verðlagningu sem eykur samkeppni á milli eigenda hleðslustöðva með tilheyrandi ábata fyrir neytendur. Með þessu fyrirkomulagi er líklegri að rafbílavæðingin verði hraðari. Aðgengilegt og þéttið hleðslu-



Smáforritið e1, sem tengir saman rafbílaeigendur og eigendur hleðslustöðva.

stöðvanet er ein meginforsenda hjá stórum hópi neytenda fyrir því að kaupa sér rafbíl,“ segir enn fremur á vefnum.

Styður við umbreytingu til græns hagkerfis

Strætó-appið er hægt að nota til þess að kaupa farmiða ásamt öðrum möguleikum sem einfalda fólki að nota Strætó á auðveldan og fljótlegan máta, til dæmis er hægt að sjá í rauntíma hvar strætisvagninn er staddur og hvað biðtíminn er langur. Strætó-appið gerir þannig almenningssamgöngur einfaldari í notkun og styður við umbreytinguna til græns hagkerfis. Strætó bs. á og rekur Strætó-appið. Umhverfisverðlaunin verða afhent í 22. sinn við hátíðlega athöfn í Kaupmannahöfn þann 1. nóvember næstkomandi. Verðlaunahafinn hlýtur 350.000 danskar krónur.

/smh

Til sölu reiðhöll til flutnings



1.440 fm. stálgrindarhús (Reiðhöll Gusts í Kópavogi). Húsið er í heild 60 x 24 m en höllin sjálf 45 x 24 m.

Vegghæð er um 4 m og mænishæð um 7,4 m, 5 m á milli stálbita. Húsið er stálgrind. H-bitar með soðnum eyrum fyrir timburleiðara, einangrað með steinull. Klæðning að utan er skrúfuð á (trapisujárn). Mest allt efni sem var til staðar í húsinu fyrir niðurrif fylgir með, t.d. hurðar, kaplar, loftljós (80 stk.). Teikningar fylgja o.fl. Möguleiki er á að skipta húsinu upp minni einingar. Verð 25 milljónir króna.



Sigurður Tyrtingsson, lögg. fasteignasali, gsm 898-3708.

DEKKJASALA
AKUREYRAR

Úrval hjólbarda á betra verði

Fólksbíla-, traktora-, vinnuvéla-, vagna-, jeppa-, og vörubíladekk í úrvali.

Milwaukee
Handverkfæri

20%
afsláttur af öllum dekkjum
til 30. ágúst 2016



Beinn innflutningur til Akureyrar

Ármann sími 896 8462 og Tryggvi 896 4124

MOTUL

Smurþjónusta

DEKKJASALA
AKUREYRAR (Jason ehf.)

Hjólbardaþjónusta - Smurþjónusta -
Þrif á bílum - vönduð handverkfæri og fl.
Njarðarnesi 1 sími 460 4350

Magnús Leópoldsson lögg. fasteignasali

FASTEIGNAMIDSTÖÐIN



Gráblesi í Reykjadal

Til sölu sumarhúsið Gráblesi og land í Reykjadal í Suður-Píngeyjarsýslu

Staðsetningin er nánast í miðju þríhyrningsins Mývatn, Akureyri og Húsavík.

Landstærð er talin vera um 4 hektarar, upphaflega úr landi Helgastaða og er um að ræða eignarland. Mikill gróður og ægífagurt land. Algjör paradís sem fáir vita um. Mikið fuglalíf. Hefur alltaf verið í eigu sömu fjölskyldu í 50 ár. Sumarhúsið er svokallað A-hús sem fengið hefur gott viðhald. Niðri er stofa, eldhúskrókur, snyrting og forstofa. Tvö svefnherbergi eru uppi. Útisturta við húsið. Húsið er kynt með rafmagni. Kamína einnig til upphitunar. Kalt vatn úr sér vatnsveitu. Góður geymsluskúr við hliðina. Mjög áhugaverð eign.



Nánari upplýsingar gefur Magnús Leópoldsson, lögg. fasteignasali
magnus@fasteignamidstodin.is sími 550 3000 eða 892 6000

fasteignamidstodin@fasteignamidstodin.is - www.fasteignamidstodin.is



Betra Púst
Sími: 555 70 70

VIÐ NOTUM FLUID FILM

PÚSTVIÐGERÐIR

SÉRSMÍÐI F. ALLAR GERÐIR BÍLA

[ÞJÓNUSTA FYRIR BREYTTA JEPPA, VÖRUBÍLA OG RÚTUR]

Skógarhlíð 10, 105 Reykjavík • betrapust@gmail.com • www.betrapust.is

RYÐVARNAR
ÞJÓNUSTA



Helstu sölustaðir á Fluid Film:

Frábær á leður - Unninn úr ull (lanolin)
Frýs ekki og er frábært í læsingar og lása
Smyr og þornar ekki upp og leiðir ekki rafmagn
Stoppar tæringu (ryð) og kemur í veg fyrir ryðmyndun

HÁGÆÐA SMUREFNI



fluidfilm@fluidfilm.is • www.fluidfilm.is

AB varahlutir, Funahöfða 9, Reykjavík
AB varahlutir, Fagradalsbraut 25, Egilsstöðum
AB varahlutir, Gagnheiði 34, Selfossi
Barkí, Nýbýlavegi 22, Kópavogi
Betra Púst, Skógarhlíð 10, Reykjavík
Brynja, Laugavegi 29, Reykjavík
Bú Aðföng, Stórolfsvelli, Hvolsvöllur
Bymos, Háholt 14, Mosfellsbær
Ellingsen, Fiskislóð 1, Reykjavík
ET Verslun, Klettagarðar 11, Reykjavík
Fálkinn hf, Dalvegi 10-14, Kópavogi
Gluggar og Garðhús, Smiðsbúð 10, Garðabæ
JHM Sport, Stórhöfða 35, Reykjavík
J.S Ljósasmiðjan, Skemmuvegi 34, Kópavogi
Jói Byssusmiður, Dalbraut 1, Reykjavík
Jötunn vélar, Austurvegi 69, Selfossi
Jötunn vélar, Lönsbakka, 601 Akureyri
Kaupfélag Borgfirðinga, Egilsholti 1, Borgarnesi
Lásabjónustan, Grensásvegur 16, Reykjavík
Láshúsið, Bildshöfða 16, Reykjavík
Ryðlausnir, Heiðargerði 13, Vogar
Smiðjan verslun, Sindragötu 12c, Ísafirði
Smurstöðin, Fosshálsi 1, Reykjavík
Smurstöðin Garðabæ, Litlatún 1, Garðabæ
Stálstjörnir, Fjarðargata 1, Seyðisfirði
Tækniþjónusta bifreiða, Hjalldahraun 4, Hafnarfirði
Verslun Liflands, Efstubraut 1, Blönduósi
Verkfærasalan, Síðumúla 11, Reykjavík
Vesturröst, Laugavegi 178, Reykjavík
Vökvatengi, Fitjabraut 2, Reykjaneshæ

Val á ásetningslömbum

Almennt er stefnan að rækta afurðamikið, vel holdfyllt fé en hóflega feitt. Frjósamst, hraust og endingargott með góða ull. Við val ásetningslamba að hausti horfa bændur til þessara þátta, en eðlilega geta áherslur á einstaka eiginleika verið mismunandi milli búa.

Gildi þess að vigta

Að vigta öll lömb þegar þau koma heim að hausti er góð regla. Vigtin er nauðsynlegt hjálpartæki þegar tekið er frá til slátunar og/eða lömb valin til bötunar. Með hliðsjón af þessari vigt er ásetningur valinn. Þá gefur hún góðar upplýsingar um hvernig ærmar skila lömbunum eftir sumar-ið. Minna má á að vigt sem skráð er í skýrsluhaldskerfið og munur á sláturdegi og vigtunardegi er 15 dagar eða minna er notuð til að reikna kjötrósentu búans. Sé sú stærð þekkt á búinu er hún aftur notuð til þess að reikna fallþunga á líflömbin við afurðastigsútreikninga. Þá má einnig minna á að lífvigt þarf að fylgja hverju ásettu lambi til þess að hægt sé að reikna afurðir á mæður þeirra. Síðasta vigtn sem skráð er á lömbin er sú sem höfð er til grundvallar þegar afurðastig eru reiknuð. Afurðastigin eru reiknuð út frá frávikum lambanna í þunga miðað við samanburðarhóp búans. Samanburðarhóparnir verða sjálf-

Eypór Einarsson
ráðunautur í sauðfjárrækt
ee@rml.is



krafa til eftir sláturdagssetningum. Til að tryggja það að lömb sem eru bötuað séu borin saman innbyrðis og að önnur lömb sem slátrað er innan 10 daga miðað við sláturdagssetningu „kállambanna“ lendi ekki inn í þeim samanburði þá er best að skrá lömbin í bötunarhóp í skýrsluhaldinu. Það er gert með því að skrá atburðalykil 9 á bötunarlömbin og þá eru þau gerð upp sem sér vigtunarhópur.

Að vigta ærmar að hausti er líka góður siður. Það er mjög skilvirkt að renna þeim í gegnum vigtina og kanna ástand þeirra þegar ákveða á hverjar þarf að afsetja. Þar með liggur ljóst fyrir hvaða ær vantar að hausti. Þá er haustþungi ánnar grunnur að því að hægt sé að fylgjast með framvindu fôðrunar yfir veturinn út frá vigtn. Jafnframt er æskilegt að þekkja fullorðinsþunga hjarðarinnar þannig að hægt sé að fylgjast með því hver þróunin á búinu er varðandi þann eiginleika.

Tími skoðunar

Þar sem flestir stefna að því að framleiða lömb sem eru tilbúin til slátunar sem fyrst eftir að þau heimast að hausti, þá er eðlilegt að velja ásetningsgripina snemma að haustinu.



Niðurstöður úr skýrsluhaldinu hafa að geyma lykilupplýsingar við val á ásetningslömbum.

Mynd / TB

Ákveðin hætta er á að valið sé fyrir seinþroska ef öll skoðun lambanna byggir á mælingum sem gerðar eru seinni part hausts eftir að lömbin hafa verið bötuað. Afleitt er að skoða lömbin seint og bera þá saman hópa sem hafa gengið á ólíku landi s.s. káli vs. óáborinni há.

Ómmælingar og stigun

Með notkun ómmælinga við val á líflömbum hefur almennt náðst að minnka fituna og auka vöðvana og þar með framleiða mun betri vöru m.t.t. skrokkgæða. Miðað við erfðaframar-

ir síðustu ára er ekkert sem bendir til annars en að sóknarfæri sé áfram í að auka vöðvavöxtinn. Staðan gagnvart fitunni er hins vegar breytileg milli búa þar sem sums staðar má enn draga úr fitusöfnun en sums staðar þarf að gæta að því að halda henni hæfilegri. Á næstu árum verður vonandi hægt að gefa betri leiðbeiningar um það hvað sé hæfileg fita m.t.t. bragðgæða og þátta tengda afurðagetu og endingu.

Markmiðið með lambadómunum er síðan að gefa upplýsingar um holdfyllingu, heilbrigði (höfuð, fætur, eistu o. fl.) og ulla.

Frjósemi og mjólkurlagni

Frjósemi og mjólkurlagni eru grundvallareiginleikar. Því er eðlilegt að settar séu lágmarkskröfur m.t.t. þessara eiginleika. Hvort sem búíð er að formerkja þau lömb sem koma til álita þegar kemur að vigtn og mælingum eða þeim hent út eftir á. Þó ber að varast að nota síur einhliða til að útiloka ekki ákveðna yfirburða einstaklinga gagnvart einstaka eiginleikum.

Niðurstöður úr skýrsluhaldinu eru hér lykilupplýsingar. Þar er fyrst að nefna kynbótaspa lambanna. Þar er gott að hafa það bak við eyrað að BLUP kynbótaspa lambanna er meðaltal af mati foreldranna. Að spá lambanna er öruggari ef þau eru undan reyndum foreldrum en óreyndum. Að BLUP kynbótamatið á að vera sambærilegt á milli búa og því eru meðaltöl búanna misjöfn. Meðaltöl hvers bús er forprentað í haustbókina. Síðan getur verið gott að horfa á frjósemi og afurðastig mæðra þeirra frá fyrri árum.

Þegar horft er til þess hvað er sett mikið á undan hverjum hrút er rétt að hafa í huga hvernig eldri hrútarnir hafa reynst og skoða meðaltöl dætra þeirra. Þá er um að gera að setja eitthvað af gimbrum á undan veturgömlu hrútunum til að fá strax reynslu á þá sem ærfeður.

„Haustið“ – námskeið fyrir bændur í líflambavali

Fyrirhugað er að bjóða upp á námskeið fyrir sauðfjárbændur sem fjallar um líflambaval og kynbætur. Farið verður í lambadóma, meðferð lamba að hausti og fleira. Námskeiðið byggist annars vegar á fyrirlestrum og hins vegar á verklegum æfingum þar sem farið verður í fjárhús og lömb þukluð og skoðuð.

Þetta námskeið verður í boði á tveimur stöðum á landinu, annars vegar í Suður-Þingeyjarsýslu (staðsetning auglýst síðar) föstudaginn

2. september. Hins vegar verður haldið námskeið á Stóra-Ármóti, Árnessýslu þann 8. september. Námskeiðin standa frá kl. 10.00 til 16.00. Kennarar verða Eypór Einarsson, Árni Bragason, Fanney Ólöf Lárusdóttir (Stóra-Ármót) og María Svanþrúður Jónsdóttir (Suður-Þingeyjarsýslu). Skráning í síma 516-5000 eða á netfangið ee@rml.is. Síðasti skráningardagur er mánudagurinn 29. ágúst. Námskeiðsgjald er 18.000 kr. á hvern þátttakanda.

/Sauðfjárræktarráðunautar RML

Pantið sauðfjárskoðun í tíma!

Bændur eru hvattir til að panta sauðfjárskoðun fyrir 20. ágúst.

Velja þarf þá viku sem hentar fyrir skoðun. Ef einhverjir dagar koma ekki til greina í viðkomandi viku er hægt að geta þess í athugasemdum með pöntuninni. Eftir 20. ágúst er búíð til skipulag og skoðunartímar staðfestir við bændur. Að pantanir berist tímanlega er forsenda þess að hægt sé að skipuleggja heimsóknir á sem bestan hátt. Heimilt verður að innheimta álag á skoðanir ef pantanir berast eftir 20. ágúst, sé ekki hægt að fella heimsóknirnar að skipulaginu. Tekið er á móti pöntunum á heimasíðu RML (www.rml.is) eða í síma 516-5000.



Mynd / TB

Gjaldskrá

Gjaldskráin er óbreytt frá fyrra ári. Tímagjald á hvern skoðunarmann í dagvinnu er 6.500 kr. án vsk. og komugjald á hvern stað er 5.000 kr. án vsk.

Tímagjaldið miðast við búnaðargjaldsgreiðendur (fullt gjald fyrir aðra en búnaðargjaldsgreiðendur er 13.000 kr. án vsk.).

/Sauðfjárræktarráðunautar RML



STAHL
Crane Systems

kranar & taliur



Hafðu samband og kynntu þér vöruúrvalið og þjónustuna



ÍSFELL
www.isfell.is

Ísfell ehf • Óseyrarbraut 28 • 220 Hafnarfjörður • Sími 5 200 500 • isfell@isfell.is



PERUZZO FYRIR BÆNDUR



CANGURO PRO 1600 SLÁTTUVAGN

Sláttuvagn til að slá og gefa grænfóður innanryra
Hentar einnig til að halda hreinu kringum bæinn
Slær 160cm og tekur 1900 lítra í graskassann

VETRARSÓL

Askalind 4, Kópavogi
Sími 564 1864
www.vetrarsol.is



Ávinningur af bötun lamba fyrir slátrun getur verið umtalsverður en taka þarf tillit til ýmissa þátta. Mynd / TB

Val á sláturtíma:

Borgar sig að bata eða lóga snemma?

Eyjólfur Ingvi Bjarnason
ráðunautur í sauðfjárrækt
eyjolfur@rml.is



Val á sláturtíma er einn af lykil-þáttunum í því að hámarka arðsemi af innlögðum dilkum. Til þess að átta sig á því hvenær og við hvaða þunga sé arðvænlegast að lóga lömbunum þarf að velta fyrir sér ýmsum forsendum. Helstu spurningar sem þarf að svara eru: Hvað kostar að bata lambið/geyma það? Hvaða áhrifa má búast við af bötuninni á flokkun og þyngd? Hvaða verð er í boði á hverjum tíma?

Ef geyma á lambið þarf það að þyngjast/stækka. Forsenda bötunar er að til sé kjarngóð beit. Vel er þekkt að góður árangur næst með því að beita lömbum á grænfóður. Einnig er hægt að ná ágætri bötun með því að beita á áborna há, sérstaklega á nýlega endurræktuðum túnum. Hversu mikið lambið bætir sig fer m.a. eftir því hversu vel bötunin heppnast. Þar spilar inn í gæði beit- arinnar og ásigkomulag lambsins þegar bötun hefst. Smitálag í högum skiptir einnig miklu máli en best er að notast við tún og sem ekki hafa verið beitt um vorið. Kosturinn við að beita á grænfóður er að það er laust við orma og hníslasmit. Síðan er mikill breytileiki milli búa hvernig lömb taka bötuninni eftir því hvaða erfðaeðli hjörðin býr yfir en það ræðst af því hvernig ræktunarstarfinu hefur miðað. Kjötprósenta lambanna er mismunandi. Ung og vel gerð lömb geta haft mjög háa, t.d. 45 til 48%. En illa holdfyllt lömb, kviðuð og ullarmikil, geta hins vegar verið með mjög lága kjötprósentu, eða í kringum 37%.

Nýlega vann RML reiknilíkan fyrir Landssamtök sauðfjárbænda sem er aðgengilegt sauðfjárbændum á heimasíðu samtakanna. Þar er hægt að vinna með ýmsar forsendur varðandi beit, vaxtarhraða og mismunandi sláturtíma. Eins er þar nálgun á kostnaði við beit sem hver og einn getur breytt að vild þótt ákveðin upphafsgildi séu í líkaninu. Forsendur líkansins byggja að hluta á rannsóknun en einnig upplýsingum úr skýrsluhaldinu en við notkun þess skal haft í huga að það nær aldrei yfir öll smáatriði. Þegar þetta er ritað hafa sláturleyfishafar ekki birt verðskrár fyrir haustið 2016 og byggja

því tölur á verðskrár fyrra árs en með álagi hvernar viku líkt og sumir sláturleyfishafar boðuðu í vor.

Dæmi 1
– Kálbeit í 6 vikur hið minnsta

Smalað er fyrstu vikuna í september og léttustu lömbunum haldið eftir heima og þau höfð á kálbeit til 20. október og þá slátrað. Meðalpungi þeirra lamba sem haldið er eftir er um 32 kíló og ætla mætti að meðalflokkun þeirra í byrjun september lægi milli R og O fyrir holdfyllingu en fyrir fitu milli fituflokka 1 og 2, meðalfallþungi á þeim tíma 13,4 kg. Gert er ráð fyrir að þyngdaraukning sé um 250 gr/dag sem er í efri mörkum m. v. tilraunaniðurstöður en mörg dæmi um þann vöxt við góðar aðstæður. Eftir 6 vikur hefur hvert lamb því þyngst um rúm 10 kg á fæti og áætlaður fallþungi þeirra á þeim tíma 17,4 kg. Í þessu dæmi er gert ráð fyrir að 80 lömb séu geymd og á þessum 6 vikum drepist þrjú af þeim sem reiknast þá inn í kostnað. Miðað við þessar forsendur væri ávinningur af bötun á hvert lamb 3.400 krónur þegar ekki er tekið tillit til kostnaðar. Kostnaður við ræktun á einum hektara af káli getur verið mjög breytilegur eftir aðstæðum. Hér er gert ráð fyrir að tún sé plægt, tætt og síðan borið á áburður og fræ og þá valtað. Kostnaður við þessa vinnu með fræi og áburði gæti verið rúmar 100.000 kr. /ha. Heppnist þetta sem skyldi ætti að vera hægt að beita tæplega 80 lömbum á hektara í sex vikur. Kostnaður við lömbin sem drepast er metinn sem verðmæti þeirra við slátrun í byrjun september. Kostnaður við hvert lamb er því 1.680 krónur að teknu tilliti til ræktunarkostnaðar og þeirra lamba sem drepast. Ávinningurinn af þessari geymslu er því rúmlega 1.700 krónur á hvert lamb.

Dæmi 2
– Beit á áborna há í 3 vikur

Smalað er um miðjan september og ákveðið að geyma öll lömb sem eru 40 kíló eða léttari heima í 3 vikur og slátra svo um 10 október. Meðalpungi þeirra lamba sem haldið er eftir eru um 38 kíló og ætla mætti að meðalflokkun þeirra væri allgóð eða á milli R og U fyrir holdfyllingu en fyrir fitu væru þau milli flokka 2 og 3, meðalfallþungi á þeim tíma 15,4 kg.

Gert er ráð fyrir að þyngdaraukning sé um 115 gr/dag sem er mjög góður vöxtur á áborinni há. Hann gæti þó verið minni, sérstaklega ef tíðarfar er óhagstætt, mikil rigning og lömb halda sér illa að beit. Eftir 3 vikur hefur hvert lamb þyngst um 2,4 kíló og áætlaður fallþungi þeirra 16,2 kg. Vöxturinn á þessum tíma hefur þó meira verið fitusöfnun sem kemur niður á flokkun og meðalverði þar sem lægra verð er greitt fyrir feitari lömb. Í þessu dæmi er einnig gert ráð fyrir að 80 lömb séu geymd en ekki gert ráð fyrir að neitt lamb drepist. Ávinningurinn á hvert lamb er tæpar 270 krónur. Við beit á áborna há fellur einnig til kostnaður, áburður og vinnan við að bera á. Sá kostnaður gæti verið um 40.000 kr/ha en m. v. góða háaruppskeru þarf 2 ha fyrir þessi 80 lömb. Kostnaðurinn við hvert lamb er því rúmar 900 krónur. Ávinningurinn af þessari geymslu er því enginn þar sem það tapast 630 krónur á hverju lambi.

Hvar skal draga mörkin

Hér að framan eru tekin tvö dæmi þar sem reiknilíkanið er notað. Hafa skal í huga að aðstæður eru misjafnar milli bæja til að geyma lömb. Víða er nauðsynlegt að rækta kál til að hafa næga beit á haustin ef beitoland er takmarkandi þáttur. Eins getur komið upp sú staða að ekki sé ávinningur af kálbeit þetta haustið en til lengri tíma litið hefur hvíldin á landinu og endurræktun jákvæð áhrif þegar spildunni er lokað með grasfræi eftir 2–3 ára kálbeit.

Almennt má þó segja að meðan yfirborgun í verðskrár er 10% eða hærri líkt og margir sláturleyfishafar hafa boðið upp á fyrri hluta september undanfarin ár þá er ávinningur af því að slátra snemma meiri en að geyma lömb fram í október. Þegar liður fram á haustið safna lömbin meiri fitu og þótt þau þyngist er ekki víst að þau vegi upp muninn á verði ef þau flokkast í 3+ í stað 3 en algengt er að munurinn þar á milli sé um 60 kr/kg. Eins gleymist oft að kjötprósenta lamba er mun hærri fyrst í september en þegar liður á haustið. Bændur eru hvattir til að skoða þetta reiknilíkan á heimasíðu LS og skoða mismunandi forsendur en öllum þessum atriðum er nauðsynlegt að gera sér grein fyrir þegar ákveðið er, hvort slátra eigi lömbunum snemma eða geyma þau og reyna að bata.

Límtré

HÚS - BITAR - SÚLUR - ÞÖK

HAFÐU SAMBAND OG VIÐ FINNUM LAUSNINA SAMAN



| Strúktúr ehf | www.struktur.is | struktur@struktur.is |

| Þverholti 2 | 270 Mosfellsbæ | Sími: 860 0264 & 696 0008 |

Magnús Leópoldsson lögg. fasteignasali

FASTEIGNAMIDSTÖÐIN



Þingvellir í Helgafellssveit



Til sölu 50% jarðarinnar Þingvellir í Helgafellssveit á Snæfellsnesi. Jörðin Þingvellir í Helgafellssveit stendur austanvert í Þórnesi stutt frá Nesvogsmynni um 3,5 km frá Þjóðvegi. Hér er um að ræða náttúruperlu sem liggur að sjó og er örstutt frá Stykkishólmi. Á jörðinni var aðallega búið með kúr og kindur og stund- að útræði. Húsakostur er nokkuð góður, þ.e.a.s. íbúðarhús, fjós, hlaða, fjárhús, vélaskemma, bátaskýli, aðstöðuhús og hjallur. Landstærð talin vera 316 hektarar, þar af um 34 hektarar ræktað land. Jörðin á nokkra hólma fyrir landi jarðarinnar. Einstakt út- sýni. Mjög áhugaverð jörð. Jörðin er í óskiptri sameign.

Nánari upplýsingar gefur Magnús Leópoldsson, lögg. fasteignasali magnus@fasteignamidstodin.is sími 550 3000 eða 892 6000

fasteignamidstodin@fasteignamidstodin.is • www.fasteignamidstodin.is



Lægra verð í Lyfju

lyfja.is

10% AFSLÁTTUR

Gildir til 18. ágúst

✓ Verð nú: 5.660 kr

Verð áður: 6.289 kr



Sauðfjárræktin og haustverkin

– Nokkur umhugsunaratriði fyrir haustið

Nýverið fann forysta BÍ það út að óheppilegt væri að ég leiðbeindi bændum um búfjárrækt sem ég hef oft fengist við á rúmlega 40 ára starfsferli í tengslum við BÍ. Ég verð því að biðja lesendur að hafa þetta bann forystumannanna í huga þegar þið lesið þennan pistil.

Áhugi minn á búfjárræktinni hefur hins vegar ekki minnkað neitt við þessa ákvörðun þeirra. Ég hef enn sama áhuga á að reyna að miðla nýjum og gömlum hlutum til bænda sem ég ætla að séu umhugsunarverðir fyrir þá og jafnvel geti bætt búrekstur einhverra.

Hugleiðingar mínar að þessu sinni eru til komnar vegna verkefnis sem ég hef verið að undirbúa störf við sem snýr að hagrænu vægi eiginleika í sauðfjár- og nautgriparækt hér á landi. Til að takast á við slíkt verkefni er nauðsynlegt að byrja á að mynda sér heildarsýn um framkvæmd ræktunarstarfsins, sem að ég tel mig eitthvað þekkja til eftir rúmlega 40 ára starf við það. Um leið verður að reyna að horfa á framkvæmd eins og hún hefur verið og er með gagnrýnum augum. Mögulega er það erfiðara fyrir mig þar sem ég hef staðið að því að koma flestum þessum þáttum í framkvæmd. Engu að síður vil ég reyna.

Í sauðfjárræktinni í dag er þetta í raun ekki mjög flókið þar sem ræktunarmarkmið endurspeglast í kynbótaeinkunum sem þið notið á þann hátt að lögð er þriðjungss áhersla á kjötgæði, frjósemi og mjólkurlagni. Kjötgæðin eru í þessu byggðá upp með því að leggja að jöfnu kynbótamat fyrir gerð og fitu úr kjötmatinu.

Árangur ræktunarstarfsins ræðst m.a. af því hversu vel bændum tekst að vinna úrval ásetningsgripanna á þessum grunni. Þetta er sú vinna sem nú er framundan hjá sauðfjárbændum og því mjög gott að velta örfáum atriðum fyrir sér.

Á undanförmum tveim áratugum hafa bændur unnið verulega árangursríkt ræktunarstarf í sauðfjárræktinni. Staðfestingu þess er hvað auðveldast að finna í frábæru lokaverkefni Jóns Hjalta Eiríkssonar frá LBHÍ nýverið. Hugleiðingar mínar snúa m.a. að því að sjálfar ræktunaráherslurnar þurfi ef til vill að endurskoða til að gera starfið enn markvissar. Ef við minnkum áherslur á einn þátt þá skapast um leið möguleikar á að auka áherslurnar fyrir hina þættina svo fremi að ekki komi til nýir þættir í ræktunarmarkmiðin m.a. nýir eiginleikar að velja fyrir. Rýnum nú aðeins nánar í þessa þætti og gerum það skipulega.

Nýir eiginleikar með kynbótamat

Byrjum fyrst á nýjum þáttum í ræktunarstarfinu. Þetta er mál sem alltaf á og verður að vera til umræðu og endurskoðunar hjá bændum. Ég held hins vegar að þarna gerist ekkert alveg á næstu tveim þrem árum og vil aðeins rökstyðja það. Til að geta haft með eiginleika í úrvali er skilyrði að við getum skilgreint hann glöggt og höfum mælingar fyrir hann. Fyrsta stigi er að skilgreina og afla grunnþekkingar með að skrá eiginleikann. Þetta útilokar sjálfsagt næstu fimm til tíu árin fjölmarga eiginleika sem forvitnilegt kann að vera að huga að kynbótum á. Getum nefnt burðarerfiðleika, spenastöðu- og spenalengd hjá ám, jógurbólgu og þannig má áfram telja. Ekki vil ég fara mörgum orðum um 40 ára baráttu mína fyrir að fá bændur til að skrá eiginleika í sambandi við ull. Mín skoðun er að bændur hafi rækilega svarað áhuga sínum um þá eiginleika í ræktunarstarfinu með athafnaleysi sínu við skráningu ullareiginleika.

Miklar þungaupplýsingar er að finna í skráðum gögnum. Því miður hefur mjög dregið úr skráningum á

þunga á fullorðnu fé. Þar verður að gera mikið átak til aukinna mælinga og skráninga á allra næstu árum. Þennan eiginleika er nauðsynlegt sem fyrst að geta tekið með í ræktunarstarfið. Þessi eiginleiki snýr mikið bæði að almennri hagkvæmni framleiðslunnar og sömuleiðis umhverfis- og loftslagsmálum, sem framtíðin mun krefjast að horft verði til í ræktunarstarfinu. Eigum við að búa við minni eða stærri ær á komandi árum?

Þungi gripanna

Magn þungaupplýsinga fyrir lömb er gríðarlegt. Samt er sá eiginleiki ekki með í ræktunaráherslum okkar sem mældar eru með kynbótamati. Ég vil meina að þar sé ekki stór skaði skeður og vil rökstyðja það. Fyrst má nefna að ræktunaráherslur fyrir þann eiginleika verður að marka með hliðsjón af þunga og stærð fullorðinna gripa. Þrátt fyrir ósköp af rannsókn-um okkar á ýmsum þungatölum höfum við enga minnstu hugmynd um þetta samband.

Þunga lambanna að hausti notum við til að meta mjólkurlagni áнна en það er annar þáttur sem vikið verður að síðar. Haustþungi lambanna er hins vegar samsettur bæði af beinum vaxtaráhrifum hjá lambinu og móðureiginleikur ærinnar sem fósttar lambið. Veruleg erfðaaáhrif eru fyrir báða þessa eiginleika auk þess sem vitað er að á milli þeirra er meiri eða minni erfðafylgni. Fyrir meira en þrem áratugum mat ég þessa erfðafylgni nokkuð neikvæða. Ég tel mig nokkuð vissan um að þá var eitthvað vit í þessum niðurstöðum. Á þeim tíma var einfaldlega mögulegt að sjá þetta hjá afkvæmahóp-um nokkurra þekktra sæðingahrúta. Þetta tel ég mig ekki hafa geta greint eins glöggt á síðari árum Samt finnur Eypór Einarsson þetta samband enn neikvætt en hans rannsóknir eru mér vitanlega einu rannsóknir hér á landi á þessu á allra síðustu árum. Ég er raunar orðinn þeirrar skoðunar að þetta samband komi menn ekki til að meta af nokkru öryggi á næstu árum. Líkön sem fram hafa verið sett um slíkt mat eru einfaldlega það flókin og með ýmsar óraunhæfar forsendur gagnvart þeim fjölmörgu samböndum sem þar koma til. Ég tel raunar að á næstu árum verði þróuð ný og raunhæfari líkön til að meta erfðabætti gagnvart þunga gripa í vexti. Ég held að við séum engu að fórna með að þar skapist raunhæfari grunn en við höfum með núverandi þekkingu okkar.

Haustþungi lamba hefur ætíð verið með ákveðinn úrvalspunga sem hefur skapað ákveðnar en líklega fremur takmarkaðar framfarir fyrir eiginleikann. Hjá nágrönnum okkar Norðmönnum hefur þetta verið eiginleiki með miklar áherslur í ræktunarstarfinu. Þeir hafa reiknað sér gríðarmiklar erfðaframfarir vegna eiginleikans. Veikleikinn er aðeins að framfarirnar hafa komið minna fram beint í framleiðslunni en fyrir aðra eiginleika í ræktunarstarfinu. Í slíku ræktunarstarfi eru menn líklega að vaða reyk að hluta sem ég vonast til að geta skýrt í fréttum af norsku sauðfjárræktarstarfi sem vonandi fæst birt í næsta Bændablaði.

Það sem ég mundi ráðleggja fjárbændun að gera gagnvart þessum eiginleika er eftirfarandi. Nú er hlutur lamba undan veturgömlu hrútunum sívaxandi með hverju árinu hjá flestum. Setjið ekki á ásetningshrúta undan veturgömlum hrútum nema þeir séu að skila vel yfir meðalfallþunga sem þið eigið auðvelt með að meta út frá niðurstöð-um í Fjárvis. Takmarkið líka frekar gimbraásetning undan veturgömlu hrútunum sem skila fallþunga undir meðaltali búsins. Með þessum regl-um held ég að þið náði í flestum tilvikum fram nægum úrvalsþrýstingi



Fé í Þingvallasveit. Vönduð og skipuleg vinnubrögð við val ásetningslamba munu ávallt skila sér í betri og meiri afurðum á búinu. Mynd / SH

á þunga lambanna í hlutfalli við aðra eiginleika.

Skrokkgæði

Þá skulum við snúa okkur að eiginleikunum sem eru í heildarkynbótaeinkunum sem þið hafið til að framkvæma valið eftir. Lítum fyrst á kjötgæðaeinkunn. Mikil fita hefur verið fjarlægð af íslenska fénu með skipulegri ræktun á innan við tveimur áratugum. Ég sagði ykkur fyrir mörgum árum og allar rannsóknir og athuganir síðustu ára styðja það að allar þessar framfarir hafa orðið í gegnum skipulegt val sæðingahrúta um árabíl. Flest bendir til að stofninn hafi náð því fituleysi sem æskilegt er. Það þýðir að miklu fituleysi er ekki lengur gefið full vægi í kynbótamatinu. Fyrir bændur breytir þetta ef til vill ekki öllu því að eins og áður segir úrvalið hefur allt verið á sæðingahrútunum. Þetta þýðir hins vegar að ekki þarf eins og áður að horfa til fitunnar við val stöðvarhrúta-anna og þann valþrýsting sem þar var er því mögulegt að færa með auknu vægi á aðra eiginleika við val þeirra hrúta. Í almenna ræktunarstarfinu þarf fyrst og fremst að standa vörð um að fituhnallar komist ekki að nýju inn í stofninn. Það tryggið þið með ómmælingu og skoðun á kynbótamati fyrir eiginleikann við val á öllum ásetningshrútum.

Fyrir gerð í kjötmati hafa verið meiri erfðaframfarir í stofninum á síðustu tveim áratugum en fyrir aðra eiginleika. Þar hafa ræktunaráherslur ykkar bænda í heild tvímælalaust verið mestar. Ekkert bendir til annars en þar séu allir möguleikar samt enn til umtalsverðra framfara. Ræktunarstarfið þar er í góðum farvegi og framhald framfara verður öðru fremur eins og verið hefur tryggt með áframhaldi ómmælinga á mögulegum ásetningslömbum og notkun á niðurstöðunum úr kjötmatinu. Það eina sem nauðsynlegt er að koma til framkvæmda er að nýta einnig tölur úr ómmæling-um við útreikning kynbótamatsins fyrir gerð og fitu. Þær bæta þá útreikninga með að bestu lömbin, ásetningslömbin, fara að telja með mælingum í kynbótamatinu en þau hafa til þessa staðið utan þess. Það sem skorti voru erfðastuðlar en þeir komu með áður nefndu verkefni Jóns Hjalta þannig að nú er aðeins að framkvæma hlutina.

Frjósemi áнна

Gagnvart frjósemi áнна eru mörg atriði sem áhugavert er að ræða. Hins vegar hef ég oft rætt marga hluti þess þannig að ég vil aðeins nefna örfá önnur atriði. Í fyrsta lagi held ég ástæða sé til að velta fyrir sér áherslum á þennan eiginleika í ræktunarstarfinu. Ég hef orðið meira og meira sannfærður um að

fyrir meginþorra bænda hér á landi hefur þessi eiginleiki ákveðið kjörgildi. Bændum hentar ær með tvö lömb, fleiri lömb krefjast aukinnar vinnu og til að hagnaður skili sér verður að skipuleggja framleiðsluna á annan hátt en flestir hafa gert til þessa. Í sambandi við fund um áður nefnt verkefni um hagrænt gildi eiginleika varpaði ég því fram þeirri hugmynd að áhersla á frjósemi væri fall að því hve langt búið ætti í þetta mark. Þannig vill síðan til að fyrir um mánuði þá birta helstu kynbótafræðingar Nýja-Sjálands, meðal annars Amer sem mest hefur skrifað í heiminum síðasta áratuginn um ýmis efni tengd hagrænu vægi eiginleika, grein þar sem þeir rannsaka mismunandi möguleika á að leggja hagrænt vægi á frjósemi í ræktunarstarfinu. Þeir skoða m.a. þá hugmynd sem ég ræddi að framan og niðurstaða þeirra er að þetta sé langsamlega árangursríkasta leiðin við aðstæður þar í landi og er því það sem nú verður notað í nýsjálenskri sauðfjárrækt á næstu árum. Þannig held ég líka að við eigum að vinna. Í framkvæmd þýðir þetta að á búum þar sem frjósemin hjá ánum er komin um eða yfir tvö lömb er engin ástæða lengur til að leggja þriðjungsvægi á frjósemina við val ásetningslambanna. Við það skapast svigrúm fyrir aukid vægi á aðra eiginleika í staðinn eins og ég ræddi í sambandi við fituna.

Annað vandamál sem ég hef oft rætt tengist tilveru stórvirku erfðavísanna fyrir frjósemi í stofninum. Vandamálin sem tengjast kynbótamatinu þar eru því eingöngu bundin búum þar sem eitthvað er um þetta fé. Í vetur skrifaði ég grein þar sem ég skýrði sum þessi vandamál og verður það ekki endurtekið. Fljótlega eftir að þessir erfðavísar fóru að uppgötvast á níunda áratugnum var gerð skýr fræðileg grein fyrir því hvornig lýsti atti þessi mál varðandi BLUP kynbótamatið. Vandamálið er aðeins það að forsendubrestur er gagnvart framkvæmd því að gert er ráð fyrir að þekkja alla einstaklinga sem bera genið. Það gerist ekki fyrr en með erfðagreiningu sem langt er í að verði það almenn í sauðfé og þess vegna er þessu hvergi beitt í reynd. Annað atriði sem rétt er að benda á er að einstaklingar undan arfblendnum hrútum sem ekki fá genið verða alltaf ofmetnir í BLUP útreikningum og skekkja í því mati er því meiri en hjá öðrum einstaklingum. Eins og við Eyjólfur Bjarnason höfum bent á í greinum á síðustu misserum er í framtíðinni langskynsamlegasta og hagnýtasta leiðin til að nýta þessi gen að sækja þau aðeins í gegnum arfhreina hrúta á stöðvunum. Þannig er stjórnin á notkuninni að öllu leyti í höndum hvers og eins bónda fyrir sitt bú. Þennan ærstofn er skynsamlegast að halda aðeins sem framleiðslustofn en virkja ekki í almenna ræktunarstarfinu á búinu.

Mjólkurlagni áнна

Þá er aðeins eftir að fjalla um mjólkurlagni eða móðureiginleika áнна. Á grunni þess sem þegar er sagt þá ættu hjá mörgum bændum að gefa þessum eiginleika meira svigrúm í vali ásetningslambanna en verið hefur. Það er einnig áreiðanlegt að þetta er eiginleiki sem getur skilað miklu ef mögulegt er að bæta hann sem er full vissa fyrir að er hægt. Mælingarnar sem við höfum til að byggja valið á er kynbótamatið fyrir þennan eiginleika. Þar eru hins vegar að mínu viti mörg ljón í veginum sem við þurfum að læra meira um hegðun hjá.

Fyrsta vandamálið er augljóslega þetta að við höfum enga beina mælingu fyrir eiginleikann og alls ekki mögulegt að mæla hann hjá ásetningslömbunum sjálfum. Ærnar metum við í dag með útreikningi á afurðastigi. Á því eru líklega jafn margar skoðanir og sauðfjárbændur eru í landinu. Þrátt fyrir áratuga rannsóknir höfum við samt ekki fundið neina betri leið til að mæla þennan eiginleika. Það er samt ekki mjólkurlagnin ein sem við teljum okkur mæla í þunga lambanna hjá ánni sem skiptir máli. Einni er það fjölmargir aðrir þættir hjá ánni sem skipta máli þegar móðureiginleikar þeirra eru metnir t.d. umhyggja þeirra fyrir lömbun-um. Ekki vitum við neitt um hvort þessir þættir mögulega endurspeglast að einhverju leyti í afurðastiginu. Sumstaðar erlendis hafa verið farnar þær leiðir að meta mjólkurlagnina á grunni þunga lambanna í sauðburðar- lok eða við fjallaferð lambanna. Að hluta sýnist mér að flestum virðist yfirsjást að það er ekki sami eiginleiki varðandi mjólkurlagni sem verið er að mæla að vori og hausti í vænleika lambanna á mismunandi tíma.

Hvort sem um er að ræða mjólkurlagni áнна eða eigin vaxtarhraða lambanna þá reiknum við með að þetta skili sér í vænni lömbum. Svör markaðarins eða sláturleyfishafa hér á landi hafa aftur á móti ávallt verið óljós um hvaða áherslur eigi að leggja um vænleika lambanna. Svárið við auknum vexti lambanna en óbreyttum meðalfallþunga getur þá falist í að ná að sláttra dilkunum yngri en almenn gerist nú. Með því erum við mögulega líka að breyta gaðabáttum hjá kjötinu sem lömbin skila. Einnig sýnist mér ljóst að við framleiðslu- aðstæður hér á landi þá munu menn vilja halda sig við sláturaldur á bilinu 120–150 daga hjá lömbunum. Hér getur að sjálfsögðu breytingar í burðar- og sláturtíma einnig komið til sem hliðrunarþættir.

Þessi atriði sem hér eru nefnd sýna að fjölmarga þætti er ástæða fyrir okkur að skoða betur og skilgreina nákvæmar en við höfum gert.

Eftir stendur að ræktunarmöguleikarnir eru áfram miklir. Val ásetningslambanna verður aldrei vandað um of, sérstaklega ásetningshrútanna.

Hugleiddu aðeins þau atriði sem ég ræði um breytilegar ræktunaráherslur á milli búva og metið hvað eigi best við í þínu tilviki.

Notið sömu hjálpartæki og skil- að hafa ykkur mestu. Handfjötlu lambanna, stigun og ómsjarmælingar þeirra sem koma til greina sem ásetningslömb. Síðan þurfið þið að nota miklu betur en almennt er þá gullkistu sem Fjárvis getur verið í þessu sambandi. Þar finnið þið kynbótamat eða kynbótaspá allra gripa og einnig í haustbókinni. Með því notendavæna umhverfi sem Eyjólfur Bjarnason hefur haft forystu um að þróa fyrir ykkur á síðustu misserum í Fjárvis hafa ykkur verið skapaðir möguleikar til að skoða hvern grip frá mörgum mismunandi hliðum.

Vönduð og skipuleg vinnubrögð við val ásetningslambanna munu ávallt skila sér í betri og meiri afurð-um á búinu á komandi árum.

/ Jón Viðar Jónmundsson



RML hefur boðið bændum um allt land að taka heysýni og senda til efnagreininga. Mynd / HKr.

Fóðurefnagreiningar

– Forsenda þess að fóðra rétt er að þekkja gróffóðurgæðin

Gróffóður er meginundirstaða búvöruframleiðslu af nautgripum og sauðfé hér á landi. Skynsamleg og markviss framleiðsla þessara búgreina m.t.t. afurða og heilbrigðis byggir öðru fremur á því að við þekkjum gæði gróffóðursins, hvort heldur sem er orkuinnihald / meltanleiki, próteingæði eða steinefni.

Í ár var vorkoman og gróandinn með því hagstæðasta sem gerist, nánast um allt land og grasþroskinn því óvenju snemma á ferðinni. Helstu vaxtarþættir jarðargróðurs, – s.s. jarðraki, varmi og plöntunæring voru með ákjósanlegasta móti. Klassíska viðmiðið um heppilegan sláttutíma túngrasa; - við byrjun skriðs á vallarfoxgrasi – til þess að ná hámarks fóðurgæðum kann því að hafa verið eilítið seinna á ferðinni en hinn raunverulegi grasþroski.

Þrátt fyrir þessar jákvæðu ytri aðstæður og hagstæða heyskapartíð á stórum hluta landsins er samt sem áður rík ástæða til þess að afla upplýsinga um gæði gróffóðursins – og alls ekki ástæða til að draga úr eða sleppa því að taka heysýni til efnagreininga.

Samningur RML við BLGG í Hollandi

Undanfarin þrjú ár hefur Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins, RML boðið bændum um allt land að taka heysýni og senda til efnagreininga, gegnum sérstakan þjónustusamning við hollenska efnagreininga- og rannsóknafyrirtækið BLGG AgroXpertus AB. Nú hafa nýir eigendur (EUROFINS Agro) yfirtekið rekstur þess – en þrátt fyrir það verða engar teljandi breytingar á þjónustunni. Almenn ánægja hefur verið meðal bænda með þessa þjónustu, en þjónustusamningurinn tryggir mjög víðtæka og einkar hraðvirka efnagreiningaþjónustu á hagstæðu verði. Samskiptaaðili RML um þjónustuna er sérstök umboðsskrifstofa; - Eurofins Agro Testing Sweden AB, sem staðsett er í Kristianstad í Svíþjóð. Þessa dagana er verið að ganga frá framlengingu hliðstæðs samnings og verið hefur í gildi og mun hann gilda frá ágúst 2016.

RML leggur áherslu á að taka fóðursýni úr verkuðu fóðri, – rúllu-böggum eða heystæðum eftir a.m.k. 5 til 6 vikna verkun. Ráðunautar RML víðsvegar um land munu annast heysýnatökuna með þar til gerðum sýnatökubúnaði og sjá um að safna sýnunum saman til sendingar. Þeir munu einnig sjá um að túlka niðurstöðurnar fyrir þá bændur sem þess óska. RML annast og ábyrgist greiðslu á greiningarkostnaði og innheimtir síðan kostnaðinn hjá bændum.

Fjölþættar og greinargóðar upplýsingar um heyfóðrið geta einnig nýst til markvissari áburðarnotkunar og áburðaráætlanagerðar og ekki síður til þess að meta og skipuleggja endurræktun túna.

Afhendingartími niðurstaðna

Samkvæmt nýja samningnum er stefnt að því að skila niðurstöðum 95% sýna innan 10 vinnudaga frá því sýni berst til greiningar. Ef til viðbótar venjulegri fóðurefnagreiningu eru greind bæði snefilefni (samtals 14 efni) og að auki rokgjarnar, lífrænar sýrur (mjólkur- edik- og smjör-sýra) er afhendingarfresturinn hins vegar eitthvað lengri. Bóndinn getur síðan valið um hvort niðurstöðurnar berist honum á rafrænu formi (með tölvupóstur) eða fá þær sendar með landpósti. Niðurstöðurnar eru einnig lesnar beint inn í norræna fóðurmatskerfið NorFor (FAS) um leið og þær liggja fyrir og eru þá þegar aðgengilegar til áætlanagerðar í ráðgjafarverkferinu; TINEOptifor-Island.

Sauðfjárbændur eru sérstaklega hvattir til að láta efnagreina sín hey!

Eins og á liðnu ári er ástæða til að hvetja sauðfjárbændur til að láta efnagreina sín hey. Markviss fóðrun búfjár byggist á upplýsingum um efnainnihald fóðursins sem gefið er.

Verð á efnagreiningum

Upplýsingar um greiningarkostnað liggja fyrir í sænskum krónum (SEK) en endanlegt verð í íslenskum krónum er að sjálfsögðu háð gengis-



breytingum. Sem dæmi má gera ráð fyrir eftirtöldum kostnaði á sýni eftir því hvað greint er (verðdæmin miðast við gengi SEK í lok júlí og eru án virðisauka).

1. Gras- og hirðingarsýni, fóðurefnagreining, án steinefna kr. 6.600–7.000
2. Gras- og hirðingarsýni, fóðurefnagreining, + 10 stein- og snefilefni kr. 9.300–9.500
3. Vothey, fóðurefnagreining án steinefna kr. 9.300–9.500
4. Vothey, fóðurefnagreining, + 10 stein- og snefilefni kr. 11.300–11.600
5. Vothey, fóðurefnagreining, + 14 stein- og snefilefni kr. 17.200–17.500

/ Gunnar Guðmundsson, RML

Hvert geta bændur snúið sér?

Við hvetjum alla bændur; kúabændur, sauðfjárbændur, hrossabændur; til þess að kynna sér þessa mikilvægu þjónustu og nýta sér hana. Þær upplýsingar sem fást gegnum fóðurefnagreiningar nýtast ekki eingöngu varðandi fóðrun heldur ekki síður við ákvörðun á áburðargjöf. Þeir sem hafa áhuga á því að taka þátt í

fóðuráætlanagerð fyrir mjólkurkýr með NorFor kerfinu, eða fódurráðgjöf / fóðuráætlanagerð fyrir sauðfé og jafnframt nýta sér efnagreiningaþjónustu samkvæmt samningi RML og Eurofins / BLGG, vinsamlega hafi samband við einhvern af eftirtöldum ráðgjöfum RML.

Lena Reihear	S: 516 5034	Netfang: lr@rml.is
Eiríkur Loftsson	S: 516 5012	Netfang: el@rml.is
Berglind Ósk Óðinsdóttir	S: 516 5009	Netfang: boo@rml.is
Elín Nölæ Grethardsdóttir	S: 516 5066	Netfang: elin@rml.is
Guðfinna Lára Hávarðardóttir	S: 516 5017	Netfang: glh@rml.is
Jóna Þórunn Ragnarsdóttir	S: 516 5029	Netfang: jona@rml.is
Baldur Örn Samúelsson	S: 516 5020	Netfang: baldur@rml.is
Gunnar Ríkharðsson	S: 516 5072	Netfang: gr@rml.is
Anna Lóa Sveinsdóttir	S: 516 5006	Netfang: els@rml.is
Guðný Harðardóttir	S: 516 5021	Netfang: gudnyh@rml.is
Borgar Páll Bragason	S: 516 5010	Netfang: bpb@rml.is
Gunnar Guðmundsson	S: 516 5022	Netfang: gg@rml.is

Einnig er hægt að hafa samband við skiptiborð á starfsstöðvum RML (sími 516 5000) til að óska eftir heysýnatöku eða til að óska eftir fódurráðgjöf / fóðuráætlangerð. Nú þegar er hægt að panta heysýnatöku og í framhaldinu fódurráðgjöf / fóðuráætlanagerð á heimasíðu RML www.rml.is. Ráðunautar RML stefna

að því að hefja sýnatöku hjá bændum í ágúst. Eins og greint er frá í 13. tölublaði Bændablaðsins munu Efnagreiningar ehf. á Hvanneyri sinna efnagreiningaþjónustu fyrir bændur. RML mun liðsinna bændum með sýnatöku og túlkun niðurstaðna, hvar svo sem þeir kjósa að láta efnagreina sitt fóður.

GLER Í SKJÓLVEGGI

GRILLAÐU Í SKJÓLI

54 54 300 • SMÍÐJUVEGUR 7 • KÓPAVOGUR
C€ vottuð framleiðsla

Færibanda-reimar

Eigum á lager færibandareimar í flestar gerðir rúmvéla

Gyðafliót 3 • 112 Reykjavík • Sími 567 4467 • Fax 567 4766 • gummisteypa@gummisteypa.is • www.gummisteypa.is

Vantar nýja lykla?

Smíðum og forritum langflestar gerðir bíllykla

- Húslýklar
- Lášhús og fylgihlutir
- Lyklakerfi
- Peningaskápar
- Silindrar
- Hurðapumpur

Neyðarþjónustan

Skútuvoði 11 • www.neyd.is • s: 510 8888
Opíð alla virka daga 8-18 laugardaga 10-14

BÍLSKÚRA- OG IÐNAÐARHURÐIR

Smíðum sérlega vandaðar bílskúrs- og iðnaðarhurðir eftir málum

Þær eru léttar og auðveldar í notkun.

Einangrun er á öllum köntum. Fáanlegar í mörgum stærðum og gerðum, með eða án glugga. Einnig fáanlegar með mótordrifi

Vagnar & þjónusta ehf

Tunguháls 10, 110 Reykjavík
Sími: 567-3440, www.vagnar.is



Garðabruðan geðþekka

Baldrian var eitt af fyrstu plöntu-heitunum sem ég lærði sem barn. Roskin kona sem var á heimili afa míns og ömmu í innan-verðu Ísafjarðardjúpi notaði það um snotra og státlega jurt sem óx í nokkrum hnausum í deiglendisurð innan við elsta bæjarstæðið í Reykjarfirði.

Urðin verndaði plönturnar vel gegn ágangi og beit. Lítið munu konurnar á bænum hafa gert af því að nýta jurtina eða farið leynt með, því snemma var ég yfirleitt með nefið nærri og eyrun þanin þar sem eitthvað var verið að sýsla með grös og gróður. Nokkru seinna lærði ég heitið garðabruða notað um sömu jurt. Og af því að það var í bókum hef ég notað það síðan.

*Risastór ættkvísl
– um víða veröld*

Garðabruðan er ein af rúmlega þrjú hundruð tegundum sem grasafræðingar eru núorðið nokkuð sáttir um að standi undir þeirri skilgreiningu í garðabruðuættkvíslinni. En það er langt frá því að svo hafi alltaf verið og enn eru nafngiftir nokkuð á reiki. Fyrir utan þessi þrjú hundruð viðurkenndu tegundir hafa komið fram ríflega fimm hundruð samnefni eða hliðamöfn fræðiheittanna. Garðabruðuættkvíslin er útbreidd um alla Evrasíu úthafanna á milli, Norður-Ameríku og suður eftir Andesfjöllum Suður-Ameríku.

*Íslenskar tegundir
– ein eða tvær?*

Á Íslandi eru tegundirnar utan-garðs taldar tvær. Jafnvel bara ein, sé farið ofan í saumana á greiningunni. Þessar tegundir eru garðabruða, *Valeriana officinalis*, og hagabruða, *Valeriana sambucifolia*. Grasafræðingar hafa ekki verið alveg sammála um að greina þær til tveggja tegunda. Flestir þeirra hallast nú að því að hagabruðan sé bara ferlita undirtegund af garðabruðu. En satt að segja er varla nokkur vegur fyrir leikmenn að þekja þær í sundur og flórlýsingar eru nokkuð misvísandi.

Munurinn á þeim er ekki mikill og einna greinilegastur á endafliða laufblaðanna. Garðabruðan hefur mjóan endableðil en hagabruðan breiðan. Garðabruðan er þétt-vaxnari, blaðbleðlar mjórri og blómin smærri og oftast ljósari en á hagabruðu, stundum næstum alveg hvít. Hagabruðan er öll grófari og frekari til fjörsins en garðabruðan. Hún er fljóttari að skriða út til allra hliða og mynda samhangandi breiður ef hún fær frið til þess. Hana er víða að finna sjálfsána í frjósömu og röku landi um sunnanvert landið. Útbreiðslusvæði þessara tveggja á heimsvísu er samt nokkuð ólíkt í stórum dráttum. Hagabruðan hefur lagt undir sig Vestur- og Norður-Evrópu. Hún er stórvaxnari og harðgerðari. Báðar hafa þær numið land í Norður-Ameríku eftir að Evrópufólk fór að flytjast þangað.

En garðabruðan er suðlægari og austlægari. Báðar hafa þær jöfnum höndum verið ræktaðar og notaðar sem lyfjajurtir frá ómunatíð og enginn greinarmunur gerður á þeim í þeim efnum. Það verður heldur ekki gert eftirleiðis í þessum pistli.

*Baldrian, valerian, velantsurt
eða garðabruða*

Eins og gefur að skilja hefur jurt sem svo lengi hefur þjónað mannkyninu fengið ótal alþýðunöfn í flestum tungumálum. Í þýsku eru alþýðuheitin vel yfir þrjátíu.



Garðabruða til vinstri. Hagabruða til hægri. Munur á blaðendum.

Baldrian-heitið sem hún Jóna blessunin Dósópeusdóttir kenndi mér í bernsku, er notað í þýsku, dönsku og nokkrum slavneskum málum. Séra Björn í Sauðlauksdal setur það nafn líka inn í Grasnytjabók sína. Þessu heiti hafa margir velt fyrir sér til að finna út af hverju það er dregið.

Hugsanlega er þarna bara um hljóðskipti eða stafarugl að ræða. Í gotnesku og kýrilsku letri er auðvelt að mislesa hástafinn V sem B í latínuletri. Því gæti Valerian hafa orðið að Baldrian við þýðingar eða leturskipti. En svo hafa ýmsir komið með þá getgátu að heitið baldrian tengist nafni Baldurs, hins hvíta áss, og haft þá í huga germanska orðstofninn „bald“ sem merkir hvítt. En það stenst varla ef slavnesku málin eru höfð í huga. Garðabruðan er þó, að þýskri sögn, ein af þeim jurtum sem ásynjan Freyja hafði sérstakar mætur á og ávísaði konum til þægðar. Það tengir jurtina við ásatrú.

Valerian, bæði í fræðiheitinu *Valeriana* og alþýðuheitinu mun komið af latneska hugtakinu „valere“ sem merkir eiginlega „að slappa af“ eða „að herða upp hugann“ og gæti verið tilvísun á hin róandi áhrif sem plantan, eða öllu heldur plöntudrógin hefur á fólk. Sumar heimildir vilja tengja það við Valerian hinn eldri sem var keisari í Róm á árunum 253–260, eða lækni-inn Valerianus sem var í Rómaborg um líkt leyti.

En Linné mun samt hafa haft valere í huga og ítölskunnar

valeriane þegar hann ákvað ættkvíslarheitið.

Hvernig velantsurtar-heitið er til komið hef ég enga vísbendingu um og fæ engan botn í. En garðabruðunafnið er séríslenskt og líklega fundið upp af Stefáni Stefánssyni til að spilla ekki tungunni með erlendum aðskotanöfnum. Vendilrót er norska og sænska heitið. Það er tilvísun á að með rótinni er hægt að reka allt illt burt svo að hið góða geti snúið til baka. Það nafn á sér sögu langt aftur í aldir, jafnvel aftur fyrir kristnitöku á Norðurlöndum. Í germanskri og norrænni alþýðutrú mun garðabruðan hafa tengst Freyju eins og ég gat um hér að ofan.

Á Íslandi

Hvenær og hvernig garðabruðan barst til Íslands er ekki gott að segja. Vegna þess að hún hefur frá fornu fari verið fyrst og fremst „konujurt“, þ.e.a.s. jurtir sem reyndust vel gegn ýmsum kvennakvillum og jafnvel tengdar Freyju, gætu landnámskonur hafa tekið hana með sér hvort sem þær komu frá Noregi eða Bretlandseyjum.

Eftir kristnitöku og stofnun klastra er líklegt að garðabruðan hafi verið ræktað hér í urtagörðum, þótt litlar heimildir séu til um það. Og vel að merkja þá höfðu þær Freyja og María mey hlutverkaskipti hvað varðaði plöntu- og munahelganir við kristnitökuna. Freyja fór af vaktinni en María tók við hlutverki hennar.

Á mörgum bæjum sem ég var kunnugur þegar ég var að vaxa úr grasi vestur í Djúpi um miðbik liðinnar aldar var garðabruðu einhvers staðar að finna. Ýmist innan-garðs við bæjarhús ellegar á friðsælum stað, sem sauðfé sótti sjaldan, nærri þeim. Sennilega hefur hún verið þar af mannavöldum, því ekki virðist garðabruðan dreifa sér af sjálfsdáðum á Vestfjörðum líkt og hún gerir hér um syðri part landsins.

Útbreiðsla og saga garðabruðu sem og annarra aðfluttra nytjajurta á Íslandi frá fyrri tímum þarfnast sannarlega ýtarlegrar skoðunar. Við vitum enn næsta lítið um þann þátt þjóðmenningarinnar. Því þrátt fyrir litlar heimildir og fá vegsummerki hljóta þær að hafa skipt máli og verið nokkuð hampað af þeim sem kunnu með að fara, ekki síður en í nágrannalöndunum. En kannski eru slíkar heimildir samofnar kvennasögunni og kviksettar með henni, illu heilli. Þær umsagnir sem við höfum frá eldri tíð eru oftast, eða jafnvel eingöngu, komnar frá skólagengnum körlum sem þýddu og staðfærðu danskar jurtabækur. Það er samt betra en ekki.

Ræktun, úrvinnsla og notkun

Garðabruða er enn nokkuð ræktað víða um lönd vegna rótarinnar. Ræturnar, eða öllu heldur rótarhnýðin, er þurrkuð og úr þeim unnin margvísleg efni til iðnaðar og lyfjagerðar. Af þurrkuðum rótarhnýðunum leggur

Úr Íslenskri Grasafræði Odds Hjaltalín, 1830, stafrétt:

1. Velantsurt

(Valeriana).

a. Læknis-velantsurt (V. officinalis).

Blöðin öll ugguð. Uggarnir lensulíkir, nöbbóttir; ísl. Vélantsurt,

Rótin auggótt; staungullinn uppreistr, slétt röndótt, greinótt, sívalr.

Greinirnar mótstæðar.

Blöðin leggjúð með ójöfnum nöbbum; endaugginn næstum því eins stór og hinir aðrir, þeir eru allir sitjandi, hinir neðstu lensulíkir, hinir efri strikmyndaðir, með fjærskildari nöbbum; blaðleggirnir ullhærð.

Blómstrblöðin strikmynduð, lensulík, með himnöttum röndum. Hálfskýlan mörgum sinnum 3skipt. Krónurnar ljósrauðar.

Margra ára urt; blómstrar í júlí.

Nytsemi og verkun:

Urt þessi er styrkjandi, svita og þvagdrifandi, uppleysandi, ver niðrfallssýki, og mótstendr forrottnun. Hún er því góð móti matarólyst, óstyrk magans, aflleysi, niðrfallssýki, hjartslætti, skyrþjúgi og slæmum vessum.

Te af urtarinnar blöðum drekkist svo tebollum skipti 4sinnum dagliga. Seyði af rót urtarinnar takist, 2 matspænis í senn, hvört dagsmark.

Duþ af rótinni takist inn teskeið full 3svar dagliga í spæni fullum af vatni. Af rótinni má dropa tilbúa þannig: tak af rótinni smáskorinni 2 lóð, bezta brennivíns 10 lóð, lát standa við il í 4 daga, síðan hið þunna frá. Af dropum þessum takist 80 í senn 3svar dagliga.

Móti Sjöndepru er gott að taka duþ rótarinnar í nefið, og þvo augun optliga úr seyði rótarinnar.

stæka lykt sem minnir á sambland af uppþornuðu kattahlandi og táfýlu (fyrir þá sem slíka fnyki þekka!). Því var gríska heitið á jurtinni einfaldlega „fý!“ eða „oj bara!“ Að vísu ekki um að ræða alveg sömu tegund en jafngilda. Kettil og önnur kattardýr, jafnvel rottur og mýs, laðast að og missa stjórn á sér nálægt þurrkuðum garðabruðurótum. Í rótarhnýðunum eru hópar af iríoiðum, alkaolíðum, glýkosíðum, sýrusamböndum og olíum sem vinna saman í „valerian-drögum“ og hið upprunalega valíum er unnið úr garðabruðurót.

Apótekarar og grasalæknar útbjuggu lyf úr rótunum. Þau þóttu róa hugann, draga úr kvíða, depurð og hugsanaflókti, bæta svefn o.s.frv. Og milt te af garðabruðurót þótti með eindæmum góður undirbúningur fyrir ástarleiki. Valerian-olía er notuð í ýmis gamalþekkt og vinsæl ilmvötn. Hómópatar unnu, og vinna víst enn með garðabruðu í smáskammtalyfjum sínum. En alltaf þurfti að hafa í huga að nota garðabruðuna með varúð og í hófi. Ofneysla gat haft þveröfug áhrif á virkni. En líklega er garðabruðu eða „valerian-tinktúra“ vinsælasta og einfaldasti framleiðslumátinn til heimabruks og í hóflegum mæli. Þá er fersk rótin notuð og góður vínandi. Neysla í dropatali. Oddur Hjaltalín gefur uppskriftina í Grasafræði sinni frá 1830.



Garðabruða – deilitegundin hagabruða.



Yfir sumarið fara vel á annað þúsund manns á hverjum degi um veginn og er veruleg hættu á að vegfarendur verði fyrir alvarlegu slysi vegna ástands vegarins. Vegurinn um Vatnsnes er mjór og efnislítill, þar verður fjöldi óhappa í hverri viku, einkum vegna útafaksturs.

Mynd / Sigurður Líndal Þórisson

Viðhaldi Vatnsnesvegur ekki sinnt:

Langvinnt sinnuleysi sem hamlar uppbyggingu ferðaþjónustu

Viðvarandi og langvinnt sinnuleysi á viðhaldi og uppbyggingu Vatnsnesvegur (nr. 711) er harmað í yfirlýsingu sem stjórn Ferðamálafélags Vestur-Húnavatnssýslu hefur sent frá sér. „Þrátt fyrir ítrekaðar ábendingar til þingmanna, ráðherra og Vegagerðarinnar, til margra ára, er ástand vegarins algerlega óviðunandi,“ segir í yfirlýsingunni og er skorað á stjórnvöld að útvega nægilegt fjármagn til að laga veginn án tafar sem og að leggja fram áætlun um framtíðarlausn hið fyrsta.

Með hnút í maganum

Sigurður Líndal Þórisson, formaður Ferðamálafélags Vestur-Húnavatnssýslu, segir veginn fyrir Vatnsnes hamla allri uppbyggingu ferðaþjónustu á svæðinu. Þar séu áhugaverðir staðir sem ferðamenn fýsi að skoða, svo sem Ánastaðastapi og Hvítserkur, auk þess sem kjörið sé að fara þangað í selaskoðun. „Maður er eiginlega með hnút í maganum þegar ferðamönnum er vísað út á Vatnsnes til að skoða seli, vegurinn er bara hreint út sagt hræðilegur og þar verður fjöldi óhappa í hverri viku, útafakstur er þar mjög algengur,“ segir hann.

Hætta við

Sigurður segir að staðan sé nú þannig að atvinnubílstjórar sem aki með erlenda ferðamenn um landið veigri sér við að fara fyrir Vatnsnesið og hann viti til þess að margir hafi fellt slíkar ferðir niður af þessum sökum. „Það er mjög bagalegt, þetta er fallett svæði og margt að sjá og skoða, náttúru sem að mörgu leyti er með öðrum hætti en víða annars staðar á landinu. Bílstjórnarnir vilja ekki fara um veginn og breyta sinni ferðatilhögun.“

Aukin dreifing ferðamanna um landið er yfirlýst stefna stjórnvalda og segir Sigurður að Húnaþing vestra geti vel tekið við fleiri gestum og þar séu margir möguleikar fyrir hendi, til afþreyingar, náttúruskoðunar, innviðir séu sterkir, fjöldi góðra gisti- og matsölustaða og sett hafi verið upp almenningssalarnir. „En vegurinn um Vatnsnes verður að vera boðlegur, bæði heimamönnum og gestum,“ segir hann.

Óánægja meðal heimamanna

Ástand vegarins sé sá þáttur sem mest hamli áframhaldandi uppbyggingu ferðaþjónustu á svæðinu, „og það sem meira er, orsök mikillar óánægju og óþæginda heimamanna“.

Yfir sumarið fara vel á annað þúsund manns á hverjum degi um veginn og er veruleg hættu á að vegfarendur verði fyrir alvarlegu slysi vegna ástands vegarins. „Það gengur ekki öllu lengur að hafa þetta svona, menn eru orðnir verulega langeygir



Mynd / Gauti Sigþórsson



Mynd / Gauti Sigþórsson

eftir úrbótum, það hefur verið vakin á þessu athygli árum saman, ráðamenn sýna þessu skilning en það gerist ekki neitt,“ segir Sigurður.

Oft tvísýnt

Heimir Ágústsson, bóndi á Sauðadalsá, segir ástandið skelfilegt. Líkt og víðar annars staðar á landinu fara bændur á milli jarða til að heyja og flytja að því búnu rúllur heim. „Það getur orðið ansi tafsamt, hér er mikil umferð og margir með eitthvað í eftirdragi, hjól- eða fellihýsi, og þá eru þau tæki sem bændur nota stærri og breiðari en áður var. Það skapast því oft hættu þegar bílar mætast og töluvert er um að bílar fari út af. Útlendingar aka að jafnaði ekki hratt, en ég hef tekið eftir því að þeir slá heldur ekki af hraðanum, þannig að ástandið er oft tvísýnt,“ segir Heimir. „Vegurinn er mjór og hann er efnislítill, eiginlega bara grjót og það hefur því afskaplega lítið að segja þótt hann sé heflaður af og til.

Heimir nefnir einnig að brú yfir Tjarnará sé svo gott sem ónýtt og bæti það ekki úr skák. „Það hefur staðið til um árabil að endurbyggja hana en ekkert gerist. Menn eru að gefast upp, hér býr mikið af ungu fólki og það sættir sig ekki við þetta ástand.“

/MPÞ

Daufleg viðbrögð Vegagerðarinnar:

Kindur valsa um þjóðvegin með tilheyrandi hættu

„Öryggissvæði við þjóðvegin á að vera laust við öll þessi atriði, kindur, bílastæði og traktors-hræ. Þetta er ólíðandi,“ segir Einar Freyr Elínarson, bóndi í Sólheimahjáleigu og formaður Samtaka ungtra bændra. Hann vísar til þess að hafa á leið sinni að heiman, til Víkur í Mýrdal, um 24 kílómetra leið, talið einn morguninn 27 kindur inni á vegstæði á þjóðvegi 1 eða meira en eina kind á hvern kílómetra.

Þetta er ekki boðlegt

Einar Freyr skrifaði færslu á Facebook-síðu sína um málið og segir viðbrögð ekki hafa látið á sér standa. Fjöldi manns hafi verið sér sammála um að ástandið væri verulega slæmt. Kveðst hann hafa fengið þær skýringar frá Vegagerð, sem umsjón hefur með viðhaldi girðinga við þjóðvegin, að skipulagsleysi sé um að kenna, sá sem sá um þennan verkþátt hafi hætt störfum og þeim sem tók við tilkynnt um málið þegar buið var að raða niður verkefnum sumarsins. „Þessi mál hafa fram til þessa verið til fyrirmyndar í Mýrdalnum, en er verulega ábótavant núna, girðingar halda ekki saufé sem gengur sem aldrei fyrr inn á þjóðvegin með tilheyrandi hættu,“ segir Einar Freyr. „Mér finnst þetta hvorki boðlegt sem ökumanni né sem sauðfjárbónda,“ segir hann og bætir við að ekið hafi verið á lamb frá nágrannabæ á dögunum, afleitt sé að missa skepnur með þessum hætti en mildi þegar ekki verða slys á fólki. Mýrdalshreppur er með fjölsóttustu sveitarfélögum landsins „og það verður að bregðast við því með öflugri hætti af hálfu Vegagerðarinnar heldur en er raunin í dag, því viðbrögðin eru satt að segja daufleg.“

Hættuástand við þjóðveg 1

Einar nefnir einnig að skammt frá bænum sé afleggjari niður að gömlu



Ferðalangar skilja bíla sína eftir beggja vegna við þjóðveg 1 á meðan þeir líta á flugvélaflak og hefur þar skapast hættuástand sem brýnt er að bregðast við.

Mynd/Sigurður Karl Hjálmarsson



Einar Freyr Elínarson, bóndi í Sólheimahjáleigu.

flugvélaflaki, en landeigendur sáu sig knúna til að loka slóðanum fyrir bílaumferð vegna slæmrar umgengni og utanvegaaksturs. Það fæli áhugasama ferðalanga þó ekki frá því að staldra við og ganga niður að flak-

inu, en það gera hundruð manna á hverjum degi og er það bara hið ágætasta mál en sá böggull fylgir skammrifi að á meðan gengið er að flakinu eru bílar skildir eftir í vegstæðinu, beggja vegna vegar. Skammt frá hefur Zetor-traktor staðið í vegkanti, hreyfingarlaus, í margar vikur.

„Þetta er afleitt. Hér hefur skapast hættuástand og það verður að grípa í taumana áður en verður stórslys. Því miður er sú hættu fyrir hendi. Við þessu ástandi er hægt að bregðast án mikils tilkostnaðar og það verður að gera það strax,“ segir Einar Freyr. „Þessi sofandaháttur gengur ekki lengur. Nú þarf að láta verkin tala.“

3.500 bíla umferð á dag

Einar bendir á að umferð hafi aukist gríðarlega í takt við aukinn fjölda ferðamanna, nú fari til að mynda um 3.500 bílar um Reynisfjall á sól-arhring að sumarlagi en voru fyrir fáum árum um 1.700.

/MPÞ

Brúnegg

Brúnegg eru úr frjálsum hænum, sem verpa í hreiður.

Ódýr ofurfæða

próteinrík, holl og ódýr matvara

30 eggja bakkarnir henta vel þegar mikið stendur til.

Þú finnur 10 og 6 eggja bakka í flestum matvöruverslunum.

Þjóðum einnig til sölu varphænur fyrir þá sem vilja framleiða eigin brúnegg.

Komdu í heimsókn á...
www.brunegg.is

Lesendabás

Vatnspurrð í lækjum í Landbroti

Í byrjun október 2015 rann langstærsta Skaftárlaup sem vitað er um og flæddi yfir afar stór svæði í Eldhrauni og olli miklu tjóni á varnargörðum og grónu landi. Samt sem áður fór að bera á vatnsskorti síðastliðið vor í lækjunum, sem koma undan Eldhrauni, aðeins nokkrum mánuðum seinna. Þessi vatnspurrð hefur öðru hvoru verið vandamál á þessum slóðum í að minnsta kosti heila öld – en hvað veldur?

Úrkoma og áveitur

Úrkoma síðastliðið vor og snemmsumars var sú minnsta sem mælst hefur á Kirkjubæjarklaustri. Frá því sagði Einar Sveinbjörnsson í útvarpsfréttum 12. júlí. Þornuðu þá lækir víða í Skaftafellssýslu, ekki bara þeir sem undan Eldhrauninu koma. Í öðru lagi hafa nokkrir landeigendur að Tungulæk og Grenlæk ýtt upp ótal veitumannvirkjum í Eldhrauni til að freista þess að veita vatni úr Skaftá og beina því að Tungulæk og Grenlæk. Heimildir um þessar framkvæmdir eru yfirleitt ekki til. Sumt var gert í skjóli myrkurs og margir garðar eru komnir á kaf í sand.

Hraunið þéttist stöðugt

Þessar framkvæmdir hafa haft mikil áhrif á grunnvatnsrennsli í hrauninu og leitt til þess að hraunið þéttist stöðugt og valda því að Skaftárhlaupin fara æ víðar og sunnar um Eldhraunið og eyða gróðri. Niðurrennsli Skaftárvatns hefur færst utar (neðar) á hraunin og verður nú



Allt á floti í Eldhrauni fimm vikum eftir Skaftárhlaup. Eftir margra mánaða úrkomuleysi voru lækir þurrir í Skaftárhreppi í júlí. Mynd / Þórir N. Kjartansson

sneggra og skammærna en fyrr. Í raun eru niðurrennslið sem eru óspillt af sandi orðin mjög takmörkuð og mjög stutt í það að Skaftá nái sér fram í þessa læk ef ekki verði gripið til aðgerða.

Fróðlegt var að heyra viðtal við Hörð Davíðsson hótélbónda lýsa ástandinu í viðtali 7. október á síðasta ári þegar jökulvatnið úr Skaftárhlaupinu ógnaði lífríki lækjanna. Nú hefur þessi sami aðili tekið lögin í sínar hendur þegar hann hóf ólögmætar vatnaveitingar 8. júlí og opnaði áveiturör sem stjórnvöld höfðu þá nýlega lokað. Nokkrum dögum seinna fékk hann heimild til að rjúfa varnargarð sem umhverfisráðuneytið hafði látið byggja árið 2000. Nú flæðir þar miklu meira vatn en nokkru sinni áður.

Svipað úrkomuleysi ríkti vorið 1998 þegar vatnspurrð var í lækj-

um þar eystra og umhverfisráðherra skipaði Náttúruvernd ríkisins að grípa til áveituframkvæmda úr Skaftá í Skálarál með tilheyrandi aurburði og gróðurskemmdum. Veidifélag Grenlækjar féllst á að færa áveituna til fyrra horfs sama haust, sem það ekki gerði.

Rafstöðvar og lítið vatn

Þrátt fyrir ofurtrú Steins Orra Erlendssonar í síðasta tölublaði Bændablaðsins um að bændur reisi ekki rafstöðvar við lækir þar sem hætta er á vatnspurrð þá er staðreyndin hins vegar sú að á sl. 100 árum hafa sérstaklega Tungulækur og Grenlækur iðulega þornað á vorin. Fyrir því eru ýmsar skráðar heimildir en nægir að nefna grein í Morgunblaðinu dagsetta 12. apríl 1956. En þar segir m.a. „Galli er það

við ýmsar þessar rafstöðvar hvað þær verða aflitlar á vetrum sökum vatnsleysis“. Um Tungulækinn segir ennfremur: „Undanfarna vetur hefur lækurinn verið þurr svo vikum skiptir“. Jón Kjartansson þingmaður Vestur Skaftafellinga hafði um þetta leyti borið fram tillögu til þingsályktunar um að athugun færi fram með hvaða hætti mætti auka vatnsrennsli í læknum. Áratuga vatnamælingar Vatnamælinga og síðar Veðurstofunnar sýna náð samhengi á milli rennslis í Tungulæk og Grenlæk, enda upptök þeirra undan Eldhrauni nánast hlið við hlið.

Þrýst á þingmenn til að sleppa við mat á umhverfisáhrifum

Í skýrslu um Tungulæk í Landbroti til Vatnadeildar raforkumálastjóra frá janúar 1958 greinir Jón Jónsson jarðfræðingur frá því að: „Það mun hafa verið einhvern tímann á árabílinu 1912-1919, að lækurinn þornaði algerlega að vorlagi“. Sigurjón Rist segir í skýrslu sinn um Tungulæk í Landbroti frá 7. júní 1956: „Auk þessa má benda á þá meginreglu, að hér á landi er alltítt, að fullt sé af kunnugum heimamönnum, að þessi eða hinn lækurinn, sem á að virkja, verði aldrei minni en þann dag, er hin fyrsta athugun er gerð. En strax, þegar samfelldar rennismælingar hafa verið gerðar eða rafstöð hefur tekið til starfa, kemur í ljós, að vatnsfallið er meiri breytingum háð, en fullt hefur verið í upphafi og þrýtur í mörgum tilfellum að öllu um stundarsakir“.

Hið rétta er að bændur hafa byggt

rafstöðvar og gera enn við lækir sem hættir til að þorna á vorin. Svo þegar lækirnir þorna þá sækja þeir ekki um leyfi til að veita vatni til þess berra stofnana heldur treysta á gömlu aðferðarfræðina þ. e. að leggja ofurþrýsting á þingmenn og ráðherra að bjarga málum og neyða stofnanir til að grípa til skyndiaðgerða og fara fram hjá lagaákvæðum um mat á umhverfisáhrifum. Þær aðgerðir hafa mikla gróðureyðingu í för með sér, náttúruspjöll og hættu á sandfoki. Það er enn verið að leysa einn umhverfisvanda fyrir örfáa einstaklinga með því að skapa annan vanda og náttúruspjöll er varða íbúa héradsins og komandi kynslóðir.

Heimila náttúruspjöll í Eldhrauni

Steinn Orri fer einnig rangt með ýmsar staðreyndir um vatnaveitingar í fyrrgreindri grein sinni um meintan vísindaskáldskap undirritaðs, sem yrði of langt að telja upp. En ástæða er til að óska hinum unga verkfræðinema frá Seglþúðum alls velfarnaðar. Um leið má minna á að verkfræðin – öðrum fræðum fremur – byggir á staðreyndum.

Vonandi gefst tækifæri síðar til að greina nánar frá aðdraganda og ótrúlegri atburðarás áveituframkvæmda í Eldhrauni í sumar. Og aðkomu þingmanna og ráðherra til að knýja fram aðgerðir á skjön við flest lög umhverfismála í dag. Svo víðast nú að Eldhraunið sé náttúruperlan þar sem öll náttúruspjöll eru leyfð og þeim hampað sem framkvæma þau.

Sveinn Runólfsson, fyrrverandi landgræðslustjóri.

Samfélagsleg sátt er mikilvæg

Margt hefur verið rætt og skrifað um búvöru- og tollasamningana sem nú liggja fyrir Alþingi og sitt sýnist hverjum. Hin ýmsu stéttarfélög gera kjarasamninga fyrir sitt fólk og í raun eru bændur þessa lands að gera kjarasamninga við ríkið í gegnum búvörusamninginn og því get ég tekið undir með formanni Bændasamtakanna að ef Alþingi gerir meiri háttar breytingar á samningnum hlýtur hann að þurfa að koma fyrir samtökin aftur til umfjöllunar og atkvæðagreiðslu.

Lítill og meðalstór fjölskyldufyrirtæki eru burðarásar í íslenskum sveitum og þar af leiðandi má segja að þeir samningar sem hér eru gerðir að umtalsefni séu gríðarlega mikið byggðamál og við eignum að fjalla um þá m.a. út frá því sjón-



Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir, þingmaður Vinstri grænna.

armiði, því ég trúir því að við viljum öll hafa sveitirnar í byggð og tryggja afkomu bænda um leið og

við gerum kröfu um hreina afurð til neytenda og að framleiðslan sé á skynsamlegu róli.

Ég tel að Sigurður Ingi, þáverandi landbúnaðarráðherra, hafi gert mistök að hafa ekki fulltrúa þingflokka með í öllu ferlinu þegar verið var að vinna nýja búvörusamninga enda lá ljóst fyrir að skoðanir eru ærið skiptar og um að ræða stórar fjárhæðir úr sameiginlegum sjóðum landsmanna og því miklar líkur á að slíkur samningur myndi valda deilum þegar kæmi að umfjöllun um hann í samfélaginu og við afgreiðslu Alþingis.

Nýjar aðbúnaðarreglur – afnám tolla

Settar voru nýjar aðbúnaðarreglur um velferð dýra, sem er gott, en því fylgir mikill kostnaður sem bændur taka á sig og í því samhengi er vert að geta þess að íslenska ríkið veitir mun minni stuðning til að takast á við þessar breytingar heldur en samkeppnislöndin sem eiga samkvæmt fyrirliggjandi tollasamningi að koma inn á okkar markað alveg hreint af fullum krafti. Ef gæta á sanngirni í umræðunni þá þarf að hafa þetta og fleira í huga. Í Danmörku varð þróunin sú að afkoman versnaði gríðarlega og það varð hrina gjaldþrota þar sem um 200 fjölskyldubú fóru á hausinn. Þar var fyrst og fremst um að ræða lágt verð fyrir mjólk og svínakjöt. Þetta er kannski eitt af því sem tollasamningarnir gætu leitt af sér, vissulega lægra verð á tilteknum vörum til neytenda, en ég er ekki sannfærð um að afleiðingarnar yrðu allar góðar fyrir íslenskar afurðir. Íslensku fjölskyldubúin geta ekki staðið undir holskeflu af ódýru innflutta kjöti og ég spyr líka; er það siðferðilega í lagi að kaupa „styrkt innflutt kjöt“ en ekki íslenskt? Að ég tali nú ekki um upprunamerkingar

sem ég hef miklar áhyggjur af að séu ekki fullnægjandi af sumum innfluttum vörum.

Við höfum sem betur fer borið gæfu til að banna hormóna og vaxtarhvetjandi efni til að framleiða kjöt á Íslandi og þrengt verulega að notkun sýklalyfja í fóður. Það held ég að hafi verið afar mikilvæg ákvörðun og hefur sett okkur meðal fremstu þjóða í matvælaframleiðslu, enda slík notkun í algeru lágmarki sem hefur líka mikil áhrif á lýðheilsu okkar landsmanna. Með þessum auknu kröfum sem gerðar eru til íslensks landbúnaðar verður hann vissulega óhagkvæmari en sá sem við keppum við, en það er umhugsunarvert og í raun fráleitt að við vitum lítið sem ekkert um aðbúnað, sýklalyfjanotkun eða uppruna marga þeirra afurða sem við flytjum inn en við ættum í raun að krefjast þess að vita það. Skv. 25. gr. dýravelferðarlaga, sem fjallar um dreifingu og merkingu dýraafurða, hefur ráðherra heimild til þess að takmarka eða banna innflutning frá þeim löndum sem gera ekki jafn ríkar kröfur um aðbúnað dýra og íslensk lög kveða á um en mér vitanlega hefur ráðherra ekki notfært sér þessa heimild.

Er tryggt að vöruverð lækki?

Það er líka mikilvægt að halda því til haga að það er ekki sjálfsgefið að vöruverð lækki eins og ítrekað hefur verið haldið fram því við höfum upplifað að verslunin hefur ekki skilað að fullu lækun tolla eða styrkingu gengis til neytenda. Hver er t.d. skýringin á því að svínakjöt hefur hækkað til neytenda en lækkað til bænda þrátt fyrir stóraukinn innflutning? Allt tal ríkisstjórnarflokkanna um að tollalækkanir skili sér til neytenda á þess vegna því miður ekki við rök að styðjast.

Ég minni hér á þau svör sem ég fékk við fyrirspurn minni um áhrif þess að afnema tolla og finna má á þingskjali 343. Þar kemur m.a. fram að ekki hefur verið metið, af neinni alvöru, áhrif afnáms tolla, aukins innflutnings eða útflutnings á afkomu bænda nú eða verði til neytenda. Það er nefnilega mikilvægt, um leið og við ræðum landbúnaðarkerfið og stefnuna, að horfa á alla virðiskeðjuna og velta fyrir okkur kostnaðarferlinu, hvernig kostnaðurinn verður til og hvaða afleiðingar hann hefur.

Eigum samtál – leitum sátta

Í lokin þá er það ekki séríslenskt fyrirbæri að gera samninga við landbúnaðinn eins og við sjáum í nágrannalöndum okkar og ESB-ríkjum. Við flytjum inn um það bil helming af öllum landbúnaðarvörum sem við neytum í staðinn fyrir að standa vörð um hollustu og heilnæmi afurða okkar og öfluga framleiðslu innan lands eins og raunhæft er að gera. Svo mikill innflutningur, þegar við getum framleitt mun meira, er mjög neikvæður út frá umhverfislegu sjónarmiði. Um leið og við aukum fæðuöryggi með innlendri framleiðslu og drögum úr flutningi landa og heimshorna á milli stuðum við að aukinni sjálfbærni og styðjum við bakið á fjölskyldubúum í hinum dreifðu byggðum landsins, það er þjóðhagslega hagkvæmt.

Það er afar mikilvægt að ná fram samfélagslegri sátt um búvörusamninga og ekki síður að sjá hver raunveruleg áhrif verða m.a. af tollasamningnum og innleiðingunni á aðbúnaðarreglunum áður en gerðar verða svo umfangsmiklar breytingar til svo langs tíma. Þess vegna þurfum við að gefa okkur tíma til samtalsins.

Fatnaður og skór fyrir þinn vinnustað

Mikið úrval af flottum gæða vinnufatnaði sem þólr þvott allt að 95° og þarf ekki að strauja. Eigum einnig til svuntur.

Skór, sandalar og klossar í úrvali

Primaloft dömu- og herrajakkar. Síðir og stuttir, með hettu og án.

Vinnufatnaður fyrir dömur og herra

Bómullarbolur fyrir dömur og herra

Praxis.is Pantið vörulista

Bonito ehf. | Faxafen 10 | 108 Reykjavík | Sími 568 2878
Opíó mán. og mið. 11-17, þri. og fim. 11-15, fös. 11-14, lokað laugardaga.

Lesendabás

Stöðvum SÍS

Sem ungur drengur leit ég alltaf á bændur sem útverði umhverfis- verndar og virðingar fyrir náttúrunni, enda ætti þessi stétt allt sitt undir því að náttúran sé ávallt hrein og hafi þannig jákvæð áhrif á heilsufar- búpening og ímynd afurða þeirra. Því miður skjálðaðist mér, nú er svo komið að aðgerða er þörf ekki seinna en strax. **Stöðvum sóðaskap í sveitum** (hér eftir SÍS) fyrir fullt og allt. Það sem hefur nú endanlega fyllt mælinn er hugsunarleysi margra bænda í umgengni við rúllubagga- plast. Mjög viðlaði ma sjá öppngerða enda af rúlluplasti, blakta í vinnunum eins og litlar sætar veifur sem tákna að góðu dagsverki er nú lokið við að binda inn hey í nokkra tugi metra af rúllubaggast. „Veifurnar“ eru í raun upphaf á miklum sóðaskap og hugsunarleysi sem mun bera óhröðin sinn víða um sveitir jafnvel árum saman. Það er nefnilega svo merki- legt að þetta seiga plast, sem ekki er auðvelt að slíta í höndunum, slitnar af rúlluböggunum á nokkrum vikum og berst þá yfir á næstu gaddavírs- girðingu eða tré þar sem óhröðinn blasir við öllum sem fara um landið okkar. Líta menn svo á að þetta fjúki svo bára á endanum til hafs og þannig sé þetta ekki neitt vandamál?

Plastið fýkur um allt

Það er kaldhæðnislegt að plastið endi í hafinu þar sem útgerðarmenn og sjómenn hafa á síðustu 10–15 árum gerðbreytt hugsunarhætti varðandi að henda rusli á sjóinn. Þar þekktist ekki lengur að henda drasli fyrir borð og segja „lengi tekur sjórinna við“. En eru einhverjir bændur sem hugsa þannig? Nýlega hefur umfang plasts í sjó verið rannsakað, NCEAS

hefur reiknað út að plast sem berst frá landi út í sjó nemi um 8 milljónum tonnum árlega. Það ígildir um fimmtán fullna haldapokum af plasti á hvern metra af strandlengju í heiminum! Það sem verra er að vegna „framþróunar“ ýmissa þróunarlanda í Asíu, þar sem aukin plastnotkun fer ekki saman við uppbyggingu skilvirkrar söfnunar úrgangsplasts, mun árlegt plastmagn í sjó aukast upp í 30 þoka á hvern metra strandlengju strax árið 2025!

Hvað verður um plastið?

En hvað verður svo um plastið þegar það svo „brotnar niður“ eins og sagt er. Niðurbrotið er í raun bara meira uppbrot en ekki efnafræðilegt niðurbrot. Ekki ósvipað og glerbrot. Nýlægar rannsóknir hafa sýnt að litlu plastagnimar eru alls ekki skaðlausar þegar þær berast í hafið. Sjávardýr og fuglar éta þessar agnir og afleiðingar af slíku framandi efni í meltingarkefki dýra er í besta falli ófyrirséð. Plastfylltar lífverur geta með tíð og tíma haft áhrif á alla fæðukeðju hafsjóna og hvað verður þá um verstöðina Ísland?

**Blaktandi rúlluendar eru
engum til sóma**

Annað vandamál í umgengni bænda við rúllubaggaplast er þegar bændur henda gömlum rúllum út í næsta skurð eða út á næsta mel, í öllu plastrinu. Smátt og smátt slitnar plastið upp og losnar í sundur og plastfjúkið hefst á nýjan leik. Nýlega sá ég líka heilu rúllurnar bornar fyrir sauðfé á þess að fjarlægja plastið og skepnurnar tættu plastið utan af til að komast að hevinu. Það sér hver maður að



Smátt og smátt slitnar plastið upp og losnar í sundur og plastfjúkið hefst.
Myndir / Stöðvum sóðaskap í sveitum á Facebook



svona viðnubrögð eru forkastanleg. Æg er ekki að alhæfa hér um alla bændur á Íslandi, langt því frá. Víðaðu má sjá heyrðullur þar sem endur eru vandlega vafðir inn í rúlluna, áður mátti oft sjá endana límda niður en þetta sést varla lengur. Ságrætilegt er svo að sjá plasttætlur á girdingum á slíkum fyrirmyndarþúm sem er til komið frá tillitslausum nágrönnum þeirra. Æg var á ferð um Þýskaland síðasta haust og ég sá hvergi svona blaktandi rúlluna né tætlur af

Hvað er til ráða?

Ekki má bara benda á vandann en hafa engar skoðanir um hvernig megi bregðast við. Byrjum á stjórnvöldum. Lagt er skilgjalld á rúllubaggplasti sem á að tryggja að tekið sé við öllum plasti sem til fellur endurgjaldslausnir sem á að verða til þess að það skili sér til úrvinnslu. Af þeim 1.500 tonnum af rúllubaggplasti sem er flutt inn árlega er langstærstum hluta safnað með skilvirkum hætti.

Þöggun staðreynda

Nú hefur það gerst, að regnbogasilungur er farinn að veiðast í Stöðvará í Stöðvarfirði. Það er sleppifiskur úr fiskeldinu í Berufirði og er dæmigert fyrir ógnina sem af eldisiðjunni stafar. Forystmenn eldisdrauma eru þekktir af því að gera lítið úr þeirri vá, eins og greinilega kom fram í viðtölum við þá í Bændalaðinu fyrir stuttu, neita blákalt fyrirbyggjandi staðreyndum og reyna af mætti að telja fólk trú um að allt sé í finu lagi. Enda er þöggum samofin eldisiðjunni og opinbert eftirlit í skótulíki. Reynslan er t.d. sú, að sjaldnast tilkynna eldisiðjurnar að fyrra bragði um sleppingar fiska úr sínum kvíum, langtum fremur neita svo lengi sem stætt er og gera svo minna úr en við blasir.



Gunnlaugur Stefánsson.

villtum stofni. Það hefur reynslan áþreifanlega sannað í Noregi og líka á Íslandi í lönduðum eldislöxum úr ánum.

Verið er að undirbúa risalaxeldi í austfirskum fjörðum upp á 75 þúsund tonn. Ef öll sú framleiðsla verður að veruleika, þá munu a.m.k. 75 þúsund laxar sleppa úr austfirskum kvíum á ári, sem er umtalsvert meira en öll heildarlaxveiði á stöng á Íslandi. Engin ný tækni eða aðferða-fræði getur breytt því, að lax sleppi úr kvíum. Þá eru slyasleppingar langtum líklegri úr kvíum í íslenskum fjörðum fyrir opnu úthafi eins og t.d. í Berufirði og Stöðvarfirði, þar sem veður eru válynd og geta valdið hamförum í sjó og rústað kvíum á augabragði. Laxeldisiðjan ber þá enga ábyrgð á því stórtjóni sem af hlýst gagnvart lífríkinu og eignaspjöllum fólks, og ekki skylt að kaupa neinar tryggingar gegn slíkri vá, enda mat tryggingarfé-laga á áhættunni svo hátt að slíkar tryggingar eru fofdýrar.

og stórefla eftirlit. T.d. að eldið fari fram í lokuðum tjörnum á landi og allur úrgangur skilinn frá og fargað eðla leitað við að nýta til farsældar. Einnig að banna að nota kynbættan fisk af erlendum uppruna í eldinu og einvörðungu leyfa með geldfiski sem útilokar erfðamengun við villta stofna. Um það var gert samkomulag á milli eldis- og stangveiðimanna fyrir milligöngu Veiðimálastofnunar á sínum tíma, en við það hefur ekki verið staðið.

Á Íslandi er flest leyfilegt í lax-eldinu og útlenskir fjárfestar vilja ólmur nýta sér slíkar aðstæður, enda verulega að þeim þengt í löndum þar sem ríkir samileg umhverfisvitund. Meira að

segja opinberu leyfin eru ókeypis á Íslandi, sömuleiðis aðgangur að sjó og landi, en kostar umtalsverðar fjárhæðir t.d. í Noregi. Og leyfin verða dýrmæt og ekki líður á löngu þar til nýtt kvótabrák haslar sér völl, og leyfin ganga kaupum og sölum á markaði fyrir skjótfenginn gróða. Viljum við að Austurland, Vestfirðir og Eyjafjörður verði gróðrarstía fyrir slíkt bráðmörð óhjákvæmilegum umhverfisskaða og eignaspjöllum fyrir marga um allt land? Það er spurning sem blasir við núna, en of seint að svara innan tíðar, því þá verður ekki aftur snúið.

*Gunnlaugur Stefánsson,
Heydöllum.*

Vogue

fyrir heimilið

bíður uppá alhliðalausn fyrir
hótelherbergið eða gistiheimilið.










Síðumúla 30 - Reykjavík | Sími 533 3500

Hofsbót 4 - Akureyri | Sími 462 3504

Landbúnaðarsýningin Libramont 2016

Libramont-landbúnaðarsýningin vinsæla í Belgíu ætti að vera dyggum lesendum Bændablaðsins nokkuð kunn enda hefur verið fjallað um sýninguna hér á síðum blaðsins nokkrum sinnum frá árinu 2012. Sýningin er alltaf haldin næstsíðustu helgina í júlí ár hvert og sækja hana árlega rúmlega 200 þúsund gestir. Sýningin sjálf stendur í fjóra daga.

Líkt og mörg undanfarin ár var hópur Íslendinga á sýningunni og var að vanda margt að sjá og skoða enda taka þátt í þessari landbúnaðarsýningu rúmlega 800 sýnendur og má sjá allt frá litlum handverk-

færum upp í stærðarinnar dráttavélar og allt þar á milli. Auk þess eru flestar þekktar búffjartegundir sýndar en hátt í 3.500 kynbótagripir eru leiddir inn í sýningarhring Libramont-sýningarinnar þessa daga og þó svo að bæði sauðfé, nautgripir og hross séu fyrirferðarmest má einnig berja kynbótasvín, hænur og endur augum. Eins og við er að búast á sýningu sem þessari er margt áhugavert að skoða og hér á eftir má sjá brot af því sem vakti áhuga greinarhöfundar þetta árið.

Snorri Sigurðsson
Ráðgjafi hjá SEGES P/S
sns@seges.dk



KWS leiðandi í maís og sykkurófum. Alþjóðafyrirtækið KWS var með myndarlegan sýningarbás á sýningunni en fyrirtækið er leiðandi í Evrópu í sölu á sáðvöru eins og maís og sykkurófum. Hvorugar tegundirnar eru ræktaðar almennt hér á landi en einstaklega áhugavert var að sjá og heyra um hið mikla framboð af ólíkum stofnum sem evrópskir bændur geta valið á milli. Jan De Rijck tók vel á móti íslenska hópnum og kynnti starfseminu en Jan þessi er umdæmisstjóri KWS í Norður-Belgíu. Aðspurður um hið fjölbreytta úrval á sáðvöru nefndi hann að bændur gætu valið á milli 50 mismunandi stofna af maís, allt eftir ræktunarlandi og mögulegum vaxtardögum. Stysti vaxtartíminn á maís til sláttuproska eru 180 dagar en fáir stofnar hafa þó svo fáa vaxtardaga og mun fleiri í kringum 200. Það afbrigði sem þarf flesta vaxtardaga, 220, er svo afbrigði sem nýtt er til þess að framleiða maís til þreskingar en hægt er að nýta maís með margs konar hætti. Sumir slá hann í heild sinni og kurla og nýttist hann þá sem fóður fyrir mjólkurkýr og aðra nautgripa. Aðrir nota sérstakar vélar sem pikka maískólfana af og skilja afganginn af plöntunni eftir á akrinum. Maískólfarnir eru oftast svo kurlaðir og súrsaðir og nýttir sem fóður fyrir nautgripa. Enn aðrir eru í framleiðslu á maís til átu og þá er hann annaðhvort plokkaður af plöntunni og seldur heill eða þreskur. KWS var einnig með mikið úrval af sykkurófum en þær eru, eins og nafnið bendir til, nýttar til framleiðslu á sykri.



Kunnugleg sjón. Þó svo að belgískir bændur séu e.t.v. betur þekktir fyrir nautakjötsframleiðslu sína þá eru einnig margir sauðfjárbændur í Belgíu enda í landinu um 150 þúsund ær. Sauðfjárrækt er því gert nokkuð hátt undir höfði á sýningunni og voru margir fallegir gripir leiddir inn á sýningarsvæðið. Rétt eins og hér á landi er gert stilltu bændurnir sér upp með gripi sína og gáfu bæði dómurum og gestum færi á að skoða nánar.



Kraftanaut. Eins og við er að búast þarf að snurfusa naut fyrir kynbótasýningarnar og eru þau þvegin, klippt og hárlásin eftir kúnstarinnar reglum.



Þakflísagerð. Notkun á þakflisum úr náttúrusteini er algeng víða í Evrópu en þessar náttúruflisar eru oftast gerðar upp á gamla máttann, þ.e. þakflisarnar eru handunnar. Á sýningunni gátu gestir fengið að spreyta sig á þessu forna handverki og fengu svo að launum eina þakflís – sem margir nota víst sem brauðskurðarbretti. Þó svo að verkið krefjist mikillar vandvirkni og þolinmæði gátu flestir klöppina með meitli og tréhamri eins og sjá má á meðfylgjandi mynd.

fánar

fyrirtækjafánar • hátíðarfánar
þjóðfánar • borðfánar • bannerar

MERKIS MENN

UMHVERFISMERKINGAR SKILTAGERÐ

www.merkismenn 544 2030



Engir venjulegir tuddar. Mest áberandi naut á sýningunni eru alla jafnan Belgian Blue enda holdanautakyn sem á uppruna sinn að rekja til Belgíu. Margir mjög myndarlegir tuddar voru á sýningunni eins og sjá má.



Fóðrunarskófla. Undanfarin ár hafa sést fleiri og fjölbreyttari lausnir fyrir ámoksturstæki og byggja lausnirnar oft á nýtingu á glussa. Fóðrunarskóflan frá Atelier-Robert virkaði afar öflug en hún er sérstaklega hönnuð fyrir smærri bú. Með því að keyra skófluna inn í votheysstæðu og keyra skerann niður er tekinn dágóður skammtur með heim í útihús og svo eru sniglarnir látnir keyra til þess að bæði blanda fóðrið og skera það niður. Síðan er hægt að opna hliðarsleða á skóflunni, hvort sem er til hægri eða vinstri, og dreifa fóðrinu á fóðurganginn. Þetta er því tæki sem er allt í senn: fóðurskeri, fóðurblandari og fóðrunartæki.



Allar stærðir og gerðir. Gestir á landbúnaðarsýningum skynja oft hvað það er mikill keppnishugur hjá sýnendunum og hluti af þessari óopinberu keppni á milli sýningaraðila er hugmyndarík uppstilling á vélum. Kubota-umboðsaðilinn lét sitt ekki eftir liggja og bjó til „göng“ með gröfunum eins og sjá má.



Aðeins breyttur Kemper. Ítalski sjálfhleðsluvagninn frá Supertino minnir óneitanlega mjög mikið á gamla góða Kemper-heyhleðsluvagninn sem var jafn algengur hér á landi áður fyrr. Ítalirnir hafa reyndar þróað vagninn aðeins, þótt lítið sé og í stað sópvindunnar er hér komið diskasláttuborð. Hann slær s.s. beint upp í sig og hentar því ekki vel þar sem fóðurverkun byggir á forpurkun en skemmtileg útfærsla fyrir því og vakti svo sannarlega upp gamlar og góðar minningar.



Eiturdæluvél. Eins og margoft hefur komið fram í Bændablaðinu þá er notkun á eitri í landbúnaði á meginlandi Evrópu með mesta móti, nokkuð sem við hér á landi sleppum að mestu við. Mikil sérhæfing er til á þessu sviði en ekki er þó algengt enn sem komið er að sjá jafn sérhæfðar vélar og hér má sjá á ökrum bænda. Fyrirtækið Berthoud er framarlega á þessu sviði og kynnti á sýningunni m.a. eiturdælu sem er allt í senn dæla, tankur og akstursvél. Líklega hentar vél sem þessi ekki nema fyrir landmestu búin eða verktaka.



Hrossabændur og hestamenn!

Vantar hross til slátrunar strax.
Forðist biðlista í haust.
Sláturpantanir í síma 480 4100.

Sláturfélag Suðurlands
Selfossi

Magnús Leópoldsson lögg. fasteignasali

FASTEIGNAMIDSTÖÐIN



Þrándarlundur - 43 ha



Til sölu Þrándarlundur, land í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Um er að ræða 43 hektara úr landi jarðarinnar Þrándarlundur. Mikil skógrækt. Enginn húsakostur. Nánar tiltekið er um að ræða 44,09 hektara (þar af 31 ha asparskógur) í landi Þrándarlundar í Skeiða- og Gnúpverjahreppi, ásamt 1,09 hektara lóð við Þrándarlund/Þrándarholt. Skurðir afmarka svæðið. 1/10 hlut í hitaveitu frambæja fylgir jörðinni. Rafmagn er komið á svæðið.

Nánari upplýsingar gefur Magnús Leópoldsson,
lögg. fasteignasali magnus@fasteignamidstodin.is
sími 550 3000 eða 892 6000

fasteignamidstodin@fasteignamidstodin.is - www.fasteignamidstodin.is

Husqvarna – Steinsagir, kjarnaborvélar, gólf- og vegsagir



HUSQVARNA FS 400 LV
Sögunardýpt 16,5 sm



HUSQVARNA K 760
Sögunardýpt 12,5 sm



HUSQVARNA K 3600 MK II
Sögunardýpt 27 sm



HUSQVARNA K 2500
Sögunardýpt 14,5 sm



HUSQVARNA DM 230
Bordýpt 15 sm



HUSQVARNA
Steinsagarblöð og kjarnaborar



ALLT FYRIR ATVINNUMANNINN

MHG Verslun ehf | Akralind 4 | 201 Kópavogi | Sími 544-4656 | www.mhg.is



Tveir vænlegir valkostir í Goes fjórhjólum:

Fjórhjól sem henta bæði til vinnu og ferðalaga

Í byrjun júlí bauð Jóhannes Bjarnason, sviðsstjóri verslunar-sviðs hjá Jötunn vélum, mér að prófa tvö fjórhjól sem fyrirtækið selur.

Við mæltum okkur mót á æfinga- og keppnissvæði Vélhjólafélagssins í Bolaöldum gegnt Litlu kaffistofunni í Svínahrauni. Jóhannes mætti með tvö Goes fjórhjól, annars vegar hjól sem heitir 520 og hitt sem heitir 625. Eftir að hafa klætt mig í öryggisfatnaðinn minn var kominn tími á stutta prófun á hvoru hjóli.

Goes 520

Ég byrjaði á að prófa 520 hjólið. Ástæða þess að ég valdi minna hjólið fyrst var að á því var veltibogi frá Lifeguard þar sem ég taldi mig orðinn heldur ryðgaðan í akstri fjórhjóla. Hvort það var öryggisstillingin að vita af veltiboganum fyrir aftan mig þá þorði ég strax að taka vel á hjólinu í motocrossbrautinni. Þrátt fyrir að vélin væri ekki nema 500 cc var krafturinn nægur til að hafa gaman af hjólinu. Í beygjunum var gott að hafa rafmagnsstýrið sem hjálpaði við að létta stýringu út úr kröppum beygjunum. Við nánari skoðun á fjórhjólunni sá ég strax, miðað við fyrri fjórhjól sem ég hef prófað sem framleidd voru í Kína, að allur frágangur á rafmagnssnúrum er mun betri en var fyrir 3–6 árum. Fjöðrunin er töluvert mýkri en var á eldri „Kínahjólum“ og greinilegt að þeir eru að taka sig á í vandaðri framleiðslu.

625 hjólið meira ferðataeki

Sami hringur var tekinn á stærra hjólinu og munurinn var töluverður. Stífari fjöðrun, en hægt er að stilla gasdemparana bæði framan og aftan, stýring aðeins þyngri og greinilega meira tog og kraftur. Miðað við minna hjólið hentar 625 hjólið betur til lengri ferða, aksturs með farþega og að draga keru (bæði fjórhjólin koma með 50 mm drátt-



Goes 625 og 520 með skóflunni og veltiboga.

Myndir / HLJ



620 hjólið er með handbremsu en ekki 520 hjólið.

arkúlu). Ljósabúnaðurinn er betri á 625 hjólinu, en á því eru ledljós að framan sem ekki er á minna hjólinu. Á farangursgrindina aftan á var búið að setja stóran farangurskassa á 625 hjólið sem er aukabúnaður, en burðargeta farangursgrindanna á hjólunum er um 100 kg. 625 hjólið er á 14 tommu álfelgum. Það hefur þann kost að hægt er að kaupa venjuleg nagladekk sem ætluð eru fólksbílum

sé verið að nota hjólið mikið í hálku og snjó.

Goes fjórhjólin eru afrakstur samvinnu

Goes er franskt fyrirtæki stofnað af nokkrum fyrrverandi starfsmönnum Bombardier árið 2005. Frá upphafi hefur áherslan verið lögð á framleiðslu

einfaldra og vandaðra vinnuhjóla og eru hjólin í dag seld í 15 Evrópulöndum og framleiðslan er um 4.000 hjól á ári. Hönnunarvinna kemur frá Frakklandi, en sem dæmi þá er grind ætluð frá Yamaha, mótör og drif frá CF Moto, en hjólin eru sett saman í CF Moto verksmiðjunum. Bæði hjólin eru með spili, en þess ber að geta að bæði hjólin á myndunum eru með aukabúnaði. Smærra hjólið er með veltiboga en stærra hjólið er með farangurskassa. Þegar ég spurði Jóhannes um hvort tryggingar gefi ekki góðan afslátt af tryggingum á fjórhjólum sem eru útbúið með veltiboga eins og smærra hjólið varð ég satt best að segja hissa hvað afslátturinn var lítill. Samkvæmt ástral-skri forvarnargrein um þessa veltiboga er þar í landi gefinn allt að 50% afsláttur á tryggingum fjórhjóla með veltiboga.

Samanburður, verð og mál

Að velja á milli hjólanna er frekar vandasamt, en sennilega myndi ég hafa það svona: Til léttar vinnu sam-anber girðingarvinnu og eftirlit með búfé mundi ég velja 520 hjólið. Sé mikið verið í lengri ferðum (á ég þar við 30 mín. akstur eða meira) myndi ég velja stærra hjólið. Verðmunurinn



Varúðarmiðarnir eru nokkrir eins og á flestum fjórhjólum. Skynsamir öku-menn fara eftir þeim.



Led framljós á stærra hjólinu. Bæði hjólin eru með spili.



520 hjólið er með rafmagnsstýribúnað sem léttir stýringu.



Goes 520 hjólið var búið veltigrind frá Lifeguard.

er ekki mikill, en stærra hjólið kostar 1.590.000 kr. og það minna 1.397.000 krónur.

Magnús Leópoldsson lögg. fasteignasali

FASTEIGNAMIDSTÖÐIN

Hlíðasmára 17, 201 Kópavogi - Sími: 550 3000 Fax: 550 3001



Gott framboð af áhugaverðum jörðum

jardir.is

fasteignamidstodin@fasteignamidstodin.is

- www.fasteignamidstodin.is



Forgangsmál næsta árið ættu að vera vegabætur:

Umferð á flestum þjóðvegum komin yfir þolmörk

Eftir að hafa ferðast mikið í sumar get ég ekki stillt mig um að nefna örlítið sýn mína á slæmt ástand vega. Sé þjóðvegur númer 1 tekinn út úr er vegurinn löngu kominn yfir þolmörk. Sérstaklega er þetta slæmt á Suðurlandi milli Reykjavíkur og Hornafjarðar.

Með svona mikinn umferðarþunga sem þessi hluti má þola daglega er ekki hægt annað en að þakka fyrir að ekki hafi verið fleiri alvarleg umferðarslys í sumar. Daglega heyrir maður í fjölmiðlum fólk kvarta undan slæmu ástandi vega og nú fyrir skemmstu kom ályktun um að hraða tvöföldun á veginum milli Hveragerðis og Selfoss. Vissulega er það nauðsynlegt en það er einfaldlega ekki nóg. Miðað við allan þann umferðarþunga á veginum frá Reykjavík að Höfn þarf að tvöfalda allan þann veg að mestu og það sem allra fyrst.



Hross og bifreiðar á Þjóðvegi 1 eiga tæpast samleið.

Mynd / HLJ

Flutningabílstjórar farnir að keyra mikið til á nóttunni

Umferðarþunginn er orðinn svo mikill að margir flutningabílstjórar eru farnir að reyna eftir megni að keyra á nóttunni. Það sama á við um

eitthvað af bændum sem þurfa oft að fara um langan veg á milli túna. Ég hef heyrt af bændum sem keyra mikið af rúllum heim seint á kvöldin og fyrir umferðarþunga snemma á morgnana. Á laugardeginum um síðustu verslunarmannahelgi sá ég

í Hvalfirðinum tvær stórar dráttarvélar á ferð með stóra bílalest á eftir sér. Vissulega þarf að komast á milli staða á hægfara dráttarvélum þegar heyskapur stendur sem hæst, en hættan sem skapaðist þarna fannst mér vera á tæpasta vaði og því íhugunarefni hvort ekki hefði mátt vera á ferðinni utan mesta annatímans til að skapa minni umferðartafir og hættu.

Vegur er sagður vera 15 metra til beggja hliða vegar frá miðlínu vegar

Rétt austan við Hvolsvöll er um 5 km langur vegslóði sem ég hef séð dráttarvélar á annatíma nota með góðum árangri og til að liðka fyrir umferð. Þessi vegslóði minnir mig á að meðfram flestum vegum fyrir um 45 árum voru vegslóðar sem nefndir voru jarðýtuslóðar þar sem jarðýtur notuðu til að keyra á milli bæja á vegum ræktunarsambanda og búnað-

arfélaga. Nú eru hins vegar komnir reiðstígar sem ætlaðir eru hestafólki meðfram mörgum vegum, en eini gallinn á þessum reiðstígum er hversu nálægt veginum reiðstígarnir eru. Það kemur fyrir að hestamenn missi lausa hesta upp á veg svo veruleg hætta getur stafað af. Eitt í fari örfárra hestaeigenda hræðir mig oft, en það er þegar hestum er beitt í vegkanta og eina sem skilur að hestana og veglínuna er örmjó rafmagnsgirðing. Í tvígang hef ég séð hesta fælast og hlaupa á rafmagnsstrenginn og upp á veg. Í bæði skiptin gekk vel að ná hestunum af veginum inn í girðinguna aftur. Hafa þessir fáu eigendur hesta athugað tryggingar sínar gagnvart tjóni sem hugsanlega gæti hlotist af hestunum og hvort það megi almennt beita hestum í vegkanta? Einhvern tímann heyrði ég sagt að svæðið frá miðlínu vegar og 15 metrar til beggja átta væri land í umsjá Vegagerðarinnar.

Sæpotur eru sérstök leikföng

Fyrir nokkru var mér boðið að prófa sæpotu á Hafravatni sem Ellingsen er að selja. Það voru nokkrir á undan mér í röðinni enda ekki á hverjum degi sem fólk býðst að prófa svona leiktæki. Á meðan ég beið eftir að röðin kæmi að mér skellti ég mér í þurrbúning og björgunarvesti.

Eftir að Arnar Már sölumaður hafði farið yfir öryggisatriðin með mér var ekkert annað að gera en að bruna af stað.

Búin bremsubúnaði

Sæpotan heitir Sea Doo Spark og kostar 2.090.000 krónur. Hún er fánleg í fimm mismunandi litum,



Eftir krappan hring var stökkið upp úr öldunni.

með tveggja eða þriggja manna útfærslu og tveimur mismunandi vélum, 900ACE og 900ACE HO. Ég byrjaði á að finna kraftinn með því að fara bara beint og prófa bremsu-

búnaðinn, en þetta er í fyrsta sinn sem ég prófa sæpotu með bremsubúnaði. Bremsurnar virkuðu það vel að ég var næstum farinn fram yfir stýrið þegar ég nauðhemaði sæpot-



Arnar sölumaður við Sea Doo Spark sæpotuna.

unni á 70 km hraða. Bráðsniðugt að hafa þessar bremsur! Næst var að finna kraftinn í beygjuæfingum. Það er skemmst frá því að segja að ég skemmti mér svo vel að þetta var

orðið hættulega gaman, vitandi það að ég hef ekki geymslu fyrir svona leikfang og tími fyrir fleiri áhugamál er ekki til. Væri samt til í að eiga þetta. /HLJ

KROSSGÁTA Bændablaðsins

MYND: CHADICA (CC BY 2.0)	43	SKJÖN	TÆPLEGA	TRÉ	Í RÖÐ	TÍF		FÓSTRA	KRYDD	YFIRRÁÐ	AFTUR- ENDI
	FUGL										
	BOX						VEIKJA				
							TÓNLIST				
	STRUNS				HRÍSLU- SKÓGUR						
	ÚR				KOFFORT						
	SNÖGGUR							FARVEGUR			
								KRAUMI			
			FLÓN	FJÖLDI			TIL- BÚNINGUR				Á SJÓ
			SKÓLI				FÆDDI				
EINS						AUGNHÁR	JAFNINGUR			RUNNI	REKA
							LÍFHVATI				
Í ANDLITI						SNAP			FARMRÚM		
						MARG- VÍSLEGIR			KVIKSYNDI		
TVEIR EINS			MINNKA					SEPI			
			ÁMA					LÖGUR			
FARFA				BLÁSTUR			HLJÓÐA				SJÚKDÓM
				NUDDAST			BLÓMI				
		ÞANGAD TIL				RÍKI Í ARABÍU			SVELGUR		
		PÁFAGAUK							HAGGA		
HÆNGUR					FÆÐU				KIRTILL		
					LYKT				ELDSNEYTI		
ÝTARLEGRI						AFKVÆMI				ÓNEFNDUR	UTAN
						HLJÓM					
JURT								NÍÐUR- FELLING			
SAMTÖK			ÞUMLUNGUR					STAD- FESTA			

Lausn á krossgátu í síðasta blaði



42

HÆSTUR

GERVIEFNI

MORBS

SPRIKL

MYKJA

GÖGG

RÖT

UM-
TURNUN

GRIND

	MAR- FLATUR	E	N	D	I	L	A	N	G	U	R			
	FLUTTI	F	Æ	R	Ð	I	Á FLÍK AUMA	E	R	M	I			
	BERJA	S	L	Á	VERKFERI BÚA UM	N	A	F	A	R	S			
	TINDAR	T	O	P	P	A	R	FORM PRÍÐI- LEIÐUR	M	Ó	T			
	ADGÆTIR													
	G	HLAUP	SNIP- GANGA TVEIR EINS	H	U	N	S	A	SLITNA Í RÖÐ	M	Á	S	T	FUGL
KVÍÐI	U	G	G	U	R	TÍK	VAG STRITA	K	J	A	G	MÁL- HÖÐA	FURÐA	Ö
BEIN	L	E	G	G	ÞÖKK BANDA- LAGS	T	A	K	K	BOBBANDI BOGI	Æ	T	U	R
TVEIR EINS	L	L	SNÍKJUDYR BERG- TEGUND	A	F	Æ	T	A	ÁGENGUR END- VEGGUR	Ý	T	I	N	N
	T	SKRÁ- SETJA FERÐ	B	R	É	F	A	FOLD GLATA	G	R	U	N	D	FEGRA
POTA	O	T	A	HALLMELA VELTA	L	A	S	T	A	GORT VIÐSKIPTI	R	A	U	P
FRÖJA	P	Ú	S	S	A	STAÐL MJAKA	T	A	F	S	HVORTUR MAKA	TVEIR EINS MAKA	R	R
BRASKA	P	R	A	N	G	A	ÞJAKA SLÁ	P	L	A	G	A	UM- HYRFIS	Ý
	U	L	Ú	S	K	R	A	MÁLUP	L	I	T	U	Ð	
HRÍNA	R	Ý	T	A	SKYLDIR	A	Á	SÍÐI Í MIÐ- AMÉRIU	P	A	N	A	M	A

MYND: H. ZELL (CC BY-SA 3.0)

Bændablaðið
Smáauglýsingar 56-30-300

Líf og lyst

BÆRINN OKKAR

Kristinn er fæddur og uppalinn í Reistarnesi. Faðir Kristins (Steinar Kristinsson) stofnaði nýbýlið Reistarnes út úr Nýhöfn á Sléttu árið 1955 og bjó sjálfur með fé til ársins 1977.

Kristinn flutti að sunnan og aftur heim árið 1990 og keypti þá 100 kindur af Árna Pétri, bónda í Miðtúni, sem þá var að hætta búskap. Fénu fjölgaði svo jafnt og þétt upp í 360 ær.

Í lok árs 2014 kynnst Kristinn og Ágústa. Sumarið 2015 kemur hún svo í Reistarnes með börn- um sínum en hún bjó áður á jörð sinni, Meiðavöllum í Kelduhverfi, og stundaði þar fjárbúskap með annarri vinnu. Haustið 2015 tóku þau ákvörðun um að fjölga fénu í tæp 600 og keyptu um 250 ær af nágrönnunum í Leirhöfn sem voru að hætta búskap.

Býli: Reistarnes.

Staðsett í sveit: Melrakkasléttu í N-Þingeyjarsýslu.

Ábúendur: Kristinn B. Steinarsson og Ágústa Ágústsdóttir.

Fjölskyldustærð og gæludýr:

Á jörðinni okkar búum við, Kristinn og Ágústa, Jónína Freyja, 13 ára, Dagbjört Nótt, 11 ára, Bergsteinn Jökull, 8 ára og nýfædd dóttir okkar (fædd 22.07). Berglind Helga, 30 ára, dóttir Kristins, býr svo ásamt syni sínum, Benedikt Þór, 8 ára, í Reykjanesbæ. Svo eigum við fjárhundana Lappa, 4 ára og Vask, 10 mánaða.

Stærð jarðar? 400 hektarar út úr óskiptu landi Leirhafnar.

Gerð bús? Sauðfjárbú.



Fjöldi búfjár og tegundir? Um 600 fjár, u.þ.b. tíu hestar, fimm hænsni, tveir hundar og örlítið æðarvarp.

Hvernig gengur hefðbundinn vinnudagur fyrir sig á bænum?

Árstíðabundið eins og gengur og gerist í búrekstri. Fjárrag og sauðburður á vorin. Áburðargjöf, girðingarvinna og heyskapur á sumrin. Göngur og réttir á haustin. Í desember fengitið. Yfir vetrartímann eru gegningar ásamt öðru tilfallandi. Og svo öll hin verkin.

Skemmtilegustu/leiðinlegustu bústörfin? Við reynum að ganga í öll verk með því hugarfari að hægt sé að gera allt leiðinlegt ef vilji er fyrir hendi. En eðlilega eru hlutir misskemmtilegir. Að hreinsa grindur myndi t.d. flokkast undir



minnst skemmtilegustu vinnuna. Sauðburður, göngur og réttir hafa alltaf mikinn sjarma þegar vel gengur. Heyskapur og vélavinna tróna líka efst á listanum yfir skemmtilegustu verkin.

Hvernig sjáið þið búskapinn fyrir ykkur á jörðinni eftir fimm ár?

Vonandi verða nokkrar breytingar orðnar á. Stefnum á að byggja við og auka fjölbreytnina í okkar atvinnurekstri. En tíminn mun leiða í ljós hvert stefnan leiðir okkur.

Hvaða skoðun hafið þið á félagsmálum bænda? Erum bara gríðarlega þakklát því fólki sem gefur áhuga sinn, orku og tíma í þennan gríðarlega mikilvæga málaflokk. Þó finnst okkur stundum vanta upp á meiri samheldni og samstöðu í okkar litlu samfélagum því við



Reistarnes

Mynd / Mats Wibe Lund

eigum svo sannarlega undir högg að sækja í dreifðari byggðum landsins.

Hvernig mun íslenskum landbúnaði vegna í framtíðinni? Okkur mun vegna vel ef við höfum vit á að halda okkur utan ESB og markaðssetja lambakjötið af meiri krafti hér innanlands. Með öðrum orðum, að hætta að fela lambakjötið fyrir ferðamanninum á sama tíma og við tölum um að þetta sé þjóðarréttur Íslendinga. Koma okkur svolítið upp úr hjólförum.

Hvar teljið þið að helstu tækifærin séu í útflutningi íslenskra búvara? Í lambakjöti, osti, smjöri, skyri og jógúrt. Einblína á fáa en góða markaði og að ekki séu of margir með hendurnar í því í einu. Öðruvísi gengur það ekki upp.

Hvað er alltaf til í ísskápnum? Harðfiskur, smjör, mjólk, ostur, sulta, egg og kartöflur.

Hver er vinsælasti maturinn



á heimilinu? Steiktur fiskur, lambalæri eða hryggur, kjötsúpa, kjúklingur, pitsa, kjötbollur. Fer allt eftir því hvaða fjölskyldumeðlim um ræðir.

Eftirminnilegasta atvikið við bústörfin? Haustið 2015 þegar við vöknudum við þá staðreynd að við erum orðnir einu íbúarnir sem eftir eru á Melrakkasléttunni.



MATARKRÓKURINN – BJARRI GUNNAR KRISTINSSON MATREIÐSLUMEISTARI

Ítalskar steikur og heimagerðar pitsur

Hér er steik af ítölskum uppruna. Hefðbundið er að bera cannellini-baunir og sítrónubáta fram með henni. Íslenskar kartöflur eru hins vegar fullkomin viðbót við þennan rétt. Þá er alveg kjörið að pensla kjötið með rósmarínstilkum greinum og leyfa þeim svo að brenna á grillinu svo kjötið reyktist með rósmarínreyknum. Það mætti líka setja greni á grillið.

T-bein- eða porterhouse-steikur

- › 1/4 bolli ólífuolía
- › Flögusalt og ferskur, malaður svartur pipar, eftir smekk
- › 2 rósmarínstilkir
- › Sítrónubátar

Aðferð

Hitið kola- eða gasgrillið. Slökkvið svo á brennarannum öðrum megin. Penslið steikur með olíu og kryddið með salti og pipar. Grillið steikurnar á heitasta hluta grillsins, snúið bara einu sinni eftir 4–6 mínútur (fer eftir þykkt). Penslið steikurnar með olíu og notið rósmarínstilk sem pensil. Eldið eftir smekk. Meðaleldun fæst eftir 4–6 mínútur á grillinu eða þegar hitamælir sýnir 55 til 60 gráður. Flestir vilja steikina nálægt 60 gráðum.

Ef fitan brennur er gott að reisa kjötið upp á rönd. Látið steikurnar hvíla í 5 mínútur og sneiðið kjötið svo á móti sinunum, meðfram beininu.

Berið fram með sítrónubátum og góðu meðlæti; eins og soðnum nýjum kartöflum sem er búið að hita á grillinu í íslensku smjöri, hvítlauki og afgangi af söxuðu rósmaríni

**Pitsudeig (sem gæti breytt lífi þínu)**

Já, þú getur búið til alvöru pitsu í eldhúsinu þínu. Mundu bara að Róm var ekki byggð á einum degi. Reyndar eru bestu pitsur í heimi gerðar rétt sunnan við Róm, í Napolí, með einföldu hráefni sem er fyrsta flokks. Æfingin skapar pitsumeistarann.

- › 415 g brauð hveiti
- › 9 g salt
- › 270 g vatn
- › 1,5 g þurrger
- › (50 g súrdeig fyrir þá sem eru í þeim hugleiðingum)
- › Ólífuolía, til að pensla með eftir þörfum
- › Deigið dugar í þrjá litlar pitsur

Nú skulum við fara aðeins yfir deig- gerðina og meðferð á geri.

Alltaf þegar þú virkjar ger, skiptir miklu hvert hitastigið er á vatninu. Ef vatnið er of heitt, mun það drepa gerið. Ef það er of kalt, þá er gerið miklu lengri tíma að virka. Fyrir þessa



uppskrift eru 18 gráður ákjósanlegur hiti fyrir gerið að dafna í og breyta deiginu í loftkennda pitsu.

Að móta og teygja deigið er listgrein. Deigið verður fyrir áhrifum af því hvernig ferlið hefur verið.

Þú getur haldið deiginu í ísskáp í allt að þrjá daga.

- Blandið saman hveiti og salti**
Í meðalstóra skál, blanda brauðhveiti og salti vandlega saman.
- Blandið saman vatni og geri**
270 g vatn
1,5 g þurrger
Setjið vatn í hreina skál og hitið að 18 gráðum.
Ger sett út í og hrærið varlega saman við vatnið.
- Bætið geri í hveitiblönduna og búið til haug**
Myndið dæld í miðju hveitihaugsins.
Hellið vatni og geri ofan í dældina.

- Blandið saman með tréскеið þar til deigið hefur myndast.**
- Setjið deigkrók í hrærivélina og hnoðið deigið** á meðalhraða í um sjö og hálfa mínútu – eða þar til deigið losnar frá hliðum skálarinnar.
- Mótið deigið**
Stráðið hveiti á vinnusvæðið. Snúið deiginu og formið í kúlu.
- Hefun og gerjun á súrdeigi**
Látið deigið hefast í 5–8 klukkustundir undir filmu eða loki.
Athugið hitastig í herberginu. Það ætti að vera í kringum 18 gráður.
- Skipting á deiginu**
Ólífuolía, til að pensla eftir þörfum.
Skiptið deiginu í 230 g skammta. Mótið hvern deigpart í kúlu.
Hellið dropa af ólífuolíu á hverja kúlu og rúllið henni létt. Þetta hjálpar við að halda raka í deiginu.

- Hvöld**
Flytjið deigið í ísskápinn og setjið plastið yfir eða loftþétt lok.
- Látið hvíla yfir nótt í ísskáp.**
- Ná stofuhita**
Takið deigið út og geymið í heitu herbergi í um 20 mínútur eða þar til deigið hefur náð stofuhita.
- Mótið í pitsu**
Hver baka ætti að vera um 36–40 cm.
- Bakið á pitsusteini á sem mestum hita.**

Þeir sem eru metnaðarfullir geta gert eigin eldofn. Þá þarf að grísjá eldi- við og gera pitsur með íslensku eldsneyti. Mörg kennslumyndbönd eru aðgengileg á netinu og á YouTube. Gagnlegar leitarniðurstöður fást með leitarstrengnum „how to make stone pizza oven“.

Alladín-ungbarnahúfa

Húfur eru einstaklega skemmtilegar að þrjóna, því litlir sætir verðandi eigendur elska hlýjar, mjúkar húfur í vagninn. Nú er aðeins farið að halla sumri og því við hæfi að setja inn uppskrift að fallegri ungbarnahúfu fyrir haustið. Hér er ein sem hefur notið mikilla vinsælda og er æðisleg í hvaða lit sem er og lítið mál að þrjóna hana í hring.

BabyDROPS 21-34

DROPS Design: Mynstur nr Z-085-by

Garnflokkur A

HÚFA:

Stærð: 1/3 - 6/9 - 12/18 mán (2 - 3/4) ára

Höfuðmál í cm:

40/42-42/44-44/46 (48/50-50/52)

Efni: DROPS ALPACA frá Garnstudio

Nr 607, ljós brúnn: 50 gr í allar stærðir

DROPS ÞRJÓNAR NR 2,5 — eða sú stærð sem þarf til að 26 og 34 umf með sléttþrjóni verði 10 x 10 cm.

ÚTAUKNING:

Allar útaukningar eru gerðar frá réttu. Aukið er út um 1 l á undan og eftir l með þrjónamerki með því að slá uppá þrjóninn. Í næstu umf er upplátturinn þrjónaður snúinn br (þ.e.a.s. þrjónað er aftan í lykkju-bogann í stað framan) til þess að koma í veg fyrir göt.

ÚRTAKA:

Allar úrtökur eru gerðar frá réttu. Fækkað er um 1 l hvoru megin við l með þrjónamerki. Byrjið 1 l á undan l með þrjónamerki. Setjið 1 l á hjálparþrjón fyrir aftan stykkið, takið 1 l óþrjónaða (= l með þrjónamerki), þrjónið næstu l og l af hjálparþrjóni slétt saman, steypið óþrjónuðu l yfir.

HÚFA:

